

Álitsgerð Kirkjueignanefndar – fyrri hluti 1984

I. INNGANGUR

Þann 23. desember 1982 skipaði Friðjón Þórðarson, þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, eftirtalda menn í nefnd „til að gera könnun á því, hverjar kirkjueignir hafi verið frá fyrri tíð og til þessa dags, hver staða þeirra hafi verið að lögum og hvernig háttáð hafi verið ráðstöfun á þeim“: dr. Pál Sigurðsson, dósent, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, dr. Sigurbjörn Einarsson, fyrrverandi biskup Íslands, tilnefndan af Kirkjuþingi 1982, Benedikt Blöndal, hæstaréttarlögmann, tilnefndan af biskupi Íslands, síra Þórhall Höskuldsson, sóknarprest á Akureyri, tilnefndan af Prestafélagi Íslands og Allan V. Magnússon, sýslufulltrúa á Selfossi, sem skipaður var án tilnefningar.

Forsaga nefndarskipunarinnar skal hér ekki rakin, nema hvað sérstaklega skal getið bréfs frá biskupi Íslands til dóms- og kirkjumálaráðherra, frá 12. maí 1982, þar sem þess er óskað, að ráðherra skipi nefnd til að kanna kirkjueignir og skuli þá m.a. kannað

- 1) hverjar kirkjueignir hafi verið frá 1907 (kirkjujarðir, prestsetursjarðir og kristfjárjarðir) og þar með hlunnindi og ítök, sem þeim fylgja,
- 2) hvaða jarðeignir kirkjan hafi síðan öðlast og
- 3) hvaða jarðir kirkjunnar hafi verið seldar á umræddu tímabili, fyrir hvaða verð og hvert andvirði þeirra hafi runnið. Málefni kirkjueigna höfðu áður iðulega verið rædd á kirkjuþingum og á öðrum kirkjulegum vettvangi.

Nefndin hóf störf sín í janúarbyrjun 1983 og hefur síðan haldið marga fundi, víðað að sér miklu magni heimilda og haft hefur verið samband við ýmsar opinberar stofnanir og embættismenn og við áhugasama einstaklinga um heimildasöfnun og verkefni nefndarinnar.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar er hlutverk hennar þrjúþætt, þ.e.

- 1) að kanna hverjar kirkjueignir séu og hafi verið,
- 2) að láta í té álit um réttarstöðu þessara eigna og
- 3) gera grein fyrir því, hvernig háttáð hafi verið ráðstöfun á þeim.

Hefur nefndin leitast við að gera öllum þessum þáttum skil, en þar eð orðalag skipunarbréfsins er víðtækt, varð nefndin sjálf að afmarka viðfangsefnið nánar, og var þá m.a. höfð nokkur hliðsjón af fyrrnefndu bréfi biskups Íslands til ráðuneytis, þótt nefndarmenn teldu sig ekki bundna af orðalagi þess. Í skipunarbréfi nefndarinnar ræðir um „kirkjueignir,“ án frekari skilgreiningar. Í víðtækum skilningi gæti þar verið átt við alla þá fjármuni, sem eru í eigu kirkna eða hafa verið það, en nefndin taldi, m.a. með hliðsjón af áðurnefndu bréfi biskups, að rétt væri að hún fjallaði einungis um fasteignaréttindi einstakra kirkna landsins eða kirkjunnar í heild. Var það niðurstaða nefndarinnar, að helst væri þörf á því að kannaðar yrðu jarðeignir, sem máli skipta í þessu sambandi, staða þeirra og ráðstöfun á þeim, en t.d. minna fjallað um prestssetur í kaupúnum eða kaupstöðum, sem ekki fylgir jarðnæði, þótt það efni sé reyndar einnig tekið til athugunar. Hvað jarðeignirnar varðar taldi nefndin rétt, að eigi yrði einvörðungu tekinn til athugunar „grunneignarréttur“ yfir landi, - þ.e. hinn almenni eignarréttur landeiganda (sem ýmis konar óbein eignarréttindi annarra kunna að vera leidd af og sem löggjafarvaldið getur reyndar hafa skert með ýmsum hætti), - heldur bæri einnig nauðsyn til að könnuð yrðu eftir föngum ítaksréttindi kirkna, þ.e. margs konar afnotaréttindi þeirra í landareignum annarra aðila, en ítökin voru, mörg hver, mjög verðmæt fyrr á tíð og kunna sum að vera það enn. Um önnur fjármunaréttindi erða eignir einstakra kirkna (t.d. búnað kirkna, sjóði þeirra o.þ.h.) eða

kirkjunnar almennt, þótti hins vegar óþarfi að fjalla í starfi þessarar nefndar, þótt þar finnst vissulega ýmis athugunarefni. Einnig skal, þegar í upphafi, bent á það, að álitserð þessi hlýtur, í meginráttum, að vera almenns eðlis, og voru yfirleitt eigi tók á að fjalla um ýmis álitaefti, sem tengjast einstökum kirkjueignum, nema í dæmaskyni eða til skýringar. Kristfjárjarðir og fátækrajarðir verða almennt eigi taldar til kirkjugarða og tengsl þeirra við yfirstjórn kirkjunnar hafa öldum saman verið takmörkuð (að vísu með örfáum undantekningum). Samt sem áður taldi nefndin rétt að fjalla nokkuð um kristfjárjarðir sökum tengsla þeirra við trúarlíf og kristnihald í landinu, svo og nokkurra tengsla við kirkjuna sjálfa, sem stofnun, auk þess sem nefndin hafði þar nokkra hliðsjón af ábendingu í þá átt, sem fram kom í fyrrnefndu bréfi biskups til dóms- og kirkjumálaráðherra. Á þennan hátt verður þó að sjálfsgöðu minni áhersla lögð en hina fyrrnefndu.

Þess var áður getið, að einn þátturinn í starfi nefndarinnar væri „að gera könnun á því, hverjar kirkjueignir hafi verið frá fyrri tíð og til þessa dags”. Að sjálfsgöðu skiptir í því sambandi mestu að kannað sé, hvaða jarðeignir geti kallast kirkjueignir nú í dag. Nefndinni var þó frá upphafi ljóst, að niðurstaða yrði eigi fengin í því efni, nema fylgst væri með eignastöðu allra kirkna landsins frá tilteknu tímamarki eftir siðaskipti, - þegar nokkur kyrrð og jafnvægi hafði komist á eftir mikil átök um eignir kirkna, biskupsstóla og klaustra, - fram til okkar tíma, þannig að vel kæmu fram allar breytingar á þessari eignastöðu ásamt ýmsum upplýsingum um eignirnar. Var þegar ljóst, að þar yrði um mikið og tímafrekt verkefni að ræða, sem byggjast myndi á ítarlegri könnun óprentaðra frumheimilda, sem flestar eru varðveittar í Þjóðskjalasafni Íslands. Svo sem fyrr segir, er þessi rannsókn einkum nauðsynleg til að sannreyna megi hvaða jarðir geti kallast kirkjueignir nú á dögum, en hefur einnig sjálfstætt kirkjusögulegt og hagsögulegt gildi. Fást með þessu móti afar mikilvægar upplýsingar um samskipti ríkis og kirkju á fjármálasviði. Án sjálfstæðrar sagnfræðilegrar könnunar af þessu tagi hefði starfsemi og endanleg álitserð nefndarinnar orðið veigaminni en ella. Nefndin taldi frá upphafi mikilvægt, að hún fengi heimild til að ráða til þessa starfs vel menntaðan og vel starfhæfan sagnfræðing, sem þekkti til þeirra frumheimilda, sem úr þyrfti að vinna. Fékk nefndin því framgengt, að Ólafur Ásgeirsson, sagnfræðingur og skólameistari á Akranesi (nú þjóðskjalavörður), var ráðinn til þessa starfa. Fékk hann til þess launalaust leyfi frá skólameistarastarfi sínu um níu mánaða skeið en var þá á meðan á launum frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Hefur hann samið skrá þá um kirkjujarðir, er lögð verður fram síðar í tengslum við þessa álitserð, og mun hann semja formála hennar til frekari skýringar.

Viðfangsefti nefndarinnar er þannig vaxið, að því verða aldrei gerð tæmandi skil og ýmsa áhugaverða þætti, sem því tengjast, - svo sem ýmislegt er varðar kjör prestastéttarinnar fyrr á tíð (sem voru mjög bundin kirkjueignunum) og ráðstöfun einstakra kirkjueigna, þ.á.m. einstakra prestssetra, - varð nefndin að mestu að leiða hjá sér í álitserðinni, enda þótt mjög bæri þau efni á góma á nefndarfundum. Ber þess reyndar að geta, að önnur nefnd á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem fjallar um starfskjör presta, hefur einnig víðað að sér margvíslegum heimildum um sum þau efni, sem síðast voru nefnd. Kirjukuráð hefur jafnframt nýlega komið upp nefnd, sem á að huga að málefnum Strandarkirkju í Selvogi, þ.á.m. eignum hennar, lausum og föstum. Málefni prestseturjarðanna á Þingvöllum og í Reykholti hafa einnig verið, og eru enn, í sérstakri athugun á vegum opinberra aðila.

II. NOKKUR ALMENN ATRIÐI

Rétt er, áður en horfið verður að meginefni þessarar álitsgerðar, að fjalla í örstuttu máli um nokkur almenn atriði, sem miklu varða sem undirstaða margs þess, sem síðar verður rakið, einkum varðandi réttarstöðu kirkjunnar og um samskipti ríkis og kirkju.

Í 62. grein stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands frá 1944 segir, að hin evangelísk lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Ákvæði þetta hefur staðið í stjórnarskránni allt frá 1874, en upphaflega var þó notað orðalagið „hið opinbera“ í staðinn fyrir „ríkisvaldið“. Í stjórnarskránni, sem er hin æðsta réttarheimild, eru ekki gefin nánari fyrirmæli um þetta efni, t.d. um það hvernig ríkisvaldið skuli styðja þjóðkirkjuna og vernda (63. gr. fjallar hins vegar um trúfrelsið). Með „ríkisvaldinu“ er vafalaust átt við alla þætti þess, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald og þær stofnanir, sem með þessi málefni fara, -einkum þó að sjálfsögðu tvo fyrri þættina. Nánari framkvæmd þessa stjórnarskrárákvæðis er því í höndum ríkisvaldsins og ber Alþingi fyrst og fremst ábyrgð á því, að með almennum lögum sé tryggt, að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt.

Það, sem mestu máli skiptir þá varðandi það efni, sem hér er til meðferðar, er það, að af þessari stjórnarskrárgrein verður sú ályktun dregin, svo að tvímælaust er, að ríki og þjóðkirkja eru ekki eitt, - þ.e. tiltekinn aðili, ríkið, á að styðja og vernda annan aðila, þjóðkirkjuna. Skilyrði þess að vera íslenskur ríkisborgari, annars vegar, og þjóðkirkjuþegn, hins vegar, þurfa heldur ekki að fara saman, svo sem kunnugt er. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, að mjög nán tengsl eru milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar og að ýmis takmörk eru lögum samkvæmt eða í raun sjálfstjórn þjóðkirkjunnar. Hún er, eftir sem áður, sjálfstæð stofnun, sjálfstæður réttaraðili, sem getur borið, og ber, réttindi og skyldur að lögum. Þjóðkirkjan getur því átt eignir, sem njóta m.a. fullrar verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar og sem eigi vera af henni teknar nema ströngum skilyrðum þeirrar greinar sé fullnægt, enda komi þá ætíð fullt verð fyrir, eins og þar er mælt fyrir um. Ríki og þjóðkirkja eru því ekki eitt, í skilningi eignarréttar,⁽¹⁾ og íslenska ríkið getur þar af leiðandi ekki gert tilkall til þeirra eigna, sem þjóðkirkjunni tilheyra að réttum lögum. Þaðan af síður yrði talið, að ríkið sé sjálfkrafa eigandi fjármuna, þ.m.t. jarðeigna, sem til skamms tíma a.m.k. var viðurkennt og ómótmælt, að tilheyrðu tilteknum kirkjum landsins og eigi hafa skipt um eigendur á ótvíræðan og formlegan hátt. Skiptir þetta meginmáli varðandi allt það, er síðar verður sagt um stöðu þessara eigna og um samskipti ríkis og kirkju á fjármálasviði. Á hitt ber þó einnig að líta, að eignir einstakra kirkna hafa ekki sömu stöðu í eignarréttarlegu tilliti og þær eignir, sem þjóðkirkjan sem stofnun á. Þjóðkirkjan samanstendur af safnaðareiningum, sem hver um sig er sér um kirkju og kirkjustarf innan sinna marka og með sjálfstæðan fjárhag, en er jafnframt hluti af þeirri heild, sem nefnist þjóðkirkja, og lýtur almennum lögum og reglum hennar. Þjóðkirkjan getur átt eignir (verið „júridísk persóna“). Þær eignir eru ótvíræð sameign kirkjunnar allrar og þjóna almennu hlutverki í hennar þágu. Með orðinu „kirkjueignir“, sem notað er í skipunarbréfi nefndarinnar, er fyrst og fremst átt við þær eignir (jarðeignir), sem tilheyrt hafa hinum einstöku kirkjum, og afstaða tekin til þess, hvort sá eignarréttur fái enn staðist. Um þær jarðeignir, sem þjóðkirkjan sjálf verður talinn lögformlegur eigandi að, sem sérstöku stofnun, er hins vegar ekki margt að segja að sinni, því að þær eru einungis tvær, þ.e. Skálholt í Árnessýslu, sem ríkið afhenti þjóðkirkjunni með heimild í 1.32/1963, og Langamýri í Skagafirði, sem þjóðkirkjunni var gefin fyrir nokkrum árum. Að Skálholti mun þó vikið síðar, í sambandi við ýmsa þætti álitsgerðarinnar.

Þegar talað er um íslensku þjóðkirkjuna sem stofnun, er hafi a.m.k. nokkurt sjálfstæði eftir lögum og venju og verði eigi talinn sem hver annar angi ríkisvaldsins, verður að minnast þess, að hugtakið þjóðkirkja verðu ekki til hér á landi fyrr en með tilkomu stjórnarskrárinnar frá 1874, en fyrirmynd viðkomandi ákvæðis var hliðstætt ákvæði í grundvallarlögunum dönsku, sem mörg ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar voru sniðin eftir.

Áður en þjóðkirkja var stofnuð hér á landi, hafði hin evangelísk lúterska kirkja í raun verið ríkiskirkja hér (a.m.k. frá því um miðja 18.öld, eftir að kirkjulagaboð þau, sem frá Harboe eru runnin, tóku gildi), því að þá fór ríkisvaldið, í nafni hins einvalda konungs, með allt vald í málefnum kirkjunnar, bæði í ytri og innri efnun, þannig að yfirstjórn kirkjunnar var einungis ein deild ríkiskerfisins. Í reynd urðu þó á því tímabili ekki umtalsverðar breytingar í eignastöðu einstakra kirkna, þótt jarðir biskupsstólanna væru seldar. Þar áður má tala um landskirkju, meðan hinir lútersku biskupar máttu sín enn nokkurs og kirkjan hafði nokkurt sjálfstæði, þótti konungur væri summus episkopus. Páfakirkju var áður komið á með lögleiðingu Kristniréttar Árna biskups, en goðakirkju má nefna það fyrirkomulag, sem áður hafði verið við lýði allt frá því að kristni og kirkjuvald tók að eflast í landinu. (2)

Einn nefndarmanna, Benedikt Blöndal hrl., vill í þessu sambandi taka fram, að hann telur að leiða megi rök að því, að þjóðkirkjan sé nú réttur eigandi kirkjujarðanna, fremur en hinar einstöku kirkjur, og áskilur sér tækifæri til að koma að nánari greinargerð um það atriði í tengslum við síðari hluta þessarar álitsgerðar. Að öðru leyti er hann samþykktur því, sem í álitsgerð þessari segir um eignarrétt yfir jörðum þessum, einkum varðandi það að þær verið eigi taldar til ríkisjarða.

Annar nefndarmaður, Allan V. Magnússon, sýslufulltrúi, vill gera fyrirvara um það, sem sagt var hér að framan um samband ríkisins og þjóðkirkjunnar að lögum og um almennt hæfi þjóðkirkjunnar til að koma fram sem sjálfstæður aðili í réttarfarslegu tilliti. Áskilur hann sér einnig tækifæri til að skýra þá skoðun sína nánar í síðari hluta álitsgerðarinnar.

III. EIGNASÖFNUM KIRKNA, KLAUSTRA OG BISKUPSSTÓLA FRAM TIL SIÐASKIPTA.

Upphaflega voru allar kirkjur hérlendis bændakirkjur, nema hvað á Þingvöllum var um skeið almenningskirkja, sem Ólafur konungur Haraldsson gaf. Var þetta fyrirkomulag, sem byggðist á fornum germönskum stofni, lögverndað. Um þetta segir Gunnar F. Guðmundsson, sagnfræðingur: (1)

„Í kristinna laga þætti Grágásar er einkakirkjuskipanin viðurkennd. Gert er ráð fyrir því, að fjárhagur kirkna sé sjálfstæður, en þær lúti engu að síður eignarrétti einstakra manna:

En ef nokoR logar því fe a brot oc varðar þat Flör Bavgs Garð. Enda scal aptr doma feit allt til kirkio. Nu a aNaR maðr land en aNaR kirkio oc logar sa fe fra kirkio er land á. Þa a soc þa við hann sa er kirkio a. EN ef sa logar fra er kirkio a. Oc a þa laneigandi soc við hann. En sa er vill ef þeir villa eigi sökla. (Grg.II., bls. 19; III., bls. 317-318).

Þessi tilhögun hefur átt að vera kirkjubændum til aðhalds, koma í veg fyrir, að kirkjur lentu í niðurníðslu og tryggja þannig hagsmuni kristinnar í landinu. Bændur viðurkenndu í raun, að kirkjur þeirra væru sjálfstæðar rekstrareiningar með eigin fjárhag, þegar þeir samþykktu tíundarlögin og fóru að gefa kirkjum sínum gjafir til að komast hjá skattgreiðslu. En með því voru þeir ekki að afsala sér eignarréttindum á

kirkjum sínum, enda virðast fulltrúar kirkjuvaldsins ekki hafa notað tíundarlögin sem vopn gegn leikmönnum, þegar baráttan um kirkjurnar stóð sem hæst (staðamál, kirkjustrið). Máldagar auðvelduðu biskupi að fylgjast með því, að eignir kirkna héldust óskertar og bændur gegndu þeim skyldum, sem fylgdu eignarhaldi á kirkjum. Kirkjubændur sættu sig við afskipti biskupa í almenningsgagn. Allir máttu og átt að njóta góðs af kirkjum, þótt í einkaeign væru. Þeir, sem fylgdu hinum alþjóðlegu kirkjulögum, litu svo á, að allar kirkjur væru sjálfseignarstofnanir, sem engir menn af þessum heimi hefðu eignarrétt á. Að þeirra dómi voru bændur fremur ráðsmenn kirknanna eða lénsmenn þess dýrlings, sem kirkjan var helguð. Þeir töldu þannig engan mun vera á eignarréttarstöðu bændakirkna og annarra kirkna í landinu. Þetta voru þær fræðilegu forsendur, sem kröfur biskupanna í staðamálum hvíldu á.”

Má í megindráttum taka undir þessi ummæli, nema hvað nefndin telur, að ályktun höfundarins um eignarrétt að bændakirkjum sé umdeilanleg, sbr. nánar kafla v-3.

Um þetta segir Magnús Stefánsson, sagnfræðingur, nánar (2)

„Í heimildum virðist kirkjubóndi aldrei vera nefndur kirkjueigandi, enda þótt hann ætti landið, sem kirkjan var reist á. Því er óþarft að nota hugtakið kirkjueigandi. Þegar deilur hófust um eignir kirkna og staða (staðamál) og eignarrétturinn var nánar skilgreindur, varð niðurstaðan sú, að eignir kirkju væru í raun eign guðs eða kirkjudyrlings, kirkjubóndi væri aðeins varðveizlumaður kirkjunnar og réttur hans til kirkjuþjófjárins eins konar afnotaréttur. Jarðeignir, sem hann gaf kirkjunni, urðu því ekki eignir hans í sama skilningi og aðrar eignir. Staða hans gagnvart kirkju og kirkjufé er oft nefnd varðveizla, og minnir það á fjárhald í veraldlegum rétti. Fjárhaldsmaður skyldi annast hinn ómynduga án endurgjalds og ábyrgjast að höfðustóll hans rýrnaði ekki. Í staðinn skyldi hann njóta arðs af eigninni.

Biskup einn gat hreyft við eignum kirkju. Ef kirkjubóndi afhenti hluta kirkjuþjár, hvort heldur var gegn greiðslu eða ekki, varð hann sekur fjörbaugsmaður. Hins vegar gat maður, sem varðveitti margar kirkjur, haft makaskipti á jörðum, ef biskup leyfði. Ætti kirkja aðeins hluta af kirkjustaðnum, gátu aðrir hlutar hans gengið kaupum sölum eða erfðum að því einu áskildu, að ekki væri hreyft við eign kirkjunnar. Í reynd voru þetta einungis jarðir eða bæir, þar sem kirkja stóð. Slíkir kirkjustaðir voru síðar á miðöldum nefndir bændakirkjustaðir og kirkjurnar bændakirkjur. Framan af hefur sennilega svo verið háttað um flesta kirkjustaði.

Einnig gat borið við, að bóndi, sem reisti kirkju, gæfi henni jörðina alla, en ekki aðeins hluta. Hann eða erfingjar hans gátu og síðar gefið kirkjunni heimajörðina alla, eins og Gizur biskup, er hann gaf Skálholt undir biskupssetur. Slíkir kirkjustaðir nefndust staðir. Það hugtak var einnig notað um klaustrin og biskupssetrin, enda átti kirkjan þær jarðir að öllu. Staðurinn á þá einnig tiltekna tölu búþjár, enda tilgangurinn sá, að jörðin og búreksturinn þjóni kirkjunni (kirkjubú). Sjaldgæft virðist, að talað sé um stað, þegar kirkjan á einungis helming jarðar, en um það eru þó dæmi. Hins vegar virðast allir kirkjustaðir, sem kirkjan átti ein, hafa kallast staðir. Þegar kirkjan eignaðist allan kirkjustaðinn, varð jörðin með öllum gögnum og gæðum – staðurinn – að eins konar sjálfseignarstofnun á vegum kirkjunnar. Svo virðist og hafa verið um þá fáu kirkjustaði, sem kirkja átti að hluta, en eru þó í heimildum nefndir staðir. Þar hefur kirkjan átt ákveðinn alfmarkaðan hluta með öllum gögnum og gæðum. Eignarhaldið hefur þannig ráðið úrslitum um það, hvort kirkjustaður yrði talinn staður....

Fjórstjórn einstakra kirkna var a minnsta kosti fram á daga Þorláks biskups Þórhallssonar átölulaust í höndum eiganda jarðarinnar, sem kirkjan stóð á. Hún gekk að erfðum í ætt stofnanda kirkjunnar eða kaupum og sölum, ásamt þeim hluta jarðarinnar, sem var í einkaeign, ef kirkjan átti aðeins hluta hennar. Á sama hátt leiddi af sjálfu sér, að lærður maður gat án leyfis biskups gegnt embætti innan kirkjunnar, ef hann erfði eða eignaðist með öðrum hætti kirkju og kirkjustað. Af þessu spruttu flóknar og langvinnar deilur, sem jukust eftir því sem klerkastéttin öðlaðist meiri skilning á almennum lögum kirkjunnar og um leið sérstöðu kirkju og klerka. Smám saman tók kirkjan að kalla til

fullra yfirráða yfir þjónum sínum og eignum og krefjast frelsis og sjálfræðis gagnvart öðrum aðilum í þjóðfélaginu.“

Óþarfi er að ræða hér ítarlega um Staðamálin, svokölluðu, en þeim lyktaði með sættargerðinni í Ögvaldsnesi í Noregi árið 1297(3), en aðilar að henni voru m.a. Árni biskup Þorláksson og Eiríkur, konungur Norðmanna og Íslendinga. Meginefni sættargerðarinnar, sem einungis náði til Skálholtsbiskupsdæmis, var það, að þeir staðir og kirkjueignir, sem kirkjur ættu alla, skyldu lúta forræði biskups, en leikmenn skyldu halda þeim stöðum, sem þeir ættu hálfa eða meir. Eigi er sérstaklega kveðið á um staði, þar sem kirkjan átti helming eða meir, en eigi er ósennilegt, að bændahlutinn hafi þar verið leystur út smám saman, en sennilega hefur þetta síðastnefnda einungis átt við um mjög fáa staði. Með sættargerðinni var einnig viðurkennt dómsvald kirkjunnar út af ágreiningi um kirkjueignir. Í Hólabiskupsdæmi var fyrrgreindri meginskipan eigi komið á fyrr en nokkrum áratugum síðar (1354).

Með sættargerð þessari var komið fastri skipan á hin svokölluðu kirkjulén (beneficial), en biskup hafi forræði þeirra og prestar þeir, sem hann skipaði, urðu lénsmenn hans og höfðu þeir umsjón viðkomandi kirkjueigna undir yfirumsjá biskups. Í raun urðu kirkjur sjálfseignarstofnanir, þótt eigi væri til fullnustu skorið úr um innsta eðli eignarréttarins yfir jarðagóssinu, sbr. ummæli Gunnars F. Guðmundssonar: (4)

„Í samningum þeim, sem gerðir voru í Ögvaldsnesi árið 1297 og bæði biskup og leikmenn stóðu að, var ekki tekin afstaða til þess, hvort hinn „germanski“ eða „kanóníski“ skilningur á eignarréttarstöðu kirkna ætti að gilda. Efni samningsins var um forræði fyrir kirkjum, og var þeim skipt milli leikmanna og biskupa eftir hlutdeild kirkna í heimalandi, en ekki eftir því, hverjir ættu kirkjurnar í raun og veru. Eignarréttarstaða kirkna hélt áfram að vera óvissu blandin, og enga nauðsyn bar til að skilgreina hana nákvæmlega, því að hvor deiluaðila hafði fengið það, sem hann gat sætt sig við. Ef eignarrétturinn er látinn liggja á milli hluta, var munurinn á bændakirkjum og stöðum, sem biskupar höfðu forræði yfir, sá, að bændakirkjur áttu minna í heimajörðinni en staðir. Í öðru lagi réðu bændur sjálfir, hverjum þeir fengu embætti við kirkjur sínar, en að nafninu til varð að fá samþykki biskups. Bændur nutu einnig góðs af þeim tekjum kirkna sinna, sem umfram voru útgjöldum vegna þeirra.“

Ekki er vafa undiropið, að kirkjur og kirkjulegar stofnanir á landinu (þ.e. biskupsstólarnir og klaustrin) hafa eignast meginstofn jarðeigna sinna þegar á 12. og 13. öld og sá stofn stóð síðan lítt skertur um nokkrar aldir, eða fram til síðaskipta. Þó urðu stundum nokkrar sviptingar í þeim efnunum og málaferli, sem oftast en hitt lauk á þann veg, að kirkjan jók við eignir sínar, stundum með list og vél (sbr. t.d. er Kross á Landi komst úr bændaeign) eða jafnvel með nokkru harðræði, og var m.a. misjafnt hve einstakir biskupar voru miklir fjáraflamenn fyrir kirkjunnar hönd. Stundum náði kirkjan miklum eignum í senn, sbr. einkum er Vatnsfjörður við Djúp og þær miklu eignir, er þeim stað fylgdu, var dæmdur til kirkjunnar snemma á 16. öld og eigurnar gerðar að kirkjuléni (beneficium), en um Vatnsfjörð var m.a. deilt í Staðamálum og miðað við sættargerðina í Ögvaldsnesi var þar um bændakirkju að ræða.

Á miðöldum auðguðust biskupsstólarnir, klaustrin, margir staðir og sumar bændakirkjur mjög að jarðeignum, ítökum og lausum aurum (einkum kúgildum) og munaði þar mest um gjafir og erfðagerninga efnaðra einstaklinga í sálhjálparskyni (donationes pro anima). Var þá gjarna litið svo á, að dýrlingur sá, er viðkomandi kirkja var helguð, ætti eignirnar en kirkjunnar menn eða aðrir hefðu forræði þeirra og forsjá. Gjafir þessar voru gjarna bundnar því skilyrði, að við kirkjuna væri beðið fyrir sálu gefandans eða annarra tiltekinna manna og sálumessur sungnar eftir nánari fyrirsmælum. Sumar jarðeignir voru þó keyptar, einkum af biskupsstólunum, sbr. t.d.

ýmsar útræðisjarðir á 13. og 14. öld, og þegar á fyrri hluta 12. aldar keypti Skálholtsstóll Vestamannaeyjar og hélt þeim þar til um 1400 að konungur náði eignarhaldi á þeim. Einnig var iðulega um að ræða makaskipti á kirkjueignum og bændaeignum. Það ýtti mjög undir sálugjafir og aðrar sambærilegar gjafir til kirkna og kirkjustofnana að gjafaféð var undanþegið tíundarskyldu, sbr. 2. gr. tíundarlaganna frá 1096:

„Þat fé þarf eigi til tíundar at telja, er áður er til guðs þakka lagit ... hvarz þat fé er í löndum eða í lausum aurum“ (5)

og í Kristinrétti Árna biskups var mönnum auðveldað að arfleiða kirkjur og klaustur að hluta eigna sinna. (6) Á eignir kirkjunnar var heldur lengst af ekki lögð tíund, en tíund var hins vegar mikill tekjustofn kirkna og biskupsstóla, svo sem kunnugt er (kirkjutíund, biskupstíund). Framan af höfðu efnamenn (kirkjubændur) mikinn hag af því að gefa kirkjum sínum drjúgmiklar eignir, sökum þessara tíundarfríðinda, en þeir gátu eftir sem áður ráðið yfir kirkjueignum og forráð kirkjunnar gengu þá í erfðir. Hélt þetta að nokkru eftir lok Staðamála, með þeim breytingum þó, sem leiddu af auknu kirkjuvaldi. Annað sem studdi mjög að góðum efnahag margra kirkna var, að biskup gat krafist þess, að áður en kirkja væri vígð, skyldi sá, er kirkjuna lét reisa, leggja til hennar nægilegt fé í löndum og lausum aurum, og mátti synja víglu ella. (7)

Ef litið er til grannlanda okkar, kemur í ljós, að á fyrri öldum mátti greina á milli tvenns konar kirkjujarða, eftir því með hvaða skilmálum hafði verið til þeirra stofnað. Annars vegar var um að ræða jarðir, sem kirkjum voru gefnar þeim til viðhalds og endurbyggingar (*fabricia ecclesiae*) og hins vegar jarðir, sem afhentar höfðu verið til upphalds prests (*mensa presbyteri*). Þessarar aðgreiningar gætti einnig hér á landi á miðöldum, en virðist þó aldrei hafa haft neina sérstaka þýðingu hvað varðaði eignarrétt að þessum jörðum, - og í rauninni eigi heldur um umráðaréttinn, a.m.k. eftir að Staðamálum lauk. Á síðari öldum virðist þessarar aðgreiningar lítt haf gætt héraðs og alls enginn greinarmunur í þessa átt kom til umræðu á fyrstu árum þessarar aldar, þegar unnið var að endurskipan umræða yfir jörðunum, - þá voru allar kirkjujarðir lagðar að jöfnu að þessu leyti. Er því eigi þörf frekari umfjöllunar þessa atriðis í álitserð þessari.

Á síðmiðöldum jukust mjög eignir og tekjur biskupsstólanna og sumra klaustranna. Um eignaaukningu þessa má tilfæra ummæli þeirra Björns Teitssonar og Magnúsar Stefánssonar í ritgerð þeirra um rannsóknir á íslenskri byggðarsögu: (8)

„Að því er varðar jarðeignir Hólastóls er vitað, að 1388 átti stóllinn 125 jarðir (Dipl. Isl. III, nr. 352),... Árið 1449 voru jarðir stólsins orðnar 175-80 (Dipl. Isl. V, nr. 35), og 1550 voru þær 350 (Dipl. Isl. XI, nr. 688). Í ljós kemur, að mest af aukningunni 1449-1550 varð á árunum 1495-1520, þ.e. á árunum næst eftir pláguna síðari (Dipl. Isl. VI, bls. 727 o. áfr.). Á þessum árum eignaðist Hólastóll að minnsta kosti 100 jarðir. Á árunum eftir 1520 er svo vitað um víðtæk makaskipti, gerð með það í huga að eignast jarðir nærri stólnum.

Hvort tveggja – þessi mikla aukning jarðafjöldans og makaskiptin – getur bent til þess, að mikill hreyfanleiki hafi verið á jarðamarkaðinum fyrst eftir pláguna síðari. Af því er varðar Skálholtsstól er einnig hægt að sýna fram á mikla eignaaukningu á síðmiðöldum. Í lok 13. aldar virðist stóllinn hafa átt ca. 1200 hundraða í jarðeignum (Árna biskups saga, 72. kap.), en við síðaskiptin höfðu jarðeignir stólsins aukist upp í fyllilega 7000 hundruð.“

Um kirkjueignir (í víðtækum skilningi) rétt fyrir síðaskiptin, þegar þær hafa verið á að giska 45% allra jarðeigna í landinu, segir Páll E. Ólason: (9)

„Lætur nærri, að landskyldir Hólastóls á árunum 1525-1550 svari til jarðeigna, er að dýrleika nemi 9000 hundraða eða í fornri reikningsaðferð 75 hdr. hdr., og ef dýrleiki allra jarðeigna í byskupsdæminu er talinn 36000 hundruð eða 300 hdr. hdr., stendur heima, að jarðeignir stólsins nema réttum fjórðungi allra jarðeignanna. En jarðeignir klaustra og kirkna í Hólabiyskupsdæmi haa varla numið miklu minna en jarðeignir byskupsstólsins sjálfs. Svo að eftir því yrði nálega helmingur allra jarðeigna í sýslum þeim, er lutu undir Hólastól, eign kirkjunnar (þ.e. stólsins, klaustranna og kirknanna). Til samiburðar má geta þess, að svo er talið, að kaþólska kirkjan í almætti sínu hafi átt þriðjung eða jafnvel helming allra jarðeigna í Norðurálfu. Í Danmörku er talið, að skömmu fyrir siðskiptin hafi jarðeignir kirkjunnar þar numið nálægt tveim fimmtungum allra jarðeigna landsins. Og í Þjóðverjalandi er í “kærum hinnar þjóðversku þjóðar í 100 greinum” þriðjungur eða fjórðungur alls landsins talið kirkjueign.“

Um jarðeignir Hólastóls sérstaklega vísast einnig til ritgerðar Ólafs Ásgeirssonar, sagnfræðing, sem fylgir þessari álitsgerð (fylgiskjal nr. 8).

Á miðöldum var, í höfuðdráttum, stofnað til þess tekju- og eignakerfis kirkjunnar, sem hélst, a.m.k. hvað kirkjulénin varðar, fram yfir síðustu aldamót, -þ.e. eignirnar og arðurinn af þeim stóð undir kirkju- og kristnihaldi, reyndar ásamt nokkrum öðrum tekjustofnum, sem flestir voru fornir að stofni til.

Um eignir kirkna, klaustra og biskupsstóla á miðöldum hafa varðveist miklar heimildir, þar sem eru máldagar þessara stofnana, en orðið máldagi varð, er fram í sótti, notað um skrár um gjafir til þessara stofnana eða um eignir þeirra, þ.á.m. fasteignir og ítök.

Máldagi er í sjálfu sér einhliða heimild, en varðveislumanni kirkju var skylt að láta þinglýsa máldaganum að Lögbergi, í Lögrétu eða á viðkomandi vorþingi, og auk þess kunngera efni máldagans að kirkjunni einu sinni á ári „þa er menn hafa tíþa sök þangat flestir“. (10) Smám saman létu biskupar gera sérstakar máldagabækur eða máldagasöfn fyrir biskupsdæmi sín og eru ýmis þessara safna enn til og flestir þeir miðaldamáldagar, sem varðveist hafa, hafa nú verið prentaðir í Íslensku fornbréfasafni.

IV. BREYTINGAR ÞÆR, SEM URÐU Á EIGNASTÖÐUNNI UM SIÐASKIPTIN

Hér er eigi þörf á að gera nákvæma grein fyrir öllum þeim átökum, sem urðu um kirkjueignir hérlendis á siðaskiptatímunum og fyrst þar á eftir. Vísast um það m.a. til ítarlegrar greinargerðar Páls E. Ólasonar í riti hans Menn og menntir siðskipta-aldarinnar. Aðeins skal stuttlega getið um þá þætti, sem meingmáli skipta varðandi álitsgerð þessa, og ályktanir síðan dregnar.

Segja má, að siðaskiptin hafi komist á í nokkrum áföngum og í reynd tekið nokkra áratugi. Í Hólabiyskupsdæmi var hinn nýju kirkjuskipan komið á 1551, eftir dauða Jóns Arasonar, en 10 árum fyrr í Skálholtsbiskupsdæmi. Hinn fyrsti „reformaði“ biskup í Skálholti, Gissur Einarsson, fékk því til leiðar komið, að eigi urðu þar mjög harkaleg umskipti varðandi kirkjueignir meðan hans naut við, en fljótlega eftir 1550 varð hins vegar töluverð breyting í því efni. Þar er helst að nefna:

- 1) Við upphaf siðskipta reyndi konungur að ná undir sig eignum klaustra, eins og gert hafið verið í Danmörku og Noregi, og þegar árið 1539 sló hann eign

sinni á Viðeyjarklaustur. Gissur biskup reyndi að koma því til leiðar og fékk til þess samþykki konungs, að eignir klaustranna yrðu látnar standa undir skólahaldi, en lítt sem ekki var við það staðið, þegar á reyndi. Með konungsbréfi frá 12.mars 1554 (1) lagði konungur formlega undir sig jarðeignir allra klaustra, og fékk ýmsum gæðingum sínum umboð klaustraeignanna og hélst sú skipan um aldir.

- 2) Konungur lagði (1556-1563) undir sig allar jarðir Skálholtsstóls á Suðurnesjum (margt af þeim verðmiklar útvegsjarðir) en lét stólnum eftir í staðinn jarðir annars staðar, sumt af þeim gamlar eignarjarðir Viðeyjarklausturs. (2)
- 3) Konungur tók, árið 1556, undir sig alla biskupstíund, sem verið hafði fjórði hluti allrar tíundar, (3) en síðar var þó nokkuð slakað á í því efni, vegna skólanna. Einnig var þá sakeyrir tekinn af biskupum. Skólakvöð var þó framvegis lögð á biskupsstólana.

Að öðru leyti hélst, í megindrátum, hin forna eignaskipan kirkna og biskupsstóla og virðist konungur hafa viljað halda verndarhendi yfir henni. Í Rípurartikulum frá 1542, sem eigi voru að líkindum lögleiddir hér með formlegum hætti en þó fylgt hér í reynd, segir t.d. (í 8. gr.):

„Og hvis som nogle Jorder og Eyendomme ere komne fra Kirkerne eller Presegaardene med Uret, da skulle Befalingsmændene .. dele sammen Eyendomme der til igien.“(4)

Í sjálfri kirkjutilskipuninni (ordinantiunni) frá 1537 (5) eru einnig m.a. nokkur ákvæði um eignir og tekjur kirkna og um umsjárskyldu biskupa með kirkjueignum. Í konungsbréfi frá 1540 (6) er boðið, að kirkjur skuli njóta tekna sinna og eigna sem áður hafi verið, og í konungsbréfi frá 1596 (7) eru áréttuð fyrirmæli um viðurlög þeim prestum til handa, “som lade det dem betroede geistlige Gods forfalde.“ Í bréfi til beggja biskupanna frá 1556 lætur konungur sér einnig annt um, að eignir biskupsstólanna gangi ekki undan þeim: (8)

„Vider, at vi forfare, at der skal mangesteds bortkomme frann Domkirken af Kirkens Gods baade med Maglaug og udi andre Maade, og Kirken ikke skeer der imod Skiel og Fylleste. Thi bede vi eder og strengeligen biude, at I efter denne Dag tiltenke intet af Domkirkens Gods at maglegge der frann, eller udi andre Maade tilstede at der noget Gods frankommer, uden vort Samtykke, meden have god flittig Indseende, at Kirken beholder hendis Gods, som hun haver eller bør at have med Rette, saa fremt at vi ikke paa Kirkens Vegne ville vide den Skade hos eder, og I den skulle Kirken igien uprette.“

Það var vilji konungs, að guðsþjónustur legðust af í bænhúsum (capeller) (9) og í „Bessastaðasamþykkt“ frá 1555, (10) sem að nokkru öðlaðist samþykki konungs, er jafnframt ályktað í sömu átt varðandi bænhús og hálfkirkjur og þá einnig vikið að eignum þeirra:

„Í fyrstu grein, það Yðar Kóngl. Majest. Áhrærir um þær hálfkirkjur og bænhús, eða um þær aðrar kirkjur sem ekki eru nauðsynlegar sóknarkirkjur, þá skyldu með öllu af takast. Því höfum vér fyrgreindir menn um þann sama articula eptir Yðar Kóngl. Maj náðrar bréfi, boði og skipan, samþykkir orðið, svo að fyr sagðar kirkjur og saunghús skyldu með öllu af leggjast, utan þær, sem nauðsyn krefur standa skuli. En þeirra kúgildi og lausafé skyldi hálfpart leggjast til prestanna uppheldis og spítalanna, sem hinir sjúku skulu inn leggjast. En annan hálfpart af fyrgreindra hálfkirkna og saunghúsa kúgildum og lausafé skyldu eignarmenn jarðann eignast, og alla þá fasteignar parta og ítök, með rekum og skógum, sem þeir og þeirra forfeður, hafa þar tillagt, eptir því sem verðugur herra Magnús Noregs kóngur, góðrar minningar, hefir í sínum bréfum og

réttarbótum boðið og bifalað að fornu hér í landið. En inventaria og messuklæði fyrsagðra kirkna og saunghúsa skulu biskuparnir með lénsmannsins ráði og annara góðra manna leggja til þeirra sóknarkirkna, sem mest er þörf á í því héraði eður annarsstaðar.“

Í samþykkt þessari var einnig ályktað á um, að kirkjueignir skyldu verða tíundarskyldar að nokkru marki.

Við siðaskiptin varð konungur æðsti yfirmaður kirkjunnar, en biskupar landsins reyndu þó að varðveita reisn hennar og forræði í nokkrum efnum og tókst það um sinn, auk þess sem Alþingi hafði fyrst um sinn vald í kirkjulegum málum, sem öðrum, þar til einveldi komst á.

Að mati nefndarinnar voru flestar þær ráðstafanir á eignum kirkjulegra stofnana og sem meiriháttar mega teljast, þ.e. einkum taka stólseignanna og ráðstöfun stólsjarða og taka klaustursjarðanna, löglausar og óheimilar að þeirra tíma rétti. Konungur var eigi yfir lögin hafinn og fram til einveldisstofnunar allöngu síðar var löggjafarvaldið í höndum konungs og Alþingis sameiginlega og dómssvald um kirknaeignir átti að réttu að vera í höndum kirkjulegra dómstóla, a.m.k. þar til því fyrirkomulagi hafði verið breytt á afdráttarlausan hátt. Í því sambandi skal á það minnt, að samkvæmt Gamla-sáttmála hafði konungur skuldbundið sig til þess sérstaklega að virða íslensk lög. Svo mikilvægum og afdrifaríkum ráðstöfunum, sem hér um ræðir, gat konungur því eigi réttilega komið til leiðar einhliða og á sitt eindæmi og í skjóli valdastöðu sinnar, heldur þurfti til að koma formlegt samþykki innlendra yfirvalda, einkum Alþingis. Það samþykki kom ekki til með ótvíræðum hætti og eigi verður talið, að heimild til svo viðamikilla ráðstafana hafi falist sjálfkrafa í viðtöku hinnar nýju kirkjuskipanar (ordinantiunnar), 1541 og 1551. Sama virðist gilda um ýmsar ráðstafanir, sem beindust að því að rýra tekjur biskupsstólanna, þótt eigi verði vikið nánar að því efni hér. Klaustrajarðirnar (mörgu hundruð að tölu) urðu síðar meginstofninn í jarðasafni konungs hérlendis, sem síðar var kallað þjóðjarðir, og var eignarheimild konungs á þeim í upphafi án lagastoðar og aldrei réttlætt síðar á formlegan hátt. Kirkjan í landinu naut heldur yfirleitt ekki arðsins af þessum jörðum. Ljóst er, að eftir viðtöku hins breytta síðar var eigi framfar grundvöllur fyrir hinum fornu klausturstofnunum, en eðlilegt hefið þá verið, að eigir þeirra hefðu almennt runnið til viðkomandi biskupsstóla.

Segja má þó með nokkrum rétti, að eigi hafi nokkru sinni, á öllum þeim öldum, sem síðar eru liðnar, verið hafðar uppi kröfur til leiðréttingar þessa frá kirkjulegum yfirvöldum eða öðrum, auk þess sem staða konungs styrktist mjög í þessu efni, sem á öðrum sviðum, með tilkomu einveldisins, þegar allt vald komst á hendur konungs. Verður eigi séð, að íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klaustursjarðanna eða til bóta vegna töku þeirra á siðskiptatímunum.

V. ÞRÓUN MÁLA FRÁ ÞVÍ EFTIR SIÐASKIPTI OG FRAM YFIR SÍÐUSTU ALDAMÓT.

1. Almenn.

Prófessor Magnús Már Lárusson hefur sett upp eftirfarandi töflu yfir jarðahundruð landsins alls árið 1695 sundurgreinda eftir eignaraðild (1), með víðtækara samanburði, og sést þar glöggst hver hlutur kirkjueigna (í víðtækum skilningi) var miðað við alla jarðeign í landinu:

	Alls		Hólastifti	Hólastifti	Skálholtsstifti	Skálholtsstifti
Einkaeign	45.976	52%	16.138	46,4%	29.838,5	55,6%
Skálholtsskóli	6.105,5	6,9%	3	0,01%	6.102,5	11,4%
Hólastóll	8.060,3	9,1%	8.040,3	23,1%	20	0,04%
Beneficia	3.438	3,9%	1.481,3	4,3%	1.956,3	3,6%
Kirkjur	6.474,3	7,3%	1.828,3	5,3%	4.646	8,7%
Bændakirkjur	2.825,2	3,2%	770,5	2,2%	2.054,7	2,2%
Lagt fátækum prestum	757	0,9%	30	0,1%	727	1,7%
Kristfé	316,7	0,3%	122	0,4%	194,7	0,2%
Spítalar	214	0,2%	100	0,3%	114	0,2%
Konungur	14.349,7	16,2%	6.282,5	18%	8.062,5	15%
Samtals	88.516,7		34.800,2		53.715,5	

Konungsjarðirnar má sundirliða eftir eðli:

Viðeyjarklaustur	2.105,25
Helgafellsklaustur	2.367,2
Pingeyraklaustur	1.592,3
Reyninessklaustur	1.062
Möðruvallaklaustur	1.430,3
Munkaþverárklaustur	1.301,3
Skriðuklaustur	436
Kirkjubæjarklaustur	656
Þykkvabæjarklaustur	864
Annað góz	1.545,3
Alls	14.349,2

(Vestmannaeyjar 490 c eins og 1861)

Klaustrahundruð í Skálholtsstifti: 5.992,42 11,2% af stiftinu

Klaustrahundruð í Hólastifti: 4.084,9 11,7% af stiftinu

Fjöldi lögbýla er 4.033.

Samanburðartafla færð til jöfnunar milli árunna 1695 og 1861:

	Lögbýli		Hundr.		Lögbýli		Hundr.	
Einkaeign	1.899	47,1%	45.902	52,3%	2.711	67,2%	64.578	73,6%
Konungur	722	18,1%	14.270	16,3%	504	13,2	9.597	10,9%
Skálholtsstóll	289	7,2%	5.959	6,8%	0		0	
Hólastóll	323	8%	8.023	9,1%	0		0	
Annað	790	19,6%	18.621	15,5%	788	18,5%	13.600	15,5%
Samtals	4.033		87.775		4.033		87.775	

Samanburður þessi sýnir, hversu mjög hefur aukist tala fjölbýla í einkaeign – úr 47,1% í 67,7%, en að verðmæti úr 52,3% í 73,6%.

Í Kulturhistorisk leksikon VII., á bls. 673-674 (undir uppsláttarorðinu Jordejendom) birtir hann einnig töflu um sama efni, sem byggist á rannsóknum Björns Lárussonar á grundvelli Jarðabókarinnar 1702-1714 eftir samanburð við jarðabækur frá 1679-1753:

Jordejendommens fordeling paa

	Hólar stift	Skálholt stift	Hele landet
Bönder	16.266	29.687	45.953
Bondekirker	703	2.603	3.306
Beneficier m.m.	3.358	6.953	10.311
Bispestolen paa Hólar	7.844 1/3	20	7.864 1/3
Bispestolen i Skálholt	0	6.255	6.255
KM (klostre)	6.118 2/3	7.590 1/3	13.709
Kristfé	229	850	1.079
Samtals	34.519	53.958 1/3	88.477 1/3

Um eignaraðild að jarðeignum hérlendis um miðja 17.öld segir Páll Eggert Ólason, (2) að nálega helmingur jarðeigna landsins hafi þá verið í eigu kirkna, stóla og konungs og hafi nánari skipting verið sem hér segir:

Kirkjur	11657 1/3 hundr.
Biskupsstólar	15350
Kristfjár- og spítalajarðir	910 1/2
Konungur	14730
Bændur	42795 5/12

Eftir siðaskipti var hagsmunagæsla kirkna og kirkjueigna talin bera undir konungvaldið, ásamt biskupum, og eftir að einveldi var komið á jukust mjög afskipti konungs af þeim málum, svo sem m.a. kemur mætavel fram í ýmsum konungsboðum, sem gefin voru að tilhlutan Harboes um miðja 18.öld.

Fyrir siðaskipti átti kirkjan dómsvald um eignamál kirkna eða kirkjustofnana, en þegar komið var nokkuð fram yfir siðaskipti afsalaði kirkjan sér í raun dómsvaldi í þessum efnunum, sbr. "Vælugerðisdóm", sem upp var kveðinn að tilhlutan Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1645, en þar segir m.a., að deilumál um jörð, akur eða engi séu veraldleg mál og þeim eigi prestar að svara fyrir Lögrétta eða lögþingi (3)

Afskipti konungs af kirknamálum, þ.á.m. eignum og tekjum kirkna og presta, komu fram með ýmsu móti. Annars vegar var þar um að ræða ýmsar ívilnandi aðgerðir, sem m.a. áttu að bæta hag þeirra presta, sem helst voru þurfandi, og efla þannig kristnihaldið í landinu, en hins vegar er um að ræða margvíslegar tilskipanir og fyrirmæli, sem til leiðbeiningar áttu að vera um meðferð og vörslu kirkjueigna og um skyld efni.

Varðandi hið fyrrnefnda má m.a. nefna bréf Jóhanns Bochholts, lénsmanns, frá 3. október 1580, (4) þar sem segir:

„Eg Johann Bochholt, Kóngl. Majest Befalingsmann yfir Íslandi, meðkennist með þessu mínu opnu bréfi, að eptir Kóngl. Maj. míns náðuga herra boði og skipun hef eg afhent herra Gísla Jónssyni, þeirra fátækra presta vegna sem öngva underhollning hafai Skálholts stikti, þessar eptirskrifaðar jarðir. – Í fyrstu:

Straum í Austfjörðum	Steina í Hornafirði	Mosfell
Mógilsá	Haukagil	Mýrar í Veri
Bakka og		
Ása stærrí, báðar á Síðu	Brúar-Reykir	Minni-Kambur
Heiði í Mýrdal	Götu	Þæfusteinn
Skoravík	Eystri-Skóga	Múli

Foss á Síðu	Ingunnarstaðir	Bolholt
Miðjanes	Steinkross	Fjarðarhorn
Saurbæ	Gröf	Borg í Grímsnesi
Svarfhóll	Hvol í Ölvesi	Dvergasteinn
Breiðholt	Miðmörk undir Eyjafjöllum	
Skrauthóla	Torfastaðir í Fljótshlíð	Háls

Þessar allar áður skrifaðar jarðir með kúgildum og landskyldum, sem verið hefir. Þar fyrir býð eg öllum sýslumönnum, í hvers sýslu sem þessar jarðir liggja, að þér látið þessar jarðir lausar án allrar hindrunar eða nokkurs undandrátta.“

Svipað gerðist árið 1674, sjá konungsbréf frá 3. apríl 1674, (5) þar sem konungur gefur 12 jarðir í sama augnamiði (fyrrum jarðir Skriðuklausturs) ásamt öllum friðindum, er þeim fylgdu. Um afhendinguna og um staðfestingu þess, að um yfirfærslu eignarréttar var að ræða segir þar m.a.:

„Fornefnte Leyequiller, Landskyld og Jorder, med al dessen Landgilde, Herlighed, Rente og rette Tilligelse, visse og urvisse Indkomst udi Jord, Ager og Eng, Skov, Mark, Krat, Hede, Kjere og Moser, Intet undertagendis i nogen Maader, som der nu tillige og af Alders Tid der tilliget haver og bør der til at ligge med rette, skal herefter forblive under Skalhólts Bispestol, og Indkomst deraf til fattige Presters Underholdnings Brug udi samme Stigt, som Bispnen der sammesteds aarligen rigtig skal uddele, og de sig det saa nøttig gjöre som de selv best vil, veed og kan, til evindelig Arv og Eiendom, dog Os og Vores kongelige Arf-successorer udi Regjeringen Souverainitet, konglige Regalier og Höiheder af forne Gods, ligesom af andet deslige, uforkrenket og Os aldelis forbeholden.“

Í þessu sambandi má einnig nefna konungsbréf til stiftamtmanns frá 18. apríl 1761 (6) þar sem mælt er fyrir um heimilid jarðnæðislausra presta til að krefjast ábúðar á hentugum jörðum:

„Eftersom Os elskel. Herr Gisle Magnussen, Biskop over Holum Stift paa Vort Land Island, for Os allerund. Haver andraget, hvorledes de fattige Præster paa Island, som ikke ere fosynede með Boe-Jorder inden deres Præstegjelder, have megen Besværighed for at forskaffe sig bekvemme Gaarder til Beboelse,saasom ingen vil afstaae sin Leiegaard, om den duer noget, hvorover Præsterne maa lade sig nöie med en af de baade í Henseende til Grunden og Distancen fra Kirkerne allerslettete og ubeleiligste Gaarde, og undertiden saadan en, som ligger í Annexet. Thi Give Vi dig hermed tilkjende, at Vi, i Anledning af bemte Biskop Gisle Magnussens derhos allerund. Gjorte Forslag, hvorover Vi have ladet indhente din allerund. Erklæring, allern. have funden for godt, at det í Almindelighed paa Island maa være tilladt de Præster, som ikke selv eie nogen Jord i Sognet at boe paa, ved Herredsprovsten, Sysselmanden, eller af den, som over 20 Aar havde besiddet den og holdt Gaarden í god Stand, blev beboet, eller Nogen dermed var beneficeret, hvorimod Præsten skal betale Fæstet til Opsidderen, som skal være pligtig strax at flytte, og af Sysselmanden forsynes med en anden bekvem Jord, ligesom han og til Eieren af Joreden skal betale hvad hannem med Rette tilkommer. Dog skal deslige Gaarde, naar de engang til Præstebolig ere udviste, til samme Brug bestandig forblive, saa længe Præsterne selv ikke eie Jord, men naar der kommer en Præst, som selv eier Jord í Sognet, skal den Jord, som Præsten tilforn har boet paa, fæstes bort til andre: Og, om Præsten, imidlertid han boer Stedet, skulde opføre flere og bedre Huse, end Bonden behöver, bör samme ved hans Fratrædelse höre hannem til, og hvis Jordeieren ikke samme for lovlig Værd vil kjöbe, maa det være Præsten eller hans Arvinger tilladt, samme at bortføre eller til Andre at afhænde efter eget Godtbefindende. Og paa det Disputer saavidt muligt kunde forekommes, skal, naar saadan Jord til Beboelse af Præsten antages, af Sysselmanden og Mænd skee en lovlig Besigtelses-Forretning, som í sin Tid kan udvise, hvad Huse

og i hvad Tilstand Præsten har imodtaget dem, hvilke da i samme Stand igjen til Eiermander bør leveres.“

Þó verður að minnast þess, að í bréfi Rentukammers frá 11.febrúar 1843 (7) segir „at... det i Almindelighed maa ansees utilraadeligt at bortskjænke nogen Deel af det kgl. Gods i Island til forbedring af Præstekaldende ...“ þannig að yfirvöld lögðust gegn allri ofrausn í þessu efni.

Um ýmis konungsboð, er varða afskipti yfirvalda af sölu kirkjueigna o.þ.h. ræðir síðar, en á þessum stað má hins vegar nefna nokkur lagaboð frá einveldistímunum, sem varða umsjá með kirkjueignum og skyld efni:

Fyrst má nefna konungsbréf frá 12. desember 1635 til Pros Mund, lénsmanns konungs, um réttindi kirkna, (8) þar sem segir:

„Vid, at vi naadigst komme udi Forfaring, hvorledis nogen Rigtighed, Kirkerne paa vort Land Island tilhørende, skal af adskillig verdslig Personer efter Religionens Omskiftelse imod pavelige Dekreter fravindis, under den Pretext de skal vere Kirkernis Patroner; thi bede vi dig og naadigst ville, at du grandgivelig forfarer paa hvad Steder saadan Underslef begaaes, og du seden efter des Forfaring der paa lader tale med Retten, og endelig Dom forhverver, anseet vi ingenlunde vil tilstede at Kirkerne nogen Rettighed skal miste, som dem i gammel Tid haver veret tillagt, med mindre det Kirkerne loughligen kan vere frakommet.“

Í bréfi konungs til stiftamtmanns frá 11.maí 1708 (9) eru yfirvöld áminnt og ítrekaðar fyrri áminningar um, að aga sé beitt gegn þeim prestum, „som lade deres Præstegaarde forfalde.“ Sbr. einnig kansellibréf um sama efni frá 23. febrúar 1782. (10)

Í þessu sambandi má einnig nefna tilskipun frá 24.júlí 1789 um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því sem þeim fylgir, (11) sem enner að mestu leyti talin í gildi og tekin upp í núverandi lagasafn.

Einstaka sinnum leyfði konungur, að lausafé frá tiltekinni kirkju væri notað til hagsbóta fyrir aðra kirkju, sem fátæk var og þurfandi, sbr. t.d. konungsbréf frá 21.nóvember 1794. (112)

Þess eru dæmi, að gerð væru „brauðamöt“ (þ.e. úttektir á tekjugæfni prestakalla) fyrir allt landið og í kjölfar þess gerðar einhverjar ráðstafanir til að bæta kjör þeirra presta, sem verst voru settir. Ber þar einkum að nefna brauðamöt frá 1737 og 1748, sem birt eru í Lovsamling for Island. (13) Í hinu síðara kemur m.a. fram aðgreining milli kirkjuléna (beneficial) og bændakirkna og m.a. af þeirri ástæðu er það birt sem fylgiskjal með álitsgerð þessari (fylgiskjal nr.1). Um brauðamat frá síðustu áratugum 19.aldar, sjá síðar. Því er þetta nefnt hér, að tekjur prestakalla byggðust í ríkum mæli á arði þeim, sem kirkjueignirnar gáfu, og gefa brauðamötin því m.a. nokkra vísbendingu um kirknaeignirnar og áhuga stjórnvalda á þeim.

Í erindisbréfi til biskupa frá 1.júlí 1746, (14) (sem enn er talið í gildi að hluta til og ýmsar greinar þess því birtar í lagasafni) eru mikilvæg fyrirmæli um skráningu kirkjueigna undir umsjón biskupa, svo og um gildi hinna fornu máldaga um kirkjueignir. Þar segir m.a. (texta lagasafns fylgt):

„15) Biskupar skulu samkvæmt hingað til haldinni venju hvarvetna láta, þar sem þeir fara yfir, halda fullnægjandi skrá yfir kirkjuna sjálfa, innanstokksmunni hennar og skrautgripi, kúgildi, jarðir, leigur, hús, skóga, reka og aðrar eignir hennar og hlunnindi, og skal biskup, hvenær sem hann heldur kirkjusköðun, ásamt forráðamanni kirkju og nokkrum öðrum góðum mönnum, undirrita skrána, og skal hún látin í stiftskistuna og geymd þar til þess að hafa hliðsjón af henni.

16) Til þess að fyrirgirða allar deilur, er rísa af skorti á áreiðanlegum gögnum um eignir kirkna, réttindi og kúgildi, er standa á jörðum léns- og bændakirkna, skulu samkvæmt allra þegnsaml. Tillögum fyrri biskupa, eftir greindar skrár taldar áreiðanlegar og löggiltar kirkjuskrár og máldagabækur í Skálholts- og Hólastifti, er allar þrætur um eignir kirkna og réttindi skulu dæmd og útkljáð eftir:

Í Skálholtsstifti: Hin gamla máldagabók og kirkjuregistur Vilchins biskups, samantekin 1397.

Í Hólastifti:

- a) Registor og máldagabók Jóns biskups Eiríkssonar 1360,
- b) Péturs biskups 1394
- c) Auðunar biskups 1398
- d) Ólafs biskups Rögnvaldssonar 1461 og
- e) Sigurðar prests, sem safnað var eftir siðaskiptin.

Mál er varða aðrar kirkjueignir í báðum stiftum, svo sem innanstokksmuni og skrautgripi þeirra, skulu eigi dæmd eftir nefndum máldagabókum, heldur eftir skráum þeim, er evangelisku biskuparnir hafa gert eftir siðaskipti.

17) Biskup skal knýja kirkjubændur og svonefnda lénspresta til þess að halda kirkjum, gripum þeirra og öðru, forsvaranlega við ...“

Með konungsbréfi frá 5.apríl 1749 (15) var jafnframt löggilt máldagabók Gísla biskups Jónssonar.

Í þessu sambandi má einnig nefna konungsbréf frá 19.maí 1747 (16) um gegnumdregnar bækur kirkna, þar sem m.a. er mælt fyrir um, að í kirkjubækurnar skuli skráð „öll kirkjunnar eign, hvort heldur eru bæir, hús jarðir, eng, skógar, rekar eður hvað annað þess kyns, sem hún nú á og heldur....“ (konungsbréf þetta er enn talið hafa lagagildi).

Áður en skilið er við lagaboð um skráningu eignarheimilda að kirkjueignum skal þess getið, að í 16.gr. erindisbréfs biskupanna, sem fyrr var getið, stóð eftirfarandi um „kirkjuhefð svokallað o.fl. sem því tengdist:

„Fremkommer Nogen med langvarig Hævd, over 100 Aar, eller saadanne Breve og Documenter, som klarligen udvise, at nogen Eiendom, Rettighed eller Qvilder ulovlig er Kirken frakommen, som forbemeldte Maldagabøger tillægge dem, eller og siden den Tid dem er bleven tillagt, da skal Vores p.t. Stiftamtmand og vedkommende Biskop med nogle fornuftige Mænd først kjende paa den samme Hævd eller det fremlagde Document, om det er rigtigt, førend derefter maa dømmes.“

Þetta ákvæði um hefðarhald féll úr gildi með tilkomu l. 45/1905 um hefð, ef það var þá eigi áður fallið brott í reynd. Frá 19. öldinni mætti geta ýmissa ráðstafana stjórnarinnar um þessi mál, sem hér er almennt eigi unnt að gera skil, en látið nægja að nefna bréf landshöfðingja til stiftsyfirvaldanna frá 9.apríl 1883 (17) varðandi framkvæmd laga um landmerki, sem þá voru nýlega gengin í gildi, með tilliti til kirkjueigna. Þar var m.a. vikið að því,

„Hvort prestar upp á sitt eindæmi hafi heimild til að sættast upp á það, að nokkuð gangi undan kirkjunum, er þeim ef til vill kunnir að vera eignað í lítt merkum og ósamhljóða lögfestum, þó um lítilræði sje að gjöra, eða hvort þeir, ef einhver granni sýni merkjalýsing til samþykktar, hafi heimild til að samþykkja hana, án þess að geyma prófasti og stiftsyfirvöldunum rjett til samþykkis.“

Voru þau fyrirmæli gefin, að þegar svo háttaði, bæri presti að skýra prófasti frá málavöxtum, og ætti hann síðan að leggja undir úrlausn stiftsfirvaldanna, hvað gera skyldi, ef „spurning væri um að nokkuð gengi undan kirkjueigninni.“

Almennt gildi hefur einnig bréf biskups til allra prófesta frá 1.mars 1867(18) um margt, sem varðar afskipti presta (lénspresta) af eignum kirkna (að vísu einkum lausafé þeirra), en óþarfi er að rekja nánar efni þessa bréfs.

Fljótlega eftir að Alþingi öðlaðist á ný löggjafarvald, eftir stjórnarskránni frá 1874, tók það að hlutast til um margvísleg kirkjumálefni. (19) Má þar fyrst nefna 1. 29/1875 „um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og presta kalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24.júlí 1789, hefir inni að halda,“ en eigi þarf að rekja efni þeirra laga hér.

Á næstu þingum voru borin upp nokkur frumvörp, sem varða kirkjueignir og fjármál kirkna og urðu um þau miklar umræður á Alþingi, sem sýnir, að alþingismenn létu sig þessi mál miklu varða. Skulu hér tilfærð ummæli Magnúsar Jónssonar um frumvörp þessi og meðferð þeirra, (20) en svo sem sjá má snertu þau m.a. það, að söfnuðir tækju í auknum mæli í sínar hendur fjárvörslur kirkna:

„Á Alþingi 1877 báru þeir Ísleifur Gíslason og Benedikt Sveinsson fram frumvörp um kirkjur eins og um laun presta o.fl. Er frumvarp Benedikts róttækara í þessu efni eins og hinu. Vill hann láta afhenda söfnuðum allar þær kirkjur, sem verið hafa á ábyrgð presta eða hins opinbera, svo og bændakirkjur, ef eigendur óska. Tekur söfnuður við sjóði kirkju, ef einhver er, en borgar skuld kirkju, ef hún er, af tekjum kirkjunnar. Söfnuðurinn kys þriggja manna kirkjunefnd til þess að annast allt, sem kirkjunni við kemur. Allar tekjur, sem kirkjur hafa haft, skulu falla niður, en í stað þess komi gjald er nemi $\frac{3}{4}$ úr alin fyrir hvern mann, sem í söfnuðinum var fyrir 31. desember næst á undan. Þessu gjaldi er svo jafnað niður á sóknarmenn eftir eignum og ástæðum. Reikningsár skal vera frá fardögum til fardaga. Stofna skal kirkjusjóð fyrir allar kirkjur landsins, og renna í hann allar kirkjutekjur, sem afgangsverða þegar greiddar hafa verið afborganir af skuldum kirkna og það, sem fer til árlegra gjalda og viðhalds. Af þessum sjóði skal svo reisa allar nýjar kirkjur og framkvæma aðgerðir og kaupa nýja hluti til þeirra, t.d. hljóðfæri o.s.frv. Sjóðnum stjórnar kirkjuráð, og skipa það biskup og tveir menn kosnir af Alþingi. Þá eru og ákvæði um það, ef ný kirkja er reist eða kirkja lögð niður o.s.frv. (Alþt. 1877, II, 500).

Frumvarp Ísleifs fer aðeins fram á að afhenda söfnuðum kirkjurnar og reglur þar að lútandi líkar og í hinu frumvarpinu, en þar er ekkert um það, að breyta gjaldstofnum til kirkju (Alþt. 1877, II, 503).

Sama nefndin tók við þessum frumvörpum eins og hinum frumvörpunum frá sömu mönnum. Var öll nefndin, bæði meiri og minni hluti, sammála um, að kirkjur þyrftu að komast í vörzlu safnaða, en minni hlutinn vildi ekki gera þetta að skyldu og taldi erfiðleika á að koma þessu í framkvæmd að svo komnu. En meiri hlutinn vildi láta millipinganefnd þá, sem hann lagði til að kosin yrði, hafa þetta kirknamál til meðferðar, og skrifar all-langt mál um sína skoðun á því (Nál. Alþt. 1877. II, 509 og 512)....

Millipinganefndin í kirkjumálum (tók) til athugunar, hvort rétt væri, að söfnuðir tæki að sér umsjón og fjárhald kirkna, og náðist ekki samkomulag um tillögður í því efni. Var öll nefndin að vísu sammála um, að ekki væri tími kominn til þess, að afhenda allar kirkjur til safnaðanna, en minni hlutinn (Þórarinn Böðvarsson og Einar Ásmundsson) vildu láta byrja á þessu, og sömdu frumvarp í þá átt. Þar er svo ákveðið, að þegar meirihluti sóknarmanna, þeirra er gjalda til kirkju, óskar þess og eigandi eða umráðamaður vill láta kirkjuna af hendi, þá skuli kirkjan afhent, að fengnu samþykki stiftsfirvalda. Þegar kirkjan er opinber eign, á söfnuður heimting á að fá hana afhenta sér, en þó skal ekki svipta þá presta, sem nú hafa umsjón með kirkju, þeim starfa nema þeir samþykki, eða stiftsfirvöld telji þá óhæfa til þess. Forráðamaður kirkju getur líka

átt frumkvæði að afhendingu, og hlutast þá prófastur til um, að safnaðarfundur taki ákvörðun um það, hvort að því skuli gengið. Úttekt skal fara fram á kirkju, sem afhent er, og skuldaskipti kirkju eða eignir afhendast eftir ákveðnum reglum (Kirkjutíð. I, 100).

Um ýmis þessi mál komu svo fram frumvörp á næsta Alþingi, 1879.

Má fyrst nefna stjórnarfrumvarpið um sjálfa prestakallaskipunina, sem hvað eftir annað hefur verið rætt hér að framan. Í því voru ákvæði um kirkjur, og þar kveðið svo að orði, að sumar skuli leggja niður en aðrar megi leggja niður. Eru hér nánari ákvæði um það, hvað í hvoru þessu felst. Þá eru þar og ákvæði um færslu kirkju (Alþt. 1879, I, 7-8). En þessu var öllu talsvert breytt. Er öllum þess háttar breytingum vísað til ákvarðana héraðsfundar (Sbr. lög nr.3, 27. febrúar 1880, 4.gr.).....

Þá báru þeir Þórarinn Böðvarsson og Einar Ásmundsson fram frumvarp sitt um að söfnuðir taki að sér umsjón og fjárhald kirkna, og er það sama efnis og frumvarp þeirra í millipinganeftinni. Var Arnljótur Ólafsson flutningsmaður með (Alþt. 1879, I, 231). Frumvarpinu virtist vegna vel. Fór það breytingalítið gegnum neðri deild. Helzta breyting þar var frá Hjálmi Péturssyni um það, að 2/3 safnaðarmenn skyldi óska eftir að söfnuður tæki að sér kirkju í stað einfalds meirihluta. Þá var og samþykkt, að skoðunarlaun til prófesta félli niður er söfnuður tæki við kirkju. Efri deild virtist lítið hrófla við málinu, en vildi þó ekki láta skoðunarlaunin falla niður. Varð Arnljótur þá æfur og snerist öndverður móti málinu, er það kom aftur, og var frumvarpið þá fellt (Alþt. 1879, II, 674).

Á Alþingi 1881 bar Benedikt Kristjánsson fram frumvarp þetta nálega óbreytt eins og það var síðast á næsta þingi á undan. Þó var þar ákveðið, að skoðunarlaun skyldi niður falla (Alþt. 1881, I, 71). Var frumvarpinu vel tekið, en helzt ágreiningur um þetta atriði. Litu sumir svo á, að með þessu væri skoðanir prófesta úr gildi felldar. Tillögur komu fram, og komust um stund inn í frumvarpið um það, að borga þetta gjald úr landsjóði, en sams konar ákvæði var í öðru sambandi fellt í neðri deild, og þótti því ekki til neins að stofna til þess hér, og var það fellt burt aftur. Loks varð það ofan á, eins og í fyrra skiptið, að skoðunarlaun kirkjureikninga skyldu niður falla, en sjálf vísitátíulaunin haldast. En nú lét neðri deild sig það engu skipta, og gekk að frumvarpinu (Sbr. lög nr.13, 12. maí 1882). Má telja þessi lög um umsjón og fjárhald kirkna meðal hinna merkustu laga um kirkjur frá þessu tímabili....

Á Alþingi 1885 bar Friðrik Stefánsson fram frumvarp um umsjón og viðhald kirkna, mjög róttækt eins og önnur frumvörp sama þingmanns á þessu þingi, og að ýmsu svipað frumvarpi Benedikts Sveinssonar á þingi 1877. Er aðalefni þess það, að allar kirknatekjur renni í einn sameiginlegan kirknasjóð, er svo annist viðhald og endurreisn kirkna. Á hann einnig smám saman að eignast bændakirkjurnar. Er annars ekki ástæða til þess að eyða miklu rúmi í lýsing þessa frumvarps því að það kom aldrei til umræðu á þinginu (Alþt. 1885, C, 132).

Á þessu sama þingi bar fjárlaganefnd fram tillögur til þingsályktunar um það að skora á stjórnina að leita samninga við hlutaðeigandi söfnuði, að þeir taki að sér, samkvæmt lögnum frá 1882, umsjón og fjárhald landsjóðskirkna, og sé látin fylgja hæfileg porzion (Alþt. 1885, C, 163). Voru ýmsar þessar kirkjur æði erfiður baggi á landsjóði. Tekjur þeirra voru látnar renna beint í landsjóðinn, en ekki safnað sjóðum, en svo kom viðhald og endurbygging á landsjóðinn. Var ætlast til þess að stjórnin legði árangur þessara samningaleitana fyrir næsta Alþingi í frumvarpsformi. Þessi tillaga var samþykkt, enda þótt margir teldu ósennilegt, að hún bæri árangur, því að söfnuðurnir myndu gæta þess að taka ekki kirkjurnar að sér með öðrum kjörum en þeim, að landsjóði væri enginn hagur að.

Stjórnin lét nú bera þetta mál undir þá söfnuði, sem um var að ræða. En svör urðu ýmis ógreinileg eða þá að kostir safnaðanna voru óaðgengilegir hjá flestum (Sjá nál. Alþt. 1887, C, 131). Vildi stjórnin ekki taka nema einu boði, frá Flateyjarsöfnuði í Þönglabakkaprestakalli, og bar hún fram frumvarp um heimild til þess að selja þeim söfnuði kirkjuna í hendur (Alþt. 1887, C, 70). Nefnd, sem kosin var í málið, lagði til að bæta þar við Ingjaldshólskirkju, þó að kröfur væri þar nokkru frekari, því að þær væri samt ekki ósanngjarnar (Alþt. 1887, C, 132). Var það og samþykkt. Loks var svo gerð þingsályktun um það, að skora á stjórnina að gera enn tilraun í þessu efni, því að nefndin sannfærðist af skýrslunum um það, að landsjóði væri mjög nauðsynlegt að losna við kirkjurnar. Þær væru miklu dýrari í hans vörzlu en annara (Alþt. 1887, C, 159, sbr. C, 131).

Gaf landshöfðingi á næsta Alþingi skýrslu um árangur þessara endurnýjuðu samningaumleitana, og voru undirtektir jafnvel enn lakari en áður. Þó kom tilboð frá Munkaþverársöfnuði, sem landshöfðingi taldi sæmilegt, en það kom svo seint, að ekki vannst tími til þess að bera fram um það frumvarp (Alþt. 1889, B, 111).

Á þessu þingi, 1889, bar Þórarinn Böðvarsson fram frumvarp, er leiddi til stofnunar hins almenna kirknasjóðs, sem var mjög þörf stofnun. Frumvarp þetta er um tekjur og umsjón kirkna. Er þar ákveðið, að hin eldri gjöld til kirkju skuli falla niður, en í stað þeirra koma eitt kirkjugjald, 1 ½ alin fyrir hvern mann, 15 ára og eldri. Legkaup skal þó haldast, 3 álnir og 6 álnir. Fjárhaldsmaður kirkju getur falið sóknarnefnd innheimtu kirkjugjalds gegn 10% innheimtulaunum. Gjöldin skal greiða í peningum (eindagi 31.des.) eða innskrift, sem tekin er gild eða í tilteknum vörum eftir verðlagsskrár-verði. Reikningsár kirkna skal hér eftir vera almanaksárið. Þá var ákvæði um yfirskoðun kirkjureiknings.

Stofna skal almennan kirkjusjóð fyrir allar kirkjur á landinu, undir stjórn stiftsýfirvaldanna. Í honum skal geyma allt fé, sem kirkjur eiga. Kirkjur hafa forgangsrétt til lána úr sjóðnum. Reikningshaldari má hafa allt að 100 krónum undir höndum, vaxtalaust. Kirkjur greiði vexti af fé því, sem þær fá að láni. Kirkjuskoðunarlaun prófafa eru afnumin, en prófastur fær 10 kr. á ári úr landsjóði fyrir hverja kirkju í prófastsdæminu (Alþt. 1889, C, 1157).

Frumvarp þetta hafði flutningsmaður vandað mjög mikið, borið það undir prestafund heima fyrir og fengið það lagt undir álit prófafa og héraðsfunda, enda var því yfirleitt vel tekið. Nefndin, sem kosin hafði verið vegna prestslauna-málsins, fékk þetta mál einnig til meðferðar og gaf út rækilegt álit. Lagði hún til að fella burt fimm fyrstu greinarnar, þ.e. allt um breytingu á kirkjutekjunum. Aftur á móti gazt nefndinni vel að tillögunni um hinn almenna kirknasjóð, en vildi kveða skýrar á um það, að hér væri ekki um neina sameign kirkna að ræða, eins og verið hafði í frumvörpum þeim, sem áður höfðu komið með ákvæði um almennan kirkjusjóð. Tók flutningsmaður það skýrt fram í flutningsræðu sinni, að hann ætlaðist til þess, að hver kirkja ætti þar sitt eigið fé. En nefndin vildi kveða svo að orði, að hver kirkja hefði sína viðskiptabók við sjóðinn. Fyrirsögn frumvarpsins skyldi breytast í „innheimtu- og meðferð á kirknafé“. Annars voru breytingar nefndarinnar smávægilegar (Alþt.1889, C, 306) og voru þær samþykktar.

Frumvarpið gekk svo í þessari mynd sinni jafnan gang gegnum báðar deildir. Voru menn á tímabili hræddir um, að það yrði fyrir kastvindum þeim, sem urðu prestslaunafrumvarpinu að bana, en svo varð ekki. Því var smábreytt og það lagfært. Helsta breytingin, sem máli skipti, var sú, að ekki væri skylda að ávaxta fé bændakirkna í sjóðnum, heldur færi það eftir vilja kirkjueigandans. Hafa þessi lög (Lög nr. 20, 22.maí 1890) og sjóður sá, sem með þeim var stofnaður, orðið hin mesta hjálparhella fyrir kirkjurnar, því að það bar ekki svo sjaldan við áður, að kirkjur töpuðu fé hjá fjárhaldsmönnum sínum, en auk þess geta kirkjurnar á þennan hátt hjálpað hver annarri án skaða fyrir sjálfan sig.....

Fyrir aukþinginu 1894 voru tvö frumvörp er snertu kirkjur. Annað kom fram í neðri deild og var tilgangur þess sá, að herða á því, að söfnuðir tæki við umsjón og fjárhaldi kirkna sinna með því að skylda forráðamenn kirkna til þess að láta þær af hendi, ef söfnuðir vildu taka þær, og á hinn bóginn skylda söfnuðina til þess að taka við kirkjum, sem forráðamenn vildu losna við (Alþt.1894, C, 52). Var upplýst að á 12 undanförunum árum (frá því er lögin um þetta efni voru sett 1882) hefðu 52 kirkjur af um 290, komist í umsjón safnaða. Málið varð ekki útrætt.....

Á Alþingi 1895 var enn samþykkt þingsályktun um það, að skora á stjórnina að koma landsjóðskirkjum á söfnuðina til umsjónar (Alþt. 1895, C, 328).

Þar þetta þann árangur, að stjórnin hófst enn handa. Lá fyrir þinginu stjórnarfrumvarp um afhendingu Bjarneskirkju (Alþt. 1897, C, 117), en eftir að frumvarpið var samið bárust skýrslur frá fleiri söfnuðum, og voru undirtektir sæmilegar nema í Vestmannaeyjum og Reykjavík.

Vestmannaeyingar vildu engu svara, en í Reykjavík var farið fram á 50.000 króna álag á kirkjuna og það þótti of hátt (Alþt. 1897, B, 15). Hefði þó áreiðanlega borgað sig. Nefnd, sem málið fékk til meðferðar, gaf mjög nákvæma skýrslu um hag og ástand kirkna þeirra, sem í hlut áttu, og lagði til að landsjóður afhenti þessar kirkjur: Bjarneskirkju, Prestbakkakirkju, Langholtskirkju, Þykkvabæjarklausturskirkju, Möðruvallaklausturskirkju og Munkaþverárklosturskirkju. Var þetta samþykkt (Nál. Alþt. 1897, C, 219; lög nr. 28, 18.des. 1897). En álagið var fært niður, og varð það til þess, að söfnuðurnir voru ófúsir að ganga að því.....

Enn kom fyrir Alþingi 1901 frumvarp um afhendingu landsjóðskirkna. Var nú um að ræða Langholtskirkju og Þykkvabæjarkirkju, sem söfnuðurnir neituðu að taka við með því álagi, sem boðið var í lögnum frá 1897 og enn fremur var nú Vestmannaeyjakirkja með í frumvarpinu (Alþt. 1901, C, 357). Var þetta frumvarp samþykkt af þinginu óbreytt (Sbr. lög nr. 48, 20.des. 1901).“

Þess skal getið, að 1866 létu stiftsýrfrövdin fara fram „brauðamat“ um allt land og er m.a. rækileg skýrsla um það efni birt í Kirkjutíðindum fyrir Ísland 1878, á bls. 5-44. (21) Skiptu niðurstöður þessa brauðamats miklu fyrir efni sumra þeirra frumvarpa og laga, sem fyrr getur.

Um þau lög, sem urðu árangur fyrrnefndar löggjafarhreyfingar í kirkjumálum, er almennt eigi unn að ræða hér nánar, ein einungis látið nægja að áréttta eftirtalin atriði:

I. Í lögum 3/1880 segir:

(7.gr.) Þegar lénskirkja er lögð niður, tilfellur portion hennar þeirri kirkju eða þeim kirkjum, sem sóknin er lögð til. Svo er um ornamenta og instrumenta kirkjunnar og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

(8.gr.) Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, hverfa kirkjujarðir og aðrar fasteignir, ítök og hlunnindi þeirra prestakalla, sem lögð eru niður, til þeirra brauða, sem hin eru sameinuð við.

Í lögum þessum, var, svo sem fyrr var getið, gert ráð fyrir því að kirkjur yrðu lagðar niður í nokkrum mæli í sambandi við sameiningu sókna. Um hina fyrrnefndu grein segir í greinargerð nefndarinnar, er frumvarpið samdi: (22)

„Ákvarðanir þessarar greinar eru samkvæmar því, sem hefir tíðkast, þá er kirkjur hafa verið lagðar niður að undanfögnu, en til að taka af öll tvímæli í því tilliti, þótti rjettast, að setja hér um það beinlínis ákvörðun.“

Um þá síðari segir:

„Þar sem stungið hefir verið upp á, að eitt prestakall væri lagt niður, og sameinað að öllu leyti við annað brauð, þá þótti eigi í hverju einstöku tilfelli þurfa að taka fram, að kirkjujarðir og aðrar fasteignir, ítök og hlunnindi hins niðurlagða prestakalls fjellu til þess brauðs, sem það væri lagt saman við, en samt þótti rjettara að setja, eins og gjört er í þessari grein, almenna ákvörðun, er tæki af allan efa í þessu tilliti. En þar sem stungið er upp á, að skipta brauði milli tveggja prestakalla, er það ávallt tekið fram, hvort prestakallið eigi að halda fasteignum hins niðurlagða brauðs, eða á hvern hátt þeim skuli skipta milli prestakallanna. Í sambandi við þetta má geta þess, að þar sem nefndin hefir stungið upp á, að greiðast skyldi frá einu brauði uppbót til annars brauðs, þá hefir hún að vísu aðeins ákveðið uppbótina með vissri peninga-upphæð; en það er álit nefndarinnar, að réttast sé, að svo miklu leyti sem því verður við komið, að greiða uppbótina með því, að leggja kirkjujarðir frá því brauðinu, sem hana á að láta í tje, til hins brauðsins, sem við henni á að taka, á þann hátt, að jarða-afgjöldin samsvöruðu uppbótinni eða nokkrum hluta hennar; en það álist réttast, að umboðsstjórnin gjöri um þetta hinar nauðsynlegu ákvarðanir í hverju einstöku tilfelli, jafnóðum og breytingarnar komast á brauðaskipunina.“

Á fyrrgreindum lögum 2/1880 var gerð minni háttar breyting með 1. 20/1881, sem eigi er ástæða til að rekja hér. Aðeins skal tekið fram, að með 1. 3/1880 var komið á nokkru skrefi til jöfnunar tekna prestakalla með ákvæðum um vissar uppbætur á tiltekin prestaköll frá öðrum, er betur voru stæð. Voru um þetta nánari ákvæði, sem hér segir:

„(3.gr.) Gjald, það sem greiða skal frá einu prestakalli til annars, skal sem mest greiða með fasteignum eða afgangi fasteigna, og þar sem því verður eigi við komið, í peningum.“

„(5.gr.) Gjald það, sem greiðast á frá einu brauði til annars, greiðist þá fyrst, er nýr prestur kemur í brauðið, eða annað brauð er sameinað við það. Á meðan hin nýja brauðskipun er að komast á, og þangað til tillag það getur fengizt, sem ákveðið er að greiða skuli frá einstökum brauðum til annara, greiðist tillag það úr landssjóði til brauða, sem nú eru laus, og til annara brauða, sem uppbót er ætluð, jafnótt og þau losna. Tillagið skal greiða með afgangi þjóðjarða, eða með peningum.“

Í 4. grein laganna segir síðan:

„Nú vilja söfnuðir breyta skipun sókna eður brauða, og héraðsfundur samþykkir, þá er rétt, að landshöfðingi með ráði biskups staðfesti breytinguna. Ef héraðsfundur samþykkir tillögu um breytingu á takmörkum sókna eða brauða, svo og ef hann samþykkir, að kirkjumegi niður leggja, færa úr stað eða upp taka, þá er landshöfðingja rétt með ráði biskups að veita leyfi til, að svo skuli vera.“

II. Í l. 13/1882 um umsjón og fjárhald kirkna segir m.a:

„(1.gr.) Þegar tveir hlutar sóknarmanna í einhverri sókn, sem til kirkju gjalda, óska á almennum safnaðarfundum og söfnuðurinn taki að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, og eigandi eða umráðamaður hennar er fús til að láta það af hendi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum að fengnu samþykki héraðsfundar og biskups. Svo má og svipta sóknrprest fjárhaldi ljenskirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þótt presturinn ekki

sje því samþykktur, ef hjeradsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fje kirkjunnar.“

„(2.gr.) Nú vill eigandi eða fjárráðamaður kirkju selja af hendi umsjón hennar og fjárráð, og er kirkjuráðanda rjett að bera það mál upp við hjeradsprófastinn. Skal þá prófastur sjá um, að haldinn verði almennur safnaðarfundur í sókninni og málið borið upp á honum. Verði tveir hlutar atkvæða sóknarmanna, þeirra er til kirkju gjalda, með því, að söfnuðurinn taki við fjármálum kirkjunnar og umsjón, fer um það mál, sem segir í 1. grein, ella er málið fallið að sinni.“

„(4.gr.) Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar.“

Til hliðsjónar má þó einnig nefna, að í 8.gr. laga 5/1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeradsfunda segir m.a., að ef “fémál kirkju eru fengin söfnuði í hendur, skal það... vera ætlunarverk sóknarnefndarinnar að hafa á hendi umsjón yfir kirkjunni og eignum hennar ...”

III. Í l. 20/1890 um innheimtu og meðferð kirknafé (sem enn eru í gildi) og tekin upp í lagasafn segir m.a.:

„(4.gr.) Stofna skal almennan kirkjusjóð, og skal hver kirkja hafa sína viðskiptabók við sjóðinn. Stiftisyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fé kirkjusjóðs skal ávaxta eftir sömu reglum og landssjóðsfé. Forgangsrétt til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur. Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíðindum, deildinni B, ár hvert.“

„(7.gr.) Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt.“

Fram til 1907 var andvirði seldra lénskirkjujarða almennt varðveitt og ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði, eftir að honum hafði verið komið á stofn.

Eigi verður séð að framangreindum lagaákvæðum væri á neinn hátt kollvarpað þeirri grundvallarskipan, sem fyrir var, varðandi eignarrétt að svokölluðum kirkjueignum (lénskirkna og bændakirkna) heldur var, annars vegar, um að ræða heimild til að færa eignarrétt frá einni kirkju til annarrar (ef kirkja var lögð niður) og, hins vegar, voru fyrirmæli um umsjón með eignum og um fjárhald, sem að sjálfsögðu þarf eigi að fylgja eignarréttindum.

2. LÉNSKIRKJUR OG EIGNIR ÞEIRRA

Þess var áður getið, að á miðöldum hafi, í meginráttum, komist föst skipan á jarðeignamál lénskirkna (beneficia). Þetta á við um megineignastofn lénskirknanna í landinu, en á því tímabili, sem hér um ræðir, urðu samt nokkrar breytingar á jarðeign einstakra kirkna, fyrir gjafir til þeirra, makaskipti og sölu kirkjueigna, enda þótt þar væri farið hægt í sakirnar, a.m.k. þar til komið var langt fram á 19.öld.

Þess eru nokkur dæmi, að ný kirkjulén væru stofnuð eftir siðaskipti, t.d. var Borg á Mýrum (áður bændaeign) fyrst gerð að beneficium árið 1849 og voru þá höfð makaskipti á Borg og Ferjubakka (og Ferjukoti). (1)

Á 17.öldinni náðust ýmsar lénskirknaeignir, er farið höfðu undan kirkjunum, aftur með dómum eða með atbeina valdsmanna, einkum fyrir forgöngu röggssamra biskupa, t.d. Brynjólfs biskups Sveinssonar.

Eftir siðaskipti dró mjög úr því, að lénskirkjunum væru gefnar jarðir eða jarðarpartar en þó eru ýmis dæmi að svo væri gert, jafnvel fram á 19.öld, - enda þótti eigi væri það berlega gert í sáluhjálparskyni, svo sem verið hafði í katólskum sið. (2) Einna mest munaði þar um það, er frú Guðrún Einarsdóttir, ekkja Jóns biskups Árnasonar, gaf frá sér nokkrar jarðir með erfðaskrá árið 1748.

Einstaka dæmi eru þess, en mjög fá, að kirkjur keyptu jarðir á þessum tímum, sbr. það er Hrafnagilskirkju var leyft að kaupa hálfu jörðina Hrafnagil árið 1798 (3) og er Eyvindarhólaprestakalli var leyft að kaupa Syðra-Bakkakot árið 1902 (4) „gegn því að láta af hendi prestmötu þá, 100 pd. Smjör, er prestakallið nýtur af Steinum.“

Fyrir kom, að landsstjórnin keypti jarðir handa kirkjum (eða prestaköllum, eins og það var orðað), sbr. t.d. l. 23/1891, en ýmis dæmi eru þess að tilteknum prestaköllum væru lagðar til jarðir prestaköllunum til hagsbóta. (5)

Þess eru ýmis dæmi, að höfð væru makaskipti á kirkjueignum og bændaeignum, en til þess, sem um aðrar meiri háttar ráðstafandir á kirkjueignum, þurfti konungsleyfi hverju sinni. Gættu stjórnvöld þess þá, að kirkjan héldi vel sínum hlut við makaskiptin, (6) en að öðru leyti virðist almennt eigi hafa verið mikil fyrirstaða á því, að makaskipti væru leyfð. (7)

Lengi framan af þessu tímabili var fremur óalgengt, að konungsleyfi fengist til þess að jarðir væru seldar undan lénskirkjum gegn endurgjaldi í peningum, en þegar komið var fram um miðja 19.öld varð þetta algengara og færðist enn í vöxt á síðustu áratugum aldarinnar, enda var þá sú stefna uppi, að æskilegt væri að leiguliðar í landssjóðs- eða kirknajörðum gætu eignast þær, ef þeir hefðu bolmagn til. (8) Í viðkomandi söluheimild var þá nær alltaf tekið fram, hvernig farið skyldi með andvirðið, og kemur þar glögglega fram, að því skyldi haldið sérgreindu og vera eign viðkomandi kirkju og hún eða prestur njóta arðs af fénu, þó gjarna þannig að tiltekinn hluti vaxtanna legðist við höfuðstólinn. Stiftsýfirvöldum var gjarna falið féð til varðveislu og ávöxtunar, einstaka sinnum var mælt fyrir um, að keypt skyldu fyrir það konungleg skuldabréf, um stutta hríð var hægt að leggja það inn á Söfnunarsjóð Íslands en eftir að Hinn almenni kirkjusjóður var stofnaður með heimild í lögum frá 1890, sem fyrr getur, var til þess ætlast að andvirðið væri varðveitt þar, þótt þess séu einnig dæmi eftir það, að andvirðið væri lagt á Söfnunarsjóð. Þegar á heildina er litið verður ekki annað sagt en að þess hafi verið vel gætt, miðað við allar aðstæður á þeim tíma, að hlutur lénskirkna og lénspresta rýrnaði ekki við þessar jarðasölur, enda skapaði jarðagóssið einn helsta tekjustofn klerka og kirkju.

Af ýmsum heimildum má sjá, að konungsvaldinu voru jarðamál kirkna allhugleikin og að reynt var að fylgjast vel með því m.a., að kirknaeignir tvístruðust eigi við sölu og að kirkjur eða kirkjustaðir væru seldir, skyldu jarðeignir kirkjunnar, svo og ítök hennar, fylgja með í sölunni. Kemur þessi stefna m.a. skýrt fram í konungsbréfi til Hannesar biskups Finnssonar frá 30. júní 1786, (9) sem reyndar varðar sérstaklega söluna á jarðeignum Skálholtsstóls en gildi þó tvímælalaust einnig um allar kirkjueignir (einnig um bændakirkjueignir, sbr. síðar). Í bréfi þessu, sem talið hefur verið gilda fram til þessa (10), segir meðal annars (hér fylgt texta lagasafns):

„Fyrir því gefum Vér yður hér með til vitundar, að Vér viljum allramildilegast, að um kirkjueignir fari framvegis eftir lögum og venju hingað til, þannig, að þá er jörð er seld sem kirkja stendur á, þá fylgi henni allar aðrar jarðir kirkjunnar, og öll önnur réttindi hennar og hlunnindi, án þess sérstakt mat sé á því gert, og skal því, til leiðbeiningar eftirleidis, bæta inn grein í hina prentuðu skilmála er hnígur að því, að jarðir þær, er

heyra undir útkirkjurnar á jarðagóssi Skálholtsstóls, skuli ávallt fylgja kirkjunum og megi aldrei frá þeim seljast, en að kirkjueigendurnir skuli vera skyldir til að halda ávallt bæði kirkjueignunum og kirkjunum sjálfum í tilhlýðilegu ástandi að öllu leyti, og að þeir megi aldrei hvorki með sölu, makaskiptum né á annan hátt, skilja eignirnar frá kirkjunum eða rýra þær á annan hátt, enda skuli þeir og, þar kostar allar aðgerðir og endurbyggingar, og það þó að óhapp vilji til; en ef þeir vanræki það, skuli eignirnar ásamt kirkjunni hverfa undir Oss.“

Um framkvæmdir fyrrgreindrar stefnu um kirkjujarðir segir Gunnar F. Guðmundsson:
(11)

„Fyrirmælum frá 30. júní 1786 var fylgt stranglega eftir, og hafði kansellið lengi umsjón með því. Það ógilti t.d. sölu á staðnum Stórolfshvoli með bréfi 17. desember 1833, en stiftsyfirvöld höfðu gefið leyfi fyrir sölnunni. Ástæðan til ógildingarinnar var sú, að jarðirnar Dufþekja og Miðkriki ásamt nokkrum hjáleigum voru skildar undan kirkjunni. Það breytti engu um ákvörðun kansellisins, þó að sú kvöð fylgdi jörðunum Miðkrika og Dufþekju, ef tekjur kirkjunnar nægðu ekki til að halda henni við, að þá yrðu þessar jarðir að leggja til ákveðinn hluta af því, sem á vantaði. (Lovs. f. Island X., 399).

Annað dæmi er sala á lénsjörðinni Grímstungu. Hinn 17. september 1876 lögðu stiftamtmaður og biskup til við kirkju- og kennslumálaráðuneytið, að ábúandanum á lénsjörðinni Grímstungu, Jóni bónda Skúlasyni, yrði seld jörðin, að undanskildum jörðunum Koti og Káradalstungu, sem voru eign Grímstungu. Í svari sínu vísaði ráðuneytið til konungsbréfsins frá 30. júní 1786 og tók fram, „að þegar seld sé jörð, þar sem kirkja stendur, þá eigi allar hinar jarðirnar, sem liggja til kirkjunnar, að fylgja með í kaupinu og megi aldrei seljast undan henni, svo að stjórnarráðið treystist ekki að leggja til með, að konungur fallist á sölnuna...“ (Tíðindi um stjórnarmálefni II., 490).

Á sömu lund voru viðbrögð yfirvalda, þegar séra Jakob Guðmundsson, eigandi Sauðafells, fór fram á það við landshöfðingjann, að sér yrði leyft að selja Hamra í Laxárdal, sem var eign kirkjunnar. Ástæðan var sú, að presturinn hafði lagt mikinn kostnað í viðgerð á kirkju sinni og endurbætur á jörðinni Sauðafelli. Séra Jakob hélt því fram, að hann gæti ekki haldið áfram endurbótum á jörðinni, nema hann fengi að selja Hamra undan kirkjunni. Landshöfðinginn sendi beiðnina áfram til ráðgjafans yfir Íslandi. Hann ritaði landshöfðingjanum bréf 11. nóvember 1881, þar sem hann skýrði frá því, að ekki væri unnt að veita hið umbeðna leyfi, „þar eð það mundi koma í bága við grundvallarreglu þá, sem tekin er fram í lögumum (sbr. konungsbrjef 30. júní 1786), að eigi megi taka kirkjujörð frá þeirri kirkju, er hún heyrir undir.“ (Stjórið 1881, B, 151).

Um framkvæmdina í þessu efni á þessari öld, sjá m.a. VII: kafla.

Á því tímabili, sem hér um ræðir, voru lénskirkjur öðru hvoru lagðar niður af ýmsum ástæðum og þær kirkjusóknir þannig sameinaðar öðrum. Þurfti að sjálfsögðu konungsleyfi til þessa og var þá, í viðkomandi konungsbréfi, tekið fram um það hvernig fara skyldi með eignir hinnar niðurlögðu kirkju. Var að sjálfsögðu ætíð um einhverja kirkjumuni að ræða og stundum einhvern sjóð, sem ráðstafa þurfti, og um jardeignir var einnig tekið fram, þegar um þær var að ræða. Komst sú regla á, sem eðlilegt var, að jardeignir hinnar niðurlögðu kirkju gegnju til þeirrar kirkju, sem sóknin gekk til.
(12) Þessi skipan var síðan lögfest með l. 3/1880, svo sem fyrr var greint frá (V-1).

Eigi verður annað séð en að á hvert kirkjulén (þ.e. kirkjuna ásamt eignum hennar) hafi verið litið sem sjálfseignarstofnun, enda þótt ráðstöfun eignanna væri miklum takmörkunum bundin. Á síðustu áratugum 19. aldar fóru þó að heyrast raddir um, að lénskirkjujarðir væru þjóðareign, á svipaðan hátt og þjóðjarðirnar, en eigi verður það talið á rökum byggt, sbr. nánar XI. Kafla.

3. BÆNDAKIRKJUR OG KONUNGSKIRKJUR (LANDSSJÓÐSKIRKJUR) OG EIGNIR ÞEIRRA.

Um eignarréttinn yfir bændakirkjunum og þeim jarðeignum, sem sumum þeirra heyrðu til, er allt óljósara en um lénskirkjurnar. Eignir bændakirkna voru þó aldrei miklar, þegar á heildina er litið, - borið saman við lénskirknaeignirnar, - þannig að mikilvægi þessara þátta er eigi sambærilegt.

Með endalokum Staðamála (sjá III. kafla) var í raun ekki tekin bein eða formleg afstaða til þess hvort kirkjubændur ættu beinan eignarrétt yfir því kirknagóssi, sem eigi laut forráðum kirkjunnar, og svo virðist sem síðar hafi aldrei verið tekið á því máli á fullnægjandi hátt. Ljóst er þó, að er fram í sótti var í reynd, a.m.k. að nokkru leyti, farið með bændakirkjur sem sjálfseignarstofnanir, undir stjórn kirkjubónda, en sem lutu þó margvíslegum ráðstöfunarhöftum. Munurinn gagnvart lénskirkjunum kemur þó m.a. fram í því, að þegar bændakirkjur, ásamt eignum þeirra, voru seldar, rann nettóandvirðið til einstaklings. Í því sambandi er rétt að minnst þess, að þegar eignir voru í fyrstunni gefnar bændakirkjum, var það gert Guði til dýrðar en eigi, - a.m.k. ekki opinberlega, - til þess að auðga kirkjubóndann sjálfan, þótt svo yrði oft í raun. Um allar kirkjur hérlendis gildi það upphaflega, að Guði eða þeim dýrtingi, sem viðkomandi kirkja var vígð, var kirkjugóssið í rauninni helgað. Á þeirri afstöðu mun ekki hafa orðið breyting í katólskum sið og við siðaskipti meira að segja minni breyting en ætla mætti. Það kemur einnig fram, að litið var á bændakirkjurnar sem sjálfstæða aðila í viðskiptum þeirra við kirkjubóndann sjálfan og um skuldaskil kirkjubóndans við kirkjuna og að mikilvægt var talið að varðveita eignir bændakirkna sem heild, eftir að seldar höfðu verið, en allt bendir þetta fremur til að bændakirkjurnar og góss þeirra hafi með réttu verið eins konar sjálfseignarstofnanir en með mjög sérstæðum hætti og ólíkar lénskirknastofnunum. Um þetta segir Gunnar F. Guðmundsson m.a.: (1)

„Yfirvöldum á Íslandi virðist lengi hafa verið óljóst, hver væri réttarstaða bændakirkna, enda lá ekki fyrir nein skilgreining á því. Þetta kemur fram í kvörtunarbréfi, sem þau sendu konungi um miðja 18. öld vegna sölu bænda á kirkjum sínum. Nokkur brögð höfðu verið að því, að bændur seldu kirkjurnar, þegar þeir voru komnir í skuld við þær, og létu biskup ekki vita um sölna. En þeir, sem keyptu kirkjurnar, voru ekki fúsir til að greiða þær skuldir, sem hinir fyrri eigendur höfðu stofnað til við kirkjurnar. Kirkjurnar biðu mikið tjón af þessu, og mæltust stiftsyfirvöld til þess, að konungur bannaði kirkjubændum að selja kirkjur sínar eða yfirráðaréttinn („Proprietair-Ret“) yfir þeim án vilja og vitundar biskups. Í bréfi konungs frá 5. marz 1751 segir m.a. á þessa leið:

Vér höfum nú fengið allraþegnsamlegast álit þitt, kammerherra greifi Rantzau, um mál þetta, og orðið þess vísari af því, að rétti kirknanna á Íslandi sé svo varið, að þó að kirkjueigandi selji kirkjueignina, þá sé þó sá, er keypti, skyldur að svara til skuldar þeirrar, er kirkjan átti hjá eiganda sínum, en verði aftur, ef hann þykist vanhaldinn í kaupunum, að eiga um það við þann, er hann hefur átt kaupin við, og verður það mál þeirra. Er eftir þessu skylda kirkjueiganda til að gera grein fyrir tekjum kirknanna eigi

onus personale, heldur reale, og virðist því eigi óhjákvæmilega nauðsynlegt, að samþykki biskups komi til, áður kirkjueigandi megi selja kirkjuna með eignum hennar. Fyrir því gefum Vér yður hér með til vitundar, að Vér viljum allranáðarsamlegast, að við þetta skuli standa, og að um það fari hér eftir sem hingað til; en til þess að biskuparnir á Íslandi geti vitað, hverjir eru eigendur kirknanna, viljum Vér allranáðarsamlegast skipa svo fyrir og bjóða, að, eins og boðið er í tilsk. 8. nóvbr. 1726 fyrir Danmörku, að ef nokkur af þegnum Vorum selji eða kaupi kirkju, þá skuli báðir, seljandi og kaupandi, innan eins mánaðar frá því, að kaupin gerðust, skýra frá því bæði hinu danska kansallíi Voru og biskupi þeim, sem kirkja heyrir undir, að viðlagðri 100 rdl. sekt til fátækra í sókninni, svo skuli hér eftir eins að farið á Íslandi í þessu efni, þannig að ef maður kaupir eða selur kirkju þar í landi, þá skuli bæði kaupandi og seljandi skyldir til að gefa biskupinum í stifti því, er kirkjan er í, skýrslu um það innan eins mánaðar. (Lovs. f. Island III., 66-68).

Samkvæmt bréfi þessu var bændum heimilt að selja kirkjur sínar án þess að fá sérstakt leyfi, ef eignir hennar allar fylgdu með við sölu. En bæði þeim og kaupendum kirknanna bar skylda til að láta biskup vita um eigendaskiptin.

Um allar kirkjur gildi sú regla, og voru bændakirkjur ekki undanskyldar, að eigi mátti skerða kirkjueign við sölu. Ástæðan var m.a. sú, að laun presta voru fyrst og fremst fólgin í tekjum af jörðum kirkna, og var viðbúið, að þau drægjust mjög saman, ef jarðirnar yrðu seldar undan kirkjunum. Hver sem raunverulegur eigandi bændakirkna hefur verið, er ljóst, að ráðstöfunarréttur bænda yfir kirkjum sínum var sniðinn eftir því, sem talið var samrýmast bezt viðgangi kristinnar í landinu.“

Fyrirnefnt konungsbréf frá 1751 er enn talið vera í gildi og er tekið upp í lagasafn. Það haggar ekki þessari niðurstöðu um bændakirkjur sem eins konar sjálfseignarstofnanir, að talað var um kirkjubóndann sem kirkjueiganda, því að staða hans er þar með svo sérstæðum hætti að orðið eigandi er notað í afbrigðilegri merkingu.

Af ýmsum konungsbréfum frá 18. og 19. öld, sem hér verða eigi rakin, kemur fram, að yfirvöld vildu fylgjast vel með tekjum bændakirkna og með „eigendaskiptum“ að þeim. (2) Á hinum svokölluðu „embættismannafundum“, sem haldnir voru í Reykjavík laust fyrir miðja 19. öld, var m.a. samið frumvarp um sölu og reikningshald á bændakirkjum, (3) sem eigi varð þó lögtekið.

Þegar bændakirkjur voru lagðar niður, - en til þess þurfti konungsleyfi, - var jafnframt kveðið á um það, hvað yrði um eignir kirkjunnar og var þá í nokkrum mæli fylgt anda „Bessastaðasamþykktar“ frá 1555, sem frá var greint í IV. Kafla. Enda þótt jarðeignir kirknanna og ítök féllu þá venjulega til hins fyrrverandi kirkjubónnda, var eigi svo um annað fé mæti, og bendir það enn til sérstöðu bændakirkna sem eins konar sjálfseignarstofnana, sem háðar voru yfirumráðum hins opinbera valds. Má nefna allmörg dæmi um þetta. (4)

Að sumu leyti má líta á kirkjur þær, er stóðu á svokölluðum konungsjörðum (t.d. heimajörðum klaustranna gömlu) sem væru þær eins konar bændakirkjur, og í fyllingu tímans færðust yfirlit þeirra frá konungi til þjóðarinnar sjálfar og var þá landssjóður og síðar ríkissjóður kallaður eigandi þeirra. Hvað varðar grundvöll eignarréttar yfir gössi þeirra gegnir þó, eftir atvikum, öðru máli en um bændakirkjurnar almennt, en í því efni gildir þó eigi hið sama um allar kirkjur á konungsjörðum. Meginreglan er vafalaust sú, að ef kirkjan og göss hennar var eign einhvers klausturs, sem konungur lagði undir sig við siðaskipti, fer um eignarréttinn sem um aðrar klaustraeignir (sjá IV. Kafla), en hafi konungur (eða jafnvel landssjóður) með öðrum hætti yfirtekið eða gengið inn í rétt einhvers kirkjubónnda yfir bændakirkju og gössi hennar, verður að telja að hann hafi almennt eigi öðlast meiri eða ríkari rétt til þessara eigna en hinn hafði, sbr. hér að framan.

Þegar langt var liðið á 19. öldina komu upp mikill áhugi á því meðal yfirvalda að söfnuðir tækju sem víðast að sér umsjón og fjárhald landssjóðskirkna, og má m.a. nefna nokkur stjórnarbréf í því sambandi (5) en einkum þó l. 48/1901.

4. JARÐEIGNIR BISKUPSSTÓLANNA OG SALA ÞEIRRA

Fyrst eftir siðaskipti og nokkuð fram á 17. öld kvað nokkuð að því, að biskupar hefðu forgöngu um það að endurheimta undir biskupsstólana margvíslegt jarðagóss, sem undan þeim hafði gengið, en siðaskiptin sjálf höfðu ekki haft í för með sér neina grundvallarbreytingu á yfirráðum biskupsstólanna yfir jarðeignum sínum, sem voru geysimiklar enda þarfir stólanna miklar. Síðan urðu litlar breytingar á þessari stöðu a.m.k. þar til aðskilnaður var gerður á fjárhag og rekstri stólsbúanna og skólanna, annars vegar og sjálfra biskupsembættanna, hins vegar, um miðja 18. öld, og má í þeirri ráðstöfun kenna undanfara þess, er síðar varð um eignir og fjármál biskupsstólanna. Á síðari hluta 18. aldar var lengst af örðugt árferði og gáfu þá jarðeignir stólanna lítið af sér og öll umsjá þeirra mar miklum erfiðleikum bundin. Ekki hvað síst átti þetta við eftir að „móðuharðindin“ hófust 1873 (að því er varðar Skálholtsstól). Með konungsúrskurði 1785 var ákveðið, að hinn forni biskupsstóll í Skálholti skyldi fluttur til Reykjavíkur, allar jarðeignir stólsins seldar og skyldi biskup síðan hafa föst laun. Fór síðan jarðasalan fram til samræmis við ítarlega skilmála, sem stjórnin hafði samið af þessu tilefni, en þeim fylgdi einnig nákvæm skrá um þær jarðeignir, er selja skyldi. (1) Árið 1801 var Hólabiskupsdæmi lagt niður og skyldu stólsjarðirnar seldar. 1802 voru birtir opinberir skilmálar um sölu stólsjarðanna, sem eftir var farið við sölu þeirra, ásamt ítarlegri jarðaskrá. (2) Eftir þetta varð einn biskup í landinu, frá 1806 með aðsetri í Reykjavík.

Um seldar stólsjarðir og andvirði þeirra er birt ítarleg skrá í Jarðatali Johnsens (1847), sem birt er í viðauka þessarar álitserðar (fylgiskjal nr.3).

Andvirði stólsjarðanna rann í ríkissjóð, nánar tiltekið Jarðabókarsjóð, undir yfirumsjá Rentukammers, en andvirðinu skyldi þó sérstaklega varið til uppbyggingar og starfrækslu lærðs skóla í Reykjavík, sem og varð þótt eigi gengi það áfallalaust.

Hinir fyrstu biskupar í Reykjavík bjuggu við heldur bág ytri kjör og varð t.d. hinn fyrsti þeirra, Geir Vídalín, gjaldþrota. Með heimild í konungsbréf frá 28. september 1838 (1) var jörðin Laugarnes við Reykjavík, sem þá var eignarjörð Steingríms biskups Jónssonar, keypt með það fyrir augum að þar yrði biskupssetur framvegis, og var andvirðið greitt úr Jarðabókarsjóði.

Ástæðurnar til sölu Skálholtseigna má m.a., auk þess eymdarástands sem var í landinu, rekja til áhrifa frá búauðgisstefnunni, sem miðaði að því að bæta hag bændastéttarinnar og aupvela leiguliðum að eignast ábýlisjarðir sínar, og hafði hún m.a. komið til leiðar afnámi bændaánauðarinnar í Danmörku.

Eigi var eins brýn nauðsyn til sölu Hólastólsjarða eftir 1800, er árferði var orðið betra, en ljóst hlaut þó að vera, að ógerningur var að viðhalda þar hinu forna fyrirkomulagi, eftir að stólsjarðir höfðu verið seldar í öðrum landshlutum.

Um sölu jarðeigna Skálholtsstóls segir Þorkell Jóhannesson: (2)

„Skálholtsstóll hafði staðið um rúm 700 ár, er hann var niður lagður, að sjálfsögðu með misjöfnum blóma. Fjárhagskerfi það, er hann byggði á, var þó eins fullkomlega tryggt eins og unnt var að tryggja nokkurn hlut í landi voru. Hjá því varð að vísu ekki komizt, að högum hans hnignaði, er hrakaði högum þjóðarinnar almennt. En um koll gat hann ekki farið, nema hagir þjóðarinnar kollvörpuðust með öllu. Og jafn víst var hitt, að meðan hin forna skipan stæði – og þótt hún stæði höllum fæti – þá átti biskupsstóllinn

viðréttingu í vændum, meðan ekki var örvænt um framtíð landsins og þjóðarinnar. Því verður ekki neitað, að mjög illa horfði fyrir hinni íslenzku þjóð á því herrans ári 1785. En nú vitum við, að þá var harðasta hríðin á skollin. Að vísu biðu þjóðarinnar enn allmörg og ströng reynsluár. En stofnun, sem staðið hefir af sér 7 aldir, munar ekki um 20-30 ár, þótt í erfiðara lagi sé. Hefði Skálholtsstóll fengið að standa fram um 1820, myndi engin fjárhagsvandræði hafa geta hnekk honum. Samkvæmt rannsókn Steingríms biskups Jónssonar 1833, myndi eignir gömlu biskupsstólanna og stólsskólanna hafa svarað til 385 þús. 445 rd. 30 sk. höfuðstóls að réttu lagi, ef þær hefðu fengið að standa óhreyfðar, og mun hér ekki ofreiknað. Hitt er annað mál, hvort þjóðin í heild sinni hefði verið betur farin að búa við svo mikið fjárveldi, sem biskupsstóll landsins hefði þá orðið. Ef til vill var bezt að fór sem fór – fyrir alla aðra en biskupana og skólann. Biskupanna beið nú um hríð – úr því er Hannes Finnsson leið – aumasta tómthúsmennska, við takmarkaðan fjárkost, er stöðugt féll í verði, svo á tímabili varð biskup landsins ekki fjár síns ráðandi vegna fátæktar og skuldabasis.....

Samkvæmt áætlun landsnefndarinnar 1785 voru eignir Skálholtsstóls virtar á um 62500 rd. Með 4% rentu átti höfuðstóll þessi að gefa af sér 2500 rd. árlega. Var látið heita svo, að konungssjóður leysti til sín eignir stólsins gegn þessu árgjaldi, en því var síðan ætlað að hrökkva til þess að standa straum af skólahaldi á Hólavelli og launagreiðslum til biskups og kennara skólans. Magnúsi Stephensen, sem þá var skrifari í rentukammeri, var falið að hafa á hendi sölu stólseignanna, samkvæmt reglum, sem um þetta voru settar. Mestur hluti eignanna var seldur á árunum 1785-1791, en þá lét Magnús af þessu starfi. Hafði hann þá selt fyrir 43 þús. rd., en síðar héldu sýslumenn sölunni áfram. Samkvæmt jarðatali Jóns Jónssonar (Johnsens) komu inn fyrir seldar eignir Skálholtsstóls rúml. 58 þús. rd., eða um 4 þús. rd. minna en í upphafi var ætlað.

Nú á dögum myndi það þykja ísjárverð ráðstöfun að brjótast í að selja á fjórða hundrað jarðir, mikinn fjölda búfjár og þó nokkrar aðrar eignir, samtímis því er yfir landið gengi ein hin gífurlegasta atvinnukreppa, er sögur kynni frá að herma. Þetta var stjórninni að líkindum ljóst frá byrjun, a.m.k. gerði hún sér fulla grein fyrir því síðar. En hér virtust góð ráð dýr, og þótt illa horfði, var með þessum hætti líkast til hægt að sneiða hjá því, að konungssjóður biði halla. Tjónið af þessari skyndisölu bitnaði fyrst og fremst á skólanum, sem nú var við borð bundinn með mjög þröngri fjárhagsáætlun, er engum var betur til trúandi en sjálfu rentukammerinu að láta hvergi haggast, á hverju sem gengi um raunverulegar þarfir skólans. En hér bjó samt fleira undir. Eitt höfðumarkmið hinnar nýju ríkisstjórnar frá 1784 í landbúnaðarmálum ríkisins var að létta af bændastéttinni ánaud og kvöðum, er tíðkæzt höfðu frá fornu fari af hálfu aðalsmanna og annarra stórjarðeigenda einkum, og stuðla að því, að bændur eignuðust ábyli sín, með því að selja konungsjarðir og leysa upp stóreignir einstakra manna eða ætta, þar sem því varð við komið. Umbótastefna þessi áttir sér reyndar rætur lengra aftur í tímann, allt frá því um miðja öldina, og að því er Ísland snerti höfðu þessi sjónarmið komið fram, lauslega að vísu, í erindisbréfi landsnefndarinnar 1770. En nú var fastara á eftir fylgt. Í augum stjórnarinnar voru hinar miklu jarðeignir biskupsstólanna hér á landi helztu þroskuldurinn í vegi fyrir sjálfabúð íslenzkra bænda, og jafnframt kenndi þar mest ýmiss konar kvaða og ánauðar leiguliða í ýmsum myndum. Reyndar var ástandið undir þessa grein sízt betra á jörðum konungs hér, en í svipinn þótti stjórninni bezt henta að byrja á því, úr því tækifæri gafst, að leysa upp jarðeignir Skálholtsstóls og hefja með því umbótastarf sitt um ábúð og landeign á Íslandi. Samkvæmt söluskilmálum um jarðir Skálholtsstóls skyldi kvöðum öllum (mannslánum, hestlánum, dagsverkum o.s.frv.) létt af jörðum þessum, er þær væri seldar. Og þótt þeim fylgid kúgildi við söluna, skyldi óheimilt eftirleiðis að láta kúgildi fylgja jörð í leigu, fremur en um semdist við leiguliða hverju sinni. Þessi ákvæði voru almenn og undantekningarlaus. Samt átti reynslan eftir að sýna, að örðugt var að koma af með öllu fornum óvanda í þessum efnunum. Ennþá örðugara var samt hitt að sjá til þess, að jarðirnar lentu í eigu leiguliðanna, er sala fór fram. En að vísu gerði stjórnin mjög virðingarverða tilraun til þess að stuðla að því. Samkvæmt söluskilmálunum átti kaupandi að greiða 1/6 kaupverðs við móttöku kaupbréfs, nema ef leigjandi jarðarinnar

átti í hlut, þá fékk hann þriggja ára greiðslufrest á þessum fyrsta sjöttungi jarðarverðsins. Þá átti og leiguliði rétt á að ganga inn í hæsta boð í jörð sína, ef hann vildi. Innan sex ára áttu kaupendur að hafa greitt þriðjung kaupverðs jarðanna, en 2/3 kaupverðs máttu standa eftir gegn veði í jörðinni, svo lengi sem verkast vildi, gegn 4% leigu, en kaupendum annars í sjálfsvald sett, hvenær eða í hversu mörgum áföngum þeir greiddi þær eftirstöðvar.“

Sala Hólastólsjarða gekk svo greiðlega, að árið 1808 hafði verið selt af þeim fyrir nær 70.000 rd. Um það og jarðasöluna almennt segir Þorkell Jóhannesson: (5)

„Má af (sölu Hólastólsjarða) ráða, að nú var högum í landi allmjög breytt frá því sem var næstu ár eftir Móðuharðindin, er jarðir Skálholtsstóls voru seldar. Verðlag fór hækkandi, og þeir sem jarðir keyptu á þessum árum og gátu galdið jarðarverðið með seðlum, er nú gerðust verðlitlir, höfðu af slíku góðan hagnað. Þrátt fyrir ýmis mistök í sambandi við sölu stólseignanna, verður því ekki neitað, að hún hafi orðið bændum landsins til hagnaðar. En að sinni varð breyting þessi öll til vafasamra bóta fyrir biskup landsins, skólakennara og skólasveina, er þó var til ætlast, og sveið lengi undan því.“

Hvað sem sölu stólsjarðanna og ráðstöfun andvirðis þeirra má almennt segja fer ekki milli mála, að ákvörðun yfirvalda um það efni var tekin á lögformlega réttan hátt og með samþykki kirkjulegra yfirvalda. Verður ekki álitíð að íslenska kirkjan geti nú haft uppi neinar kröfur gegn ríkisvaldinu af þeim sökum.

VI. LÖGGJAFARBREYTINGAR 1907

1. *Almennt*

Árið 1907 voru á Alþingi samþykktir allmargir lagabálkar, sem vörðuðu kirkjulega málefni, einkum þó um skipulag og stjórn kirkjulegrar starfsemi (þ.á.m. um fækkun og sameiningu prestakalla), um ytri kjör presta og um kirkjueignir og rekstur þeirra. Var hér í raun rétttri um að ræða veigamikla heildarendurskoðun margra mikilvægra þátta og um sumt höfðu hin nýju lög í för með sér gagngera breytingu á aldagömlu fyrirkomulagi. Það sem mestu máli skiptir í því efni er, að á grundvelli þessara laga var stöðum að mestu kippt undan hinu forna lénskirknafyrirkomulagi, sem bauð prestum nú, að meginstefnu, föst laun sem jöfnuðu kjör þeirra, enda þótt enn væri gert ráð fyrir því, að kirkjueignirnar með arði sínum stæðu í verulegum mæli undir tekjum prestanna, en ráðsmennska eignanna, annarra en prestsetranna sjálfra, komst nú á hendur veraldlegra embættismanna.

Um undirbúning þessarar lagasetningar farast Magnúsi Jónssyni svo orð: (1)

„Á Alþingi 1903 kemur fram í efri deild tillaga til þingsályktunar um 5 manna millipinganevnd (Alþt. 1903, C, 256). Var henni vel tekið, nefnd skipuð, er lagði til að hún yrði samþykkt með smábreytingum (Nál. Alþt. 1903, C, 435). Í neðri deild var gerð tilraun til þess af meiri hluta nefndar, að fella burt ákvæðið um millipinganevnd, en fela í þess stað stjórninni rannsókn og undirbúning kirkjulöggjafarinnar (Nál. Alþt. 1903, C, 725). En þessar tillögur voru felldar, og þingsályktunin samþykkt. Er hún á þessa leið:

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að gera sem fyrst ráðstafanir til að safna öllum nauðsynlegum skýrslum, er snerta hag kirkjunnar, og skipa 5 manna nefnd milli þinga til að taka kirkjumál landsins til rækilegrar íhugunar í heild sinni og að koma með ákveðnar tillögur um:

1. Hagkvæma skipun kirkjumálanna, er veiti þjóðkirkjunni slíkt sjálfstæði og sjálfstjórn í sínum eigin málum, sem hún eftir eðli sínu og 45. gr. stjórnarskrárinnar á heiming á og þarfnast til að geta fullnægt ákvörðun sinni.
2. Hvort eða að hve miklu leyti það verði að álitast nauðsynlegt, að kirkja og ríkisfélag sé eftirleiðis sameinað, eins og til þessa hefur verið.
3. Hagfellda skipun prestakalla í landinu.
4. Nauðsynlegar umbætur á launakjörum presta og prófesta, bæði að því, er snertir sjálf launin og innheimtu þeirra (Alþt. 1903, C, 855).

Samkvæmt þessari tillögu var með konungsúrskurði 2. marz 1904 ákveðið að skipa 5 manna nefnd, og ráðherra skipaði hana með bréfi 22. apríl s.á. Formaður var Kristján Jónsson og aðrir í nefndinni: Lárus H. Bjarnason, Jón Helgason, Eiríkur Briem og Árni Jónsson, Skútustöðum. Formaður sagði sig úr nefndinni í apríl 1905 og var þá L. H. B. Skipaður formaður. Guðjón Guðlaugsson alþm., sem skipaður var í nefndina, komst ekki suður fyrir en svo seint, að hann tók ekki þátt í störfunum.

Nefndin undirskrifar álit sitt 7. apríl 1906 (Nál. millipn. í kirkjumálum).

Nefndin samdi mörg frumvörp og urðu flest þeirra að lögum á næsta þingi. Auk þess samdi hún álitsskjöl um skilnað ríkis og kirkju, þar sem meiri hlutinn lagði á móti en minni hlutinn með skilnaði.”

Hér er ekki ástæða til að rekja nánar efni þessara lagabálka, nema varðandi það, er beinlínis snertir efni þessarar álitssgerðar. Skipta þar einkum máli þeirra, þ.e. l. 22/1907 um umsjón og fjárhald kirkna, l. 46/1907 um laun sóknarpresta og l. 50/1907 um sölu kirkjujarða.

2. L. 22/1907 Um umsjón og fjárhald kirkna

Með l. 22/1907 um umsjón og fjárhald kirkna voru lög um sama efni frá 1882, sem fyrir var um getið, úr gildi numin. Um aðdraganda þessara laga segir Magnús Jónsson (1)

„Millipinganefndin samdi frumvarp um þetta efni. Er það samhljóða lögunum frá 12. maí 1882, nema í þeim tveim atriðum, að eftir frumvarpinu er söfnuður skyldaður til þess að taka við umsjón og fjárhaldi lénskirkju í síðasta lagi við næstu prestaskipti og að ekki er áskilinn nema einfaldur meiri hluti á safnaðarfundi til þess að taka við kirkju, sem eigandi eða forráðamaður býður söfnuði (Nál. 51). Bæði þessi atriði miðuðu að því, að herða sem mest á því, að kirkjur kæmst í umsjón safnaðanna. Hafði þessu þó miðað svo drjúgt áfram, að nú voru 98 af 277 kirkjum komnar í umsjón safnaða, samkvæmt frásögn biskups í bréfi hans um þetta frumvarp. Var biskup þessu skv. Meðmæltur, en þótti þó hart, að skylda söfnuð til þess að taka við kirkju skilyrðislaust, því að dæmi væri til um það, að kirkjur bæru sig alls ekki fjárhagslega, og væri þetta þá beinlínis útgjaldakvöð, sem væri verið að leggja á menn (Alþt. 1907, A, 163). – Stjórnin féllst á þessar ástæður biskups, og setti því það ákvæði inn í 1. grein frumvarpsins, að bjóða skuli söfnuði kirkju til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næstu prestaskipti, og þarf þá meiri hluti á safnaðarfundi að samþykkja og auk þess komi til samþykki héraðsfundar og biskups (Alþt. 1907, A, 161). Nefnd í efri deild bætti inn nýri grein, þar sem sóknarnefnd er heimilað að jafna niður á söfnuðinn þeim kostnaði við rekstur kirkju, sem er umfram árstekjur hennar, svo og að jafna niður peningagjaldi í stað skylduvinnu við kirkjubyggingu (Alþt. 1907, A, 514). Var frumvarpið þannig samþykkt (Lög nr.22, 16. nóv. 1907).“

Í lögum þessum, sem enn eru að mestu í gildi, segir m.a.:

(1. gr.) „Hverja þá lénskirkju, sem sóknarprestur hefur enn fjárhald fyrir, skal hlutaðeigandi söfnuði bjóða til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næst prestaskipti. Sje það samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundum, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, enda samþykki hjeradsfundur og biskup.

Svo má og svipta sóknarprest fjárhaldi ljens Kirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þó að presturinn sje því ekki samþykktur, ef hjeradsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fé kirkjunnar.

(2. gr.) Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuðinum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundum, og samþykki hjeradsfundar og biskups kemur til.

(3. gr.) Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar...“

3. *L. 46/1907 Um laun sóknarpresta*

Lögin um laun sóknarpresta nr. 46/1907 breyttu mjög hinum fornu tekjustofnum presta, svo sem fyrr segir. Um forsoögu þessara laga segir Magnús Jónsson: (1)

„Eitt merkasta frumvarp nefndarinnar var frv. um laun sóknarpresta, og stóð það í nánú sambandi við frv. um prestakallaskipunina. – Eftir frumvarpi þessu áttu allir prestar að hafa sömu laun, hækkandi eftir embættisaldri þannig, að yngsti þriðjungurinn hefði 1200 kr., þá næsti þriðjungurinn 1400 kr. og elzti þriðjungurinn 1600 kr. – Auk þessara launa átti dómkirkjupresturinn í Reykjavík að hafa 1600 kr. á ári. Erfiðleikauppbót átti að borga til 15 prestakalla, 150-300 kr., samtals 3000 krónur. Enn fremur átti að greiða 20 prestum persónulega launaviðbót, þannig að 10 fái 200 kr., 6 fái 400 og 4 fái 600 eða alls 6800 krónur eftir tillögum biskups úr flokki þeirra presta, sem kirkjuping eða héraðsfundur benda á.

Þá eru ákvæði um það, hvernig prestar fá þessi laun, og er þar haldið gömlu tekjustofnunum, en sóknarnefnd innheimtir gegn 6% og 10%, nema prestar sjálfir innheimta jarðarafgjöld og fyrir aukaverk. Sóknarnefndir standa prófasti skil á fénu, annaðhvort í peningum eða kvittun prests, en prófastur borgar, ef tekjur prestakallsins hrökkva ekki. Sama er um prófastsdæmið, að það fær uppbót, ef ekki hrökkva tekjurnar, en skilar afgangi í prestslaunasjóð, ef afgangur verður.

Í gildi áttu lögin að koma jafnóðum og prestaköll væru veitt. En þó voru sóknarnefndir skyldar að taka að sér innheimtuna, ef prestur óskaði, án þess að lögin væru að öðru leyti komin í framkvæmd þar. Fyrir aukaverk fyrir öreiga áttu prestar að fá borgun úr sveitarsjóði. Fjárhagshlið málsins var þessi í aðaldráttum:

Öll laun, erfiðleikauppbætur og persónulegar viðbætur.....	Kr. 169600.00
Allar tekjur af prestaköllunum	Kr. 154676.00
Úr landsjóði	Kr. 14924.00
Áður voru greiddar úr landsjóði	Kr. 13700.00
Aukin gjöld úr landsjóði	Kr. 1224.00

En þar sem nefndin ætlaði til, að prestar keyptu nú ekkjum sínum lífeyri af launum sínum og eftirlaun prestsekkna því hyrfi, þá varð útkoman sú, að breytingin kostaði landsjóð ekkert nema í svip, meðan breytingin væri að komast á (Nál. 83).

Stórnin féllst í flestum atriðum á frumvarp nefndarinnar. Biskup hafði látið í ljós, að launabæturnar væru ónógar, og einkum þótti honum ófært, að lögin kæmu ekki til framkvæmda fyrr en jafnóðum og prestaköll losnuðu (Alþt. 1907, A 227). Breytti stjórnin því, og kvað svo á, að prestar mættu sjálfir velja, hvort þeir vildu ganga undir þessi nýju lög, og þá taka þeim breytingum á prestakallaskipuninni, sem samfara var, ef það væri hægt. Smábreytingar gerði stjórnin nokkrar fleiri (Alþt. 1907, A, 220).

Efri deildar nefndin, sem fékk öll kirkjumálin til meðferðar, gerði afar viðtækar breytingartillögur við frumvarpið, sem sé þær, að afnema gömlu sóknartekjurnar og setja í staðinn laun úr landsjóði, að svo miklu leyti sem presturinn tæki ekki tekjur undir sjálfum sér (jarðarafgjöld og prestsmötu). Felldi hún svo niður úr frumvarpinu allar greinar um innheimtur og borganir milli sóknarnefnda, prófasta og prestslaunasjóðs. Þá vildi hún færa aukabókun til dómkirkjuprestsins niður í 1200 krónur, og fella niður persónulegu launaviðbæturnar, en hækka almennu prestslaunin upp í 1250, 1450 og 1650 krónur. Enn fremur vildi hún fela hreppstjórum alla umsjón kirkjugarða (Nál., Alþt. 1907, A, 515). Var allt þetta samþykkt, og fór frumvarpið þannig breytt til neðri deildar.

Þegar til neðri deildar kom, tók nefndin þar frumvarpið til meðferðar, og færði til sama vegar og stjórnarfrumvarpið í aðalatriðum og bætti inn af nýju greinum um sóknargjöldin gömlu. Aftur á móti lét hún hinar breytingarnar haldast (Nál. og brt. Alþt. 1907, A, 1100, 1101). Var þetta samþykkt. Enn fremur voru föstu launin nú færð upp í 1300, 1500 og 1700 krónur, og nokkrar smábreytingar fleiri gerðar og varð frumvarpið þannig að lögum, því að efri deild gekk að því óbreyttu (Lög nr. 46, 16. nóv 1907).“

Í lögum þessum segir m.a.:

(1. gr.) „Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1.300 kr. ár ári. Þegar hann er orðin eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1.500 kr. á ári, og þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri, en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1.700 kr. á ári.

(3. gr.) Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförunum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eptir gildandi lögum, þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfar þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

(4. gr.) Þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúarrjetti á því framvegis.

(5. gr.) Afgjald eptir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans, samkvæmt 1. og 2. gr., undir sjálfum sjer, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgjörð, er fari fram 10. hvert ár.

(8. gr.) Hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eptirgjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau eptir ráðstöfun stjórnarráðsins. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eptirgjöldum.

(9. gr.) Hreppstjórar hafa byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð yfir samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur; þó skal bygging á jörðum því aðeins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

Þegar kirkjujarðir eru framvegis byggðar, skal eptirgjaldið ákveðið í peningum og gjalddagi 31.desbr. ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en

leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávallt ákveðinn leigutími til nefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landstjórnarinnar komi til.

(10. gr.) Hreppstjóranum ber að hafa eptirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel settnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eð engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti eigi innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á hreppstjórans ábyrgð, ef hann vanrækir þetta. Eptirlit með prestssetrum og úttekt á þeim fer eptir sömu reglum og hingað til.

(12. gr.) Tiundir, offur, lausamannsgjöld, lambsfóður og dagsverk, er hingað til hefur átt að gjalda sóknarpresti, skal sóknarnefndin innheimta í hverri sókn, og ber því sóknarmönnum að greiða gjöld þessi til hennar. Presti og hreppstjórum, og í kaupstöðum bæjarfógeta, er skylt að láta sóknarnefnd í tje þær skýrslur, ef hún þarf að halda á vegna innheimtunnar.

(21. gr.) Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálfum sjer samkv. 5. gr., hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða niðurjöfnunargjaldi svo miklu sem með þarf. Hrökkvi sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið eigi, greiðir prófastur presti það, sem á vantar, af fjárhæð þeirri, er hann fær úr prestlaunasjóði samkvæmt 22. gr.

Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sjer, samkv. 5. gr. meiru en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því, sem umfram er, til prófasts.

(22. gr.) Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sjer, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir landsstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár.

(24. gr.) Tekjur prestlaunasjóðs eru þessar:

1. Eptirgjald af fasteignum prestakallanna, arður af ítökum og prestsmata.
2. Sóknartekjur, þ.e.: preststiundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk eða niðurjöfnunargjald.
3. Vextir af innstæðufje eða peningum prestakallanna.
4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fje það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eptirlaun sín af hinum tekjum sjóðsins.
5. Sektir samkvæmt lögum.

(25. gr.) Landsstjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gjörir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindum.

(26. gr.) Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær laun eptir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eptir prestakallaskipunarlögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að fá launaupphæðina eptir eldri reglum, eða eptir lögunum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum, og presturinn gengur að þeim breytingum. Sama er og þótt presturinn gangi ekki að breytingunni, ef hann er orðinn 60 ára að aldri.....“

Þann 1. janúar 1920 gengu í gildi lög um laun embættismanna, nr. 71/1919, þar sem m.a. voru ákvæði um laun presta, og voru þá jafnframt úr gildi numdar 1. og 2. gr. 1.

46/1907. Að öðru leyti voru flest ákvæði hinna síðastnefndu laga í gildi til frambúðar. Þann 1. júní 1984 féllu 8.-11. gr. l. 46/1907 úr gildi, sbr. 14. gr. l. 90/1984 um breytingu á jarðalögum 65/1976, þannig að hreppstjórum er eigi lengur falin sú umsjón eða umráð með kirkjujörðunum (og kirkjuítökum) sem verið hefur til þessa, heldur heyra þessi mál nú beint og milliliðalaust undir Landbúnaðarráðuneytið, sem um langt skeið hefur farið með yfirumsjón kirkjugarða (annarra en prestssetursjarða), sbr. nú 9. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 69/1969.

4. L. 50/1907 Um sölu kirkjujarða

Lög nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða hafa að sjálfsögðu grundvallarþýðingu um meginefni þessarar álitserðar. Um aðdraganda þeirra segir Magnús Jónsson: (1)

„Millipinganefndin (samdi) frumvarp til laga um sölu kirkjujarða. Er það sniðið að heita má algerlega eftir lögunum frá næsta þingi á undan, um sölu þjóðjarða (sjá lög nr. 31, 20. okt. 1905). Er það almenn heimild til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir þeirra, þó ekki prestssetur eða aðrar jarðir, sem hentugar eru fyrir prestssetur, skóla eða annað slíkt. Eru svo nánari reglur um allt, sem að þessu lýtur, en verður ekki rakið hér frekar. Sérákvæði þessa frumvarps eru þau, að andvirði kirkjujarða skuli renna í sérstakan sjóð, kirkjujarðasjóð, sem landsstjórnin geymir, og er tekjum hans varið til þess að launa prestum (Nál. 114).

Stjórnin, sem áður hafði staðið móti sölu kirkjujarða nema þar sem samþykki prests kom til, tók nú frumvarp þetta til flutnings óbreytt að mestu vegna frumvarpsins um laun presta. Því að úr því að landsjóði var nú ætlað að greiða síðasta hluta prestslaunanna, þá var ekki lengur nein ástæða til þess að prestur réði neinu um sölu kirkjujarða. Það er þá ekki lengur hans ábati eða halli, hvort mikið eða lítið hefst upp úr kirkjujörðunum, heldur ábati eða halli fyrir landsjóð (Alþt. 1907, A, 272). Þingið gerði að vísu ýmsar breytingar á frumvarpinu, en engar er haggaði grundvelli þess, heldur voru þær um fyrirkomulag og útfærslu sölnnar, og var frumvarpið þannig samþykkt (Lög nr. 50, 16. nóv. 1907).“

Biskup Íslands, Hallgrímur Sveinsson, lét í té eftirfarandi álit sitt á þessu frumvarpi með bréfi dags. 15. janúar 1907, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu: (2)

„Við þetta frumvarp hef jeg ekkert að athuga. Jeg hef ávalt verið hlyntur sölu kirkjujarða og mælt með henni, þar sem ekki hefur staðið sjerstaklega á, í líkingu við það, sem átt er við í 8. gr. þessa frumvarps, ef mjer hefur virst hið boðna kaupverð viðunanlegt og salan skaðlaus fyrir prestakallið eftir öllum hinum framkomnu gögnum. Jeg sje ekkert á móti því, að kirkjujarðir verði seldar af landsstjórninni eftir almennri lagaheimild og almennum reglum, líkt og hinar eiginlegu landssjóðsjarðir. Og þar sem ráðgert er, að stofnaður verði sjerstakur Prestalaunasjóður undir umráðum landsstjórnarinnar, er standi straum af launum presta, virðist það eiga vel við, að andvirði seldra kirkjujarða sje látið renna í þann sjóð. – Að svo miklu leyti sem Söfnunarsjóðurinn gæfi á komandi árum sömu vexti í aðaldeild sinni, eins og veðdeildarbrjefin, þætti mjer ákjósanlegast að ávaxta í honum söluverð kirkjujarðanna og vextirnir greiddust þaðan árlega inn í Prestalaunasjóðinn.

Meðal þeirra atvika, sem næmu kirkjujörð undan almennri söluheimild, þætti mjer rjett að taka það, ef jörðin væri talin sjerstaklega hentug til ábúðar fyrir uppgjafarprest eða prestsekkju í því prestakalli, sem hún liggur undir. Þó ber þess að geta, að slík ábúð hefur á síðari árum harla lítið verið notuð, einkum af ekkjum presta.“

Í lögunum segir m.a.:

(1. gr.) „Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

(2. gr.) Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að álitu sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annarra almennings nota.

Nú eru kaupún, þorp eða verksmiðjuíðnaður fyrir á kirkjujörð, eða sýslunefnd telur líklegt að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embættið hefur fengið, áður en lög þessi koma í gildi, og nýtur launa eptir núgildandi ákvæðum, þá má hann einnskis í missa við sölua.

(3. gr.) Þegar kirkjujörð er seld, samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur, eptir óvilhallra manna mati, fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

(4. gr.) Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

(5. gr.) Nú er kirkjujörð í eyði og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

(11. gr.) Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarðar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eptir 6. – 10. gr.

(14. gr.) Nú er kirkjujörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefur verið samkvæmt 7. – 12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta sölua, skulu lögð fyrir næsta Alþingi til athugunar.

Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð.

(15. gr.) Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sjerstakan sjóð, er nefnist Kirkjujarðasjóður, og stendur beint undir landsstjórninni. Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla.

(16. gr.) Eign Kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfðustól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestalaunasjóð, til að launa sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

(17. gr.) Höfðustól Kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast.

Skal það gjört annaðhvort með því, að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbrjef, eða þá með útlánum eptir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fje.

Sjeu verðbrjef keypt handa sjóðnum eða veðskuldabrjef tekin fyrir útlánum, skal geta þess á brjefunum, að þau tilheyri Kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landsstjórnarinnar.

(18. gr.) Landsstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda og síðan leggja fyrir

hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.“

5. *Sérákvæði um ráðstöfun kirkjueigna.*

Þess má geta, að í 5.gr. laga nr. 45/1907 um skipun prestakalla segir, að þegar lénskirkja sé lögð niður, falli sjóður hennar til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, sem sóknin sé lögð til, og hið sama gilti um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta) og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa. Í lögum þessum var hins vegar ekki kveðið á um það, hvað yrði um jarðeignir niðurlagðrar lénskirkju. Um það voru ákvæði í lögum 3/1880, sem fyrr var um getið, og voru þau lög í heild sinni felld úr gildi með gildistöku l. 45/1907, og mega það teljast mistök að eigi var í nýju lögunum leyst úr þessu atriði, en sjálfsagt hefur eigi verið ætlunin að breyta hinu eldra fyrirkomulagi um eignirnar, þegar svo stóð á.

VII. SÍÐARI ÞRÓUN

1. *Almennt*

Sú skipan, sem laganýmælin frá 1907 gerðu ráð fyrir varðandi stöðu presta á kirkjulénum, komst ekki á í einu vetvangi, sbr. 26.gr. l. 46/1907, og l. 39/1909, um breytingu á fyrrgreindum lögum. Ýmsir prestar kusa að búa við hið eldra fyrirkomulag enn um sinn, - á einstaka stað jafnvel um mörg ár, - þar til nýr prestur tók við og gekkst undir hina nýju skipan. Þeir prestar, sem enn bjuggu við hið forna lénskipulag, þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á, og sem enn fengu tekjur sínar að mestur greiddar í fríðu efnuðust sumir vel um skeið sökum þeirrar miklu verðhækkunar, sem þá varð á landbúnaðarafurðum.

Ljóst er, að samkvæmt l. 46/1907 var það arðurinn af kirkjueignum ásamt ýmsum öðrum tekjum prestakallanna, sem átti að standa undri launum presta, og landssjóður ábyrgðist einungis það, sem á vantaði til bráðabirgða meðan hin nýja skipan væri að festa rætur. Þetta fyrirkomulag riðlaðist hins vegar síðar, eftir að prestar voru teknir á almenna launaskrá ríkisins, eftir launalögum, og þeim þannig greidd laun úr ríkissjóði, en það hafði engin áhrif á stöðu kirkjueignanna sjálfra og þarf því eigi að ræða nánar um það hér.

Hvað varðar umsjón kirkjujarða eftir hinum nýju lögum og innheimtu afgangsdæmra þeirra voru fljótlega sett nokkur nánari stjórnvaldsfyrirmæli og reglur. Má þar einkum nefna reglugerð fyrir hreppstjóra um umsjón yfir kirkjujörðum nr. 102/1908 (1) og reglur um skoðun við afhendingu í hendur hreppstjórum nr. 106/1908, (2) sbr. einnig bréf stjórnarráðsins til sýslumanna um innheimtu á eftirgjöldum eftir kirkjujarðir frá 20. febrúar 1909, (3) sbr. og bréf um svipað efni frá 7., 10. og 14. apríl 1909. (4)

2. *Framkvæmd og afdrif L. 50/1907*

Hvað varðar framkvæmd laga þessara, þegar eftir gildistöku þeirra, má m.a. vísa á ábendingar þær, er fram koma í bréfi stjórnarráðsins til biskups um sölu hjáleigna undan prestssetrum frá 22. júlí 1908 (1) þar sem segir:

„Með brjefi, dagsettu 10. apríl þ.á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi prestsins að Hraungerði, síra Ólafs Sæmundssonar, þar sem hann beiðist skýringar stjórnarráðsins á lögum nr. 50 frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða, á því atriði,

hvort eigi beri að skoða kirkjujörð með hjáleigum eina jörð, er um sölu er að ræða, eða hvort selja megi hverja hjáleigu útaf fyrir sig, og það þótt umráðamaður heimajarðar og hjáleigna sje sölunni móttfallinn. Takið þjer það fram, að lögin virðist ekki hafa inni að halda skýr ákvæði um þetta, enda ekki heppilegt að gefa um það eina algilda reglu. Landsháttum og landsnytjum höfuðból og hjáleigna sje við svo háttað, að telja mætti bagalegt, ef skift væri eignarráðum, einkum þar sem hjáleigur liggi við höfuðbólin og umhverfis þau; öðru máli sje að gegna um þær hjáleigur, sem sjeu í fjarlægð, og engar landsnytjar eigi sameiginlegar við heimajörðina. Á þetta teljið þjer rjett að líta, er um slíka sölu er að ræða, enda þótt lögin verði skýrð á þann veg, að heimilt sje að selja hjáleigur frá höfuðbólum. Hitt teljið þjer vafalaust, að því aðeins megi selja hjáleigu frá prestssetri, þar sem prestur býr við launakjör eftir hinum eldri lögum, að hann telji sjer söluna bagalause og missi einskis í við hana.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að stjórnarráðið lítur svo á, að heimilt sje samkvæmt lögum nr. 50 frá 16. nóvember 1907 að selja sjálfstæðar hjáleigur frá kirkjujörðum þeim, sem söluheimild laganna nær yfir, ef ástæður mæla með að öðru leyti. En með því að kirkjujarðir, sem prestar sitja á, eru undanskildar heimild laganna, álist heldur ekki heimild til að selja hjáleigur frá þeim, vegna þess sambands, sem að lögum er milli heimajarðar og hjáleigu, sbr. lög 12. janúar 1884, l. Gr. in fine.“

Samkvæmt l. 51/1911 um breytingu á l. 50/1907 var hins vegar heimild hinna síðarnefndu laga til að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar einnig látin ná til hjáleigna prestssetranna, ef þær voru sérstök býli.

Um frumvarp til þessara laga varð allnokkur ágreiningur á Alþingi og í áliti mini hluta Neðri-deildar segir m.a.: (2)

„Við getum ekki ráðið hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Það er að okkar áliti mjög athugavert að selja hjáleigur frá prestssetrunum hér á landi út af fyrir sig, einkum með almennum heimildarlögum, því það virðist sem hæglega muni á þann hátt geta farið svo, að höfuðbólin sjálf yrðu þar með að ógirnilegum, líttbyggilegum og illseljanlegum örreitiskotum, þó að við hins vegar könnumst við, að misjafnlega kunni að haga til í þessum efnum. Annað mál væri það að selja höfuðból og hjáleigur og engum jörðum sé haldið óseldum til að vera prestssetur. Þó getum við ekki ýtt undir landsstjórnina í því efni, né ráðið til, að farið sé örara í kirkjujarðasöluna en gert hefir verið síðan lög um sölu kirkjujarða frá 16. nóv. 1907 voru gefin út. Höfum við rannsakað nokkuð skjöl þau, er að því efni lúta og stjórnarráðið hefir ljáð nefndinni til athugunar. Verður ekki annað af þeim ráðið, en að fremur beri að gæta allrar varúðar við jarðasöluna eftirleiðis, eftir því verði að dæma, sem þær hafa verið seldar fyrir. Jafnframt höfum við og farið yfir öll skjöl um þjóðjarðasölu í landinu síðan lög um sölu þjóðjarða frá 20. okt. 1905. Látum við fylgja nefndaráliti þessu skrár um hvoratveggja þessa jarðasölu fram til þess, sem nú er komið, til athugunar fyrir hina háttvirtu deild.

Af skrá þessumer ýmsan lærdóm að taka, og meðal annars þann, að meðalverð kirkjujarða þeirra, sem seldar hafa verið, er 121 kr. fyrir hvert jarðarhundrað og kúgilda, og er það töluvert fyrir neðan það, sem talið hefir verið meðalverð jarða hér á landi, en það er 130-140 kr. Af þeim 74 kirkjujörðum, sem seldar hafa verið, hefir jarðarhundraðið í 18 þeirra ekki náð nema sem svarar 100 kr. eða minna, og er það víðsvegar um land.... Auk þessa virðist svo sem sum höfuðbólin hafi verið seld nær óskiljanlega ódyrt...“

Skrá sú um seldar kirkjujarðir frá 1907-1911, sem hér var vísað til, fylgir álitsgerð þessari (fylgiskjal nr. 4).

Um frekari framkvæmd laganna farast Gunnari F. Guðmundssyni svo orð: (3)

„Þó að ekki sé tekið fram í lögnum, að öðrum séu seldar kirkjujarðir en ábúendum þeirra, hefur raunin orðið sú, að hreppsnefndum, fyrir hönd þeirra hreppa, hafa verið seldar kirkjujarðir eftir lögum þessum. Einkennilegra er, að í krafti þessara laga hafa afréttarlönd verið seld undan kirkjum, þó að konungsbréfið frá 30. júní 1786 gildi enn sem lög. Nægir að nefna Auðkúluheiði í Húnavatnssýslu, sem seld var Svínavatnshreppi, Torfalækjarhreppi og Blönduósi árið 1918, og Húksheiði í sömu sýslu. Húkur, sem var eign Staðarbakkakirkju, var seld Helgu Stefánsdóttur árið 1913 að undanskilinni heiðinni, þó að slíkt hafi í rauninni verið óheimilt nema með samþykki konungs. Árið 1934 var heiðin seld Fremri og Ytri-Torfustaðahreppum með öllum gögnum og gæðum án nokkurs álags. Þó voru undanskildar námur, sem voru í jörðu eða kynnu síðar að finnast þar, “svo og vatnsafl allt og notkunaraðstaða þess í hinu selda landi.” Afsalið undirritaði Hermann Jónasson, þáverandi forsætisráðherra. (Upplýsingar úr afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu).

Ástæðulaust er að ætla, að konungsbréfið frá 30. júní 1786 eigi ekki við um bændakirkjur og afrétti, þó að á hvorugt sé minnzt í bréfinu. Um miðja 19. öld sóttu kirkjulénismaður (beneficiarius) Torfastaða og eigendur Skálholts, Bræðratungu og Haukadals um leyfi hjá yfirvöldum til að fá að selja afrétt, sem kirkjurnar fjórar áttu fyrir norðan Hvítárvatn. Ekki er ljóst, hvort í umsókninni er átt við beitarrétt eða afréttarland, en það skiptir hér ekki meginmáli. Aðalatriðið er, að afrétt, eins og aðrar kirkjueignir, mátti ekki selja undan kirkju, hvort sem hún var lénskirkja eða bændakirkja, nema með leyfi konungs.

Þó að drepið hafi verið á vankanta við sölu áðurnefndra heiða, er það engan veginn algild regla, að finna megi að sölu afrétta í kirkjueign. Í Húnavatnssýslu voru fleiri kirkjujarðir, og átti a.m.k. ein þeirra landflæmi mikil til heiða, þ.e. Grímstunga. Hún hafði verið eign Undirfellsprestakalls, en var seld Birni Sigfússyni á Hofi í Vatnsdal 6. nóvember 1886 ásamt Grímstunguheiði að fengnu samþykki konungs. (Stjtið 1886, B, 142). Fimmtán árum síðar skýrði ráðgjafinn landshöfðingjanum frá því, að konunginum hefði þóknast að samþykkja, að Grímstunguheiði ásamt hálfum Lambatungum, sem heyrðu til Undirfells- prestakalli, yrði seld Ás- og Sveinsstaðahreppum. Að þessu sinni var leitað til konungs um undanþágu frá reglum, sem giltu um sölu á kirkjueignum. Núpsheiði í sömu sýslu virðist hins vegar hafa verið eign kirkjubóndans á Núpi, en ekki kirkjunnar sjálfar, þangað til árið 1898, þegar heiðin var seld Fremri og Ytri-Torfustaðahreppum.“

Þegar nokkuð var liðið frá gildistöku laga 50/1907 fór að bera á umtalsverðri gagnrýni á þeim lögum og einkum þó framkvæmd þeirra. Á Alþingi 1915 var borið upp þingmannafrumvarp til laga um framkvæmd l. 50/1907 um sölu kirkjujarða og l. 31/1905 um sölu þjóðjarða yrði frestað. Ummæli í ofangreinda átt koma m.a. fram í áliti minni hluta landbúnaðarnefndar Neðri-deildar þar sem segir: (4)

„Þegar lög in um sölu þjóðjarða og kirkjujarða voru samþykkt, mátti heita að sú sannfæring hefði gagntekið þjóðina og þingmenn hennar, að sjálfsábúð hlyti að vera heillavænlegri landi og lýð en öll önnur ábúð, að bæði landssjóði og bændum væri það stórtjón, að jarðir væru opinber eign. Bændur voru flestir sannfærðir um þetta, og margir mikilsmetnir menn utan bændastjettar fylgdu fastlega þessari skoðun, t.d. Þórhallur biskup Bjarnason og Páll heitinn Briem í ritgerðum hans í „Lögfræðingi“. Leiddi þetta svo til þess, að lög in voru samþykkt og fjöldi jarða seldur, en tilgangurinn var að auka sjálfsábúð.

Þó ráðstöfun þessi á jarðeignum landsins hafi mælst vel fyrir og jarðirnar gengið út, á virðist oss eigi að síður, að margt sje athugavert við þjóðjarðasöluna og ekki athugað sem skyldi.... Þó við sjeum fúsir til að viðurkenna marga ágæta kosti sjálfsábúðar, þá þykir okkur rjett, að þingmenn og þjóð hugsi sig um áður en síðustu þjóðjarðirnar eru seldar. Okkur þykir sá 5 ára frestur á sölunni, sem frv. þetta fer fram á, heppilegur, og ráðum því deildinni til að samþykkja það. Á þeim tíma teljum við líklegt, að ábúðarlöggjöf vor verði endurskoðuð, nýbýlamálið rannsakað og skýrslum safnað um afdrif þeirra þjóðjarða, er seldar hafa verið.

Þá viljum við.... minna á, að svo framarlega sem nokkuð verður úr því, að nýbýlabúskapur hefjist hjer að mun er mjög illa farið að allar þjóðjarðir sjeu seldar. Auk þess eru jarðir nú að stíga í verið, eins og afurðir sveitabúskapar, og líklegt að ákvæði þjóðjarðasölulaganna um verð jarðanna sjeu þegar úrelt.“

Frumvarp þetta náði eigi fram að ganga og sömu sögu er að segja um stjórnarfrumvarp um svipað efni, sem lagt var fram á þingi 1917. (5)

Um þróun þessara mála í heild fyrstu áratugi aldarinnar segir Þorkell Jóhannesson: (6)

„Samkvæmt tillögum millipinganeftdar í landbúnaðarmálum frá 4. marz 1904 samþykkti Alþingi 1905 lög um sölu þjóðjarða og lög um forkaupsrétt leiguliða á jörðum. Með löggjöf þessari var að því stefnt að efla sjálfsábúð í landinu, er flestir töldu þá mikla nauðsyn, því að leiguábúð stæði í veg fyrir því, að bændur, er við hana byggi, gerði þær umbætur á jörðum sínum, er þeir annars myndi gera. Efalaust var mikið hæft í þessu, eins og ábúðarlöggjöfinni var þá háttáð, en um breytingarnar á henni varð lengi ekkert samkomulag. Í framhaldi af þessu samþykkti Alþingi 1907 lög um sölu kirkjujarða. Samkvæmt lögum þessum um sölu þjóðjarða og kirkjujarða og með aðstoð Ræktunarsjóðs keypti fjöldi bænda, er á slíkum jörðum þjuggu, ábyli sín hin næstu ár, fram að heimsstyrjöld hinni fyrri. Á styrjaldarárunum kom afturkippur nokkur í sölu þessa, er stjórnin var yfirleitt ófús á að nota heimild laganna, m.a. vegna verðbreytinga, er þá urðu, en þó hélt jarðasölunni áfram allt fram um 1930, þótt hægar færi, enda var þá tekið að fækka jörðum í eign ríkisins, er láttnar voru falar. En framan af var jarðasala þessi sótt með svo miklu kappi, að alloft var þess freistað að fá samþykkt lög á Alþingi um sölu jarða, er sýslunefndir höfðu neitað að mæla með, að seldar væri, og urðu um þetta alloft harðar deilur, enda leið ekki á löngu, að þingmenn tók mjög að greina á um lög þessi og gagnsemi þeirra.

Þótt lögin um sölu jarða í opinberri eign væri í þeim tilgangi sett að efla sjálfsábúð, þótti skjótt koma í ljós, að brugðið gat til beggja vona um það, að jörð héldist í eign og ábúð upphaflegs kaupanda. Gerðust þess ýmis dæmi, að fyrrverandi þjóðjarðir lentu í braski og jafnvel að útlendingar næði haldi á þeim, en um þessar mundir kvað talsvert að þess háttar bralli, einkum ef um vatnsréttindi eða annað slíkt var að ræða. Varð atferli þetta til þess að efla mótstöðuna gegn sölu þjóðjarða....“

Um frekari framvindu mála og um afdrif l. 50/1907 segir hann síðan: (7)

„Á Alþingi 1932 fluttu þeir Haraldur Guðmundsson þm. Seyðf., og Halldór Stefánsson, l. þm. N.-Múl., í Nd. till. til þál. um undirbúning laga um ábúð á jörðum hins opinberra. Till. þessi var aldrei rædd og dagaði svo uppi. Á sömu leið fór um frv., er sömu þm. fluttu á þessu þingi um afnám l. nr. 31/1905 og l. nr. 50/1907, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Um þessar mundir var tekið að kreppa mjög að bændum víða um landið vegna verðfalls á landbúnaðarafurðum. Alkunna var, að bændur, sem tekizt höfðu á hendur skuldbindingar fyrir kreppuna, m.a. vegna kaupa á ábylisjörðum sínum, áttu nú mjög örðugt um að standa í skilum. Tók þá meira en áður að brydda á þeirri skoðun, að ef til vill væri bændum hagfelldara og landbúnaðinum í heild sinni hollara, að bændum yrði tryggður réttur til ábylisjarða sinna með erfðafestu fyrir sig og afkomendur sína og hagfelldum leigumála, heldur en að þeim væri til þess haldið að

festu kaup á þeim og ættu þeir síðan undir högg að sækja um verðsveiflur, er gerði þeim óhægt um að standa í skilum um vexti og afborganir jarðarverðsins. Vildi og bregða til beggja vona um það, hversu færi um eignarhald slíkra jarða við arfaskipti.

Á Alþingi 1933 flutti Jónas Jónsson, þm. S.-Þing., frv. til l. um byggingu og ábúð jarða í almenningseign. Höfðumarkmið þessa frv. var að lögbjóða erfðafestu á jarðeignum ríkisins, og skyldi afgjald slíkra jarða vera 3% af fasteignamatsverði landsins og 2% af húsaverði. Þar var og gert ráð fyrir því, að hætt yrði sölu jarða, er væri ríkiseign, en afgjaldi þjóðjarða varið til þess að kaupa jarðir, er ríkinu yrði boðnar fyrir allt að fasteignamatsverði. Frv. þetta varð ekki útrætt. Á aukþingi 1933 flutti Jónas Jónsson þetta frv. af nýju, en um afgreiðslu þess fór á þá leið, að það dagaði enn uppi.

Á Alþingi 1934 fluttu þeir Páll Zóphóniasson, 2. þm. N.-Múl., og Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr., frv. til l. um byggingu og ábúð jarða í almenningseign. Var það frv. mjög samhljóða frv. J. J. Áður, enda hafði Páll Zóphóniasson átt mikinn þátt í samningu þess frv. Frv. sætti andmælum við l. umr. Málsins í Nd. af hálfu Jóns Sigurðssonar, 2. þm. Skagf., o.fl. þm., er töldu m.a. mjög varhugaverð þau ákvæði frv., að afgjaldi þjóðjarða, er leigðar yrði, skyldi varið til jarðakaupa af hálfu ríkisins, en slíkt miðaði að því að draga jarðeignir úr höndum bænda undir ríkið, þvert ofan í fyrri stefnu Alþingis í þessum eignum. En að því leyti sem frv. væri til bóta, er það stefndi að því að koma erfðaábúð á þjóðjarðir, væri á það að líta, að þau ákvæði næði of skammt. Þyrfti eigi síður að tryggja ábúð á jörðum, er væri eign einstakra manna, með líkum hætti, og auk heldur ábúð á sjálfseignarjörðum. Frv. var vísað til landbn., en hún skilaði aldrei álit, og dagaði frv. svo uppi. En á þessu sama þingi varð fleira til tíðinda, er varðaði þetta efni. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv., Bergur Jónsson, þm. Barð., Páll Zóphóniasson, 2. þm. N.-Múl., og Stefán Jóh. Stefánsson, 1. landsk. þm., fluttu í Nd. frv. til l. um afnám l. nr. 31/1905, um sölu þjóðjarða og l. nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða. En í annan stað fluttu þeir Jón Sigurðsson, 7. landsk. þm., Guðbrandur Ísberg, þm. Ak., og Pétur Ottesen, þm. Borgf., frv. um ættaróðal og óðalsrétt. Hvorugt þessara frv. varð útrætt.

Á Alþingi 1935 voru bæði þessi frv., er síðast voru nefnd, flutt af nýju og svo frv. um byggingu og ábúð jarða í almenningseign. Frv. þessum öllum var vísað til landbn. fyrri hluta þingsins, en hún sendi þau búnaðarþingi, í því skyni að þau yrði athuguð þar. Á búnaðarþingi var það til ráðs tekið að steypa frv. saman í eitt. Féllst meiri hl. landbn. Nd. á frv. það, er búnaðarþing hafði þannig samið, og lagði það fyrir þingið, að mestu óbreytt, og nefndist það nú frv. til l. um erfðaábúð og óðalsrétt. Frv. þetta var samþykkt á þinginu og afgreitt sem lög. (Lög 8/1936 um erfðaábúð og óðalsrétt, (innskot nefndarinnar). Með lögum þessum var ákveðið, að þjóðjarðir allar skyldi byggðar á erfðaleigu. Hámark afgjalds skyldi vera 3% af fasteignamatsverði lands og húsa. Þá voru hér með úr gildi numin l. nr. 31/1905, um sölu þjóðjarða, l. nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, og l. nr. 51 frá 1911, um breytingu á þeim lögum. (Leturbreyting nefndarinnar).

Með lögum um erfðaábúð og óðalsrétt má kalla, að horfið væri frá þeirri stefnu, sem tekin var að frumkvæði landbúnaðarnefndarinnar frá 2. marz 1904. Eins og nú var högum komið og að fenginni reynslu, voru þeir fleiri, er töldu, að tilgangi laganna um sölu þjóðjarða til eflingar sjálfsábúð í landinu væri betur náð og tryggilegar með lögum um erfðaábúð, er gæfi bændum í hendur flesta kosti sjálfsábúðarinnar, en kæmi í veg fyrir ýmsa þá annmarka, er henni fylgdi. En þótt kalla mætti, að menn greindi ekki stórlega á um þetta, var eitt ágreiningsatriði í þessum eignum enn óútkljáð. Vegna erfðileika, er ýmsir bændur höfðu ratað í á kreppuárunum og stöfuðu m.a. af því, að þeir höfðu keypt ábylisjarðir sínar áður en kreppan skall á, litu ýmsir þm. svo á, að rétt væri, að ríkið losaði þá úr vandanum, keypti jarðirnar af þeim, en tryggði þeim hins vegar ábúðina áfram samkvæmt erfðaábúðarlögunum, er ella horfið til þess, að þeir flosnuðu upp ...

Á Alþingi 1936 fluttu þeir Páll Zóphóníasson, l. þm. N.-Múl., Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr., og Emil Jónsson, þm. Hafnf., frv. til laga um jarðakaup ríkisins. Höfuðefni frv. var það, að ríkið skyldi verja afgangnum af þjóðjörðum og kirkjujörðum og svo jörðum, sem keyptar yrði samkvæmt ákvæðum frv., til þess að kaupa jarðir. Frv. þetta sætti allhörðum andmælum af hálfu Jóns Sigurðssonar, 7. landsk. þm., o.fl. þm. úr Sjálfstæðisflokknum, en náði samt fram að ganga og var afgreitt sem lög frá Alþingi.“ (Lög 92/1936, (innskot nefndarinnar)).

Þau ákvæði l. 8/1936 um erfðaábúð og óðalsrétt, sem hér skipta einkum máli hljóða svo:

(1. gr.) „Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeygn (kristfjárjarðir, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðaleygu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna, eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þær, er að dómi Búnaðarfélags Íslands, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

(2. gr.) Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 1. grein, skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum. Skýlt er að selja ábúanda jarðarhús og innstæðukúgildi, ef hann óskar að kaupa.

(27. gr.) Þjóð- og kirkjujarðir, sem byggja má eftir lögum þessum, er heimilt að selja, ef þær jafnframt eru gerðar að ættaróðali, þegar sala fer fram.

Verð jarðanna skal fara eftir mati tveggja dómkvaddra manna. Fjórðungur verðs skal greiddur þá þegar, en þrjú fjórðu á 42 árum, með jöfnum árlegum greiðslum, er séu 4% af skuldinni.“

Í lögum um ættaróðul og erfðaábúð nr. 116/1943, sem leystu hin fyrri af hólmi, eru ákvæði um sama efni. 34. og 35. gr. þeirra laga eru nánast samhljóða 1. og 2. gr. l. 8/1936, en ákvæði 47. og 48 gr. koma í stað efnis 27. gr. l. 8/1936, í breyttri mynd. Þar segir:

(47. gr.) „Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, - nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, - sem hafa fengið erfðaábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

- a. Hafa búíð á jörðinni minnst 5 ár.
- b. Gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.
- c. Fyrir liggja yfirlýsing viðkomandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Námaréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu.

(48. gr.) Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.“

A-liður 47. gr. var síðan felldur brott með l. 41/1946.

34. og 35. gr. l. 102/1962 um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða eru svipaðar að efni og 34. og 35. gr. l. 116/1943, nema hvað nefna má að nú var einnig heimilað að byggja viðkomandi jarðir í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskaði sérstaklega eftir því. Sama er að segja um 47. og 48 gr. laganna, borið saman við hliðstæðar greinar hinna eldri laga. Búsetuskilyrði var þó lækkað niður í þrjú ár.

Ákvæði 47. og 48. gr. l. 102/1962, ásamt nokkrum öðrum ákvæðum þeirra laga, voru í gildi fram til þessa, - varðandi ábúðarsamninga, sem til var stofnað fyrir gildistöku l. 65/1976, - þar til þau voru endanlega úr gildi numin með l. 90/1984, 14. gr.

3. Ákvæði um kirkjujarðir í núgildandi ábúðarlögum og jarðalögum.

Nú gefur ákvæðin um framangreind efni að finna í ábúðarlögum nr.64/1976 og í jarðalögum nr.65/1976.

Í ábúðarlögum segir:

(32. gr.) „Heimilt er að byggja jarðir í einkaeign, í eigu ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeygn (kristfjárjarðir, jarðir gjafasjóða, sýslusjóða eða hreppssjóða) á erfðaleigu.

(33. gr.) Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 32. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði lands og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst.“

29. gr. jarðalaga hljóðar svo:

„Ábúendur ríkisjarða og jarða í eigu opinberra stofnana og sjóða, - nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskrá mæli gegn því, - sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búið á jörðinni í minnst 10 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Leggja fram yfirlýsingu hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta.
4. Leggja fram meðmæli jarðanefndar viðkomandi sýslu með kaupum.

Ákvæði greinar þessarar taka þó ekki til jarða, sem þörf er á til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð, heldur ekki til jarða, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndar eru líklegar til að verða nýttar til annars en búrekstrar, svo sem fólkvangar, sumarbústaðlönd eða til annarra útilífsnota, og ekki til þeirra jarða, sem að dómi Náttúruverndarráðs hafa sérstök náttúrufyrrbæri innan sinna landamarka.

Námaréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin sölu, sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi. Náist ekki samkomulag um verð milli kaupanda og seljanda, skal mat dómkvaddra manna ráða.

Sé áformuð sala jarðar eða jarðarhluta, sem seldur hefur verið af ríkissjóði skv. Grein þessari, á ríkissjóður forkaupsrétt fyrir hlutfallslega sama verð og jörðin var seld á að viðbættum verðmætisauka vegna framkvæmda eftir að ríkissjóður seldi jörðina.“

5. *Nánar um sölu kirkjujarða*

Síðan l. 50/1907 voru sett hafa fjölmargar kirkjujarðir verið seldar með heimild í þeim lögum og síðan með stoð í þeim lagaákvæðum, er leystu þau af hólmi. Koma nánari upplýsingar um það fram í yfirliti því um kirkjujarðir, sem fylgir síðari hluta þessarar álitsgerðar. Í óbirtri skrá eftir séra Gísla Brynjólfsson um „seldar kirkjujarðir 1876-1974,“ sem hann tók saman eftir beiðni biskups segir hann um þetta (í formála):

„Það væri synd að segja, að (löggjöfnum um sölu þjóð- og kirkjujarða) hafi ekki verið vel tekið. Það er eins og bændur hafi þyrst í að kaupa jarðirnar. Á tímabilinu 1876-1907 höfðu aðeins verið seldar 35 jarðir en á fyrstu 15 árunum eftir gildistöku laganna 1908-1923 voru seldar hvorki meira né minna en 355 jarðir. En kringum 1930 fór mjög að draga úr sölunni. Á fjórða áratugnum ríkti heimskreppan sem mjög kom við hag bændna ekki síður en annarra stétta hér á landi. Hún hafði þær afleiðingar, að þá snérist þessi mál alveg við. Ríkið stofnaði sjóð – Jarðakaupasjóð- sem hafði það hlutverk að kaupa jarðir af bændum vegna fjárhagsörðugleika þeirra. Á árunum 1937-1948 keypti sjóður þessi alls 123 jarðir fyrir rúml. 1 miljón króna. Langflestar þessara jarða keyptu bændur síðan aftur þegar út raknaði um fjárhag þeirra. Hófst þá aftur nokkur sala á kirkju- og þjóðjörðum þótt í minna mæli en fyrst eftir gildistöku laganna frá 1907. Helst sú sala nokkuð enn við í dag....“

Lagaheimildin til að selja leiguliðum ábýlisjarðir sínar, að fullnægðum nánari skilyrðum, hefur verið og er ótvíræð og er ekki vafamál, að þar sem í 29. gr. núgildandi jarðalaga (sem fyrr var rakin) er talað um „jarðir í eigu opinberra stofnana“ er m.a. átt við kirkjujarðirnar (lénskirknajarðirnar). Þó vill Kirkjueignanefnd vekja sérstaka athygli á þeim mikilvæga fyrirvara, sem hafður er á söluheimild eftir þeirri grein: „... nema ákvæði gjafabréfa...mæli gegn því... „Gjafabréfin fyrir þessum jörðum eru flest hver glötuð, a.m.k. hin elstu, en af sumum þeirra, sem varðveitt eru, kemur fram, svo að ótvírætt er, að til þess var ætlast að gjöfin yrði ævarandi eign viðkomandi kirkju og hefur það reyndar vafalaust verið hin almenna regla á öllum tímum. Verður að hafa þetta hugfast, þegar söluheimild samkvæmt 29. gr. er metin, og er líklegt að þessa sjónarmiðs hafi eigi ávallt verið gætt sem skyldi. Í þessu sambandi skal einnig bent á það, sem segir um söluheimild kristfjárjarða í XIII. kafla. M.a. af þessum sökum telur nefndin mikilvægt, að áður en tekin er ákvörðun um sölu kirkjujarðar eftir nefndri lagagrein sé leitað álits og umsagnar biskupsembættisins um hina fyrirhuguðu sölu og ætti það embætti þá m.a. að kanna þann þátt varðandi gjafaheimild að viðkomandi kirkjujörð (ef því er að skipta), sem hér var minnst á.

Í þessu sambandi skal tekið fram, að í lögum kunna að vera sérákvæði, sem hamlað geta kauprétti ábúanda nánar tiltekinna kirkjujarða, sbr. dóm Hæstaréttar í Hrd. 1978, bls. 1060. Ábúandi kirkjujarðarinnar Kárastaða í Þingvallahreppi krafðist þess, að viðurkenndur yrði réttur hans til að kaupa ábýlisjörð sína, og til vara að honum yrði veitt erfðaábúð (hann hafði lífstíðarábúð), en því var einróma hafnað í Hæstarétti. Í dómi Hæstaréttar segir:

„Með ákvæðum 2. og 5. gr. laga nr. 59/1928 er jörðinni Kárastöðum búin sérstaða meðal kirkjujarða, þar sem hún er falin yfirstjórn Þingvallanefndar og ýmsar hömlur lagðar á nýtingu hennar. Er þetta gert vegna tengsla jarðarinnar við hið friðlýsta svæði og í þágu þeirra stefnumiða allsherjarréttar eðlis, sem lög nr.59/1928 marka. Þessi lögmæltá sérstaða jarðarinnar þykir standa því í vegi, að áfrýjandi eigi kauprétt að jörðinni eða rétt til að fá hana byggða sér á erfðaleigu, sbr. fyrirvara 2. mgr. 34. gr. laga nr. 116/1943 og 2. mgr. 47. gr. laga nr. 102/1962.“

Nefndin vekur einnig athygli á því, sem fyrir hefur reyndar verið nefnt, að benda má á nokkur dæmi þess, að „í krafti“ áðurnefndra lagagreina um söluheimild handa

ábúendum, að því er virðist, hafi hreppsnefndum eða upprekstrarfélögum, fyrir hönd hreppa, verið seldar kirkjujarðir eða afréttarlönd undan kirkjum, þótt hvorugt hafi í rauninni haft fullnægjandi lagastoð.

Almenn lagaheimild til sölu prestsetursjarða, sem voru lénskirksnaeign og enn byggilegar, hefur hins vegar eigi verið fyrir hendi, en þess eru dæmi, að sérstök lög hafi verið sett af því tilefni, er nauðsyn var talin til slíkrar sölu, sbr. t.d. l. 52/1911 um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum (kaupandi var Húsavíkurhreppur og skilmáli var að salan færi eigi fram, fyrr en Húsavíkurbætur væri orðið sérstakt sveitarfélag). Undan söluheimild þessari var m.a. skilið tún, og var Húsavíkurbætur síðar veitt eignarnámsheimild á túni þessu („Preststúni“) með l. 29/1960, en í lögum sagði, að andvirði túnsins skyldi verða „óskilorðsbundin eign Húsavíkurkirkju“, sem má teljast óvenjulegt en þó tvímælaust rökrétt. Var þetta ákvæði um ráðstöfun andvirðisins sett að beiðni þáverandi biskups Íslands. Sama er að segja um heimild þá, er l. 11/1969 veittu ríkisstjórninni til að selja Hálshreppi í S-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi. Undanskilinni sölu var veðiréttur í Fnjóská, en andvirði hins selda lands skyldi verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

Þess eru einnig dæmi, að sala kirkjujarða til annarra en ábúenda hafi verið heimiluð með sérstökum lögum, enda eigi heimilt að leyfa það með öðrum hætti. Má þar nefna l. 76/1962, sem m.a. heimiluðu ríkisstjórninni að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í N-Múlasýslu. Í greinargerð með frumvarpi segir: (8)

„Jörðin Hofteigur í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu, er kirkjujörð og var prestssetur fram til 1952. Þá var prestssetur lagt niður. Í árslok 1955 er samþykkt stofnun nýbýlis á hluta jarðarinnar, og var henni þá skipt. Nokkru áður, eða árið 1948, hafði ábúendum nágrennjarðarinnar Hvannár verið leigt til 20 ára afnota land það, svonefndar Merkur, sem hér er farið fram á að heimilað verði að selja ekkjunni. En hún er ekkja annars þess bónda, er landið fékk til leigunota til 20 ára 1948. – Nú er leitað eftir kaupum á þessu landi, þar sem einn af sonum ekkjunnar hefur hug á nýbýlastofnun, annaðhvort á Mörkunum eða heimaðjörðinni, og þá er þörf á þessu landi til að tryggja viðunandi búrekstraraðstöðu.“

Með lögum 56/1967 var ríkissjóði m.a. heimilað að selja sveitarsjóði Grýtubakka-hrepps eyðjarðirnar Þönglabakka, Tindriðastaði, Brekku og Gil í Fjörðum, (sem allt voru gamlar kirkjujarðir en þó nefndar ríkisjarðir í greinargerð með frumvarpi), auk þjóðjarðanna Botns og Keflavíkur.

Athyglisvert er, að hvorki í l. 50/1907 né í síðari lagaákvæðum um heimild til sölu kirkjujarða er kveðið á um neina skyldu til að bera fyrirhugaða sölu undir forsvarsmenn viðkomandi kirkju eða kirkjuleg yfirvöld almennt né til þess verið ætlast að hagsmunum kirkjunnar væri sérstaklega gætt við söluna, sbr. og IX. Kafla. Hefur Landbúnaðarráðuneytið, sem hefur yfirumsjá almennra kirkjujarða, séð um sölu þeirra (og a.m.k. stundum leitað umsagnar biskupsembættis um fyrirhugaða sölu, einkum í seinni tíð), en Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur haft samsvarandi tilsjón með prestssetursjörðum.

6. Um ráðstöfun kirkjueigna, þegar sóknarkirkjur eru lagðar niður.

Í l. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um Kristnisjóð er m.a. kveðið á um ýmis atriði varðandi það er nauðsyn ber til þess, að sóknarkirkjur séu lagðar

niður. Segir þar m.a. í 13. gr., að þegar sóknarkirkja sé lögð niður, skuli eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfi til, eftir nánari reglu, sem þar er lýst, en ef sóknin byggist á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skuli veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

Þetta ákvæði um ráðstöfun eigna niðurlagðrar kirkju til viðtakandi kirkju eða kirkna á sér hliðstæðu í eldri ákvæðum og venju um það efni, sem fyrr hefur verið lýst. Eigi er þar berum orðum getið um kirkjujarðir (niðurlagðrar kirkju), frekar en gert var í 5. gr. l. 45/1907, en telja verður að ákvæðið nái engu að síður til þeirra, sbr. til hliðsjónar lokaorðin í VI. Kafla hér að framan.

7. *Opinber skráning kirkjujarða*

Í eldri fasteigna- eða jarðatölum, svo sem í jarðatali Johnsens (1847) kemur skýrt fram, hvaða jarðir voru þá taldar vera í kirknaeign, þ.e. kirkjujarðir, og þær t.d. aðgreindar frá þjóðjörðum, og sama er að segja um hinar löggiltu fasteignabækur, sem út voru gefnar á fyrri hluta þessarar aldar, þ.á.m. Fasteignabók 1942-1944. Í Fasteignabók 1957 hefur þessi sérgreining eða auðkenning kirkjujarða hins vegar riðlast. Í fjölrítaðri “skrá yfir jarðeignir ríkisins 1973,” sem nefndin hefur undir höndum, og sem unnin var á vegum Landbúnaðarráðuneytisins, er að vísu greint á milli kirkjujarða og annarra jarða eftir upprunalegri eignarheimild, þótt allar séu þær einu nafni kallaðar “jarðeignir ríkisins”, en í Fasteignaskrá ríkisins, sem birt er sem fylgiskjal með ríkisreikningi fyrir árið 1978 (útg. 1982, en skrána tók starfsmaður Fjármálaráðuneytisins saman árið 1980), eru kirkjujarðir hins vegar taldar með ríkisjörðum án sérstakrar aðgreiningar, nema hvað prestssetursjarðir eru sérstaklega auðkenndar (undir eignum á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytis).

Í prentaðri og ítarlegri skrá um jarðeignir ríkisins og leigutekjur af þeim, sem samin var af starfsmanni Fjármálaráðuneytis í nóvembermánuði 1981 og birt með svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi um það efni, eru kirkjujarðir eigi auðkenndar sérstaklega en taldar þar með öðrum jörðum, er heyra undir Landbúnaðarráðuneyti, og þá flestar undir þeim lið, er í formála skýrslunnar nefnist „jarðeignir ríkisins“ (alls 597 talsins).

VIII. 18. OG 19. GR. L. 35/1970 UM SKIPUN PRESTAKALLA OG PRÓFASTSDÆMA OG UM KRISTNISJÓÐ

Í 18. gr. þessara laga segir, að stofna skuli sjóð, er nefnist Kristnisjóður, og samkvæmt 19. gr. skal stofnfé sjóðsins vera

- a. Kirkjujarðasjóður, enda sé hann lagður niður og renni í Kristnisjóð.
- b. Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laganna.
- c. Prestakallasjóður, enda sé hann lagður niður og renni í Kristnisjóð.

Í 20. gr. er jafnframt tekið fram, að tekjur Kristnisjóðs skuli m.a. felast í arði af stofnfé Kristnisjóðs, en í 21. gr. er síðan gerð grein fyrir hlutverki Kristnisjóðs, sem getur verið nokkuð margþætt en miðar að stuðningi við ýmis konar kirkjulega starfsemi. Skv. 23. gr. laganna er umsjá og stjórn Kristnisjóðs falin Kirkjuráði.

Afhending Kirkjujarðasjóðs (úr vörslu og umsjá Landbúnaðarráðuneytis) til Kristnisjóðs skv. a-lið 19. gr. fór fram þann 28. febrúar 1972. Hafði hinn fyrrnefndi sjóður þá starfað síðan 1907, svo sem áður hefur verið getið.

Til samræmis við b-lið 19. gr. skyldi Landbúnaðarráðuneytið, sem annast sölu almennra kirkjujarða, standa skil á andvirði þeirra til Kristnisjóðs. Hvað andvirðið varðar telur Kirkjueignanefnd, að það sé einungis andvirði landsins sjálfs, („grunnverðmætið“), sem renna eigi í Kristnisjóð eftir fyrrgreindri lagaheimild, en eigi andvirði mannvirkja á jörðinni, sem leigulið eða leiguliðar hafa komið upp (og eru innlausnarskyld við ábúendaskipti samkvæmt ábúðarlögum).

Í reynd hafa tekjur Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða, á þessu tímabili, verið sáralitlar og lítið munað um þær, miðað við heildartekjur sjóðsins um þessi ár, sbr. eftirfarandi skrá um innborgað fé til sjóðsins (þ.á.m. fyrir seldar kirkjujarðir) árin 1970-1983, sem biskupsembættið lét nefndinni í té (allt í nýkrónum):

Kristnisjóður 1970-1983

Ár	Framlag ríkissjóðs		Tekjur sjóðsins
1970	N.kr.	21.218.-	27.325.-
1971	N.kr.	33.853.-	39.589.-
1972	N.kr.	54.658.-	63.538.-
1973	N.kr.	71.527.-	82.694.-
1974	N.kr.	86.975.-	101.589.-
1975	N.kr.	104.927.-	135.914.-
1976	N.kr.	59.800.-	179.909.-
1977	N.kr.	93.070.-	114.826.-
1978			
Innifalið uppgjör v/1974-1977	N.kr.	524.150.-	554.934.-
1979	N.kr.	494.555.-	551.774.-
1980	N.kr.	673.275.-	759.439.-
1981	N.kr.	1.198.800.-	1.332.748.-
1982	N.kr.	1.731.000.-	2.023.113.-
1983	N.kr.	2.679.000.-	3.164.639.-

Innkoma v. seldra kirkjujarða

1975		20.000.-
1976		13.512.-
1976	Garðabær	27.489.-
1976	Laxárdalshreppur	10.600.-
1976	Grýtubakkahreppur	15.000.-
1976	Fjármálaráðuneytið	2.933.-
1976	Ríkissjóður skil.	30.777.-
Samtals	N.kr.	120.311.-

Nefndin hefur kynnt sér, eftir föngum, allar þær upplýsingar, sem nú eru fáanlegar um skil Landbúnaðarráðuneytis við Kristnisjóð, og af þeirri athugun er ljóst, að eigi hefur verið staðið í skilum með andvirði ýmissa kirkjujarða, er seldar hafa verið eftir gildistöku l. 35/1970, og hefur andvirði þeirra runnið í Jarðasjóð, um sinn a.m.k. (eins og andvirði seldra ríkisjarða). Enn er þó eigi tímabært að gefa nákvæmt yfirlit um

seldar kirkjujarðir á þessu tímabili og um ráðstöfun andvirðis þeirra, og ber þar tvennt til, þ.e. að könnun Ólafs Ásgeirssonar á kirkjujörðum og ráðstöfun þeirra er enn eigi lokið, annars vegar, og hins vegar fer nú fram sjálfstæð könnun á þessu máli (þ.e. bókhaldsleg og lögfræðileg endurskoðun), á vegum Landbúnaðarráðuneytisins og er enn óvíst hvenær henni lýkur formlega. Miklu varðar þó í því efni, að núverandi landbúnaðarráðherra hefur lýst yfir þeim vilja sínum, að uppgjör þetta fari fram áður en langt um líður, og m.a. af því tilefni var stofnað til fyrrgreindrar könnunar á vegum ráðuneytis hans. Mun nánari greinargerð um þetta væntanlega birtast í síðari hluta þessarar álitsgerðar. Sama er að segja um athugasemdir um verðmæti einstakra kirkjujarða, sem seldar hafa verið til ábúenda, nema hvað fullyrða má að það hafi iðulega verið lægra en ætla má að fengist hefði fyrir þær á almennum markaði, og virðist hið sama reyndar eiga við um seldar ríkisjarðir, enda hafa Landbúnaðarráðuneyti og ábúendur lögum samkvæmt getað samið um verðið án eftirlits eða afskipta annarra aðila og eigi verið bundnir við neitt lágmarksverð. Matsgerðar hefur eigi verið krafist, í lögum, nema aðilana greini á um verðið. Að núgildandi lögum er eigi skylta til að leita álits kirkjulegra yfirvalda á fyrirhugaðri sölu, enda þótt eðlilegt virðist að svo væri. Af því tilefni samþykkti Kirkjuráð, þann 15. apríl 1977, eftirfarandi ályktun (sem samdægurs var send til Landbúnaðarráðuneytis):

„Með hliðsjón af því ákvæði laga nr. 35/1970 að andvirði seldra kirkjujarða skuli renna í kristnisjóð sem stofnfé, telur Kirkjuráð óeðlilegt að slíkar eignir séu seldar án þess að verð þeirra sé ákveðið í samráði við þann aðila, þ.e. Kirkjuráð, sem skv. nefndum lögum hefur á hendi umsjón og stjórn Kristnisjóðs.“

Í reynd hefur stundum, en alls ekki alltaf, verið leitað álits biskupsembættisins varðandi fyrirhugaða sölu kirkjujarða, en það er fyrst nú nýverið að sú stefna virðist hafa verið tekin upp að selja kirkjujarðir einungis að undangengnu mati dómkvaddra matsmanna, og er það vafalaust rétt stefna.

IX. ÝMSAR RÁÐSTAFANIR VARÐANDI KIRKJUJARÐIR OG PRESTSSETUR.

1. Afgjald (leigugjald) af almennum kirkjujörðum

Svo sem rakið er fyrir í álitsgerð þessari var Prestlaunasjóður stofnaður skv. lögum nr. 46/1907 um laun sóknarpresta. Skyldi greiða úr honum það, sem á vantaði að ákvæðisverð fastra tekna og sóknartekna í prestaköllum hvers prófastsdæmis hrykki til að launa prestum þar. Yrði afgangur af þessum tekjum skyldi hann renna í Prestlaunasjóðinn, sbr. 21. gr. l. 46/1907.

Skv. 24. gr. l. tl. laganna voru tekjur Prestlaunasjóðs m.a. eftirgjald af fasteignum prestakallanna, arður af ítökum og prestsmata.

Afgjald kirkjujarða skyldi samkvæmt þessu renna til Prestlaunasjóðs og var ákvæði þetta óbreytt í lögum þar til lög nr. 92/1936 voru sett. Með þeim lögum var Jarðakaupasjóður ríkisins stofnaður og skyldu tekjur sjóðsins vera, annars vegar tekjur af þjóð- og kirkjujörðum og hins vegar þeim jörðum, er sjóðurinn eignaðist, sbr. 2. gr. laganna.

Með lögum nr. 54/1967 um Jarðeignasjóð ríkisins voru lög nr. 92/1936 felld úr gildi. Eignir Jarðakaupasjóðs, aðrar en jarðir, skyldu renna til Jarðeignasjóðs, sbr. 13. gr. laganna.

Við gildistöku jarðalaga nr. 65/1976 var Jarðasjóður stofnaður, sbr. V. kafla jarðalaga og með 62. gr. laganna voru lög nr. 54/1967 felld úr gildi.

Eftir, að ákvæðum laga nr. 92/1936 sleppir er þess ekki getið, hvert afgangur kirkjujarða skuli renna, en þess ber að geta að ákvæði 8. gr. laga nr. 46/1907, um laun sóknarpresta mælti fyrir um, að hreppstjórar skyldu skila eftirgjöldum til sýslumanna, en sýslumaður greiða þau eftir ráðstöfun Stjórnarráðsins. Þá er rétt að geta þess, að hreppstjórar fengu 6% af eftirgjöldunum í umboðslaun, sbr. nefnda lagagrein, sjá og reglugerð nr. 102/1908. Um skil á eftirgjaldi fyrir kirkjujarðir, sem og reyndar þjóðjarðir, svo og innheimtu þeirra hefur að mestu verið farið eftir ákvæði þessu fram á þetta ár. Hins vegar voru ákvæði 8.-11. gr. laga nr. 46/1907 numin úr gildi með lögum nr. 90/1984, 14. gr., og fer Jarðeignadeild Landbúnaðarráðuneytisins nú með innheimtu eftirgjaldanna fyrir kirkjujarðirnar.

Með ákvæðum 8.-11.gr. laga 46/1907 var hreppstjórum falin umsjón með kirkjujörðum sbr. og reglugerð fyrir hreppstjóra um umsjón með kirkjujörðum nr.102/1908. Samkvæmt þessum ákvæðum skyldi hreppstjóri byggja jarðirnar að áskildu samþykki sýslumanns og sá jafnframt um innheimtu eftirgjaldanna ein og að ofan greinir.

Skv. 2. mgr., 9. gr. laganna skyldi eftirgjald ákveðið í peningum fyrir þær jarðir, er byggðar yrðu eftir gildistöku laganna, og gjalddagi vera 31. desember ár hvert. Í g. Lið 3. gr. reglugerðar nr. 102/1908 segir, að það skuli aðal regla að byggingarbréf heimili leiguliða æfilanga ábúð en ábúðartíma og byggingarskilmála yfirleitt vísast til ábúðarlaga, nú laga nr. 64/1976. Rétt þykir þó að taka fram, að samkvæmt 32. gr. laganna er heimilt að byggja jarðir í eigu kirkna landsins svo og í eigu ýmissa annarra aðila í erfðaleigu og skv. 33. gr. laganna skal afgangur þeirra vera 3% af fasteignamatsverði lands og jarðarhúsa.

Um fjárhæð afgangur af kirkjujörðum vísast til síðari hluta álitserðarinnar varðandi hverja einstaka jörð. Til fróðleiks fylgir þó listir yfir kirkjujarðir í Árnassýslu, unnin upp úr skrá um ábúendur og eftirgjöld ríkisjarða í maí 1980. Þar kemur fram eftirgjald jarðanna í gömlum krónum, þó þess sé ekki getið í öllum tilvikum. Þess ber að geta, að byggingarbréf eru frá ýmsum tímum og í mörgum þeirra ákvæði um lægra eftirgjald en 3% af fasteignamati, enda það ákvæði ekki komið til skjalanna er jarðirnar voru byggðar og er því eftirgjald margra þeirra mjög lágt. Þá ber að athuga, að oftast eru hús og önnur mannvirki á jörðunum í eigu ábúenda. Það athugist að pressetursjörðum er sleppt.

Þá ber að geta þess, að sýslumaður í Árnassýslu hefur byggt jarðeignir Strandarkirkju í Selvogi (Stakkavík og Hlíð) sbr. 4. gr. l. 50/1928 og 3. gr. brb. rg. 20/1931.

ÁRNESSÝSLA	
BISKUPSTUNGNAHREPPUR	
Torfastaðir	36.000
Vegatunga	1.426
GAULVERJABÆJARHREPPUR	
Dalbær	193.000
Gaulverjabær	3.600
Gerðar	25.000
Hamar I	2.500
Hamarshjáleiga	164.000
Haugur	
Eystri-Hellur	29.000
Syðri-Völlur	10.000
GRÍMSNESHREPPUR	

Kaldárhöfði	122
HRAUNGERÐISHREPPUR	
Bollastaðir	230
Hellir	15.000
Hraungerði	175.000
Hryggur	294
Kjartansstaðir	562.000
Lambastaðir	28.000
Langsstaðir	65.160
Skeggjastaðir	22.000
Váli	30.000
HRUNAMANNAHREPPUR	
Kaldbakur	2.000
LAUGARDALSHREPPUR	
Ketilvellir	200
Miðdalskot	7.804
SELVOGSHREPPUR	
Stakkavík m. Hlíð	1.050.000
Strönd	
Vogsósar I	250
Vogsósar II	250
SKEIÐAHREPPUR	
Andrésfjós	12.000
Björnskot	7.000
Minni-Ólafsvellir	34.000
Norðurgarður	245
Ólafsvellir	3.250
Vesturkot	250.000
ÞINGVALLAHREPPUR	
Arnarfell	517.000
Brúsastaðir	5.000
Fellsendi	12.000
Heiðarbær I	203
Heiðarbær II	
Kárastaðir	
Svartagil	
Vatnskot	
ÖLFUSHREPPUR	
Hóll	Auð
Hvoll	18.000
Krókur	Auð
Kross	3.500
Nethamar	5.000
Stöðlar	
Vellir	1.500

Samtals er eftirgjald kirkjujarða í Árnassýslu 1980, g.kr. 3.303.534.-

2. *Um prestssetur*

a. **Lög 46/1907 og fyrri lagahefð.**

Í lögum 46/1907, 4. gr., er kveðið svo á, að „þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrétti á því framvegis.“

Þetta er tekið fram vegna þeirra breytinga á kjaramálum presta, sem löginn kveða að öðru leyti á um. Löginn um sölu kirkjujarða frá sama ári (nr. 50/1907) skilja undan þær kirkjujarðir, sem prestar sitja á (2. gr.) og er það gert til samræmis við og áréttingar á fyrrgreindu ákvæði. Að sjálfsögðu er átt við prestsembættin, sem hlut eiga að máli, en ekki þá einstaklinga, sem embættin skipa, þegar löginn taka gildi. Ákvæðin staðfesta aldagamla lagahefð. „Ákveðin prestssetur“ voru í fyrst lagi heimajarðir lénskirknanna. En fyrri lög og reglur höfðu einnig tryggt svonefndum þingaprestum ábýlisjörð í köllum þeirra, kirkjujörð. Við breytingar þær á skipan kirkjumála, sem urðu á 16. öld, var þess gætt, að sem minnst röskun yrði á ytri högum og aðstöðu presta almennt, og einnig var reynt að bæta stöðu tekjurýrustu brauða. Biskuparnir Gísli Jónsson og Guðbrandur Þorláksson fengu því framgengt, að veittur var styrkur af konungsfé til fátækra presta, 200 dalir árlega til Skálholtsbiskupsdæmis, 100 til Hóla. Gísli biskup náði því fram, að höfðustóllinn var lagður út í jörðum í hans biskupsdæmi, prestum til leigulausrar ábúar og tekna. Valdi biskup sjálfur jarðirnar, 32 konungs-(klaustra-) jarðir, og nam árlegt afgjald af þeim rúmlega 218 dölum. Það að auki lagði Gísli biskup 6 stólsjarðir prestum til ábýlis. Framlagið til Hólastiftis átti að greiðast af leigu Möðruvallaklausturs um hendur höfuðsmanns, en sú skipan gafst illa og olli Guðbrandi mæðu og erjum við höfuðsmann. Síðar fékk Guðbrandur konung til þess að skipa svo til, auk þeirra jarða, sem prestar höfðu haft til ábýlis að fornu, skyldu 6 stólsjarðir Hóla afhentar prestum til ábúðar afgjaldslaus og ennfremur tvær klaustrajarðir með sama hætti. Þá skyldi vera fast prestssetur í Grímsey (Miðgarður), en svo var ekki áður. Ennfremur var ákveðið, að prestur og djákni skyldu vera á hverju klaustri og hafa þar uppeldi, en væri presturinn giftur átti hann að fá klausturjörð til ábúðar. Oddur biskup Einarsson fékk til lagðar tvær jarðir í Vestmannaeyjum, prestunum tveimur þar til ábýlis án eftirgjalds.

Í reynd var farið með þær jarðir, sem lagðar voru prestaköllum með þessum hætti, sem hverjar aðrar kirkjujarðir og aldrei voru hafðar uppi neinar kröfur um „endurheimtu“ þeirra frá prestaköllunum. Hefur þetta nú helgast af aldalangri hefð og verður því að telja, að viðkomandi jarðir hafi yfirleitt orðið kirkjueignir í sama flokki og fyrri léns- og kirkjujarðir, - því heldur sem um var að ræða klaustra og stólsjarðir. Frá þessari meginreglu kunna þó að vera einhverjar undantekningar, sem yrði þá að leiða í ljós í hverju einstöku tilfalli.

Löggjöfin frá 1907 miðar við status quo um prestssetur en markar ekki beinum orðum framtíðarstefnu með tilliti til nýrra prestsembætta, ef stofnuð yrðu, né viðbrögð við þjóðfélagsbreytingum, er kynnu að gera flutning á prestssetri nauðsynlegan. Slík þróun var þó bersýnileg, þegar löginn voru sett, þorp og bæir voru að vaxa við sjávarsíðuna og augljóst, að það hlaut að geta breytt aðstöðu prestanna til þjónustu og knýja á um flutning á aðsetri þeirra. En þó að bókstafur laganna nái ekki lengra, er óhjákvæmilegt að álykta, að þau hafi mið af þeirri grónu lagahefð, að hver sóknarprestur skyldi hafa fast aðsetur í kalli sínu, er lagt væri embættinu til. Það var um aldir eindregin stefna og regla kirkjunnar. Sú regla gat ekki verið bundin við hið forna bændasamfélag né við status quo kirkjulegra skipulagsmála í byrjun þessarar aldar. Þetta var líka viðurkennt í lögum, sem síðar voru sett, eins og senn verður vikið að.

b. Um hýsingu prestssetra almennt.

Fyrir á tíð báru prestar alla ábyrgð sjálfir á hýsingu prestssetranna. Embættin áttu að standa undir kostnaði af þeim sökum. Ströng ákvæði voru um skyldur presta í þessu efni (sbr. t.d. konungsbréf frá 11. maí 1708). (1) Að sjálfsögðu var aðstaða þeirra mjög misjöfn. Sæmilega efnaðar eða auðugar kirkjur höfðu nægilegar tekjur til þess að unnt væri að húsa staðina vel, bæði hvað snerti kirkjuna og bæjarhúsin (sbr. t.d. Grenjaðarstaði, Laufás, Glaumbæ). En staðarforráð presta fólu í sér fjárhagsábyrgð, sem gat orðið þungbær í harðærum eða ef óhöpp urðu.

Lögin frá 1907 voru til þess sett að auðvelda og bæta starfsaðstöðu presta og jafna kjör þeirra. Var miklu fórnað í þessu skyni, þar sem prestsembættum var stórlega fækkað. Eins og fram kemur fyrir í þessari álitsgerð, var það grundvallaratriði við setningu þessara laga, að eignir kirkjunnar skyldu sem áður standa að miklu leyti undir kostnaði við starfsmannahald hennar (l. nr. 50/1907, 15. og 16. gr.). En það hlaut að blasa við, að hýsing prestssetra var sérstakt úrlausnarefni, sem prestum var ekki ætlandi að leysa með embættistekjum sínum. Á sama ári voru þá líka sett lög um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum (l. nr. 30/1907). Á landshöfðingjatímabilinu höfðu prestar átt kost á lánum úr landssjóði til þess að bæta húsakost prestssetranna. Þetta voru svonefnd embættislán, veitt gegn veði í tekjum prestakallsins og hvíldu á því, þótt mannaskipti yrðu. Í nefndum lögum er miðað við sama fyrirkomulag. Þar er tilgreind (1.gr.) ákveðin upphæð, 15 þús.kr. á ári sem lánsfé, er landssjóði beri að leggja fram meðan á þarf að halda, til þess að koma upp sæmilegum íbúðarhúsum á prestssetrum landsins (1.gr.). Hvert lán mátti ekki fara fram úr 3000.00 kr. Lánin áttu að ávaxtast með 4% á ári, þ.e. 3 ½ % í vexti og ½% í afborgun. Lánin voru embættislán og stóðu allar tekjur embættisins í veði fyrir upphæðinni og vöxtum hennar. Í 13. gr. er ákvæði um fyrningarsjóð: Þar sem hús var reist að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfé úr landssjóði, átti prestur árlega, auk afborgana og vaxta, að leggja ½% af virðingarverði hússins í fyrningarsjóð, sem skyldi ávaxta í Útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands (16.gr.). Í lögnum er kveðið á um endurgreiðsluskyldu sjóðsins á innborguðu fé og vöxtum af því. Ennfremur er kveðið á um álagsskyldu presta ef slit og gallar fari fram úr venjulegri fyrningu. Þessi lög höfðu vitanlega annmarka fyrir þá, sem áttu að njóta þeirra, eða þau embætti, sem lánin hvíldu á. Þau héldust þó lítt breytt í nær aldarfjórðung. Þær breytingar, sem gerðar voru á þeim 1913 (l. nr. 25 þ.á.), voru smávægilegar. Þar var hámark lánsfjárhæðar til prestsseturs hækkað í kr. 5.000.00.

c. Lög 63/1931

Árið 1931 samþykkti Alþingi lög um hýsing prestssetra, nr. 63/1931. Þar er svo fyrir mælt, að á fjárlögum skyldi árlega veita styrk til að reisa minnst tvö íbúðarhús á prestssetrum (2.gr., 12000 kr. á hvert hús). En nægi ekki styrkurinn fyrir byggingarkostnaði, að viðbættu andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrinu, veitir Kirkjujarðasjóður lán (ekki yfir kr.8000), sem voru embættislán, tryggð með launum hlutaðeigandi prests (3. og 4.gr.). En sé, að mati húsameistara ríkisins, réttara að endurbæta eða byggja við hús, sem fyrir er, en að reisa nýtt, er ráðherra heimilt að veita til þess fé úr Kirkjujarðasjóði, tvo þriðju sem styrk, þriðjung sem lán (18.gr.), en sjálfur skal prestur greiða þann hluta byggingarkostnaðar, sem var umfram styrk og lán eftir 2. og 3.gr. En kost skyldi prestur eiga á embættisláni úr Kirkjujarðasjóði, ef hann gat ekki greitt þann hluta kostnaðar, sem honum bar. Í 11.gr. eru tekin tvímæli um það, að lögin taki einnig til prestsseturshúsa í þéttbýli, því þar er svo fyrir mælt, að sé presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, sé bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til hentuga lóð undir íbúðarhús hans. Þessi lög taka og til peningshúsa á

prestssetrum. Er prestum heimilað að vinna af sér eftirgjald og kvaðir á ábýlisjörðum sínum og því, er þeim fylgdi, með útihúsabyggingum samkvæmt nánari skilmálum (20.gr.), en veita skyldi fé til efniskaupa (járn og steinlím) úr ríkissjóði (21.gr.). En 23.gr. mælir svo um, að sé, að dómi ráðuneytisins, nauðsynlegt að reisa stærra peningshús en svo, að þriggja ár eftirgjald og kvaðir á prestssetrinu hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum, skuli ráðuneytið lána fé úr Kirkjujarðasjóði. Voru það einnig embættislán. Prestar skyldu á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss og peningshúsa (13. og 25.gr.) og greiða álag við brottför eftir mati. Þar sem hús var reist eftir lögum þessum skyldi prestur árlega leggja fram ½% af styrk samkvæmt 2. og 18.gr. í sjóð, sem var eign prestakallsins og nefndist Fyrningarsjóður, og skyldi ávaxta hann í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands (14.gr.). Hliðstæð ákvæði eru um Fyrningarsjóð peningshúsa í 25. og 26.gr. Einnig hann var eign prestakallsins og skyldi prestur árlega greiða í hann 1% af framlagi ríkisins til peningshúsa.

d. Lög 38/1947.

Ný lög voru sett 1947 um skipulag og hýsingu prestssetra, nr.38/1947. Þau byggja á lögnum frá 1931 í öllum grundvallaratriðum nema að því leyti, að nú er ekki talað um styrk, heldur er ríkissjóði gert að kosta byggingu íbúðarhúsa á prestssetrum að svo miklu leyti sem andvirði niðurlagðra bæjarhúsa ásamt hæfilegu álagi á þau (sem prestur átti að greiða) og innistæða fyrningarsjóðs prestakallsins í Söfnunarsjóð hrökk ekki til (4.gr.). Í öðru lagi er breytt til frá fyrri lögum að því leyti, að nú er ekki tiltekið, hve mörg prestssetur skuli reisa árlega, heldur segir, (5.gr.), að reisa skuli árlega prestsseturshús samkvæmt fyrirmælum laganna svo fljótt sem auðið sé og eftir því sem fé sé veitt til þess í fjárlögum, þar til lokið sé að byggja sómasamlega öll prestsseturshús landsins. Ennþá er í þessum lögum gert ráð fyrir þeim möguleika, að Kirkjujarðasjóður veiti presti embættislán í tilteknum tilvikum (7.gr.). Allt viðhald skyldi prestur annast á eigin kostnað samkvæmt reglum settum af ráðuneyti og greiða við brottför hæfilegt álag samkvæmt mati úttektarmanna (12.gr.). Í 16.gr. er kveðið á um árgjalda prests í ríkissjóð af prestsseturshúsi, er taka skyldi af launum hans. Auk árgjaldsins átti prestur (17.gr.) að greiða í fyrningarsjóð ½% af þeirri upphæð, er honum bar að greiða árgjald af til ríkissjóðs. Fyrningarsjóður var séreign hvers prestakalls og skyldi ávaxtast með sama hætti og áður. Þegar prestakall var prestslaust, átti ríkissjóður að sjá um greiðslu fyrningarsjóðsgjalds af prestsseturshúsinu. Auk þess var ríkissjóði gert að leggja árlega til fyrningarsjóðanna jafnháa upphæð og fyrningarsjóðsgjald nam samkvæmt ákvæðum laganna. Í II. Kafla þessara laga er kveðið á um byggingu peningshúsa o.fl. og talað um styrk í því sambandi (18.gr.). Af framlagi ríkissjóðs til útihúsa samkvæmt lögnum, svo og af framlagi því til peningshúsa, sem ríkið hafði innt af hendi skv. l. 63/1931, skyldi prestur greiða árlega 1% í endurbyggingarsjóð útihúsa. Ríkissjóður skyldi árlega leggja jafnháa upphæð á móti og annast greiðsluna alla, þegar prestakall var prestslaust. Endurbyggingarsjóðir útihúsa voru séreign hvers prestakalls.

Fyrirvarar 5.gr. þessara laga, að reisa skyldi árlega prestsseturshús uns lokið sé að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins en eftir því sem fé sé veitt til í fjárlögum, hafa orðið þungir fyrir, þegar til framkvæmda kom, þótt misjafnt væri það eftir viðhorfi fjárveitingarvaldsins hverju sinni.

e. Lög 27/1968.

Lögin um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968, voru látin taka til prestsseturshúsa eins og annars húsnæðis, sem notað er til íbúðar fyrir starfsmenn

ríkisins, og „ríkið á að einhverju eða öllu leyti“, eins og segir í 1.gr. Jafnframt voru lög nr.38/1947 numin úr gildi.

Ljóst er að við þessa lagasetningu er gengið úr frá því, að ríkissjóður eigi einn allt íbúðarhúsnæði á prestssetrum. Verður ekki önnur ályktun dregin af framsöguræðu flutningsmanns, er hann mælti fyrir frumvarpi til þessara laga, og er enga athugasemd að finnar þar að lútandi í umræðum. Í greinargerð með 1.gr. segir m.a., að ríkissjóður eigi einn eða í einhvers konar sameign með sveitarfélögum nær 500 íbúðir, (1) og þar sem flutningsmaður gerir nánari grein fyrir þessum 500 íbúðum nefnir hann 106 prestssetur. (2) Ekki er þessi skilningur óumdeildur, svo sem rakið hefur verið hér að framan og nánar verður vikið að síðar.

Í 2.gr. er megintilgangur laganna sagður sá, að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði “...nema því aðeins að þeir gegni störfum í þeim landshlutum þar sem sérstakir staðhættir geri slíkt nauðsynlegt. Þó skal heimilt að leggja til húsnæði þeim starfsmönnum, sem vegna sérstakra gæslustarfa þurfa að búa á vinnustað”. Það skal síðan vera ákvörðum hlutaðeigandi ráðherra, í samráði við fjármálaráðherra, hvar ríkið leggi slíka aðstöðu til og farið eftir þeim meginreglum, sem settar verði í reglugerð (sbr. 13. og 11.gr.).

Síðan þessi lög tóku gildi (og reglugerð við þau, nr.104/1970) hefur í reynd verið litið svo á, að þau tækju til allra prestsseturshúsa á landinu. Hafa mörg hús í þéttbýli verið seld en önnur bíða sölu, sem þeir prestar halda enn er höfðu fengið hús til afnota fyrir gildistöku laganna (sjá og breytingu á reglugerðinni 1982), og er það í samræmi við ákvæði til bráðabirgða, er fylgdi tédum lögum. Þar sem prestsseturshús hafa fengið að standa en prestaskipti hafa orðið eftir að löggin tóku gildi, er húsaleiga einnig miðuð við þessi nýju lög.

Prestsseturshús eru nú 88 að tölu og hefur fækkað um 18 frá gildistöku l. 27/1968, sbr. nánar fylgiskjal nr.11.

f. Um eignarréttinn o.fl.

Andvirði hinna seldu húsa, sem flest voru reist samkvæmt lögnum 1931 og 1947 og lögð viðkomandi prestaköllum, hefur yfirleitt runnið í ríkissjóð og hvorki komið söfnuðunum né kirkjunni í heild að beinum notum. Virðist sú ráðstöfun næsta umdeilanleg með tilliti til þeirrar stöðu, sem þessar eignir höfðu að lögum og eins og til þeirra var stofnað. Aftur skal vakin athugli á því, að til ársins 1931 voru aðeins veitt lán til bygginga prestssetrum. Embættin skyldu endurgreiða lánin með vöxtum. Frá 1931 voru veittir styrkir til þessara bygginga. Veitandi láns eða styrks fær ekki eo ipso eignarhald á því, sem kostað er með slíkum fjármunum. Það getur verið túlkunaratriði, hvort breytt orðalag laganna frá 1947 telst fela í sér grundvallarbreytingu á eðli þeirra framlaga ríkisins til prestssetra, sem þau lög gera ráð fyrir. Hvernig sem það væri túlkað sýnist ekki eðlilegt, að ríkið taki einhliða ákvarðanir um sölu á húseignum, sem reist voru samkvæmt l. 1931 og 1947 og lögð söfnuðum eða embættum þjóðkirkjunnar til í samræmi við þau. En sú spurning hlýtur líka að vakna, hvort sú ráðstöfun að láta andvirði þessara húsa renna í ríkissjóð fái fyllilega staðist gagnvart 67.gr. stjórnarskrárinnar. Prestsseturshúsin voru óumdeilanleg eign prestakallanna (embættanna) og hlutverk þeirra var að gera starf kirkjunnar mögulegt á viðkomandi stað. Húsin voru hluti af þeirri heild, sem embættunum tilheyrði og þeirri grundvallaraðstöðu hefur aldrei verið breytt með lögum hætti. Þau voru lögð prestunum til, sem þeir tóku undir sjálfum sér. Samhliða nytjarétti báru þeir fulla ábyrgð á þeim og fjárhagsskyldur, en var líka gert að tryggja stöðu þeirra, eins og annarra kirkjueigna, fyrir eftirkomendum með launum sínum.

Þess vegna má leiða að því rök, að bak við öll prestssetur í landinu, einnig þau sem aðeins eru orðin hús á lóð, standi sjálfseignarstofnun sem trygging fyrir rétti prestssetursins, sbr. það sem áður sagði um jarðeignirnar. Þótt ríkið hafi lagt til þessara húsa nokkurt fé, einkum á seinni áratugum, og annast viðhald þeirra að nokkru leyti og staðið að endurnýjun þeirra, gat slíkt ekki falið í sér breytingu á grunneignarréttingum. Það kom líka einkum til eftir að almenn verðlagsþróun í landinu gerði öðrum aðilum, sem það hlutverk var ætlað að lögum, það erfitt eða ókleift. Í því sambandi kemur a.m.k. til álita, hvernig skyldur þeirrar fjárvörslu, sem það hefur á hendi fyrir hana.

Af framansögðu er ljóst, að ekki er óumdeilt að lög in um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins skuli látin taka svo alfarið til prestsseturshúsa, sem raunin er, þótt dómsúrskurðar hafi ekki verið leitað um það mál. Minnt skal á, að lög in frá 1968 mættu harðri andstöðu kirkjulegra yfirvalda og prestastéttarinnar. Þegar frumvarpið var til meðferðar á Alþingi reyndu biskup og stjórn Prestafélags Íslands að þoka málum prestssetranna nokkuð til réttar áttar. Bent var á t.d., að þótt eðlilegt gæti talist að prestar í þéttbýli ættu kost á að búa í eigin húsnæði, væri réttmætt að andvirði seldra prestssetra yrði notað til stjórnsstofnunar og sá sjóður veitti þeim prestum lán, sem kynnu að flytjast í þéttbýlið og ættu erfitt um um vik að eignast húsnæði. Var sú ábending, sem var að nokkru leyti í samræmi við fyrri ráðstöfun kirkjueigna, kynnt Fjárhagsnefnd Efri deildar. Þá var og reynt að koma því til leiðar, að söfnuðum gæfist kostur á að eignast formlega prestsseturshús þau, sem um var að ræða, með viðuráðanlegum kjörum. Skyldur ríkisins við þjóðkirkjuna hljóta einnig að koma til álita varðandi þau prestsseturshús, sem reist hafa verið einvörðungun með tilstyrk ríkisins eftir gildistöku laganna frá 1968 og lögð söfnuðum í sveitum, bæjum og þorpum. Að öðru leyti má þó telja eðlilegt að líta á þau hús, sem óumdeilda ríkiseign. En um það getur þó ekki verið ágreiningur, að þar sem prestssetursjörð eða kirkjujörð hefur beinlínis verið seld í því skyni að afla fjár til þess að reisa prestsseturshús í kallinu, þá eigi kirkjan það hús eða a.m.k. þann hluta þess, sem samsvarar jarðarverðinu. Svipað hlýtur einnig að gilda um það, er andvirði selds prestsseturshúss í þéttbýli, sem byggt var í tíð eldri laga, hefur verið látið renna upp í byggingarkostnað eða kaupverð nýs prestsseturshúss þar, eftir gildistöku laganna frá 1968.

Þá hlýtur fyrningarsjóður prestssetra og útihúsa þeirra að koma til álita, einkum hinn fyrr taldi. Allt frá árinu 1908 voru honum ætlaðar tekjur, heimtar af prestum sem lögbundið iðgjald af lánnum og styrkjum til prestsseturshúsa. Báðir sjóðir eru lögmælt séreign hvers prestakalls, (1) varsla þeirra og ávöxtun lögbundin. Hvað hefur orðið um það fé?

Vitanlega er hér snert við máli, sem varðar fleiri sjóði og opinbera meðferð á þeim. Verður að líkindum seint leiðrétt sú alvarlega þróun, sem átt hefur sér stað í þessu efni. Ótaldir sjóðir, stofnaðir með lögum eða með gjöfum góðra manna í þegnlegu skyni með löggildum skipulagsskrám, hafa horfið án þess að ábyrgðaraðilar gætu við því spornað með tilstyrk ríkisvaldsins. En um fyrningarsjóð prestakallanna sérstaklega er augljóst, að væru lögmælt og innheimt gjöld presta til þeirra frá upphafi umreiknuð til núverandi peningagildis, þá væri þar um að ræða talsverða inneign prestakallanna. Einnig má benda á ávöxtun og rekstur Kirkjujarðasjóðs og hvernig það hefur gagnast ætlunarverki hans (um söluskilmála kirkjujarða sjá l. nr.50/1907, 13.gr.).

Við samsteypur prestakalla hurfu mörg prestssetur úr sögunni sem slík. Með lögum 1880 var prestaköllum fækkað úr 174 í 142, með lögum 1907 fækkaði þeim í 105. Nær 70 bújarðir hverfa með lögum þessum hvorum tveggja úr ábúð presta. Lög in

1880 ákváðu, að kirkjujarðir og aðrar fasteignir, ítök og hlunnindi þeirra prestakalla, sem lögð voru niður, skyldur hverfa til þeirra brauða, sem þau voru sameinuð við. Samsvarandi ákvæði er ekki í l. 1907, en í l. 31/1952, 7.gr., segir að andvirði prestssetra þeirra, sem lögð voru niður samkvæmt þeim lögum, skyldi verja til húsbygginga og annarra endurbóta á prestssetrum í viðkomandi prestaköllum. Hliðstætt ákvæði er ekki í l. 35/1970, enda var þegar þau lög voru sett, sú stefna ráðandi með áhrifamönnum um löggjafarmál að létta sem mest opinberar skyldur gagnvart prestssetrum (sbr. l. 27/1968). Þær jarðir, sem hurfu úr umsjón presta, þegar prestaköll voru lögð niður, hafa eins og fyrr greinir farið í flokk með þeim kirkjujörðum, sem hafa verið undir stjórn Landbúnaðarráðuneytisins. En ennþá fylgir jarðnæði nær öllum prestaköllum til sveita, í flestum tilvikum forn og góðfræg prestssetur. Bera sóknarprestar ábyrgð á þeim samkvæmt lögmæltum reglum. Á móti ábyrgðinni kemur það, að prestar njóta ábatans af nytjum jarðanna. Hefur á stundum getað verið álitamál, hvort vegur meira, ábyrgðin eða nytjarnar.

Menn hafa oft einblínt á það, hvernig þessar jarðir þóttu vera setnar (sbr. umræður á Alþingi um frumvarp til laga um að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum, sem varð að l. 26/1953), en litið framhjá því, að hlutaðeigandi prestar voru og eru umboðsmenn yfir kirkjueign og fylgir það umboð embættinu, hvort sem líta má á það sem kvöð eða fríðindi.

Fyrr á tíð voru ýmsir presta meðal helstu frömuða í landbúnaðarmálum, eins og alkunnugt er, og allt til þessa dags hefur góðbúskapur verið rekinn á sumum prestssetrum. Á tímabili var það þáttur á ákveðinni landbúnaðarstefnu að taka hluta af prestssetursjörðum undir nýbýli (sbr. nefnd lög frá 1953, heimildarlög, sem hefur reyndar ekki verið breitt), þar sem menn töldu, að þessar jarðir, að jafnaði nokkuð landmiklar, væru ekki fullnýttar. Munu á bak við þetta hafa verið m.a. landlæg sjónarmið í sumum héruðum, þar sem mönnum hafi vaxið í augum landkostir prestssetursjarða, enda þess skammt að minnast, að dugmiklir prestar ráku umsvifamikinn og arðsaman búskap á þeim og héldu þær sem höfðuból. En á því skeiði, sem fyrr nefnd nýbýlastefna lét sem mest til sín taka, hafði öll aðstaða presta til búrekstrar orðið örðug vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Og prestar nutu ekki sömu kosta og bændur um fyringreiðslu, t.d. vegna útihúsa, þar sem gert var ráð fyrir framlagi í fjárlögum til slíkra framkvæmda á prestssetrum, en sá liður fjárlaga hefur nánast verið dauður bókstafur í áratugi.

Með gjörbreyttum viðhorfum í landbúnaðarmálum hafa þau rök, sem uppi voru höfð um skiptingu prestssetursjarða, misst allt gildi. En á næstliðnum áratugum hafa nýbýli verið stofnuð á allmörgum prestssetursjörðum (sbr. fylgiskjal nr. 10), stundum að ósk prestanna sjálfra, stundum án þess að atkvæða þeirra eða kirkjulegra yfirvalda væri leitað. En öll þessi býli eru í eignarréttarlegu tilliti hluti af þeirra jörð, sem þau eru byggð úr, og hlýtur land þeirra því að teljast kirkjueign, nema selt hafi verið (viðurkennt í l. 26/1953, 2.gr.).

Dæmi eru til um ráðstafanir stjórnvalda á prestssetrum, sem verða að teljast vafasamar með tilliti til lögmæltrar sérstöðu þeirra og raunar í beinni andstöðu við ákvæði 4.gr. laga 46/1907. Má þar nefna Grenjaðarstað og Reykholt. Þingvellir koma einnig til álita. Nefndin telur það ekki á verksviði sínu að taka mál þessara prestssetra til meðferðar sér á parti, vísar aðeins til þeirra grundvallarsjónarmiða, sem koma fram í nefndarálitinu og gilda að hennar mati um þessi prestssetur eins og önnur og um kirkjueignir almennt. Er og nefndinni kunnugt um, að verið er að athuga málvexti varðandi Reykholt og Þingvelli og telur hún brýnt, að sú athugun verði gagnger og leiði til viðhlítandi niðurstöðu.

Að því er áður vikið í álitni nefndarinnar, að jarðir prestssetra, sem hafa margfaldast að verðmæti vegna þéttbýlismyndunar í landi þeirra eða í næstu grennd, hafa verið hlutaðar sundur og seldar, og andvirðið, löngum mjög undir sannvirði, almennt eigi komið kirkjunni til neinna nota. Viðkomandi presti hefur verið bættur áætlaður tekjumissir, enda hafði hann stundum notið einhverra tekna af lóðaleigu. En sú uppbót var bundin við þann mann, sem veitingu hafði fyrir kallinu, þegar salan fór fram, en ekki embættið né kirkjuna, sem eignina átti.

g. Ályktarorð

Nefndin telur tímabært og nauðsynlegt að athuga sérstaklega skyldur og réttindi presta gagnvart prestssetursjörðum og prestsseturshúsum. Það þarf að gerast um leið og leitað er frambúðarlausnar á málefnum kirkjueigna almennt og hafa þá í huga allt í senn: Hagsmuni stéttarinnar, rétt og hag viðkomandi kirkna og gagnsmuni Þjóðkirkjunnar allrar.

Nefndin er einnig sammála um, að prestsseturshús sem reist voru á grundvelli laganna 1907, 1931 og 1947, geti ekki óvæfengjanlega fallið undir „íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins“ og til álita komi jafnframt það húsnæði (a.m.k. að hluta til), sem ríkið hefur lagt til á grundvelli laganna 1968. Nefndin telur þó nauðsynlegt að endurskoða eldri reglur um ábyrgð á prestsbústöðum, þar sem land fylgir ekki, viðhaldi þeirra og endurnýjun.

3. Um heimild presta til ráðstöfunar á prestssetursjörðum.

Löng venja er fyrir því, að prestar geti m.a. leigt frá sér hluta af landi ábýlisjarða sinna um takmarkaðan tíma (til eins fardagaárs í senn), en heimild til varanlegra ráðstafana, sem skerða prestssetursjörðina eða leggja á hana kvaðir, hefur prestur almennt ekki, án samþykkis viðeigandi yfirvalda, nú Dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Í þessu sambandi má, til skýringar, benda á dóm Hæstaréttar í Hrd. 1933, bls. 101, þar sem sóknarpresti sem gert hafði, á eigið einsdæmi, dómssátt um landamerki prestssetursjarðar sinnar, var mælt það óheimilt, eins og málið var vaxið. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m.a.: “Það hefur aldrei verið litið svo á, að prestar séu umráðamenn prestssetranna í þeirri merkingu, að þeir hafi heimild til, án samþykkis kirkjustjórnarinnar, að gera bindandi samninga um landamerki prestssetranna....”

X. UMRÆÐUR OG ÁGREININGUR UM KIRKJUEIGNIR Í NOREGI O.FL.

Við siðaskipti á Norðurlöndum, eða í kjölfar þeirra, hvarf sjálfsforræði kirkjunnar í verulegum mæli og hin æðsta stjórn kirkjulegra mála færðist yfir til konungs. Enn styrktist sú skipan eftir að fullkomið konungseinveldi komst á. Konungsvaldið lagði alls staðar undir sig ýmsar kirkjulegar eignir, en í mismiklum mæli eftir löndum. Í Svíþjóð var þeirri skipan komið á 1527, með atbeina konungs og ríkisþings, að konungur skyldi taka undir sig þær kirkjueignir og kirkjutekjur, sem kirkjan hefði eigi þörf fyrir. Það var hins vegar konungur sjálfur, sem skar úr um það, hvers kirkjan þarfnæðist. Í skjóli þessa lagði hann undir sig kirkjueignir í stórum stíl og öll tíund skyldi nú renna í ríkissjóð. Hann lagði einnig undir sig allar klaustraeignir. Smátt og smátt tóku embættismenn þar einnig að líta svo á, að konungur eða ríkið ættir jarðeignir lénskirkna, en þær voru að mestu látnar óáreittar við siðaskipti. Þar í landi hefur ekki verið gert út um eignarréttinn að þessum jörðum, en í hinu merka riti sínu „Den kyrkliga jordens raattsliga staalling i Sverige- en raattshistorisk undersökning“ (Uppsala 1920) komst Erik Schalling m.a. að þeirri niðurstöðu, að um væri að ræða

sjálfseignarstofnanir, hvað varðaði hinar gömlu lénskirkjur. Hann segir í ályktarorðum sínum: “Den föregaende framstaallningen torde visa, att i princip i Sverige de gamla lokalkyrkorna – aro betrakta sasom sjalvagande stiftelser eller anstalter” (1) Í Danmörku féll klaustursgóss undir konung en jafnframt tók hann eignir biskupsstóla (1536) og breytti mörgu um biskupsembættin. Hið sama gerðist í Noregi, en eignir lénskirkna voru hins vegar látnar óhreyfðar. Hvað Noreg varðar voru allmargar kirkjujarðir seldar þar á 18.öld, en síðan var ákveðið, árið 1809, að allar jarðeignir kirkna, aðrar en prestssetursjarðir (þ.e. „mensalgóssið“, svokallaða) skyldu seldar, og gætti þar m.a. þeirrar stefnu að æskilegast væri að sem flestar jarðir væru í bændaeign. Nánari reglur um þessa sölu komu síðan til 1821 og úr því var farið að selja eignirnar. Stóð salan út alla 19. öldina og má geta þess, að 1892 var þar búið að selja 8380 jarðir og voru þá einungis um 70 eftir óseldar. (2) Andvirðið var lagt í sérstakan sjóð “Oplysningsvesenets fond” (þriðjungur vaxta rann til háskólans). Prestssetursjarðirnar, sem margar voru stórar og góðar, voru hins vegar almennt ekki seldar, en þó var, eftir 1882, farið að selja parta úr þeim og fór þá andvirðið í sérstakan sjóð, „Prestegaardsfondet“, sem stóð í tengslum við hinn fyrrnefnda sjóð, en honum skyldi m.a. varið til prestlauna og byggingar eða viðhalds prestsbústaða úti um landið (þ.e. ekki bundið við þá sókn, er prestssetursjörðin stóð í). Út af þessu reis dómssmál. Öystre Toten-sveit fór í mál við Kirkjumálaráðuneytið og krafðist þess, að andvirði þess, sem selt var af tiltekinni prestssetursjörð þar, tilheyrði prestsembættinu á staðnum og að arð fjárins mætti einungis nota til hagsbóta fyrir þá sókn. Þess skal getið, að í 106. gr. norsku stjórnarskrárinnar frá 1814 segir: „Saavel kjøbesummer som indtægter af det geistligheden benificerede gods skal blot anvendes til geistlighedens bedste og oplysningens fremme“. Niðurstæða hæstaréttar Noregs var sú, að reglurnar um framangreinda ráðstöfun „Prestsetrasjóðsins“ væri eigi andstæðar stjórnarskránni (Rt. 1911, bls. 122), en eigi var þar skorið úr um hinn eiginlega eignarrétt að prestssetursjörðunum eða öðrum kirkjujörðum, sem enn voru óseldar, né heldur hefur það síðar verið gert á ótvíræðan hátt. Nokkru áður var hins vegar stofnað til málaferla af svipuðu tilefni, sem að vísu lauk án dómsuppsögu, og voru þar m.a. lagðar fram mjög ítarlegar álitgerðir (prentaðar greinargerðir) um eignarrétt yfir kirkjugóssinu eftir tvo valinkunna fræðimenn, þ.e. Absalon Taranger og Ebbe Hertzberg. Ritgerð Tarangers var prentuð í Norsk Retstidene 1896 og nefndist hún “Om Eiendomsretten til de norske Præstegaarde”, en greinargerð Hertzbergs var í bókarformi og nefndist „Om Eiendomsretten til det norske Kirkegods“. En retshistorisk Betænkning” (Kria 1898). (3) Í sem stystu máli var það niðurstæða Tarangers, að hér væri um sjálfseignarstofnanir að ræða og hefði svo ætíð verið, en Hertzberg taldi, að páfinn hefði fyrir á tíð verið „yfireigandi“ alls þessa góss, en sá eignarréttur síðan gengið til konungs um siðaskipti og væru þessar eignir nú allar ríkiseign (eða þá að öðrum kosti eign „Oplysningsfondet“, svo sem norskir eignarréttarprófessorinn Fredrik Brandt hafið reyndar einnig haldið fram í bók sinni um eignarrétt (1867, bls. 206). Kemur þarna á skýran hátt fram bergmál af þeim tveim andstæðu meginkenningum, sem um þetta efni stóðu fyrir á öldum. Aðra kenninguna (sem Hertzberg fylgdi) mátti m.a. rekja til Bernharðs frá Clairvaux (1090-1153), þess mikla lærdómsmanns og stofnanda klaustursreglu, en samkvæmt henni var páfinn (eða Páfastóll) í raun eigandi (eins konar „yfireigandi“) allra kirkjueigna. Tómas frá Aquino (1227-1274), einn mesti hugsuður miðalda, andmælti hins vegar þessari kenningu („páfakenningunni“). Hann taldi, að páfinn væri einungis hinn æðsti stjórnandi eða umsjónarmaður kirkjueignanna og að páfi eða páfastóll ætti því ekki eignarrétt nema með sérstakri heimild. Á grunni þessa þróaðist sú kenning, að hver kirkja eða kirkjuleg stofnun (t.d. biskupsstóll eða klaustur) væri sjálf eigandi þess

góss, sem til hennar hefði verið lagt, en undir umsjón kirkjulegra yfirvalda. Taranger byggði m.a. á þessari kenningu um sjálfseignarstofnanir. (4)

Af norskum fræðimönnum, sem hafa tjáð sig um þessi efni á síðari tímum, má m.a. nefna Knut Robberstad, prófessor í lögum, en í ritgerð þeirri, er fyrr var nefnd og víðar (5) lýsti hann þeirri eindregnu skoðun sinni, að eignarréttur hinna kirkjulegu stofnana hefði aldrei verið frá þeim tekinn, hvað varðaði prestssetursjarðirnar og óseldar kirkjujarðir, og rökstuddi það rækilega. Fylgdi hann því niðurstöðu Tarangers og lagði áherslu á, að kirkjan ætti a.m.k. enn það, sem aldrei hefði verið tekið frá henni á formlegan hátt. Á einum stað segir hann: (6) „No er det visst ikkje nokon rettssogekunnig jurist som held paa papalteorien. Læra om at kongen „arva“ all kyrkjeleg eige i reformasjonen vart soleis grunnlaus“. Robberstad átti þó ekki síðasta orðið í þessu máli, og það hefur eigi verið sagt enn. Í riti sínu „Prestegard og prestelønn – Studiar kring problemet eignedomsretten til dei norske prestegardane“ (Oslo 1965) tekur Gudumund Sandvik, síðar prófessor í réttarsögu (hann er sagnfræðingur en ekki lögfræðingur að menntun) þetta efni til ítarlegrar umfjöllunar. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að hér sé um ríkiseign að ræða, hvað kirkjujarðirnar áhrærir, og að bókarlokum dregur hann skoðun sína saman í þessum orðum: (7)

... „Den forvaltning som statsapparatet har utvød over mensalgodset etter reformasjonen, har verkeleg svara til ein eigars disposisjonar. Staten har ikkje hatt ande band paa seg enn omsynet til lønna for sitt geistlege embetsstand. Vidare dei fakta at den norske staten framleis er konfesjonell, og at Stortinget er herre over statens økonomi. – Dermed munnar desse studiane ut i følgjande konklusjon: Staten eig dei kyrkjelege fonda og restane av det benefiserte godset, derunder prestegardene.“

Að síðustu skal þess getið, að í dómi hæstaréttar Noregs frá 10. september 1970 (Rt. 1970, bls. 942) var staðfest, að gamalt hjábýli („klokkergaard“) væri eign tiltekinna kirkju, en dómur þessi, - þótt athyglisverður sé, – gefur að öðru leyti fremur takmarkaðar leiðbeiningar um margvísleg grundvallaratriði um kirkjueignir þar í landi, gagnstætt því sem vænst hafði verið.

XI. HVER ER EIGANDI KIRKJUJARÐANNA? – (og afstaðan til stjórnarskrárinnar).

1. Kirkjurnar eiga enn jarðirnar.

Niðurstaða um það, hvornig háttað sé eignarréttarstöðu þeirra lénskirkjujarða, sem eigi hafa þegar verið seldar, byggist m.a. á sögulegri athugun og eru meginþættir hins sögulega efnis reyndar komnir fram fyrr í þessari álitserð.

Ef miðað er við tímabilið fram til 1907 er engum vafa undirorpið, að mati nefndarinnar, að hver lénskirkja ásamt eignum hennar (beneficium) var sjálfseignarstofnun, (1) (sem var að vísu háð tilsjón kirkjulegra yfirvalda og síðar einnig og ekki síður valdstjórnarinnar). Sá skilningur varð í raun viðurkenndur með niðurstöðu Staðamálanna og síðar varð eigi breyting á grundvallaratriðum lénskirknaskipanarinnar, – t.d. eigi við siðaskipti eða við lagarástafanir í kirkjumálum á síðustu áratugum 19. aldar. Staða og eðli þessara kirkjulegu sjálfseignarstofnana var þó með mjög sérstökum hætti, sbr. síðar, og hver einstök kirkja er nú að sjálfsgöðu eining innan þjóðkirkjunnar. Svo sem ítarlega hefur verið rakið varð mikil breyting á ýmsu, er varðaði skipulag kirkjulegrar starfsemi, í kjölfar lagabreytinga og laganýmæla frá 1907, en eigi verður séð af þeim lögum né neinum þeim heimildum, er nú finnast um undirbúning og meðferð viðkomandi

lagafrumvarpa, að með þeim hafi verið stefnt að breytingum á eða „tilfærslu“ grunneignarréttarins yfir þeim eignum, er hér um ræðir. Er ljóst, að þar var einungis um að ræða breytta skipan á umsjón eignanna, innheimtu afganganna, um ráðstöfun á arði þeirra o.þ.h., – sem stóð í nánú sambandi við breytta tilhögun á tekjum presta landsins (fastar tekjur tryggðar og meiri tekjujöfnuður en áður). Kirknaeignirnar áttu reyndar, enn sem fyrr, að standa undir tekjum prestanna, a.m.k. að hluta, en þó með öðrum hætti en fyrr og var þá einnig gert ráð fyrir nokkrum fjárstuðningi ríkisvaldsins. Afskipti veraldlegra embættismanna og ríkisvaldsins af kirkjueignunum urðu nú mun meiri en áður hafði verið, auk þess sem stuðlað var að því að söfnuðir tækju umsjón kirknanna í sínar hendur og fjármál þeirra innan vissra marka.

Þessi miklu og nánú tengsl veraldlega valdsins við kirknaeignirnar, sem þá stofnuðust, jafngilda engan veginn því, að landssjóður, síðar ríkissjóður, hafi sjálfkrafa eignast þær jarðeignir, sem hér um ræðir. Eigi verður heldur séð að þjóðkirkjan sem stofnun hafi þá, né síðar, eignast slíkan rétt til eignanna, sem kæmi í stað hinnar fornu skipanar á kirkjulegum sjálfseignarstofnunum. Hið sama á við gagnvart Kirkjujarðasjóði, sem stofnaður var árið 1907, að eigi verða séð rök eða heimildir til að líta á hann sem eiganda kirkjujarðanna, þótt andvirði seldra kirkjujarða rynni í hann, og á þetta þá jafnframt við um Kristnisjóð, sem stofnaður var 1970, en hinn síðarnefndi sjóður er, hvað varðar andvirði seldra kirkjujarða, eins konar arftaki hins fyrrnefnda, þótt sjóðirnir sú ekki sambærilegir að öðru leyti.

Síðar urðu fjármálaleg tengsl ríkis og kirkju enn nánari, eftir að Prestlaunasjóður gat ekki lengur, vegna verðþróunar, gegnt lögmæltu hlutverki sínu og prestar fengu greitt úr ríkissjóði eins og aðrir embættismenn ríkisins, – en af þeirri ráðstöfun, einni saman, gat heldur eigi leitt nein grundvallarbreyting á eignarréttinum, heldur var hér einungis um að ræða viðleitni ríkisvaldsins til að fullnægja skyldu sinni til stuðnings við þjóðkirkjuna skv. 62. gr. stjórnarskrárinnar. Það, að þeir, sem haft hafa umsjón með skráningu fasteigna á vegum Fjármálaráðuneytis, hafa á síðari árum látið hjá líða að auðkenna kirkjujarðir í þess háttar skrá, sem birtar hafa verið opinberlega, er að sjálfsgöðu einhliða stjórnarsýsluráðstöfun, sem enga lagastöð hefur, og skiptir ekki máli í eignarréttarlegu tilliti, allra síst þegar til þess er litið hve skammt er liðið síðan fyrrgreind nýbreytni um skráningu var upp tekin. Hver sú kirkja, er áður var lénskirkja, á því, sem sjálfseignarstofnun, jarðeignir þær, sem eigi hafa verið seldar frá henni með lögmætri heimild eða gengið undan kirkjunni með sambærilegum hætti. Til þess að breyta þessu hefðbundna og rótfasta fyrirkomulagi hefði a.m.k. þurft skýra og ótvíræða lagaheimild, sem aldrei hefur verið sett, – auk þess sem mikið álítaefni er, hvort almenn lagaákvæði í þá átt fengju staðist án sérstakra gagnráðstafa skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hver kirkja á því a.m.k. það, sem eigi hefur verið frá henni tekið.

Í þessu sambandi er rétt að benda á það sérstaklega, að enda þótt ríkisvaldið hafi tekið sér mjög víðtækan ráðstöfunarrétt yfir landi, – sem kemur fram í margvíslegum lagafyrirmælum og í stjórnvaldsáðgerðum, sem á þeim lögum byggja, – þarf það að sjálfsgöðu alls eigi að jafngilda því, að ríkið eignist landið, jafnvel eigi land, sem var í einskis eign (sbr. til hliðsjónar Hrd. 1981, bls. 1584) hvað þá heldur jarðeignir, sem um aldir hafa verið í eigu sjálfseignarstofnana, sem enn hafa eigi verið formlega lagðar niður.

Það tekur reyndar af öll tvímæli í þessu efni, að í nýlegum og gildandi lögum er berum orðum talað um „kirkjujarðir“ (sbr. 47. gr. l. 102/1962 og 19. gr. l. 35/1970) og meira að segja um „jarðir í eigu kirkna landsins“ (32. gr. l. 64/1976), þar sem átt er við hinar gömlu lénskirknajarðir, þannig að ljóst er, að löggjafinn sjálfur gerir bersýnilega ráð fyrir því að eignarréttur kirknanna standi enn, enda er í l. 64/1976

jafnframt getið sérstaklega um „jarðir í eigu ríkissjóðs“ og augljóslega í aðgreiningarskyni.

Ekki skiptir máli í framangreindu tilliti, þótt kirkja hafi verið „afhent“ söfnuði, eins og víðast mun nú orðið, – þar er einungis um umsjá að ræða, sem engu máli skiptir varðandi eignarréttinn, þ.e. söfnuðurinn verður ekki eigandi viðkomandi kirkjujarða. (2) Þaðan af síður skiptir máli þótt kirkjuleg yfirvöld hafi um alllangt skeið lítt hirt opinberlega um málefni kirkjueigna. Það tómlæti verður eigi metið fyrrgreindum sjálfseingarstofnunum innan þjóðkirkjunnar til réttarspjalla.

Hitt er aftur á móti álitamál, hvort þessi skipan á grunneignarrétti, sem telja verður að nú gildi, sé heppileg til frambúðar.

Áður en skilið er við þennan þátt verður að áréttta, að eignarréttur yfir kirkjueignunum hefur ætíð verið með sérstökum hætti. Þótt eignarréttur einstakra kirkna á landi eða jörð, sem þær eru löglega að komnar, sé óvæfengjanlegur, var aldrei um einkaeign að ræða. Eins og fram kemur í þessari álitargerð voru umráð lénskirkjueigna umboð, látið af hendi af kirkjunni sem stofnun með tilteknum skilyrðum. Handhafar umboðsins voru ábyrgir fyrri kirkjuyfirvöldum um forsjá eignanna. Þær voru m.ö.o. að þessu leyti almenn „eign“ kirkjunnar í landinu. Hvorki lénsprestar né kirkjubændur gátu notfært sér þær né með þær farið á grundvelli eignarréttar sjálfrá sín. Þeir voru hver um sig umboðsmenn kirkjunnar sem stofnunar um rekstur og hag hinnar einstöku kirkju, sem var sjálfseignarstofnun að vísu en jafnframt hluti af einni skipulagslegri heild. Þegar óhjákvæmilegt var orðið að leita úrbóta á ágöllum hins forna lénskipulags í kirkjumálum, hlaut það að nokkru að ganga út yfir rétt eða stöðu einstakra kirkna, til þess að unnt væri að rétta hlut hinna, sem höfðu alls ónógar tekjur af eignum sínum. Á síðustu öld var með lögum farið að jafna tekjur kirkna eða prestakalla með því móti að skylda tekjuhá brauð til þess að leggja hluta tekna sinna til hinna fátækari. Forsenda þeirra ráðstafana var sá skilningur, að arður af kirkjueignum væri almenn „eign“ þjóðkirkjunnar. Þeim skilningi var ekki andmælt af neinum. Lögin um Kirkjujarðasjóð frá 1907 byggja á sama skilningi. Þau voru byggð á þeim rökum, að kirkjujarðir væru kirkjueign og að þær skyldu eftirleiðis sem áður þjóna því hlutverki að styrkja kristnihaldið í landinu, þó að breyting á umráðum þeirra þætti óhjákvæmileg. Framkvæmd þessara laga, svo og bylting í efnahagskerfi landsins, hnekkir ekki tilgangi þeirra né þeim grundvallarskilningi, sem þau byggðust á. Lögin um Kristnisjóð frá 1970, 19. gr. a og b, taka mið af löggiðfinni frá 1907. Með þeim lögum fékkst enn staðfesting Alþingis á því, að kirkjujarðir séu kirkjunnar „eign“ og að afleiðing þeirrar staðreyndar sé sú, að þær eigi að koma kirkjunni að notum og þá með almennar þarfir hennar í huga. Þessum skilningi hefur ekki verið mótmælt af neinum aðilja máls. Það þýðir þó ekki, að einstakar kirkjur hafið afsalað sér eignarrétti sínum. Þær hafa vegna gjörbreyttra aðstæðna samþykkt eða gengist undir nýtt fyrirkomulag á umráðum eignanna.

2. *Andstæð sjónarmið*

Þrátt fyrir það, sem fyrr segir, er ekki því að neita, að á síðastliðinni öld hafa öðru hverju komið fram skoðanir, sem miða að annarri niðurstöðu varðandi eignarrétt að kirkjujörðunum en hér var haldið fram.

Í því sambandi má t.d. geta þess, að árið 1905 lét Stjórnarráðið uppi það álit sitt (umsögn um lagafrumvarp), að kirkjujarðirnar (þ.e. jarðir lénskirknanna) séu „landsins eign á líkan hátt og þjóðjarðirnar þótt að öðru leyti sé margt ólíkt með jörðum þessum“. (1) Sama skoðun kemur einnig fram í riti Einars Arnórssonar um íslenskan kirkjurétt, en þar segir hann m.a., að „lénskirkjur á landsjóður í raun réttir“. (2) Í hvorugu tilviki er þessi staðhæfing þó rökstudd nánar og, svo sem fyrr hefur

verið rakið, hefur hún heldur eigi við rök að styðjast, og þaðan af síður liggja rök til þess að nýlega var farið að skrá kirkjujarðir sem hverjar aðrar ríkiseignir. Eigi ómerkari lagamenn en Bergur Thorberg, landshöfðingi, og Magnús Stephensen, síðar landshöfðingi, tóku það einnig skýrt fram á Alþingi árið 1883, að kirkjujarðir væru eigi „landsins eign“ sbr. nánar þar sem síðar ræðir um 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Í nokkrum tengslum við það, er fyrr segir, má nefna þá skoðun, sem stundum hefur heyrst, að óhæfilegt sé, að menn er uppi voru fyrir mörg hundruð árum, – á miðöldum, - geti með löggerningum sínum (er þeir gáfu eignir sínar til guðspakka) hafa bundið þá menn, er nú lifa, og núverandi stjórnvöld í landinu, um eignarráð og meðferð á eignum þessum (hér kirkjujörðunum), þegar allar eða flestar forsendur um gagnsemi eignanna í hinu upphaflega augnamiði eru orðnar gerbreyttar vegna ólíkra þjóðfélagshátta. Þessi röksemd er í sjálfu sér athyglisverð, en nýlegt fordæmi Hæstaréttar er þó fyrir því, að á henni verður eigi byggt, sbr. Hrd. 1964, bls. 503, sem nánar er rakinn í XIII. kafla. Þar að auki má benda á, að ekki þurfa forsendur fyrir kirkjujarðagiöfunum að vera með öllu brottfallnar nú á dögum, því að vel má hugsa sér að jarðirnar, a.m.k. margar hverjar, megi gera arðbærar fyrir hina réttu eigendur þeirra, þ.e. kirkjurnar, og væri það þá kærkominn stuðningur við viðkomandi kirkjur og þá um leið við þjóðkirkjuna.

3. 40. og 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Árið 1874 fengu Íslendingar stjórnarskrá, sem síðan hefur sætt nokkrum breytingum þótt meginstofn hennar standi í sinni upprunalegu mynd. Ekki er óeðlilegt, að við samningu álitserðar um það efni, er hér liggur fyrir, vakni spurning um það, hvort ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið um kirkjueignir síðan stjórnarskráin tók fyrst gildi, hafi í öllum eignum verið í samræmi við stjórnarskrána, hina ædstu réttarheimild, sem engin lög mega brjóta gegn, - en um það atriði eiga dómstólar endanlegt úrskurðarvald.

Í því sambandi koma einkum til álitu 40. og 67. gr. núgildandi stjórnarskrár frá 1944, einkum þó síðarnefnda greinin.

Í 67. gr. stjórnarskrárinnar segir, að eignarrétturinn sé friðhelgur og að engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, en til þess þurfi lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Um almenna túlkun þessarar stjórnarskrárgreinar skal eigi fjölyrt hér heldur vísað til almennra rita um stjórnskipunarrétt. Aðeins verður vikið að því, sem beinlínis varðar þessa álitserð. Helst er þá til athugunar hver staða kirkjujarðanna sé gagnvart 67. gr. stj. skr. Enginn vafi er á því, að sjálfseignarstofnanir á borð við þær, sem hér um ræðir, njóta almennt verndar samkvæmt 67. gr., enda liggja ekki rök til annars. (1) Þessarar verndar njóta stofnanir þá einnig gagnvart ríkisvaldinu. Þó er almennt viðurkennt að þeir, sem verndar njóta, geti bótalaust orðið að þola ýmsar almennar skerðingar á ráðstöfunarrétti eða arðsemisrétti yfir eignum sínum, sem eigi verði jafnað til eignarnáms. Til greina kemur, að sala á kirkjujörð, sem framkvæmd er með þeim hætti, sem héraendis hefur lengi viðgengist, sé eignarnám í skilningi 67. gr., og er þá m.a. spurning um það, hvort skilyrðum hafi verið fullnægt til að eignarnámið fái staðist. Miðað við þær ástæður, sem einkum hafa legið til þess, að leyft væri að selja kirkjueignir, telur nefndin að skilyrðinu um „almenningsþörf“ hafi yfirleitt verið fullnægt, og eftir 1907 a.m.k. hefur almennt eigi skort á sæmilega skýr „lagafyrirmæli“, en meir en vafasamt er hins vegar, að mati nefndarinnar, hvort

fullyrða megi, að „fullt verð“ hafi ætíð komið fyrir, sökum þess, að alkunna er, að andvirði seldra kirkjujarða hefur oft verið lágt og alls eigi ákvarðað með sambærilegum og jafnvönduðum hætti og lengi hefur verið lögboðið varðandi eignarnámsbætur almennt. Í þessu sambandi er eigi óeðlilegt að sú spurning vakni, hvort sjálf ráðstöfun andvirðis seldra kirkjujarða síðan 1907, þ.e. að það er látið renna óaðgreint í einn almennan sjóð, sem ráðstafað er til kirkjulegra nota, fái fyllilega staðist gagnvart 67. gr. stjórnarskrárinnar. Verður að telja, að þetta atriði hefði átt að taka til sérstakrar athugunar, áður en til þessa fyrirkomulags var stofnað á sínum tíma, en hvernig sem á málið er litið, verður að telja, að eigi væri almennt unnt, eins og nú er málum komið, að hafa uppi neinar kröfur um bætur af þessum sökum fyrir hönd einstakra kirkna, sem átt hafa jarðir, er seldar hafa verið. Hartnær áttatíu ár eru nú liðin síðan áðurgreindri skipan var komið á með stofnun Kirkjujarðasjóðs, – en á Kristnisjóð má nánast líta sem arftaka hans að þessu leyti, – og aldrei hafa á þessu tímabili verið bornar fram neinar kröfur um eignarnámsbætur frá forsvarsmönnum einstaka kirkna né frá yfirstjórn kirkjunnar. Virðist það gefa til kynna, að þessir aðilar hafi í reynd sætt sig við fyrrgreindar ráðstafanir og margt bendir til, að frá hendi kirkjunnar manna hafi þær almennt verið taldar æskilegar eða jafnvel nauðsynlegar til styrktar og eflingar kirkjunnar í heild. Mun alls enginn formlegur ágreiningur hafa verið um þetta atriði við lagasetninguna 1907 (þáverandi biskup var þessu m.a. fullkomlega samþykktur) né síðar, t.d. við undirbúning eða setningu laganna frá 1907, (2) og sýnist því hafa myndast ákveðin hefð í þessu efni, sem vegur vissulega mjög þungt, einkum í ljósi þess, að til framangreindra sjóða var tvímælalaust stofnað í góðum og jákvæðum tilgangi, – ekki hvað síst hins síðara. Var beinlínis stofnað til viðkomandi ákvæða í lögnum um Kristnisjóð á þeirri forsendu, m.a., að sú ráðstöfun um andvirði seldra kirkjujarða, sem þar greinir frá, væri hefðhelguð (þótt tekjum sjóðsins af þessum sökum væri hins vegar varið í öðrum tilgangi en var um Kirkjujarðasjóð á sínum tíma). Hefðu sannarlega verið næg tækifæri, bæði fyrir og síðar, til að láta reyna á réttmæti þessara ráðstafana fyrir dómstólum, ef einhver ástæða hefði verið talin til þess. M.a. sökum þess að það hefur aldrei verið gert í þennan langa tíma, verður að telja, að eigi verði nú hafðar uppi kröfur um bætur fyrir seldar kirkjujarðir, auk þess sem almennar reglur um fyrningu kröfuréttinda kæmu hér einnig til álita, eftir því sem við ætti. Þar að auki verður hér eigi fullyrt, að bótaréttur hafi nokkru sinni verið fyrir hendi, frá hendi einstaka kirkna. Hins vegar getur komið til greina, að núgildandi lagaákvæðum um þetta efni verið breytt á einhvern veg, sbr. nánar XIV. kafla.

Sérstök athygli skal vakin á því, að í 19. gr. l. 35/1970 er ekki gert ráð fyrir því, að andvirði seldra prestssetra renni í Kristnisjóð né heldur er annars staðar í almennum lagaákvæðum mælt fyrir um, að það skuli renna til kirkjulegra þarfa. Prestssetursjarðir eru þó tvímælalaust almennt kirkjujarðir í þeim skilningi, sem byggt hefur verið á í þessari álitgerð. En allt frá 1907 hafa prestssetursjarðirnar lotið öðrum reglum í framkvæmd en aðrar kirkjujarðir, þær hafa verið í beinni umsjón Kirkjumálaráðuneytis og biskups og gegnt skýrt afmörkuðu hlutverki. Þær hafa verið embættishlunnindi presta og flokkast sem slíkar undir „heimatekjur“ þeirra. Breyting á því kom ekki til greina nema með nýrri löggjöf um prestssetur sér á parti. Þegar prestssetursjarðir hafa verið seldar, hafa rökin fyrir því verið flutningur prestsseturs vegna breyttra aðstæðna og söluverðið hefur gengið til kaupa á annarri jörð eða til þess að reisa prestsseturshús á nýjum stað. Ef löggjöfin hefði fallist á, að andvirði seldra prestssetursjarða rynni í Kristnisjóð, hefði þar á móti komið krafa um, að sjóðurinn tæki á sig samsvarandi skuldbindingu um nýtt prestssetur í viðkomandi

tilvikum. Prestssetursjarðir í niðurlögðum prestaköllum flokkast hins vegar yfirleitt undir almennar kirkjujarðir. Að sjálfsögðu er í lögunum gengið út frá eðlilegri og lögmætri sölu prestssetursjarða eða meðferð þeirra við venjulegar aðstæður og samkvæmt áður nefndu viðhorfi. Sala undan prestssetrum, þar sem þéttbýli hefur vaxið upp í landi þeirra og verðmæti landsins hefur margfaldast en hefur verið selt án nokkurs tillits til óska eða hagsmuna eigandans, oftast fyrir atfyllgi sveitarfélaga, er sérmál, sem snertir opinbera meðferð á kirkjueignum í miklu víðara samhengi.

Ljóst er, að veflestar prestssetursjarðir hafa verið og eru í kirkjueign, en eignarréttur að einstaka jörðum getur þó verið á hendi annarra aðila, einkum ríkisins. Er þess dæmi, að ríkið hafi keypt jarðir í þessu augnamiði, sbr. t.d. er ríkinu var með l. 41/1935 heimilað að kaupa jörðina Syðra-Laugaland í Eyjafirði undir prestssetur og fyrir tiltekna upphæð. (Þar voru reyndar einnig heimiluð makaskipti á kirkjujörð í þessu augnamiði en sú heimild var ekki notuð). Hafi andvirði prestssetursjarðar, er svo stendur á, verið greitt úr Kirkjujarðasjóði, getur þó bersýnilega verið nokkur vafi um eignarréttinn að jörðinni, sbr. nánar kafla IX-2 fyrir í þessari álitsgerð.

Hin önnur stjórnarskrárgreinin, sem til athugunar kemur, er, svo sem fyrir segir, 40. gr. Þar segir m.a., að eigi megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Þetta á, eftir orðanna hljóðan, að sjálfsögðu aðeins við um fasteignir (þ.á.m. jarðeignir), sem taldar verða í ríkiseign (þær geta einnig verið í eigu einstakra ríkisstofnana) en ekki um jarðir í eigu kirkna, því að þær geta með engu móti talist vera í ríkiseign, svo sem fyrir hefur verið sýnt fram á. (3) Þar af leiðandi býður stjórnarskráin ekki beinlínis að sérstaka lagaheimild þurfi til sölu kirkjujarða, en vafalaust yrði þó talið nú á dögum, að sala verði alls eigi framkvæmd af hálfu ríkisvaldsins nema með fullgildri lagaheimild, sbr. reyndar það, sem fyrir sagði um 67. gr. stjórnarskrárinnar, en hún hamlar því m.a. að neinn verði sviptur eign sinni nema „lagafyrirmæli“ komi til.

4. Bændakirkjur og eignir þeirra.

Almennt hefur verið látið heita svo, að bændakirkjur, svokallaðar, og það, sem þeim fylgdi, væri eign viðkomandi kirkjubónda og skoðanir eða staðhæfingar í þessa átt hafa einnig komið fram hjá fræðimönnum. (1)

Hvað sem því líður er ljóst, að staða þessara eigna er mjög sérstök og á þeim hvíla sérstakar og afbrigðilegar kvaðir, t.d. við sölu, og verður eigi talið að hér sé um venjulegan einstaklingsrétt að ræða, sbr. nánar það sem sagði í kafla V-3. Bændakirkjurnar voru og hafa verið, í vissum skilningi, sjálfstæðir eignaraðilar, þeim (en eigi kirkjubónda persónulega) voru lögð til verðmæti, þ.á.m. jarðeignir og ítök, til guðspakka eða í sáluhjálparaskyni eins og til lénskirknanna, þótt í minna mæli væri, og áður en kirkjulénin komu til sögunnar voru allar kirkjur hér bændakirkjur. Sá skilningur er því mjög nærlægur, að bændakirkja sé eða geti verið sjálfstæður eignaraðili, eins konar sjálfseignarstofnun undir forræði kirkjubónda (sem gat að vísu hagnast af stöðu sinni), – og hafi svo verið allt frá því að farið var að gefa bændakirkjum jarðeignir og ítök. Var kenningin um, að allar kirkjur væru sérstakar stofnanir í eignarréttarlegu tilliti, mjög ríkjandi fyrir á öldum. Heldur hún a.m.k. enn fullu gildir varðandi lénskirkjurnar og einnig, að því er best verður séð, um bændakirkjurnar, – þótt þær njóti vissulega mikillar sérstöðu sem sjálfseignarstofnanir og hagsmunaleg tengsl við forráðamann eignanna (kirkjubóndann) séu þar óvenjulega

sterk, þannig að segja má að á hans höndum séu ýmsar aðildir eignarréttarins. Engu breytir um þetta þótt forræði bændakirkju hafi verið fengið söfnuði í hendur (sem nú orðið á við um þær flestar), og vísast þar til þess, sem fyrr var sagt um lénskirkjurnar.

Í nýlegum héraðsdómi (sem að vísu var eigi áfrýjað til Hæstaréttar) var staðfest, að bændakirkja getur verið sjálfstæður eignaraðili. Er hér átt við dóm, sem kveðinn var upp á aukadómþingi Árnassýslu þ. 23. febrúar 1980 í máli nr. 11/1976: Sóknarnefnd Bræðratungukirkju gegn krefjendum eignarréttar. Þar var staðfest, að kirkja þessi ætti tiltekið landsvæði ofan byggðar í Árnassýslu, en sóknarnefnd tók við fjárhaldi kirkjunnar úr hendi kirkjubónda um síðustu aldamót.

Þar sem kirkjur eru á ríkisjörðum verður almennt að ætla, að þær hafi í raun stöðu bændakirkna.

XII. KIRKNAÍTÖK

1. *Almennt*

Svo sem segir í 1. kafla þessarar álitserðar taldi nefndin óhjákvæmilegt að fjalla nokkuð um kirknaítök, svokölluð, sem áður fyrr a.m.k. voru mörg hver mjög verðmæt, og eru það sum enn, og arðgæf fyrir kirkjurnar.

Með itaki er hér átt við óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afnotaréttindi eða arðsemisréttindi, sem tiltekinn aðili á í landi, sem er í annars eigu (þ.e. annar aðili en ítakseigandinn á grunneignarréttinn). Í 1. gr. l. 113/1952 segir, að ítak merki, í þeim lögum, hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis.

Með kirknaítökum er, þá þessum vettvangi, átt við öll ítök kirkjulegra stofnana, þ.e. einstakra kirkna (lénskirkna og bændakirkna), biskupsstóla og klaustra, nema annars sé sérstaklega getið. Af skiljanlegum ástæðum verður þó lögð megináhersla á kirknaítök í þrengstu merkingu þess orðs, þ.e. ítök einstakra kirkna. Áður en lengra er haldið er rétt að láta þess getið, að stundum getur verið örðugt að greina milli ítaksréttinda, annars vegar, og eiginlegs grunneignarréttar yfir landi, hins vegar, – þ.e. hvort tiltekinn aðili á grunneignarrétt yfir ákveðnu landsvæði eða einungis nánar tiltekinn afnotarétt, t.d. beitarrétt. Stafar þetta af því m.a., hve frumheimildir eða aðrar fornar heimildir um stofnun ítakanna eru oft óljósar um þetta atriði og orðalag þeirra tvírætt. Sem dæmi um þetta má benda á það, þegar sagt er í fornum máldögum, að tiltekin kirkja eigi afrétt á einhverju fjarliggjandi landsvæði. Verður endanleg úrlausn þessa atriðis að byggjast á nákvæmri könnun allra tiltækra heimilda í hverju einstöku tilfelli og því ógerningur að fjölyrða frekar um þetta í almennu yfirliti af þessu tagi.

2. *Uppruni kirknaítaka o.fl.*

Vitað er, að fyrr á tíð áttu margar kirkjulegar stofnanir mikil auðæfi í ítökunum af ýmsu tagi. Jafnframt fer ekki milli mála, að þessar stofnanir eignuðust ítökin með mjög svipuðum eða sama hætti og eiginlegar jarðeignir, sem fyrr hefur verið rækilega lýst, og er sú þróunarsaga mjög áþekkt. Langoftast var þar um að ræða sálugjafir einstakra manna eða sambærilegar gjafir (legkaup, áheit), en einstaka sinnum stofnaðist eignarréttur kirkjunnar fyrir kaup eða skipti (ítakaskipti eða skipti á jarðeign og itaki). Hin fyrstu kirknaítök hafa sjálfsagt stofnast á svipuðum tíma og kirkjurnar (og biskupsstólar) tóku að eignast jarðeignir, þótt nákvæmar heimildir um það séu óljósar, og ekki fer milli mála að þegar á heildina er litið jókst ítakaaúður

hinna kirkjulegu stofnana allt fram til siðaskipta, þegar sálugjafir lögðust af og mjög dró úr áheitum. Gjafabréf varðandi ítök hafa fæst hver varðveist, en meginheimildirnar um hin fornu kirknaítök, sem til var stofnað á miðöldum, gefur að finna í einstökum máldögum fyrrgreindra stofnana eða á máldagasöfnum svo og sérstökum ítakaskráum (einkum rekaskráum) sumra þeirra og kemur þar m.a. berlega fram hversu mjög biskupsstólarnir, sum klaustrin a.m.k. og tiltekna höfuðkirkjur landsins auðguðust af ítökum á síðari hluta þessa tímabils og jafnvel undir lok þess. Ýmsar lénskirkjur eignuðust þó aldrei mörg né arðvænleg ítök og sama er að segja um hnar fátækari bændakirkjur. Ítökin voru síður en svo alltaf á landsvæðum, sem lágu nærri viðkomandi kirkjustofnun, þau gátu allt eins verið annars staðar í þeim landshluta (einkum átti það að sjálfsgöðu við um biskupsstólana) og dæmi eru þess, að ítökin lægju í öðrum landsfjórðungum, sbr. t.d. rekaítök á Hornströndum.

Hér er eigi ástæða til að fjalla af fyllstu nákvæmni um allar þær tegundir ítaka, sem til greina komu, en í stórum dráttum má segja, að ítök hafi getað stofnast í öllum þeim tegundum lands- og sjávarnytja, sem hinir fornu og hefðbundnu búskapar- og atvinnuhættir miðuðust við. Óteljandi dæmi um þetta má finna í hinum fornu heimildum og má þar m.a. nefna: beitarítök af ýmsu tagi (vetrarbeit, vorbeit, sumarbeit, lambhaga), slægjuítök, selstöðu, veiðítök á ám og vötnum, fuglaveiði, dúntekju, skógarítök (til beitar, til raftviðar, til eldiviðar, og/eða kolagerðar), hrísrif, torfristu, uppsátur skipa í verstöð, rekaítök af ýmsu tagi (hvalreka, víðarreka, fiskreka), sölvatekju og selveiði. (1) Hvað varðar rekaítök og annars konar ítök til fjörunytja ásamt selveiði, sem heyrðu til kirkjulegum stofnunum, er mjög vandaða og ítarlega greinargerð að finna í riti Lúðvíks Kristjánssonar, Íslenskir sjávarhættir I (Rvík 1980), um afréttir kirkna í riti Gunnars F. Guðmundssonar, Eignarhald á afréttum og almenningum (Rvík 1981), og um selstöðuítök kirkna í riti eftir Egon Hitzler, Sel-Untersuchungen zur Geschichte des islandischen Sennwesens seit der Landnamezeit (Oslo 1979).

Í katólskum sið fóru kirkjulegir dómstólar með dómsvald í ágreiningsmálum út af kirkjulegum jarðeignum, svo sem fyrr hefur verið getið, svo og ítökum, sem kirkjan gerði tilkall til. Hinn síðasti (yngsti) dómur af því tagi, sem varðveist hefur, er dómur fimm presta frá 11. nóvember 1551 (2) um ágreining milli kirkjunnar að Hvoli í Saurbæ og bóndans að Neðra-Múla í sömu sveit út af beitarítaki, og er þar m.a. vitnað til þess ákvæði í Kristinrétti Árna, að biskup skuli ráða kirkjum og eignum þeirra. Nokkur dæmi eru einnig kunn um ágreining milli kirkjulegra stofnana innbyrðis um ítakaréttindi, sem eigi er ástæða til að rekja hér.

Eftir siðaskipti hvarf dómsvald um þessi efni, sem um flest önnur, til hinna veraldlegu valdhafa, eins og fyrr hefur verið lýst varðandi jarðeignirnar.

3. *Siðaskipti og síðari þróun*

Í kjölfar siðaskipta hurfu ítök klaustra til konungs á sama hátt og aðrar eignir þeirra, eftir að þau voru lögð niður sem kirkjulegar stofnanir. Ítakasöfn biskupsstólanna tveggja hurfu einnig úr höndum kirkjunnar í tengslum við sölu stólseigna fyrir og eftir 1800. Siðaskiptin höfðu hins vegar engar meiri háttar breytingar í för með sér varðandi ítök einstakra kirkna, enda þurftu þær á arði þeirra að halda, en um þetta má raunar vísa til þess, sem fyrr var sagt um jarðeignir kirknanna. Þegar á heildina er litið má því segja, að mjög mörg þeirra ítaka, sem voru í eign einstakra kirkna um allt land um siðaskiptin, hafi haldist í þeirra eigu til síðari tíma, enda hafa þau lengst af eigi verið af kirkjunum tekin með formlegum hætti, þ.e. með lögum eða reglum og stjórnvaldsfyrirmælum, sem lagastoð hafi, né heldur afsalað í miklum mæli.

Þó er auðvitað ljóst, að eignastaða kirknanna varðandi ítökin er eigi sú sama nú og var við siðaskipti. Tiltölulega mjög fá dæmi munu þess, að kirkjur hafi eignast ítök eftir siðaskipti (og helst þá að önnur ítök væru látin í staðinn), en þegar á heildina er litið hafa kirknaítökin þess í stað tínt mjög tölunni. Til þess liggja ýmsar ástæður og þá vafalaust einkum það, að ýmsar ytri aðstæður, er varða náttúru landsins, svo sem veðurfarsbreytingar, gróðureyðing o.þ.h., hafa gert mörg ítakanna ónothæf (beitiland fokið brott, skógar eyðst) eða breytingar á atvinnu- eða lífsháttum almennings hafa orðið til þess að ítökin nýttust ekki eða eigi var lengur áhugi fyrir notkun þeirra (útræði í gömlum stíl lagt niður, sölvatekju hætt eða mjög úr henni dregið o.s.frv.). Um þetta má m.a. sjá mörg dæmi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá því laust eftir 1700, þar sem víða segir, að tiltekin ítök í lönd þargreindra jarða hafi nú eigi verið notuð um langa hríð. Þá gátu aðrir einnig hugsanlega unnið hefð á kirkjuítökum, þótt það hafi sjálfsagt verið fátítt. Á síðari tímum hafa þær ráðstafanir, sem frá er greint í lögum um lausn ítaka af jörðum, svo og lögheimiluð sala kirkjuítaka, fækkað þeim nokkuð, svo sem síðar verður nánar getið. Samt sem áður er ljóst að kirknaítök eru enn fjölmörg (sbr. fylgiskjal nr. 5), og flest mjög forn, en misjafnt er hve arðbær þau eru eða hversu þau eru nytjuð.

Allt frá því um siðaskipti og fram undir síðustu aldamót a.m.k. var sjaldgæft, að ítökum einstakra kirkna væri ráðstafað með formlegum hætti. Á þetta gat þó reynt í sambandi við niðurlagningu kirkna, en þær kirkjur virðast þó sjaldnast hafa átt ítök. Í 8. gr. l. 3/1880 um skipun prestakalla er m.a. tekið fram, að sé eigi á annan veg fyrir mælt, hverfi ítök þeirra prestakalla, sem lögð séu niður, til þeirra brauða, sem hin séu sameinuð við, og var þetta í samræmi við eldri venju. Þess eru dæmi, að leyfi konungs fengist til þess, að skipti færu fram á kirkjuítaki og eignarhlutdeild í bændajörð, en þó var það sjaldgæft. (1) Mjög var og sjaldgæft lengi framan af, að konungur leyfði sölu á nánar tilgreindum ítökum einstakra kirkna. (2)

Í lögum 30/1905 um forkaupsrétt leiguliða o.fl. segir, í 3. gr.: „Nú eru ítök, skógar, fossar eða önnur jarðgögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrétt til kaups eða leigu, er land á undir.“ Virðist þetta m.a. hafa náð til kirkjuítaka, ef um þess háttar ráðstöfun á þeim var að ræða.

Í l. 46/1907, 8. gr., var kveðið svo á, að hreppstjóri skyldi hafa umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er í hreppi hans liggi, og tók það tvímælaust til venjulegra kirkjuítaka, eftir því sem við átti, en í sömu grein er reyndar tekið fram, að þetta eigi ekki við um ítök, sem presturinn noti sjálfur, enda segir í 5. gr. nefndra laga, að arð af ítökum, er prestur noti sjálfur, taki hann, með nánari skilmálum. Annars skyldi arður kirknaítaka renna í Prestlaunasjóð, sbr. 24. gr. Um lög þessi og um afdrif Prestlaunasjóðs, sjá nánar það sem fyrr hefur verið sagt um kirkjujarðirnar.

Í 11. gr. l. 50/1907 um sölu kirkjujarða var tekið fram, að ef eigandi jarðar, sem kirkjujörð eigi ítak í, vilji leita kaups á ítakinu, megi selja honum það (og hliðstætt ákvæði var í lögum um sölu þjóðjarða frá 1905). Nefndinni hefur ekki tekist að afla viðhlýtandi upplýsinga um framkvæmd þessa ákvæðis næstu áratugina.

4. Lög 113/1952 um lausn ítaka af jörðum og framkvæmd þeirra (m.a. varðandi kirknaítök) o.fl.

Árið 1952 voru sett lög um lausn ítaka af jörðum, nr. 113 frá 29. desember það ár, og þykir rétt að birta lög þessi hér í heild sinni;

1. gr. „Ítak merkir í lögum þessum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi eru samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taka til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis.
2. gr. Lög þessi taka eigi til ítaka í aðrar fasteignir en jarðir.
3. gr. Lög þessi taka eigi til skógarítaka né til lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum.
4. gr. Á næstu 6 mánuðum, eftir að lög þessi taka gildi, skulu héraðsdómarar birta þrisvar í Lögbirtingarblaðinu áskorun til þeirra, er telja sig eiga ítök í jarðir innan lögsagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá síðustu birtingu áskorunarinnar. Í lýsingunni til héraðsdómara skal greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanfögnu, og eftir því sem unnt er, hversu það í fyrstu er tilkomið.
5. gr. Nú hefur ítaki verið lýst samkv. 4. gr., og skal héraðsdómari þá senda eiganda og ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeirra, er ítaki er lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengi þeir lýsinguna, skal úr þeim ágreiningi skorið samkvæmt l. nr. 41 28. nóv. 1919. Komi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því jarðeiganda og ábúanda var send tilkynning þessi, skal það metið svo sem þeir viðurkenni, að lýsingin sé rétt, og skal þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi jarðarinnar, hafi ítakinu eigi verið þinglýst þar áður.

Nú er ítaki eigi lýst samkvæmt framansögðu, og fellur það þá úr gildi. Hafi því áður verið þinglýst, skal afmá það úr veðmálabókunum.

6. gr. Eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, á þess kost að leysa það af jörð sinni samkv. þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Sama rétt á sá, sem erfðaábúð hefur á jörð, svo og óðalsmaður, að því er tekur til ítaka í óðalsjörð hans.

Nú er jörð sú, sem ítakið er í, í sameign fleiri manna, og verða þeir þá allir að vera sammála um lausn ítaksins af jörðinni.

7. gr. Nú vill eigandi leysa ítak af jörð sinni, og skal hann þá snúa sér til ítakshafans um það. Náist eigi samkomulag um lausn ítaksins, getur lausnarbeiðandinn fengið dómkvadda tvo óvilhalla menn og lagt málið undir álit og mat þeirra. Matsmenn þessir skulu meta annars vegar hagsmuni ítakshafa af notkun ítaksins og hins vegar hagsmuni lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörð sinni. Er ítakshafa þá því aðeins skylt að hlíta lausn ítaksins, að hagsmunir hans af ítakinu séu metnir mun minni en hagsmunir lausnarbeiðandans af því að fá það leyst af jörðinni. Meta þá matsmennirnir ítakið til peningaverðs, ef óskað er.
8. gr. Nú eiga tvær jarðir ítök hvor í annarrar land og leysir eigandi annarrar jarðarinnar ítakið af henni, og er það þá á valdi eiganda hinnar jarðarinnar, hvort hann leysir einnig ítakið af jörð sinni.

9. gr. Nú hefur ítak verið leyst af jörð, sem í leiguábúð er, og getur landsdrottinn þá látið fara fram endurmat á landsskuld ábúandans. Sama rétt á leiguliði er ítak, sem ábylissjörð hans fylgdi, hefur verið skilið frá jörðinni og leyst af jörð þeirri, er það var í. Endurmat þetta framkvæma úttektarmenn.
10. gr. Aðili, sem eigi vill una álit- og matsgerð dómkvaddra manna, er ræðir um í 7. gr., getur skotið henni til yfirmats þriggja dómkvaddra óvilhallra manna. Kostnaður við undirmat greiðist af þeim aðila, sem æskir þess, svo og við yfirmat, ef engin breyting verður á matinu honum í vil; ella greiðist kostnaður við yfirmat að hálfu hvorum aðila.“

Er ljóst, að lög þessi náðu til kirkjuítaka sem annarra ítaka, er eigi voru undan skilin skv. 3. gr., og gátu þau því fallið niður af þeim sökum, sem í lögnum greinir.

Um framkvæmd laganna almennt er það segja, að þar var pottur brotinn, í sumum lögsagnarumdæmum a.m.k. Er eigi tók á að fjalla um það efni hér í smáatriðum, utan þess er fram kemur í athugasemdum um skrána um kirknaítök, sem birt er í viðauka nr. 5. Hildur Sverrisdóttir, kand.jur., hefur hins vegar kannað þennan þátt sérstaklega, eftir öllum fáanlegum heimildum, og fjallað um hann, ásamt öðrum skyldum efnum, í ritgerð sinni til lokaprófs í lögfræði, er nefnist “Lok einkaréttarlegra ítaka.” (1984). Er ritgerð þessi varðveitt í Háskólabókasafni og aðgengileg þar, og auk þess er hennar nánar getið í fylgiskjali nr. 5 með þessari álitserð. Alyktarorð Hildar um þetta atriði eru þessi: (1)

„Niðurstaðan verður ... sú, að framkvæmd laga 113/1952 hafi almennt verið mjög losaraleg þótt undantekningar megi finna. Á vantar að þinglesin ítök, sem ekki var lýst, hafi verið strikuð út og einnig, að þeim ítökum, er lýst var, hafi verið þinglýst. Virðist því brotalömin vera í þinglýsingarkerfi okkar. Það leikur þó enginn vafi á því, að þau ítök, sem ekki var lýst í tíma, eru brott fallin Hins vegar verður að telja, að þau ítök, sem lýst var í tíma og látið var ómótmælt séu enn í gildi, þótt láðst hafi að þinglýsa þeim. Við síðara framsal eignar geta hins vegar traustfangsreglur þinglýsingalaga leitt til þess að ítakshafi glati rétti sínum. Ástæðuna fyrir losaralegri framkvæmd mun ekki að finna í lögnum sjálfum, að þau hafi verið illa samin eða að skýr fyrirmæli hafi skort, heldur frekar hjá einstaka embættum og í þinglýsingakerfi okkar ...“

Kirkjueignanefnd fellst á þessa niðurstöðu. Hvað varðar ummælin um gildi þeirra ítaka, sem lýst var með réttmætum hætti og látið var ómótmælt, þótt láðst hafi að þinglýsa þeim (þar sem þess var þörf), vill nefndin sérstaklega taka fram, að réttmætt virðist að í því efni vegi þyngra á metunum hagsmunir ítakseigandanna, – sem hafa með lýsingunni, gert það, sem löggin buðu þeim, í trausti þess að yfirvöld sæju um framhald málsins, - heldur en hagsmunir ítaksþolanna, enda þótt viðurkennt sé, að l. 113/1952 væru einkum sett til hagsbóta fyrir þá síðarnefndu. Hér er um stjórnarskrárvarin eignarréttindi að ræða, sem eigendur verða eigi sviptir bótalaust, nema þegar alveg sérstakar ástæður kunna að réttlæta það (í þessu tilfalli vanlýsing) og eru því alls ekki efni til að leggja rúman skilning í ákvæði nefndra laga að þessu leyti.

Þann 10. apríl 1963 var á Alþingi samþykkt svohljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta taka saman skrá um þinglýst ítök, sem talið er að fallið hafi úr gildi, vegna þess að ítaksrétti hafi ekki verið lýst fyrir

héraðsdómara eftir ákorun í Lögbirtingarblaði þar um, samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, og athuga síðan, hvort ástæða sé til sérstakra ráðstafana í því skyni að rétta hlut þeirra, sem þannig hafa misst ítaksrétt.“

Með tillögunni til þessarar þingsályktunar (en flutningsmenn voru Jónas G. Rafnar og Magnús Jónsson) fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, voru sett til að koma reglu á ítök í bújarðir og gefa jarðeigendum tækifæri til að leysa þau af, ef svo bæri undir.

Lögin gerðu ráð fyrir almennri áskorun um lýsingu ítaka og að þau ítök, sem ekki var lýst fyrir héraðsdómara, skyldu niður falla sjálfkrafa. Væri þar um að ræða þinglýst ítök, skyldu þau afmáð úr veðmálabókum.

Ekki hefur verið kannað, hvernig framkvæmd þessara laga varð, en þess munu dæmi, að bændur teljist hafa misst réttar sakir vanlýsingar, sem stafaði af ókunnugleika um þessa lagasetningu.

Sýnist því eðlilegt, að fram fari athugun á framkvæmd laganna að þessu leyti, og ef í ljós kemur, að einhverjir hafi orðið fyrir óeðlilegri réttarskerðingu af þessum sökum, verið leitað ráða til að bæta hlut þeirra.”

Í ágústmánuði 1963 sendi Atvinnumálaráðuneytið öllum sýslumönnum landsins bréf, af þessu tilefni, þar sem óskað var eftir skrá um þinglýst ítök í hverju umdæmi um sig, „sem talið er að fallið hafi úr gildi, eins og segir í nefndri þingsályktun.“

Bárust svör um þetta frá ýmsum sýslumönnum, en misjafnlega ítarleg eða greinargóð, og var m.a. hafið mið af þeim við gerð þeirrar skrár um kirknaítök, sem birt er í viðauka nr. 5.

Greinargerð um þessi efni var hins vegar aldrei lögð fram á Alþingi. Af fyrrnefndu tilefni fékk þó Atvinnumálaráðuneytið prófessor Ólaf Jóhannesson til að semja lögfræðilega álitsgerð um lög þessi almennt og um tiltekin atriði þeirra sérstaklega. Hefur hún eigi birst á prenti. Er álitsgerð hans, sem nefndin getur fallist á að öllu leyti, dagsett 23. janúar 1963, og er hún í heild sinni birt sem viðauki með þessari álitsgerð (viðauki nr. 7). Lokaniðurstaða hans er í stuttu máli þessi:

„Brottfall ítaksréttar vegna vanlýsingar samkvæmt l 113/1952 er endanlegt ... Ítakshafar, sem glatað hafa rétti sínum vegna vanlýsingar, eiga almennt ekki rétt á neinum bótum ...“

Til undirbúnings ítakalýsingar eftir fyrrgreindum lögum sendi biskupsembættið samhljóða bréf til allra þeirra presta á landi hér, er störfuðu við kirkjur, sem ítök voru taldar eiga. Var bréf þetta dagsett þ. 11. nóvember 1953. Fylgdi með því nákvæm skrá yfir ítök þau, sem þáverandi biskupsritari, sr. Sveinn Víkingur, taldi, að undangenginni rannsókn á fornum sem nýrri heimildum, að til greina kæmi að enn fylgdu viðkomandi kirkjum. Hljóðaði bréfið til prestanna svo:

“Hér með sendist yður, kæri herra sóknarprestur, tvírituð skrá yfir forn ítök kirknanna í prestakalli yðar, en samkv. l. nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum, falla ítökin niður ógild ef ítaksréttinum eigi er löglega lýst fyrir 1. maí n.k. Með bréfi dags. 30. okt. þ.á., hefir ráðuneytið falið mér að leita svo glöggra og góðra upplýsinga sem þér frekast getið í té látið varðandi ítök kirknanna í prestakalli yðar, þar sem fram sé tekið:

1. Hvaða ítök séu seld og þá hvenær, hverjum og fyrir hvaða verð.
2. Hvað ítök séu með öllu týnd, svo að eigi verði lengur vitað við hvað sé átt.

3. Hvað ítök þér vitið til, að prestur hafi notfært sér og þá hvenær síðast og hver séu enn notuð.
4. Hvort nokkur ítök vanti á skrána og þá hver.
5. Aðrar upplýsingar um einstök ítök, er þér kynnuð að geta aflað.

Allar framanskráðar upplýsingar skal rita á annað eintak ítakaskrárinnar, er þér síðan endursendið hingða til skrifstofunnar, svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en um næstkomandi áramót.“

Í kjölfar þessa bréfs bárust biskupsembættinu margvíslegar upplýsingar um kirknaítök víða um land, frá viðkomandi prestum og öðrum, sem prestarnir höfðu leitað til, og eru allar þær upplýsingar geymdar í skjalasafni biskupsembættisins. Um mánaðarmótin apríl/mái 1954 sendi síðan biskupsembættið sýslumönnum landsins nákvæma skrá um öll þau kirknaítök í viðkomandi sýslum, sem talið var raunhæft að kirkjur þar gerðu tilkall til (m.a. á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fyrr voru nefndar) ásamt ósk um, að þargreindum ítökum yrði þinglýst í samræmi við l. 113/1952. Kirkjueignanefnd leitaðist við að kanna m.a. hvernig staðið hefði verið að þessari þinglýsingu kirkjuítaka á sínum tíma. Að beiðni nefndarinnar óskaði Dóms- og kirkjumálaráðuneytið upplýsinga um þetta atriði frá sýslumönnum landsins og bárust umbeðnar upplýsingar frá sumum þeirra. Jafnframt kom nefndin því til leiðar, að biskupsembættið óskaði margvíslegra upplýsinga um kirknaítök frá prestum og próföstum (sjá nánar síðar) og á grundvelli allra framangreindra heimilda var síðan sett saman skrá sú um kirknaítök, sem birt er í viðauka þessarar álitsgerðar (fylgiskjal nr. 5) og vísast nánar til hennar, m.a. varðandi það atriði, hvort einhver kirknaítök kunni að hafa fallið brott vegna vanlýsingar í kjölfar l. 113/1952.

5. *Skógarítök og veiðítök.*

Samkvæmt 3. gr. l. 113/1952 tóku efnisákvæði þeirra laga ekki til skógarítaka né til lax- og silungsveiðitaka í ám og vötnum.

Hvað veiðítökin snertir hafa lög, síðan 1932, heimilað ítakspola leið til lausnar ítaks, að nánari skilyrðum fullnægðum, sbr. nú 3. gr. l. um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Ýmsar kirkjur áttu arðgæf veiðítök fyrr á tíð og fram á þessa öld en samkvæmt upplýsingum frá embætti veiðimálastjóra hafa þau nú, flest hver a.m.k., verið leyst af jörðunum. Eitt af síðari dæmum þess er það, er eigendur jarðarinnar Ytri-Háls í Kjós leystu, fyrir fáum áratugum, til sín ítak það, sem Reynivallakirkja átti í veiði fyrir neðan Laxfoss í Laxá í Kjós, en óljóst mun t.d. vera hvort ítak það, sem Reykholtskirkja í Borgarfirði átti í Laxfossi í Grímsá, hafi enn verið leyst. (1) Telja verður, að einungis fá veiðítök kirkna standi enn, og engin sérlega verðmikil, en viðkomandi kirkja, sem ítakið á, ætti þá að vera á arðskrá hjá viðkomandi veiðifélagi.

Þess skal sérstaklega getið, að ýmsum kirkjujörðum, þ.á.m. prestssetrum, fylgir veiðiréttur í ám eða vötnum, sem hlunnindi viðkomandi landareignar, þ.e. jörðin á þá land að veiðiá eða vatni. Á þessum vettvangi er óþarfi að fjalla nánar um þetta atriði, enda er þá eigi um veiðítök að ræða.

Fjölmargar kirkjur áttu skógarítök fyrr á tíð, og sum þeirra verðmikil, en smám saman misstu flest þeirra nytja- og verðgildi sitt. Fyrir 1940 voru enn mjög mörg skógarítök í gildi að nafninu til og var þó óljóst um sum þeirra. Með tilteknum ákvæðum laga 100/1940 um skógrækt var leitast við að koma reglu á þau mál og „hreinsa til“ á þessu sviði. V. kafli laga þessara hljóðar svo:

28. gr. „Á næstu fimm árum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal skógræktarstjóri, með þremur auglýsingum í röð í Lögbirtingarblaðinu, skora á alla þá, sem telja sér ítök í

skóglendi annarra jarða, að lýsa ítökunum fyrir honum áður en tólf mánuðir eru liðnir frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. – Jafnframt því, sem ítökunum er lýst, skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hversu þau hafa verið notuð síðustu áratugi og hvers virði menn telji sér þau nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum. – Ítök þau, sem ekki verður lýst á tilsettum tíma, skulu falla niður.

29. gr. Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrar jarðir eigi ítök í skóglendi hennar, svo sem fram er haldið, og skal þá úr þeim ágreiningi skorið svo sem lög mæla.

30. gr. Nú hefir skógur verið upprættur úr landi, er telst skógarítak annarrar jarðar, og fellur þá ítakið niður.

31. gr. Á næstu fimmtán árum eftir að lög þessi ganga í gildi má með úrskurði ráðherra heimila landeiganda að kaupa skógarítak, sem í jörð hans er. Vilji landeigandi ekki nota heimildina, má heimila eiganda ítaksins að kaupa land það, sem ítakið nær yfir. – Rísi ágreiningur um kaupverð ítaks eða lands, skal hvorttveggja metið af tveim dómkvöddum mönnum og sala fara fram samkvæmt því. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat þriggja dómkvaddra manna. – Vilji hvorugur aðila, ítaks- eða landeigandi, nota ofangreindar heimildir, getur skógræktarstjóri, með samþykki ráðherra, látið dómkveðja tvo menn til þess að skipta landi og skógi þannig, að aðilar fái land með skógi í hlutfalli við það, sem verðmæti lands og ítaks er metið. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat. Kostnaður við mat og skipti greiðist af aðilum í hlutfalli við eign þeirra í því, sem skipt hefir verið.

32. gr. Eftir staðfesting þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.”

Í greinargerð með frumvarpi til þessara laga segir m.a.: (1)

„Að binda auglýsingamar við fimm ár frá gildistöku laganna er gert vegna þess, að hagkvæmara þykir að auglýsa ekki eftir öllum skógarítökum samtímis, heldur t.d. að hver fjórðungur sé tekinn í senn og aflað upplýsinga um öll skógarítök innan hans.“

Í reynd birti þó skógræktarstjóri einungis eina innköllunarauglýsingu, fyrir allt land, í 68., 69. og 70. tbl. Lögbirtingarblaðsins árið 1940. Í kjölfar þessa birtist, þann 1. apríl 1942, í Stjórnartíðindum auglýsing frá skógræktarstjóra, þar sem hann birtir lista, flokkaðan eftir sýslum, yfir þá aðila, sem lýst höfðu skógarítökum sínum samkvæmt hinni fyrrnefndu auglýsingu, og voru þar á meðal allmörg kirknaítök. Skorar hann þar jafnframt á þá, er véfengja vilja nefnd ítök, að senda sér rökstudda greinargerð og vekur athygli á því, að öll önnur skógarítök, en í auglýsingunni greinir, séu fallin til landeiganda. Er auglýsing þessi, nr. 44/1942, birt orðrétt sem fylgiskjal nr.6 með þessari álitserð. Á næstu árum, allt fram um 1955, var, af hálfu Skógræktar ríkisins, unnið, að því að koma til leiðar lausn skógarítaka af jörðum, eftir fyrrgreindri lagaheimild, en þó gekk það seinlega og í 28. gr. nýrra (og núgildandi) skógræktarlaga, nr. 3/1955, var kveðið á um, að „ákvæði V. kafla l. 100 frá 1940 um skógarítök og aflétting þeirra skuli gilda áfram til ársloka 1955“. Tók þetta þó að sjálfsögðu einungis til innlausnarheimildar ítaksþola, en eigi til ákvæðanna um brottfall ítaka vegna vanlýsingar. Um þetta síðastnefnda ákvæði segir í greinargerð með viðkomandi frumvarpi: (2)

„Kaflinn um skógarítök er framlengdur til ársloka 1955. Þess má þó að geta að flest skógarítök eru fallin niður, þar sem þeim var ekki lýst á tilsettum tíma. Er unnið að því að aflétta hinum, en mjög hefur gengið treglega að fá upplýsingar um flest þeirra. Stafar það einkum af því, hve menn nú telja þau lítills virði.“

Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktinni mun hafa náðst að aflétta flestum eða jafnvel öllum skógarítökum á sínum tíma, þannig að talsverð efni eru til að ætla, að skógarítök kirkna séu nú úr sögunni, enda þótt athuganir Kirkjueignanefndar hafi eigi leitt til óyggjandi vissu um það atriði.

6. Lög 13/1956 um kirkjutök og sölu þeirra og um framkvæmd þeirra laga.
Á Alþingi 1955 var borið upp eftirfarandi frumvarp um kirkjuítök og sölu þeirra: (1)

1. gr.

„Kirkjuítak nefnist í lögum þessum hvers konar afnotaréttindi, sem kirkjur eiga í lönd annarra, samkvæmt fornum máldögum þeirra eða öðrum jafngildum heimildum, svo sem réttindi til veiði, reka, varps, slægna, beitar, upprekstrar, skógarhöggs o.þ.h.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur. Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afléttar- eða beitolanda, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.”

Í athugasemdum með frumvarpinu segir:

„Menntamálanefnd flytur frv. þetta eftir beiðni kirkjumálaráðuneytisins og biskups. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum um lausn ítaka af jörðum, er samþykkt voru á Alþingi 19. desember 1952, er jarðareigendum gert auðveldara en áður að leysa til sín ítök þau, er aðrir eiga í lönd þeirra.

Nú er það svo, að kirkjur landsins eiga samkvæmt fornum máldögum þeirra og öðrum skjölum hinn mesta sæg ítaka. Mjög mörg þeirra hafa ekki verið nytjuð af prestunum um skemmri eða lengri tíma, sumpart vegna þess, að ítökin hafa gengið úr sér, svo sem skógarítökin velflest, sumpart vegna þess, hve ítökin hafa verið fjarri, svo sem rekaítökin mörg, og loks vegna þess, að margir prestar hafa látið undir höfuð leggjast að hirða um ítökin eða gera kröfur til þeirra. En þrátt fyrir þetta mun þó verða að líta svo á, að kirkjurnar hafi ekki misst réttinn til slíkra ítaka, er hinir löggiltu máldagar þeirra staðfesta sem eign þeirra.

Einsætt virðist, að nota beri ákvæði laganna um lausn ítaka af jörðum til þess að hreinsa til, ef svo mætti segja, að því er kirknaítökin snertir með því:

1. Að strika út með öllu þau ítök, er fallin eru úr sögu, annaðhvort vegna þess að örnefnin eru glötuð, svo að ítakið eigi þekkist lengur, eða það vegna skriðufalla, landbrots eða af öðrum ástæðum er horfið.
2. Að gefa jarðeigendum, þar sem kirkja samkvæmt fornum máldögum á ítak, sem eigi hefur notað verið um langan tíma og er verðlaust orðið eða verðlítið, kost á að fá afsöl fyrir slíkum ítökum fyrir mjög lítið gjald, til þess að þessar gömlu kvaðir séu fyrir fullt og allt úr sögunni.

3. Að varðandi ítök þau, sem enn eru í fullu gildi og prestar nytja í dag, verði með aðstoð áðurnefndra laga stuðlað að sanngjarnri sölu þeirra, enda komi þar til samþykki prests þess, er ítakið nýttar, svo og biskups.

Þar sem kirkjurnar eru tvímælalaust eigendur ítakanna, þykir sjálfsagt og rétt, að andvirði seldra ítaka renni til þeirra. Þetta hefur og Alþingi áður fyllilega viðurkennt, t.d. með lögum nr. 15 15.maí 1942, þar sem ákveðið er, að andvirði seldrar prestsmötu skuli renna til kirknanna.

Með hliðsjón af því, að mjög víða hafa ítök niðurlagðra kirkna horfið til þeirra kirkna, er hin niðurlagða sókn lagðist til, þykir rétt að skipta andvirði seldra ítaka jafnt á milli allra kirkna þess prestakalls, þar sem prestur hefur eða hafði afnot ítaksins. Er það og í samræmi við ákvæði áðurnefndra laga um sölu prestsmötu, frá 15. maí 1942.“

Framsögumaður í Neðri deild, Páll Þorsteinsson, sagði m.a. um tilganginn með frumvarpinu: (2)

„Þegar sett voru lög um lausn ítaka af jörðum, var mörkuð sú stefna að veita heimild til þess að ýta undir það, að ítök yrðu seld, og nær það jafnt til kirkjuítaka og þeirra ítaka, sem fylgja jörðum einstaklinga. Þetta frumvarp er því aðeins viðauki við löginn um lausn ítaka af jörðum. Með því er kveðið nánara á um, hvernig fara skuli að í framkvæmdinni, þegar um sölu kirkjuítaka er að ræða.“

Við meðferð frumvarps þessa í þinginu voru gerðar á því nokkrar breytingar og varðar hér mestu sú breyting, sem varð á 3. gr. þess varðandi það, hvert andvirði seldra kirkjuítaka skyldi renna. Í stað þess, að andvirðið skyldi ganga af jöfnum skiptum til kirkna þess prestakalls, þar sem prestur bar afnotaréttur ítaksins, varð niðurstaðan sú, að andvirðið skyldi renna til þeirrar kirkju, sem ítakið átti. Var því m.a. hreyft í umræðum um frumvarpið á þingi, að fyrrgreind skiptaregla frumvarpsins fengi vart staðist miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar.

Páll Zóphóníasson mælti einkum með framagreindri breytingu á frumvarpinu og sagði hann m.a. : (3)

Þó að ég gleðjist yfir því, að losa eigi þau ítök, sem kirkjurnar á ýmsum tíma hafa sölsað undir sig, ... þá er ég ekki alls kostar ánægður með þetta frv. Það, sem mér finnst sérstaklega athugasemjulegt við það, er það, að gert er ráð fyrir því í frv., að þegar ítak er selt undan einni kirkju, skiptist andvirði ítaksins jafnt á milli allra kirkna prestakallsins. Þetta finnst mér ekki rétt.

Ég viðurkenni þó þá röksemd, sem færð er fyrir þessu í grg. frv. eins og það kom fyrst til Nd. Þar er gerð sú grein fyrir þessu, að það séu sum ítök, sem hafið legið upprunalega undir kirkju, sem búið sé að leggja niður; sé búið að leggja þessa kirkju niður og færa ítakið undir aðra kirkju í prestakallinu, þá sé eðlilegt, að andvirði ítaksins, sem þarna var og ekki getur lengur fallið til þeirrar kirkju, sem upprunalega átti það, skiptist á milli allra kirkna prestakallsins.

Ég er nú ekki einu sinni viss um að þessi röksemd haldi. En þegar ekki er því til að skipta, þegar það er ítak, sem kirkjan hefur átt frá alda öðli, við skulum segja t.d. Breiðabólstaðarkirkja í Fljótshlíð hefur frá alda öðli átt ítök niður á söndum, og ef þau ítök eru seld undan kirkjunni, hvers vegna á þá að fara að gefa öðrum kirkjum prestakallsins þátttöku í andvirði þeirra? Það er Breiðabólstaðarkirkja, sem alltaf hefur átt þau, alltaf nýtt þau og alltaf haft þar gagn. Hvers vegna á þá, þó að þau séu seld, að fara að láta það renna til annarra kirkna við hliðina á? Aftur á móti viðurkenni ég t.d. um Viðvíkurkirkju, sem átti ítak og á ítak, sem heitir Elínarhólmi, varphólma, hann lá

upprunalega undir kirkju, sem hét Miklabæjarkirkja og er búið að leggja niður, og þegar hún var lögð niður, var Miklabæjarkirkjusókn að öllu leyti sameinuð Viðvíkursókn, og þá eignaðist Viðvíkursókn hólmann. Eðlilegast væri þá líka, að Viðvíkurkirkja fengi andvirði hans, ef hann væri seldur. Það væri eðlilegst, en ekki að hann skiptist á milli Hólakirkju og Hofstaðakirkju og annarra kirkna prestakallsins, sem aldrei hafa neitt haft með hann að gera að neinu leyti. Svona dæmi mætti taka ákaflega mörg. Það er t.d. ekkert eðlilegt, þó að ítak Hvanneyrarkirkju í afréttarlandi, sem heitir Kirkjutungur, uppi í Skarðsheiði, væri selt, ef viðkomandi hreppur vildi fá Kirkjutungurnar keyptar og fengi fyrir upprekstarland fyrir sig, að Bæjarkirkja færi að fá hluta af því verðmæti, sem Kirkjutungurnar seldust fyrir, ef ítakið væri selt undan, eða Lundskirkja eða Fitjakirkja. Það væri ekkert réttlæti í því. Þær hafa aldrei komið þar neitt nálægt. Þetta hefur alltaf verið óskert eign Hvanneyrarkirkju og nytjað af henni alla tíð og tíma.

Svona dæmi gæti ég tekið nærri því úr hverri sýslu, þar sem kirkjur hafa átt ítak um áratugi og árhundruð og alltaf notið þess, og ef það ítak er selt, þá finnst mér ekki nein ástæða til þess að fara að skipta verðmæti þess milli annarra kirkna, sem aldrei hafa neitt notið þess. Ef þetta ætti að styðjast við það, að þessi ítök á sínum tíma hefðu orðið eign kirknanna til þess að launa prestana eða til að létta launagreiðslur prestsins, ef það ætti að styðjast við það, og það mætti hugsa sér, að það styddist við það kannske, þá er það ekki heldur rétt, því að laun prestanna eru núna að langsamlega mestu leyti greidd beint úr ríkissjóði og koma ekki að neinu leyti kirkjunum og fjárhag þeirra við. Þess vegna er þetta alveg óhád þeim. Ég skal viðurkenna, að það eru til einstök ítök, sem er líkt ástatt með og með prestsmötunum, sem var alveg tilbúin á sínum tíma af bændunum með frjálsum vilja í viðkomandi söfnuði til þess að standa undir launum prestanna. Það hafa ítökin yfirleitt ekki verið. Þau hafa yfirleitt komið fram til þess að viðhalda kirkjunum og létta starf safnaðanna hvað það snertir, en ekki sem uppbót á laun prestanna, og þess vegna eru þau annar eðlis en prestmatan, sem þó er gerð hliðstæð í grg. fyrir frv. upprunalega.

Ég vil þess vegna mjög biðja nefndina á milli 2. og 3. umr. Að athuga, hvort hún getur ekki lagað þetta og látið andvirði ítakanna renna til þeirra kirkna, sem raunverulega hafa átt þau, en ekki vera að skipta andvirði þeirra. Ef henni finnst, að það þurfi endilega að skipta þessu verðmæti þeirra ítaka, sem hafa áður tilheyrt kirkjum, sem búið er að leggja niður, þá má hafa tvö ákvæði um þetta, annað fyrir þau ítök, sem hafa heyrt til kirkjum, sem búið er að leggja niður, og hitt fyrir hin ítökin, sem alltaf hafa heyrt undir sömu kirkjuna. Annars hygg ég, að meginíð af þessum kirkjuítökum, ekki kannske alveg öll, sé af sjálfu sér nú úr gildi numið. Ég hygg, að þeir, sem hafa átt að sjá um eign kirknanna, vafalaust prestarnir, hafi mjög fáir lýst ítökunum eins og þeim bar skylda til að gera eftir 4. gr. laga nr. 113, 29. des. 1952, og hafi þeir ekki lýst ítökunum þá, eru þau dottin niður. Þess vegna hygg ég, að það sé meira form en að það komi að verulegu leyti til framkvæmda gagnvart mörgum af þessum kirkjuítökum.”

Síðan sagði hann einnig:

„Ég lét í ljós hér við fyrri umr. þessa máls, að ég teldi, að það væri ekki hægt, ekki réttmætt a.m.k., af hafa frv. óbreytt eins og hér er. Ég benti þá á, að það, sem mér þætti athugavert við það, væri það ákvæði í 3. gr. frv., að verðmæti ítaka, sem seld eru, skyldu renna til þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur af ítakinu, og skiptast síðan milli allra kirkna prestakallsins. Ég benti á það þá að þetta væri alrangt. Í fyrsta lagi segir það ekkert um, hvert eigi að renna ítök þeirra kirkna, sem prestur hefur aldrei haft afnot af, eins og allra kirkna, sem eru annexíur. Í öðru lagi tel ég ekki réttlátt að taka löglega eign af kirkju og skipta henni á milli annarra. Ég er einu sinni ekki viss um, hvort það er hægt eftir stjórnarskrá landsins að gera það. Nú kann að eiga að réttlæta það eitthvað með því, að þessi ítök hafi verið illa fengin á sínum tíma. Það getur vel verið, einhvern tíma í grárrí fornaskju. En það kemur nú ekki hér til mála, og við getum ekki tekið tillit til þess. Þess vegna verðum við að taka staðreyndina eins og

hún er, og hún er sú, að lagalega séð á þessi kirkja þessa eign. Og þá er mér spurn: Er þá hægt að taka það frá henni með einföldum lögum og skipta andvirðinu milli annarra. Ég held, að það sé ekki hægt. Ég held þess vegna, að hvernig sem á málið er litið, eigi að breyta þessu, og með tilliti til þess hef ég leyft mér að koma hér með skrifl. brtt. og hún er við 3. gr., og með leyfi forseta hljóðar hún þannig, að í stað orðanna “rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem prestur ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra” komi: “rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á.” – Við tókum það af henni og látum hana hafa andvirðið fyrir það, breytum því bara í peninga, ef við látum hana halda sinni eign óskertri, en skiptum því ekki milli annarra kirkna, sem aldrei hafa neitt í því átt og aldrei hafa neitt komið ítakinu við. Það var allt annað með prestmötuna, sem lögð var á bara í þeim tilgangi að létta söfnuðum öllum að greiða prestinum laun eða láta prestinum líða betur. Það er allt annars eðlis, hún átti náttúrulega skilyrðislaust að renna annaðhvort beint í ríkissjóð, sem launar prestana, ellegar til prestsembættisins, sem um er að ræða hverju sinni. Þess vegna er það hjá upprunalegu nefndinni, sem hefur haft með málið að gera, algerlega skökk samlíking að jafna þessu tvennu saman, því að það hefur í eðli sínu aldrei átt neitt skylt hvað við annað, ítökin annars vegar og prestmatan hins vegar.“

Framsögumaður í Efri-deild, Ingólfur Flygenring gat að lokum fallist á breytingu í framangreinda átt og sagði við lok umræðna um málið: (4)

„Ég hafði nú haldið því fram hér við 2. umr., að það færi vel á því, að sóknarkirkjurnar skiptu jafnt á milli sín slíkum tekjum og þeim af sölu ítaka og hjálpa á þann hátt til þess að viðhalda og bæta kirkjuhús í prestakallinu. Ég heyrði strax á hv. 1. þm. N-M., að hann var þessu ekki meðmæltur og hafði aths. að gera og óskaði eftir, að n. tæki þetta betur til athugunar. Það var og gert, og ég aflaði mér nokkurra upplýsinga hjá lögfræðingum um þetta, því að flytjandi að brtt. þessari hélt því fram, að þetta væri ekki hægt, slíkt væri stjórnarskrárbrót að taka eigur annarra, án þess að fullt gjald komi fyrir o.s.frv. Eins og áður er sagt, átti ég tal við lögfræðing um þetta atriði mér til styrktar, og taldi hann, að þetta mundi ekki löglegt vera; jafnvel þó að menn vildu virða bróðurkærleikann og fórnfýsina að einhverju, þá væru þó lögin, sem mundu ganga á mót (sbr. stjórnarskrána), ef aðilar mótmæltu ítaksrétti, sem tekinn væri frá einni kirkju og afhentur öðrum. Ég hef síðan minnst á þetta við meðnm. mína, og mér skilst, að þeir séu sammála því, að þessi brtt. verði samþ.“

Var breyting þessi síðan samþykkt samhljóða í báðum þingdeildum. Hin endanlega gerð, eins og hún birtist í l. 113/1956 um kirkjuítök og sölu þeirra, er svohljóðandi:

1. gr. „Kirkjuítak er ítak, sem kirkja á.
2. gr. Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur. Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nýttar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.
3. gr. Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afréttar- eða beitolands, ef eigi eru sérstök býli sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.“

Kirkjueignanefnd taldi rétt að afla upplýsinga um framkvæmd fyrrgreindra lagaheimilda um sölu kirkjuítaka og skyld atriði og að beiðni nefndarinnar sendi biskupsembættið því sóknarprestum um land allt, sem þjóna kirkjum, er ítök eiga, svo og próföstum, samhljóða bréf, í nóvembermánuði 1983, þar sem óskað var upplýsinga um ýmis atriði varðandi notkun og ráðstöfun kirknaítaka og jafnframt var þeim sent afrit skrár um viðkomandi ítök, sem óskað var þinglýsingar um á sínum tíma, sbr. það sem fyrr sagði um það efni. Var bréf þetta til prestanna svohljóðandi:

„Hér með sendist yður, kæri sóknarprestur, afrit af skrá um forn ítök kirknanna í prestakalli yðar, sem send var sýslumanni til þinglýsingar árið 1953 til samræmis við l. 113/1953 um lausn ítaka af jörðum, en samkvæmt þeim lögum féllu ítökin niður ógild, ef ítaksréttinum var eigi þinglýst fyrir tilskilinn tíma.

Nefnd sem starfar á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytis að könnun kirkjueigna, hefur farið þess á leit, að biskupsembættið leiti hjá yður svo glöggra og góðra upplýsinga, sem þér framast getið í té látið, varðandi ítök kirknanna í prestakalli yðar, einkum varðandi breytingar, sem kunna að hafa orðið á kirknaítökum síðan skráin var samin.

Af þessum sökum er þess nú óskað, að þér gefið upplýsingar um eftirtalin atriði, og sé þá einkum miðað við þann tíma, sem liðinn er síðan framangreind skrá var rituð:

1. Hvaða ítök hafi verið seld og þá hvenær, hverjum og fyrir hvaða verð.
2. Hvaða ítök séu nú með öllu týnd, svo að eigi verði lengur vitað við hvað er átt.
3. Hvaða ítök hafið eyðst af völdum náttúrunnar (t.d. bithagi blásið upp).
4. Hvaða ítök þér vitið til að prestur hafi notfært sér eða haft tekjur af og þá hvenær síðast og hver enn séu notuð.
5. Hvort kirkja hafi eignast ítök síðan skráin var samin.
6. Hvort nokkur ítök vanti á skrána og þá hver.
7. Aðrar upplýsingar um einstök ítök, er þér kynnuð að geta aflað.

Er þess vænst, að þér hafið samráð við fróða og staðkunnuga menn og sýslumann varðandi vafaatriði. Mikilvægt er, að fram komi upplýsingar um í landi hvaða jarðar tiltekin ítök á skránni eru, ef skráin sjálf ber það ekki með sér.

Þess er óskað, að svar yðar berist biskupsembættinu svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 1. janúar 1984.“

Allmörg svör bárust við þessari málaleitan, enda þótt eigi svöruðu allir þeir er beðnir voru, en misjafnt er þó hversu þær upplýsingar voru ítarlegar. Þegar á heildina er litið virðast ekki hafa orðið miklar breytingar á kirkjuítökum hina síðari áratugi, og mjög fátítt virðist, að kirknaítök hafið verið seld með heimild í framangreindum lögum.

7. Niðurstöður um eignarréttinn.

Í stuttu máli er niðurstaða nefndarinnar varðandi eignarréttinn að hinum svokölluðu kirknaítökum sú, að á sama hátt og hinar einstöku kirkjur eiga enn jarðir þær, er eigi hafa verið frá þeim teknar eftir ótvíræðri lagaheimild (sbr. XI. Kafla þessarar álitsgerðar), eigi hver kirkja enn þau ítök, sem hún hefur átt frá fornu fari og sem eigi hafa verið frá henni skilin með lögformlegum hætti, svo sem sölu, eða fallið niður af öðrum ástæðum, t.d. vegna hefðar, eða sökum þess að notkun tiltekins ítaks er nú með öllu útilokuð. Ljóst er, að fyrrgreind niðurstaða Alþingis varðandi 3. gr. l. 13/1956 byggist á þessum grundvelli. Ítak þarf hins vegar ekki að vera fallið niður vegna þess eins að viðkomandi kirkja (prestur eða annar umráðamaður) hefur eigi nýtt það í langan tíma, a.m.k. ef annar aðilli hefur þá eigi haft not þess á meðan. Brottfall ítaks getur þó vissulega komið til greina af þessum sökum, en dómstólar eiga endanlegt mat þessa hverju sinni ef til ágreinings kemur. Um ítök, sem einstaka kirkjujarðir (en ekki kirkjur) kunna að eiga í landareignum annarra jarða, fer sem um ítök almennt, án þess að sérstök ákvæði eða reglur um kirknaítök eigi við.

XIII. KRISTFJÁRJARÐIR OG FÁTÆKRAJARÐIR

1. *Almennt*

Í inngangskafla þessarar álitsgerðar var það nefnt, að nefndin teldi rétt að fjalla nokkuð um kristfjárjarðir og fátækrajarðir “sökum tengsla þeirra við trúarlíf og kristnihald í landinu svo og nokkurra tengsla við kirkjuna sjálfa sem stofnun”. Þau tengsl hafa þó almennt verið lítil um langa hríð og í reynd lítil líkindi til að þau muni aukast verulega síðar, að óbreyttum þjóðfélagsháttum. Þessar eignir verða yfirleitt alls ekki, hvað sem öðru líður, taldar til kirkjueigna eða kirkjujarða í venjulegum skilningi, enda hafa þær um margt sérstöðu og er þó réttarstöðu þeirra allra eigi á einn veg háttad. Ljóst er, að jarðir þessar, einkum hinar eiginlegu kristfjárjarðir, eru eins konar leifar fornra þjóðlífshátta, sem um sumt megna eigi að þjóna lengur sínu upphaflega hlutverki, - sem einkum var fátækrahjálp af ýmsu tagi, - auk þess sem ýmsar opinberar stofnanir í þjóðfélaginu hafa tekið að sér hið forna hlutverk þeirra í ríkum mæli. Þó eru þessar fornu eignir eða stofnanir enn allrar virðingar verðar og ekki er loku skotið fyrir að auka mætti arðsemi þeirra í fyrrnefndu augnamiði, þannig að þær gæfu af sér svo að um munaði fyrir þá, sem þeim var ætlað að styrkja, umfram hinar rýru nauðpurftagreiðslur frá því opinbera.

Jarðeignir þessar skipta mun minna máli fyrir meginviðfangsefni nefndarinnar en kirkjujarðirnar og verður því einungis fjallað um þetta fremur stuttlega hér. Um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir var á sínum tíma samin mjög ítarleg og vönduð fræðileg greinargerð, sem lögð var fram á Alþingi 1952 (prentuð í Alþingistíðindum) og sem síðar verður nánar rætt um. Vill nefndin fyrst og fremst benda á þessa greinargerð sem hilna helstu fróðleiksnámu um þessi efni, sem aðgengileg er. Er, almennt séð, ástæðulaust að endurtaka hér eða tilgreina sérstaklega það, sem þar kemur fram, nema um einstaka atriði, enda er greinargerðin í heild birt sem viðauki þessarar álitsgerðar (fylgiskjal nr. 9). Aðeins verða hér áréttuð nokkur almenn atriði og greint frá tilteknum þáttum, sem máli skipta en eigi koma fram í nefndri greinargerð.

Eins og fram kemur í greinargerðinni frá 1952 virðist einungis rétt að telja til eiginlegra kristfjárjarða þær jarðir eða þess háttar fasteignaréttindi, sem gefnar voru fyrir siðaskipti (oftast sem sálugjafir eða í svipuðum tilgangi), en síðar komu til fátækrajarðir o.þ.h. eignir, sem dæmi eru um, að gefnar væru a.m.k. talsvert fram á 19. öld (þær jarðir voru þó oft einnig kenndar við kristfé).

Í fylgiskjali með fyrrnefndri greinargerð segir Guðbrandur Jónsson um eignarréttarstöðu hins eiginlega kristfjár. (1)

„Það er mjög erfitt að gera fullnægjandi grein fyrir eignarréttinum á Kristfénu og forræði þess. Það er enginn vafi á því, að það var til, að Kristfjárvöðin ætti sjálf þann stofn, er hún var reist á, og að hún því væri sjálfseignarstofnun, en í skrár þeim, sem fylgja í viðbæti, eru tiltölulega örfá Kristfé, þar sem það er augljóst, að svo hafi verið. Það munu vera slík Kristfé, sem Ólafur biskup Rögnvaldsson kallar al-Kristfé í máldaga sínum (D.I.V., bls. 285). Stofninn undir Kristfjárvöðinni var oft jörð, en langoftast þó ekki nema jarðarpartur, stundum ekki nema ítak, sem lá til þeirrar jarðar, er kvöðin var í, en hún var nefnd Kristfjárjörð, svo sem slægjuland, reka, upprekstur og þar fram eftir götunum, en stundum var það innstæða, er jörðinni fylgdi, og varð ábúandinn þá að endurnýja hana. Langalgengast sýnist hafa verið, að stofninn undir Kristfjárvöðinni, Kristféð sjálft, hafið aðeins verið nokkurs konar trygging fyrir kvöðinni, að hún héldist, og að afraksturinn hafi gengið til þess, er kvöðin hvíldi á – venjulega ábúanda jarðarinnar -, og að afraksturinn hafi alltaf staðið riflega fyrir útgöldum þeim, er kvöðin bakaði, en hafi þó hér um bil alltaf eftir sem áður verið eign þess, er Kristféð lagði fram. Þetta virðist vera glögg af því, að þess eru ýmisleg dæmi,

að stofninn undir Kristfjárkvöðinni hafið gengið kaupum og solum. Um 1343 segir t.d. í máldaga Hoffellskirkju í Hornafirði, að hún eigi hálf heimaland jarðarinnar, “utan Páll bóndi á þar ómagavist, er hann keypti af Magnúsi bónda í Skál fyrir 12 hundruð” (D.I. II., 770). Hoffell er í jarðatali Johnsens talin 37 hdr. að dýrleika, og hafi svo verið á 14. öld, hefur kirkjan átt 12 ½ hdr. í jörðinni. Þá gefur Gottskálf biskup Nikulásón Hóladómkirkju með testamentisbréfi sínu 1520 jörðina „Hól í Höfðahverfi, 16 hdr., 6 kúgildi. Landskyld fimmtán aurar og keypt fyrir fulla peninga, og er þó Kristfé“ (D.I. VIII., 727). Hér er ekki um að villast, að Kristféd á sig ekki sjálft, heldur sá, er lagði það fram eða hafði tekið það að erfðum, og þetta mun hafa verið reglan. Það kemur að vísu fyrir (1529), að talað er um kaupahluta í Kristfjárjörð (D.I. IX., 487), og verður að skilja það svo, að það sé andvirði jarðarinnar að frádregnu Kristfé. Það er eftirtektarvert um þá jörð, að hér er um að ræða, að kaupahlutinn var þá 24 hdr., en í jarðatali Johnsens (1848) er hún talin 24 hdr. að dýrleika. Það er því naumast að efa, að í heild sinni hafa Kristfén ekki verið gjafir, heldur eins og hér er talið tryggingarframlög, nema annað sé beinlínis tekið fram. Það virðist í heild sinni hafa verið svo, að sá er á Kristfjárjörðinni bjó, ráðstafaði ómagavistinni eða öðru, sem á Kristfénu var, en stundum kemur það fyrir, að hreppstjórum sé falið þetta, annaðhvort einum eða með prófasts ráði eða biskups, en öll slík góðgerðasemi lá að sjálfsgöðu undir eftirliti biskups. Er það ljóst af því, að gerðir hafa verið sjálfstæðir máldagar fyrir sælubú og Kristfjárnú, og hljóta biskupar því að hafa vísitarað þau.

Enda þótt telja megi það, sem hér er haldið fram um eignarrétt og forræði Kristfjárins, vera líklegast, er ekki óhugsandi, að það hafi að einhverju leyti verið á annan veg. Heimildir um það eru svo óljósar, að ekki er hægt að gera örugglega grein fyrir þessu.“

Getur nefndin tekið undir þessi ummæli, en leggur þó áherslu á mikilvægi þess, að allar tiltækar eignarheimildir um viðkomandi eignir séu athugaðar nákvæmlega hverju sinni við úrlausn þess, hvort um sjálfseignarstofnun hafi verið eða sé að ræða eða eigi. Frumheimildir um gjafir þessar eru þó í mörgum tilvikum glataðar og verður þá að ráða í þetta af öðrum gögnum, eftir því sem til hrekkur.

Hvað varðar jarðir þær, er gefnar voru í þessu augnamiði eftir siðaskipti, er ljóst, að þær voru sumar hverjar, og eru enn, sjálfseignarstofnanir en aðrar voru eða eru í þeim tiltekkinna hreppa eða sýslna en með áhvílandi „fátækraákvöð“ eftir nánari fyrirmælum í gjafabréfunum, sem mörg eru varðveitt eða a.m.k. vel kunnugt um efni þeirra. Er þessi aðgreining með tilliti til eignarréttar einnig sjálfstætt úrlausnarefni í hverju tilviki og er ástæðulaust að fjalla almennt nánar um það hér. Ákvörðun eignarréttarstöðu þessara jarða getur þó skipt miklu máli, ef til greina kemur, að þær verði seldar, enda þótt oft megi ráða af heimildum um gjöfina hvert eðlilegt sé að andvirðið renni.

Um tengsl kirkjulegra yfirvalda við kristfjárjarðirnar er þetta að segja: Enginn vafi er á því, að í katólskum sið hafði biskup, lögum samkvæmt, yfirumsjón og æðstu ráð kristfjárjarða í umdæmi sínu. Um þetta var klárt ákvæði í Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar (frá 1275), en þar segir: (2)

„Biskup vor skal ... ráða ... tilgjöfum þeim, sem menn gefa guði og hans helgum mönnum löglega sér til sálu hjálpar, því að ekki vald megu leikmenn yfir slíkum hlutum eiga utan biskupa skipan.“

Þar með var einnig tryggt dómsvald kirkjunnar út af ágreiningi um þessar eignir. Eigi verður betur séð, en að eftir siðaskipti hafi verið litið svo á, að æðstu völd yfir kristfjám væru með réttu í höndum konungs, enda þótt biskupar hefðu, a.m.k. í nokkrum mæli, fram á 19. öld umsjón með þeim hinna eiginlegu kristfjárjarða, sem þá stóðu enn undir því nafni, og byggingarráð þeirra, (3) en þegar eftir siðaskipti virðast

kristfén í heild sinni úr sögunni og hafi runnið til konungs á svipaðan hátt og klaustraeignirnar. (4)

Frá því á 19. öld hafa kirkjuleg yfirvöld almennt haft lítil afskipti af jörðum þessu og af flestum þeirra engin, heldur hafa sveitarstjórnir yfirleitt, undir yfirumsjá þartilbærri yfirvalda á hverjum tíma (nú síðast Félagsmálaráðuneytis, hvað flestar þeirra varðar) haft umráð jarða þessara og var þá stundum farið að láta afgjald þeirra renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð (sem reyndar hafði framfærsluskyldu gagnvart þurfamönnum), en með sumar þeirra var raunar farið sem ríkisjarðir. Svo sem fyrr segir áttu reyndar tiltekin hreppsfélög (eða sýslufélög) sumar fátækrajarðirnar og höfðu þarafleiðandi umráð þeirra með réttu, (5) ein eigi virðist sem þess hafi ávallt hafi verið gætt sem skyldi að rekstur þeirra væri gerður sem arðsamastur fyrir þá hina þurfandi, sem gefendur höfðu ætlast til, og hefur það reyndar fylgt mörgum þessara jarða allt til þessa dags og er ekki vansalaust fyrir umráðamenn þeirra. Má m.a. benda á nýleg dæmi þess, að jarðir af þessu tagi hafi um langt skeið verið leigðar ábúendum fyrir óhóflega lágt endurgjald, jafnvel nokkrar krónur á ári (sbr. t.d. fátækrajarðina Ytra-Vallholt í Skagafirði, en afgjald þeirrar jarðar mun hafa verið sem næst kr. 13... fyrir árið 1983, og er þar þó rekinn búskapur), og er þessu líkt farið og um margar kirkjujarðirnar, svo sem fyrr hefur verið lýst. Virðist mjög hafa skort á, að stjórnvöld létu sér annt um arðsemi þessara jarða í hinum upphaflega tilgangi. Má reyndar hugsanlega rekja það að einhverju leyti til þess, að nokkuð hefur verið óljóst um sumar jarðirnar a.m.k. í hvaða stjórnardeild eða ráðuneyti yfirstjórn þeirra ætti að vera og stundum jafnvel gætt nokkurrar togstreytu um þetta, a.m.k. þegar komið hefur til tals að selja þess háttar jarðir. Telur Kirkjueignanefnd, að nauðsyn beri til, að komið verði á samræmdri yfirumsjón þessara jarða, sem fylgist með því að þær séu reknar á sæmilegan hátt og arður þeirra styrki í raun það málefni, sem þeim var upphaflega ætlað að efla. Þarf til þess skýr lagafyrirmæli, en að þessu verður aftur vikið í niðurstöðum þessa kafla.

Þess var áður getið, að tengsl kirkjulegra yfirvalda við þessar jarðir hefðu almennt verið lítil um langa hríð, en þó eru undantekningar frá því. Þess eru dæmi, að í gjafabréfum fyrir tilteknar fátækrajarðir væri mælt fyrir um, að prestur í viðkomandi prestakalli, prófastur eða jafnvel biskup skyldu hafa tilsjón með viðkomandi jörð, og getur sú skipan þá hafa haldist til þessa dags. Sem skýrt dæmi um þetta má nefna fátækrajarðina Ytra-Vallholt í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu. Í gjafabréfi fyrir henni, dags. 20. júlí 1693 (sem birt er í Lovs. f. Island I., bls. 508-509) segir Þórður biskup Þorláksson:

Góðum og guðhræddum lesendum og heyrendum þessa bréfs óska eg, Þórður Þorláksson, Superintendens Skálholts stíptis, guðs náðar og miskunar, með tímanlegum og eilífum frið fyrir vorn drottinn Jesum Christum: Hér með kunnugt gjörandi, að eg hefi í guðs nafni og góðri meiningu tileinkað og gefið fátækum guðs þurfamönnum, einkum munaðarlausum ekkjum og föðurlausum börnum í Hegranness þingi til ágóða og viðhjalpar, mína eignarjörð Ytra-Vallholt í Skagafirði, eptir því sem mitt testamentisbréf, datað Skálholti þann 30. júnii Anno 1690 og auglýst á alþingi í lögréttu þann 10. júlí sama árs, útvisar, hvers bréfs póstur og innihald um sagt efni svo er hljóðandi orð fyrir orð sem eptir fylgir:

„Sanctæ Mariæ kirkju að Hólum í Hjaltadal, var eg er borinn og barnfæddur, gef eg jörðina Ytra-Vallholt, XI hundruð að dýrleika, með VI kúgildum, hverja jörð mér fékk og gaf mín elskulega fösturmóðir, Halldóra Pétursdóttir, í próventu, með samþykki og ráði síns fróma og góða ektamanns, Hallgríms Guðmundssonar. Jörð sú er í Skagafirði, Hegranness þingi og Holts kirkjusókn. Skal jörðin, með kúgildunum og öllu því sem henni með réttu tilheyrir, verð æfinlegt kristfé héðan í frá. En það skil eg til, að fátækar,

munaðarlausar ekkjur og föðurlaus börn, sem helst eru þurfandi í Norðlendinga fjórðungi, einkum Hegraness þingi, hafi not af jörðinni. Biskup á Hólum sjái fyrir jörðinni og hennar afgangi sem best hentar, og fátækum guðs þurfamönnum má best haga &c.“

En með því aldurdomur minn og veikindi áminna mig, þessi litla gjöf án undandrátar úti að láta, meðan guð mig af náð sinni liður við þetta skammvinna og fallvalta líf, þá tilsegi eg nú og afhendi fyrgreinda jörð Ytra-Vallholt eðla og veleruverðugum herra, herra Einari Þorsteinssyni, biskupi Hóla stiptis, til fullkomlegrar meðtöku að næstkomandi fardögum anno 1694, undir hans vernd og umsjón: alúðlega óskandi, að hans herradómur og hans eptirkomendur, biskupar á Hólum, vildu guðs vegna svo hagæra láta þessu litla tillagi, fátækum til nota, sem best má fara, og minn einfaldur og góður ásetningur er og verið hefir í þessu efni, fyrir utan alla hégómlega fordild og hræsni. Almáttugur guð uppfylli alla vora nauðpurft eptir sínum dýrðar ríkidómi í Christo Jesu. Minn elskulegan bróður Guðbrand Thorlaksson bið eg optgreinda jörð Ytra-Vallholt velnefndum herra biskupinum eður hans umboðsmanni að afhenda í eptirkomandi árs fardögum 1694, og hið besta til sjá, að jörðin, með öllu því henni tilheyrir í húsum og innstæðu, verði vel og ríflega af höndum látin, hvar til eg hans bróðurlegum kærleika og góðri tilhlutan fulltreysti. Þessu öllu áðurtæðu ti staðfestu og sannindamerkis skrifa eg mitt nafn með eign hendi, og læt þrykkja mínu eiginlegu Zigneti hér að neðan í erlegra manna viðurvist, sem sín nöfn ásamt mér hér undir setja. Actum Skálholti anno 1693, þann 20. Julii, hver dagur mánaðarins tileinkaður er í rími voru hinum heilaga Þorláki Þórhallasyni, Skálholts biskupi, qui floruit seculo XII. Post natum mundi salvatorem.

Þórður Þorláksson.

Hefur jörð þessi síðan verið í umsjá kirkjunnar manna, nú biskups Íslands og prófastsins í Skagafjarðarprófastsdæmi í umboði hans. Eigi verður þó séð að sú skipan mála hafi reynst „fátækum, munaðarlausum ekkjum og föðurlausum börnum“ sérlega arðgæf, a.m.k. í seinni tíð, sbr. afgangi jarðarinnar, sem fyrr var nefnt.

Fyrr hefur komið fram, að kristfjár- og fátækrajarðir gætu almennt eigi talist til kirkjujarða, en þó gat þar reyndar stundum verið mjótt á munum og um ýmiskonar tengsl að ræða. Hvað varðar jörðina Ytra-Vallholt, sem fyrr hefur verið nefnd, má t.d. benda á, að þar kemur fram í „testamentisbréfi“ því, sem vitnað er til í gjafabréfinu sjálfu, að jörðin sé gefin „Sanctae Mariae kirkju að Hólum í Hjaltadal“, og mætti af því einu sér álykta, að fátækranotin skyldu einungis vera sem ævarandi kvöð á jörðinni, en af orðalagi gjafabréfsins sjálfs („hefi ... gefið fátækum guðs þurfamönnum ... (jörðina) ... til ágóða og viðhjálpar“) virðist sem fremur sé um sjálfseignarstofnun að ræða, enda hefur ætíð verið farið þannig með þessa eign („Legatsjóður Ytra-Vallholts“). Kristfjárjarðir (t.d. framfærslukvaðir til fátækra eða kúgildi í sama augnamiði) gátu einnig hvílt á sumum kirkjujörðum, allt frá miðöldum, sbr. t.d. jörðina Geitafell, sem var kirkjujörð Grenjaðarstaðar og nánar ræðir um síðar. Þess háttar kvaðir voru reyndar stundum einnig lagðar á jarðir, sem gefnar voru tilteknum kirkjum eftir siðaskipti, sbr. t.d. ákvæði í þessa átt í gjafabréfi frá 1655, (6) þar sem gefendur gefa XXV hundruð í jörðinni Drápuhlíð í Helgafellssveit

„almáttugum guði til lofs og dýrðar og hans heilaga orði og þjónustugjörð orðsins til eflingar undir Helgafellskirkju til eignar, en eftirkomandi kennimönnum til Helgafellskirkju þjónandi til uppeldis nota og landskyldar aftekta“, þó þannig, „að V. kúgildi, sem þar skyldu með vera, skyldi í umsjón og ábyrgð prestsins að Helgafelli, svo aldrei úr félli, en fátækir guðs ölmusumenn í Helgafellssveit skyldu þau eignast og árlega leigur af þeim upp bera á réttan tíma að Michaelismessu, refju- og undansláttarlaust ævinlega.“

Það hefur lengst af verið fátítt, að leyfð væri sala á kristfjár- eða fátækra jörðum, en konungur taldi sig þó, lengi vel, hafa heimild til að leyfa þess háttar sölu þegar sérstakar ástæður mæltu með henni. Árið 1812 var t.d. konungsleyfi veitt til sölu á fátækra jörðinni Neðra-Vaðli í Barðastrandarsýslu, (7) sem gefin var 1792 „til Forsörgelse for en eller flere Fattiglemmer i Bardestrands Rep“, gegn því að andvirðið „sættes paa Rente i Hans Majestæts Kasse eller paa et andet sikkert Sted til stedsvarande Eiendom og Nytt for Publikum inden Bardestrands Syssele“. Var þessi ráðstöfun reyndar að undirlagi gefandans sjálfs, en hann taldi, að gjöfin hefði eigi náð hinum upphaflega tilgangi sínum.

Sérstök athygli skal vakin á bréfi stjórnarráðsins til biskups Íslands varðandi sölu kristfjárjarða, sem dagsett er þ. 16. mars 1909, (8) en þar segir:

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 20. janúar þ.á., viðvíkjandi fyrirspurn sóknarprestsins í Helgafellsprestakalli um það, hvort ábúendum kristfjárjarða gefist kostur á að fá ábyli sín keypt, og, ef svo sje, þá hver leið skuli farin til þess að ná kaupum á þeim, skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir tjeðum presti, að stjórnarráðið hefir eigi heimild til sölu kristfjárjarða svo sem til sölu kirkjujarða og þjóðjarða, og að þá er ræða hefir verið um sölu kristfjárjarða hefið verið leitað konungsleyfis til sölunnar, en að slíks leyfis mun stjórnarráðið eigi leita nema þegar sjerstaklega stendur á og salan þyki eigi athugaverð á nokkurn hátt vegna ákvæða í eignarheimildum þeim, er liggja fyrir um hverja einstaka jörð, og oftast munu vera gjafabryf einstakra manna með ákveðnum fyrirmælum gefanda.

Á síðari áratugum hefur verið litið svo á, og vafalaust með réttu, að ótvíræða lagaheimild frá Alþingi þurfi til þess háttar sölu eða sambærilegra ráðstafana og hefur slík heimild verið veitt nokkrum sinnum. Má í því sambandi benda á l. 20/1953, sem fólu í sér breytingu á l. 111/1941 um eftirlit með opinberum sjóðum. Þar segir m.a.:

„Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, og skulu þeir þá senda tillögur um breytingar til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. júlí 1953. Ef ráðuneytið telur, að breyta þurfi skipulagsskrám eða öðrum fyrirmælum um einstaka sjóði eða gjafir, og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því, skal leggja lagafrumvarp um breytingarnar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Stjórn Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar Bøggvisstöðum skal þó heimilt að selja jarðir sjóðsins, og enn fremur er forráðamanni kristfjárjarðarinnar Reynis í Innri-Akranes-hreppi heimilt að selja þá jörð, svo og hreppsnefnd Fljótsdalshrepps að selja kristfjárjarðir hreppsins, enda verði andvirði jarða þessara varið í samræmi við ákvæði gjafabréfa fyrir þeim. Sala er þó því aðeins heimil, að eftirlitsmenn opinberra sjóða hafi mælt með henni og samþykkt söluverð jarðanna.

Nú er svo fyrir mælt í skipulagsskrá eða gjafabréfi, að jarðeign sjóðs megi ekki selja, en jörðin er laus úr ábúð og enginn vill taka hana á leigu, og er þá forráðamönnum sjóðsins eða eignarinnar heimilt að auglýsa jörðina til sölu með hæfilegum tilboðsfresti og selja hana hæstbjóðanda, þrátt fyrir áður nefnt ákvæði í skipulagsskrá eða gjafabréfi, enda samþykki eftirlitsmenn opinberra sjóða söluverðið. Ekki má þó auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið opinberlega auglýst til leiguábúðar með a.m.k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vill taka jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð á jörðinni, enda sé þá jarðareiganda skylt að leggja fram fé til húsagerðar á jörðinni og ábúandi taki á sig þá kvöð, sem hvílir á landsdrottni samkv. 13. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951, að kaupa hús, er fyrrverandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna.

Nú gefur einhver sig fram, eftir að jörð er auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, sem vill taka jörðina á leigu, og skal þá leigja jörðina, en ekki selja. Þá er og skylt, áður en sala fer fram, að tilkynna það nýbýlastjórn ríkisins og gefa henni kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar með þeim kjörum, er að framan greinir, hafi enginn óskað að fá jörðina leigða.”

Lög þessi voru frá 11. febrúar 1953 og öðluðust þegar gildi, en gildistími þeirra var skammur varðandi heimild til hinnar almennu jarðasölu, því að tekið var fram, að hún gildi einungis til ársloka 1954.

Með sérstökum lögum hefur einnig verið veitt heimild til sölu á jörðum af þessu tagi.

Má þar nefna l. 61/1963 um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu. Þar segir:

„Stjórn Utanverðuneslegats heimilast með lögum þessum að selja ábúanda hálfá jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi, enda verði hún gerða að ættaróðali. Enn fremur heimilast stjórn legatsins að selja hinn helming jarðarinnar, ef ábúð á þeim hluta jarðarinnar er tryggð eða önnur sú starfsemi sem jafngildir ábúð. Sama gildir um þann hluta jarðarinnar, sem um ræðir í 1. málslíð ef ábúandi gengur frá.

Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð. Andvirði jarðarinnar skal vera eign Utanverðuneslegats.“

Svipaðs efnis eru l. 57/1967 um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, en þar segir:

„1. gr. Hreppsnefnd Miklaholtshrepps er heimilt að selja ábúanda kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum, enda verði andvirði jarðarinnar varið í samræmi við ákvæði gjafabréfs fyrir henni.

2. gr. Heimilt er hreppsnefnd Miklaholtshrepps að mynda sjóð af söluandvirði jarðarinnar Litlu-Þúfu. Skal sjóðurinn bera nafn gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar, og vera í umsjá hreppsnefndarinnar. – Skal heimilt að verja allt að 2/3 hlutum af tekjum sjóðsins til hins nýja barna- og unglingskóla í Laugagerði.“

Í 5. gr. l. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er einnig veitt heimild í þessa átt:

„Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, hreppsnefnd Helgustaðahrepps og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, sem umráða- og hagsmunaaðilum, heimilt að selja ríkissjóði kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi.

Andvirði hinn seldu jarða skal varið til félagslegra framkvæmda í Reyðarfjarðarhreppi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, og ráðstöfun söluandvirðis skal vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

Fjármálaráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi ásamt mannvirkjum og ræktun og leigja hlutafélagi skv. 1. gr. lóð úr landi jarðanna undir starfsemi þess og selja

hafnarsjóði skv. 10. gr. úr landi jarðanna hentugt jarðnæði vegna hafnar við Mjóeyri í Reyðarfirði. Verð jarðanna, mannvirkja á þeim svo og ræktunar fer eftir því sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.”

Vorið 1984 var til umræðu á Alþingi frumvarp til laga um heimild til að selja kristfjárjörðina Ytra-Vallholt í Skagafirði, sem fyrr var getið og gjafabréf fyrir henni birt. Hljóðaði það svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafsteini Lúðvíkssyni kristfjárjörðina Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu. Söluverð jarðarinnar skal ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna og greiði kaupandi matskostnað. Söluandvirði jarðarinnar skal afhent biskupi til ráðstöfunar í samræmi við ákvæði gjafabréfs Þórðar Þorlákssonar frá 20. júlí 1693.“

Frumvarp þetta náði þó eigi fram að ganga að því sinni.

Um þetta frumvarp urðu allmiklar umræður á Alþingi, sem og stundum endranær þegar söluheimild kristfjárjarða hefur borið þar á góma, og umræða um kristfjárjarðir hefur þar stundum tengst umræðum um sölu á ríkisjörum eða kirkjujörðum. Í umræðum á Alþingi kemur ýmislegt athugasvert fram um afstöðu einstakra alþingismanna, fyrr og síðar, til þessara mála, en ógerningur er að rekja þær umræður hér. Sérstaka athygli vekur þó, að þótt heimild til sölu hafi stundum verið leyfð, hafa ýmsir þingmenn lýst yfir þeirri skoðun sinni, að þeir væru fremur anvígir sölu kristfjár- og fátækrajarða eða mæltu a.m.k. með sérstakri varkárni í því sambandi. Sem dæmi um þetta viðhorf skulu hér tilfærð ummæli Einars Olgeirssonar á Alþingi 1952, er fyrrgreint frumvarp til breytinga á l. 111/1941 var þar til umræðu, - og þar sem gert var ráð fyrir heimild til sölu eða til breytinga á skipulagsskrá eða gjafafyrirmælum: (9)

„Ég held, að við höfum ekkert móralskt leyfi til þess að breyta þessu svona. Ákvæðin um kristfjárjarðirnar eru búin að standa öldum saman og standa af sér allar verðbreytingar viðvikjandi öllum þeim peningamyntum, sem hér hafa verið uppi, og ég held, að það sé móralskt rangt af Alþ. að grípa þarna inn í og ætla með lagasetningu þannig að gefa almennt vald til þess að breyta þessum fyrirmælum, sem fylgja kristfjárjörðunum og öðru slíku, og hafa náttúrulega ekki beint neina skipulagsskrá. Ég hygg, að það sé alveg rangt. Ég held, að ef íhaldssemi eigi nokkurs staðar við, þá sé það í svona hlutum, þegar um er að ræða fyrirmæli löngu liðinna manna, sem manni ber að virða.“

Sami þingmaður sagði ári síðar m.a., þegar frumvarp það um “kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign”, sem síðar verður greint frá, var til umræðu á Alþingi, en hann deildi á framkomnar tillögur um söluheimildir á jörðum þessum: (10)

„Hvað er með eignarréttinn á þessum jörðum? Hæstsv. Lanbrh. sagði, að þeir menn, sem hefðu upprunalega gefið þessar jarðir, mundu tvímælalaust sætta sig við þessa ráðstöfun. Hver segir, að þeir myndu tvímælalaust sætta sig við það? Ég held, að það sé ekki nokkur rök hægt að færa fram fyrir því, og um það má náttúrulega deila endalaust. En við skulum bara strax gera okkur ljóst, að með því að kippa þessum jörðum burt úr þeirri eign, sem þær nú eru í, og úr þeim tilgangi, sem eignarrétturinn á þeim átti að þjóna, þá er verið að ræna þarna ákveðna aðila, - hvort það er Jesús Kristur eða fátækir eða hverjir sem það eru, sem þarna er um að ræða, það kemur raunverulega í sama stað niður, - en það er verið að taka eignarréttinn af þessum jörðum úr hendi þeirra sjóða eða þess tilgangs, sem þær áttu að þjóna, og setja það í hendur annarra og það raunverulega án nokkurra bóta. Ég held, að það sé ekki hægt að gera þetta. Ég

held, að það séu ekki neinar siðferðislegar forsendur fyrir því, að það sé hægt að gera þetta. Og ég held, að það sé að eyðileggja ráðstafanir, sem gerðar hafa verið fyrir löngu og hingað til hafa staðist tímans tönn, þannig að út frá þeim venjulegu hugmyndum, sem við höfum um slíkt, sé þetta ekki hægt. Ég verð að segja; Það er oft ýmislegt skynsamlegt, sem mælir með því, að slíkt sé gert. Ég skal bara benda á öll þau ósköp af sjóðum, sem hér eru til, upp á marga tugi eða hundruð þúsunda, jafnvel milljónir, sem margir hverjir eru búnir að liggja langa lengi, gefnir í einhverjum sérstökum tilgangi upphaflega, en koma að litlum notum, þegar búið er að gera peningana lítils virði og annað slíkt. En það fer enginn fram á að gerbylta ákvæðum þeirra manna, sem hafa gefið þetta upphaflega. Ég held sem sé, að frá almennu sjónarmiði sé ekki hægt að ráðstafa þessu svona, það sé ekki rétt.“

Þegar framangreindar heimildir frá Alþingi til sölu jarða af þessi tagi eða til sambærilegra ráðstafana eru virtar, er ljóst að nokkuð hefur verið misjafnlega að þeim staðið og tilefnið eigi ætíð þau sömu. Svo virðist sem yfirleitt hafi verið reynt að tryggja með nokkrum hætti að söluverð jarðanna yrði metið af hlutlausum aðilum (þó t.d. ekki í fyrrnefndri 5. gr. l. 70/1982, nema samkomulag náist ekki um kaupverðið). Er það meira en sagt verður um sölu kirkjujarða lengst af, svo sem fyrr hefur verið lýst. Einnig hefur stundum verið leitast við að ákvarða um að andvirðinu yrði varið í anda gjafarinnar sjálfrar, en þó hefur ekki ætíð verið nægilega vel gengið frá því atriði. Eitthvað virðast hugmyndir stundum vera á reiki um það hvaða aðili sé í réttu fyrirsvari viðkomandi jarða varðandi söluheimildina, sbr. t.d. þegar segir í fyrrnefndu frumvarpi, að ríkisstjórninni sé heimilt að selja Ytra-Vallholt, en í fyrirsvari virðast fremur eiga að vera stjórnendur Legatssjóðsins (biskup/prófastur), en Kirkjueignanefnd vill þó raunar ekki taka af skarið í því efni, enda hefur málið fleiri hlið en eina og verður þ.á.m. að horfa á hagsmuni ábúandans af því að fá ábúðarjörð sína keypta.

Ljóst er af langflestum eða öllum gjafabréfum eða öðrum eignarheimildum um kristfjár- eða fátækrajarðir, að þeirri ráðstöfun var ætlað að vera ævarandi og er þetta reyndar oft tekið fram berum orðum („æfinlegt kristfé“ eða þ.u.l.). Af þessum sökum hafa ábúendur þessara jarða því yfirleitt alls ekki kauprétt að þeim samkvæmt 29. gr. l. 65/1976, en þar er kaupréttur heimilaður þeim, með nánari skilmálum „nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskrá mæli gegn því“. Að þessu leyti hafa því kristfjár- og fátækrajarðir sérstöðu ef borið er saman við flestar ríkisjarðir og reyndar einnig sumar kirkjujarðir, - sjá þó athugasemdir um það efni fyrr í þessari álitgerð.

Þann 19. apríl 1950 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur áum, og gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar svo fljótt sem verða má.“

Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar voru þeir Páll Zóphóníasson, Þorsteinn Þorsteinsson og Bernharð Stefánsson. Í greinargerð, sem þeir létu fylgja tillögunni, segir m.a.: (11)

„Kristfjárjarðir eru víðs vegar um landið, og rennur afgangur þeirra til þess, sem gjafabréfin ákveða, en það er mjög misjafnt, en oftast til fátækra í einhverju formi og eftir nánari ákvæðum gjafabréfanna. Menn líta nokkuð misjafnt á þessar jarðir. Sumir telja, að þær séu sjálfseignarstofnanir og megi ekki selja þær, og í raun réttir ekkert annað að gera fyrir þá, sem umráðaréttinn hafa yfir þeim, en sjá um, að afgangið renni til þess eða þeirra, sem gjafabréfið ákveður. Breyttir þjóðhættir eru þess valdandi, að

ákvæði margra gjafabréfanna eru orðin meira eða minna úrelt, svo að gjöfin nær ekki upprunalegum tilgangi gjafarans. Á sumum jörðunum er t.d. búið að leggja stórfelldar byggingar og ræktunarframkvæmdir, sem jarðareigandi er eftir ábúðarlögunum skyldur til að kaupa af fráfaranda. Sé hins vegar gjöfin sjálfseignarstofnun, þá er enginn, sem getur keypt af fráfaranda, og getur slíkt horft til vandræða við ábúendaskipti. Það er því brýn nauðsyn á að fá rannsakað, hver er raunverulegur eigandi sumra slíkra jarða og hvort eignarrétturinn fylgi umráðaréttinum, en alltaf er ljóst, hver hefur hann.

Ýmsir líta svo á, að þessar jarðir heyrir undir „opinberar“ jarðir, en þær eiga ábúendur kröfu á að fá byggðar á erfðafestu eftir lögum um ættaróðal og erfðaábúð, og þegar sami bóndi hefur búið á slíkri jörð í erfðafestu í ákveðinn árafjölda, hefur hann rétt á að fá hana keypta og gerða að ættaróðali. En hver á þá að selja kristfjárjörðina? Úr þessu þarf að fá skorið, og er þess vænst, að ríkisstjórnin láti athuga málið og leggi niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi.

Mjög svipuðu máli gegnir með nokkrar „legats“-jarðir, og þó að þær séu færri og skipti því heildina minna máli en kristfjárjarðirnar, teljum við flutningsmennirnir sjálfsagt að rannsaka það jafnframt.”

Félagsmálaráðuneytinu var send ályktun þessi og því falið að framkvæma athugunina. Á vegum þess ráðuneytis fór síðan fram yfirgripsmikil könnun á stöðu kristfjár- og fátækrajarða um land allt og söfnuðust þannig miklar heimildir um þetta efni. Var síðan tekin saman ítarleg og vönduð greinargerð „um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðeignir“ og fylgdi henni m.a. fræðileg ritgerð um „Kristfé, Kristfjárjarðir, sælubú og sælugjafir“ eftir Guðbrand Jónsson. Er þar saman kominn mikill fróðleikur og upplýsingar, sem um flest er enn í fullu gildi. Greinargerð þessi, sem birt er í heild í viðauka 9, var síðan lögð fram á Alþingi árið 1952 (Alþt. 1952, A, bls. 592-630).

Árið 1953 var síðan flutt á Alþingi frumvarp til laga „um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign“, sem samið var í Félagsmálaráðuneytinu. (12) Í greinargerð með því segir, að frumvarpið sé flutt í beinu framhaldi af fyrrgreindri þingsályktun og áður nefndri greinargerð ráðuneytisins um þessi efni. Þess má og geta til fróðleiks, að fram kemur þar að prófessor Ólafur Lárusson athugaði frumvarpið áður en það var lagt fyrir Alþingi og taldi hann „ekkert athugavert við, að það verði lögtekið“.

Frumvarpið hljóðaði svo:

1. gr.

„Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem seldar hafa verið fyrir 31. des. 1952, teljast ekki lengur kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign.

2. gr.

Umsjón og umráð með kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign hafa sveitarstjórnir hver í sínu sveitarfélagi. Skulu þær byggja jarðir þessar samkvæmt ábúðarlögum. Byggingarbréf fyrir þessum jörðum skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Eftirgjald eftir kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign skal renna í viðkomandi sveitarsjóð.

3. gr.

Sveitarstjórn er óheimilt að selja kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign. Heimilt skal ráðherra að leyfa sveitarstjórn sölu slíkra jarða, þegar alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt skal sveitarstjórn að veðsetja þessar jarðir fyrir lánnum til hásingar, ræktunarframkvæmda og annarra mannvirkja, enda samþykki ráðherra veðsetninguna. Ef um sölu er að ræða, skal ávaxta kaupverðið í banka, sparisjóði eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Félagsmálaráðuneytið skal annast ávöxtun kaupverðsins. Árlegir vextir af kaupverðinu renna í viðkomandi sveitarsjóð.

4. gr.

Heimilt skal sveitarstjórn að ákveða, að sérstakur styrkþegi eða styrkþegar sveitarinnar skuli njóta eftirgjalds eða vaxta, samkvæmt 2. og 3. gr., og skal sá styrkur þá ekki vera endurkræfur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpinu segir m.a.:

„Um alllangt skeið hafa verið nokkur brögð að því, að kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign hafa verið seldar. Í flestum tilvikum eru sölur þessar áreiðanlega véfengjanlegar. Þar eð riftun á þessum sölum, sem sumar hverjar hafa farið fram fyrir mörgum áratugum, mundi valda mikilli röskun og málavafstri, er svo ráð fyrir gert í 1. gr. frumvarpsins, að sölur þessar verði látnar standa, óriftar. Eignir þessar, sem seldar hafa verið fyrir síðustu áramót, eru því ekki lengur kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign, skv. 1. gr.

Gjafabréf fyrir jörðum þessum eru nú flest glötuð, en yfirleitt má telja það sameiginlegt öllum þessum eignum, að jarðirnar voru afhentar fyrir fullt og allt með þeirri ævarandi kvöð, að ábúandi skyldi framfæra einhvern ómaga eða gjalda eftirgjaldið fyrir jörðina til framfærslu fátækra.

Nú á tímum mun það vart lengur þekkjast, að ómögum eða öðrum styrkþegum sé ráðstafað til framfærslu á einstökum heimilum. Framfærslan hvílir nú að mestu leyti á sveitarfélögunum, sem venjulegast greiða viðkomandi þurfamönnum styrk eftir þörfum eða koma þeim fyrir til dvalar á hælum, eftir því sem við á og hægt er. Nú er það því oftast ókleift með öllu að fullnægja kvöð gefandans bókstaflega. Hinum upphaflega tilgangi hans, að styðja þá, sem vegna fátæktar eða umkomuleysis þurfa sérstakrar hjálpar, verðu því naumast náð á þann hátt, sem til var ætlast. Hlutverkið, að framfæra þurfandi menn, er nú, eins og áður segir, lagt á sveitarfélögin. Eðlilegast virðist því, að arður jarða þeirra, sem hér um ræðir, verði látinn renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, sem annast framfærslu þess ómaga eða styrkþega, sem jörðinni var ætlað að sjá fyrir. Eðlilegast er þá einnig, að viðkomandi sveitarfélag annist umsjón og umráð jarðarinnar, en rétt þykir að ákveða, að byggingarbréf hljóti staðfestingu ráðuneytisins. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins eru í samræmi við þennan skilning.

Með því að ekki þykir hjá því komist, sbr. 1. gr. frumvarpsins, að viðurkenna þær sölur, sem fram hafa farið á kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign, virðist ekki ástæða til að hindra með öllu sölu þeirra eigna, sem enn eru taldar kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign. Þess vegna er lagt til í 3. gr. frumvarpsins, að ráðherra sé heimilt að leyfa sveitarstjórn að selja, enda séu alveg sérstakar ástæður fyrir hendi. Næst tilgangi gefandans virðist það, að andvirðið verði ævarandi óskert en ávaxtað og árlegum vöxtum varið til framfærslu, svo sem ráð er fyrir gert í 3. gr.

Viðunandi hýsing jarðar nú á tímum mun vart framkvæmanleg nema með lántöku og veðsetningu jarðarinnar. Er því gert ráð fyrir heimild til handa sveitarstjórninni ... þessar jarðir, ef ráðherra samþykkir ... Til þessa, mætti búast við því, að húsakostur jarðanna væri svo lélegur, að enginn ábúandi vildi við það una. Án veðsetningar mætti því gera ráð fyrir að jarðirnar væru bráðlega í eyði.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þurfa eigi frekari skýringar. Í sambandi við 4. gr. má aðeins geta þess, að vel gæti farið á því að ráðstafa tekjum sveitarsjóðs vegna eignanna eða andvirði þeirra til sérstakra styrkþega, sem af einhverjum ástæðum þættu öðrum fremur verðugir slíks styrks, enda væri styrkurinn þá eigi endurkræfur.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðir, sem út var gefin árið 1952.”

Frá landbúnaðarnefnd Neðri-deildar kom m.a. fram svohljóðandi breytingartillaga við frumvarpið:

„1. Við 2. gr. Greinin orðast þannig:

Umsjón og umráð með kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign svo og tekjur af þeim og úhlutun teknanna hafa þeir aðilar, er gjafabréf eða skipulagsskrá mælir fyrir um. Nú er gjafabréf glatað, og ber þá hreppsnefnd þess hrepps, er gjafarinnar nýtur, að hafa þetta á hendi. Njóti tveir hreppar eða fleiri gjafarinnar, skulu hreppsnefndir þeirra koma sér saman um mann til að annast þessi störf. Náist ekki samkomulag um umsjónarmann, tilnefndir félagsmálaráðuneytið hann. Á sama hátt kveður sýslunefnd til einn eða fleiri menn til að hafa umsjón og umráð með þeim jörðum, er gefnar hafa verið sýslunni eða hreppum sýslunnar sameiginlega.

Jarðir þessar skulu byggðar samkvæmt ábúðarlögum, en með hliðsjón af gömlu lagi, svo að tekjur af jörðunum rýrni ekki. Byggingarbréf fyrir þessum jörðum skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Heimilt er umráðamönnum þessarar jarða að veðsetja þær eða leyfa ábúendum veðsetningu þeirra fyrir lánnum til hýsingar, ræktunarframkvæmda og annarra nauðsynlegra mannvirkja á jörðinni, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

2. Við 3. gr. Greinin orðast svo:

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign er óheimilt að selja, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nú er svo komið, að einhver þessara jarða gefur svo litlar tekjur, að augljóst er, að höfðutilgangur gefandans með ráðstöfun tekna af jörðinni er að litlu eða engu orðinn, og ber þá forráðamanni eða forráðamönnum að senda félagsmálaráðuneytinu tillögu um, að jörðin verði seld hæstbjóðanda, ásamt rökstuddri greinargerð. Félagsmálaráðuneytið leitar umsagnar eftirlitsmanna opinberra sjóða um tillöguna. Verði báðir þessir aðilar sammála um að mæla með sölnni, skal ráðuneytið leggja frv. þar að lútandi fyrir næsta reglulegt Alþingi. Til þess að salan sé gild, þarf félagsmálaráðherra að samþykkja söluverðið.

Nú er jörð seld, og skal þá ávaxta kaupverðið í banka, sparisjóði eða ríkistryggðum skuldabréfum. Félagsmálaráðuneytið skal annast ávöxtun kaupverðsins.

Árlegir vextir af kaupverðinu renna til þess, er njóta skal samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár eða samkvæmt öðrum fyrirmælum, gamalli hefð eða venju.

3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign eru samkvæmt þessum lögum eftirtaldar jarðir:

Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Syðri-Hraundalur ½, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
Innri-Drápuhlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Efri-Hlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.
Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Barðastrandarsýslu.
Hestfjörður, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.
Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Húnavatnssýslu.
Hamar, Svinavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
Sæunnarstaðir (1/2), Vindhælishreppi, Húnavatnssýslu.
Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Utanverðunes, Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Kotmýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Ketilsstaðir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
 Bakkagerði I og II, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
 Eyjasel, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
 Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
 Arnheiðarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
 Droplaugarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
 Geitagerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
 Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.
 Kóreksstaðir II, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
 Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
 Sómastaðir, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
 Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
 Búlandsnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
 Borgargarður, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
 Framnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
 Ræktunarland, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
 Merki, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
 Kolsholt, Villingaholtshreppi, Árnassýslu.
 Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnassýslu.”

Þessum breytingatillögum fylgdu svohljóðandi athugasemdir frá þeirri nefnd: (13)

„Nefndin hefur athugað frv. allrækilega ásamt greinargerð félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem út var gefin 1952. Samkvæmt þeirri greinargerð hafa þessar jarðir stöðugt verið að týna tölunni alveg fram á síðustu ár, og er ástæða til að óttast, að þetta haldi áfram, ef ekkert er að gert, og lítið sjáist þá eftir. Þess er því full þörf, að fastri skipan sé komið á umsjón og meðferð þessara jarða, enda er það höfuðtilgangur frumvarpsins.

Nefndin telur, að eins og nú er komið þessum málum, sé önnur leið tæplega fær en að láta við svo búið standa og samþykkja þær jarðasölur, er fram hafa farið fyrir 31. des. 1952, eins og 1. gr. frv. mælir fyrir um, en er mótfallin ýmsum ákvæðum 2. og 3. gr. frumvarpsins. Telur nefndin, að ekki komi til mála, að aðrir hafi á hendi umsjón þessara jarðeigna og ráðstöfun tekna af þeim en þeir, sem það er falið samkvæmt gjafabréfi eða skipulagsskrá, en þar sem hvorugt er fyrir hendi, sé það stjórn þess hrepps eða sýslu, er gjafarinnar nýtur, sem hafi hvort tveggja á hendi. Þá telur nefndin, að í frv. sé of lauslega gengið frá ákvæðunum um sölu þessara jarða og þar af leiðandi lítil trygging fyrir, að þær verði ekki seldar að lítið yfirlögðu ráði. Loks telur nefndin öruggara til þess að koma í veg fyrir ágreining síðar að telja upp þær jarðir, sem lögum þessum er ætlað að ná til. Er þar farið eftir skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1952, með þeirri breytingu, að jörðin Reynir hefur verið felld niður, en hún er nýlega seld samkv. heimild í lögum frá síðasta Alþingi.“

Eigi eru hér tók á því að rekja umræður þær, er urðu um frumvarpið, (14) en þess eins getið að frumvarpið varð ekki útrætt og náði eigi fram að ganga á þingi og mun eigi hafa verið „endurvakið“ síðar.

Enda þótt frumvarp þetta hafi á margan hátt verið athyglisvert, kemst Kirkjueignanefnd ekki hjá því að benda á, að varasamt var að kveða á um að eftirgjald eftir allar kristfjár- og fátækrajarðir skyldi renna í viðkomandi sveitarsjóð og eigi var þar heldur tryggt, að andvirði seldra jarða væri varið í þeim tilgangi, er gjöfin miðaðist við. Rétt hefði verið að taka fram, að um lágmarksandvirði seldra jarða færi eftir mati dómkvaddra manna og auk þess verður að telja varhugarvert að gefa ráðherra almenna söluheimild, eins og frumvarpið gerði ráð fyrir.

2. *Dómur Hæstaréttar um kristfjárvöð á kirkjujörð (Hrd. 1964, bls. 503).*

Þann 25. maí 1964 kvað Hæstiréttur Íslands upp mjög athyglisverðan dóm í hæstaréttarmálinu nr. 140/1963: Oddviti Reykdælahrepps f.h. hreppsins og oddviti Aðaldælahrepps f.h. hreppsins gegn Landbúnaðarráðherra f. H. Kirkjujarðasjóðs.

Skiptir dómsniðurstaðan miklu máli varðandi efni það, sem tekið er til meðferðar í álitsgerð þessari og þykir því rétt að reifa hér allítarlega dóm Hæstaréttar sem og héraðsdóminn, en dómsniðurstaða í héraði varð einnig mjög athyglisverð, þótt eigi gæti Hæstiréttur á hana fallist.

Dómkröfum, málavöxtum og dómsniðurstöðu í Hæstarétti er þannig lýst, í stuttu máli, í registri 35. bindis dómasafns Hæstaréttar:

„Í máldagabók Péturs biskups 1394, sbr. erindisbréf handa biskupum 1. júlí 1746, segir um kirkju á Grenjaðarstað: „Hér skal og vera þriggja marka kristfjár ómaga, og stendur fyrir Geitafell“. Með hæstaréttardómi 25. janúar 1878, sem staðfesti að niðurstöðu til landsyfírréttardóm frá 1. júní 1874, var sóknarprestinum í Grenjaðarstaðarprestakalli dæmt skylt að greiða til fátækra sjóðs Helgastaðahrepps fyrir fardagaárin 1867-1874 144 álnir á landsvísu eða í peningum eftir hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða. Er niðurstaða dómanna á því reist, að samkvæmt fornum máldögum Grenjaðarstaðarkirkju hvíli á henni árleg afgangsskylda, 144 álnir á landsvísu, til fátækra sjóðs Helgastaðahrepps, og er meða annars vísað til greindrar máldagabókar og erindisbréfs fyrir biskupa. Bar að leggja hæstaréttardóm frá 1878 til grundvallar um það, að afgangsskyldan til handa Helgastaðahreppi hefði þá hvílt á Grenjaðarstaðarprestakalli. Með stjórnarráðstöfun 28. desember 1893 var Helgastaðahreppi skipt í tvö hreppsfélög, Reykdælahrepp og Aðaldælahrepp, og skyldi eignum og skuldum Helgastaðahrepps skipt þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Reykdælahrepps komu 8/15, en í hlut Aðaldælahrepps 7/15. Samkvæmt lögum nr. 46/1907 var hrepstjórum falið að innheimta eftirgjöld kirkjujarða, er renna skyldu í Prestlaunasjóð. Þessi skipan kom til framkvæmda, að því er Grenjaðarstaðarprestakall varðar, árið 1911, er þar urðu prestaskipti. Þá var með lögum nr. 50/1907 ákveðið, að andvirði seldra kirkjujarða og ítaka og svo peningaeign prestakalla skyldu renna í Kirkjujarðasjóð. Fram til 1911 var sóknarprestur Grenjaðarstaðar í fyrirsvari um fullnægju umræddrar afgangsskyldu til hreppanna, en þá fluttist fyrirsvarið í Stjórnarráðið vegna sjóða þeirra, sem tekjur af kirkjujörðum og andvirði seldra jarða rann til samkvæmt lögnum frá 1907. Kirkjujarðasjóður seldi Geitafell árið 1916, og féll andvirðir jarðarinnar til hans, án þess að áskilið væri með samþykki fyrirsvarsmanna hreppanna, að kaupandi Geitafells tækist afgangsskylduna á hendur, og fór því við sölu jarðarinnar engin lögmæt skuldskeyting fram. Af þessu leiddi, að afgangsskylda hvíldi áfram á Kirkjujarðasjóði. Þar sem Stjórnarráðið felldi greiðslu niður árið 1958, höfðuðu Reykdælahreppur og Aðaldælahreppur mál gegn Kirkjujarðasjóði með stefnu 30. maí 1961 til heimtu afgangsskyldu fyrir árin 1958-1960, samtals að fjárhæð kr. 6.245.28, að 8/15 hlutum til Reykdælahrepps, þ.e. kr. 3.330.82, og að 7/15 hlutum til Aðaldælahrepps, þ.e. kr. 2.914.46. Samkvæmt því, sem rakið var, voru kröfur hreppanna teknar til greina“.

Í héraði – aukadómþingi Þingeyjarsýslu, – var kveðinn upp dómur í máli þessu þ. 1. ágúst 1963. Þar urðu málalok þau, að stefndi, landbúnaðarráðherra f.h. Kirkjujarðasjóðs, skyldi vera sýkn af kröfum stefnendanna í máli þessu. Í forsendum dómsins, sem byggjast m.a. á breyttum forsendum fyrir kristfjárvöð (fátækra kvöð) af þessu tagi miðað við nútíma-þjóðfélagshætti og aðstæður, segir orðrétt:

„Róta máls þessa er langt að leita. Er það sprottið af málsgreinum í gömlum máldögum, sem geta um eignir kirkna og kvaðir á eignunum. Því er haldið fram, að samkvæmt máldögum hafi hvílt á kirkjujörðinni Geitafelli sú kvöð, að sá, er nyti afgangsskyldu hennar, þ.e. Grenjaðarstaðarprestur, ætti að halda þriggja marka ómaga.

Þegar séra Jón Jónsson tók við Grenjaðarstað árið 1827, krafðist hreppstjórnin þess, að hann framfleytti á tekjum sínum af staðnum einum veislumanni kvengildum og einum þriggja marka ómaga, auk ómaga tvær vikur um jól og sjö vikur á lönguföstu.

Krafan byggðist á ákvæðum aldagamalla máldaga.

Prestur taldi sér óskýlt að verða við kröfum hreppstjóranna, en deilunni lauk með sætt 1830. Gengst presturinn undir að greiða Helgastaðahreppi árlega rúmlega 164 álnir, en á móti skyldi aukaútsvar prests einungis vera 50% af því, sem ella hefði átt að vera.

Prestur stóð að sjálfsögðu við sættina.

Hann andaðist 1866. Tók þá við brauðinu Magnús sonur hans, maður um sextugt, sem verið hafði aðstoðarprestur föður síns síðustu 12 árin. Hann neitaði að greiða fátækraframsluframlagið, sem faðir hans hafði samið um að greiða. Var kröfunni þá stefnt til dóms, og lauk deilunni með hæstaréttardómi 1878, sem gerði presti að greiða 144 álnir á ári til Helgastaðahrepps. Mun sú fjárhæð hafa verið greidd árlega Helgastaðahreppi af Grenjaðarstaðarpresti, uns hreppnum var skipt í tvö hreppsfélög 1896, og síðan stefnendum þessa máls til 1911, eða prestur hafa haldið ómaga á heimili sínu.

Árið 1911 tók Kirkjujarðasjóður við kirkjújörðum Grenjaðarstaðar, og var hreppstjórum þá falið að greiða framlagið af eftirgjaldi afréttarlandsins Þeistareykja. Löngu áður hafði presturinn á Grenjaðarstað samið við hreppsnefnd Helgastaðahrepps um það, að hreppurinn notaði afréttarlandið, og að eftirgjaldið skyldi vera jafnt Geitafellsómagameðlaginu.

Síðan 1911 greiddu svo hreppstjórnir meðlagið af jarðarafgjöldum, fyrst af afgangi Þeistareykja, en eftir að hrepparnir (stefnendur) keyptu afréttarlandið 1915, af öðrum jarðarafgjöldum, að því leyti sem þau hrukku til heima fyrir, en mismuninn greiddi sýslumaður af gjöldum úr öðrum hreppum, ef tekjur af jörðum í heimahreppi hreppstjóra hrukku ekki til, stundum þó úr prestlaunasjóði hreppsins. Gekk það svo til 1958. Þá nægðu afgangur 13 ríkisjarða í Aðaldælahreppi og Reykdælahreppi vart fyrir Geitafellsómagameðlaginu, og þá neitaði Stjórnarráðið (Dómsmálaráðuneytið) algerlega að halda áfram greiðslunum og taldi skyldu til þess niður falla.

Oddvitar hreppanna vildi ekki sætta sig við þessa ákvörðun ráðuneytisins og höfðuðu því mál þetta.

Stefnendur vísa til þess kröfu sinni til stuðnings, að meðlagið hafi jafnan verið greitt hreppssjóði síðan 1830 eða ómaga hafi verið framfleytt á því heima hjá Grenjaðarstaðarpresti, greiðsluskyldan sé staðfest með hæstaréttardómi frá 1878 og sé „Geitafellsómagameðlagið“ síðan einn af föstum tekjuliðum hreppanna, sem stöðugt sé reiknað með og fjárhagsleg afkoma hreppanna hvíla á meðal annars.

Jafnframt er því haldið fram, að ekkert það hafi gerst á umliðnum árum, síðan hæstaréttardómurinn gekk, sem breytt hafi getað greiðsluskyldunni.

Verjandinn hefur véfengt það, að afgangsskyldukvöð hafi hvílt réttilega á Geitafelli á umliðnum árum, en jafnframt haldið því fram, að hafi svo verið, þá hafi kvöðin verið bundin við sjálfa jörðina og fylgt henni við eigendaskipti. Jörðin hafi verið seld ábúanda 1916, og þá hafi Kirkjujarðasjóður losnað undan greiðsluskyldunni, hafi hún á annað borð verið fyrir hendi, því að jörðin hafi verið seld, svo sem allar ríkisjarðir, sem seldar voru um það leyti, með áhvílandi kvöðum og skyldum. Hafi greiðsluskyldan því, ef nokkur var, hvílt á einstaklingum til ársins 1938, er ríkið keypt jörðina á ný, en síðan flust yfir á núverandi eiganda, er hann keypti jörðina 1952.

Það er að vísu rétt, að venja er að selja jarðir með áhvílandi kvöðum, en afsalsbréfið frá 1916 hefur ekki fyrirfundist og því ekki verið lagt í máli þessu. Auk þess virðist „Geitafellsómagameðlagið“ hafa í framkvæmdinni verið í svo lausu sambandi við Geitafell, að vafasamt er, að kaupanda væri ljóst, að það teldist hvíla á jörðinni, enda hann sjálfsagt aldrei verið um það krafinn, þar sem Kirkjujarðasjóður hélt áfram að inn það af hendi þrátt fyrir söluna. Árið 1952 er jörðin var seld til að verða ættaróðal, og kæmi þá vart til greina að láta hvíla á henni afgangsskyldu, sem næmi allt að tvítugföldu afgangi, miðað við afgangur erfðaleigjarða og landverð jarðarinnar eitt.

Þar sem Kirkjujarðasjóður hélt áfram að greiða afgangsskuldina umyrðalaust árlega, eftir að jörðin Geitafell var seld 1916, verður að líta svo á, að hann hafi talið sig eiga að standa undir afgangsskuldinni, meðan hún væri við lýði.

Stefndi verður því ekki sýknaður á þeim grundvelli, að hann hafi leyst sig undan greiðsluskuldunni við sölu Geitafells.

Varnaraðilinn hefur til vara haldið því fram, að afgangsskuldin væri niður fallin vegna breyttra þjóðfélagshátta og að meðlagsgreiðslur þær, sem fram til ársins 1958 fóru fram til stefnenda, svari ekki upphaflegum tilgangi þess, sem stofnaði til meðlagskvaðarinnar. Til hennar hafi verið stofnað í því skyni að bæta úr neyð bágstaddra, en hreint ekki til að skapa hreppsfélögum tekjustofn og léttu þannig gjöld hreppsþúa. Hafi því kvöðin átt að falla niður, þegar hún hætti að þjóna þessum tilgangi, og í síðasta lagi þegar farið var að greiða verulegan hluta framfærslukostnaðar af ríkisfé.

Þessu sjónarmiði er mótmælt af stefnendum.

Þetta sjónarmið kom til álita, er málið var fyrir dómstólum á fyrri öld, og sýknaði héraðsdómur Grenjaðarstaðarprest á þeim grundvelli. Hins vegar var þetta sjónarmið hvorki talið valda sýknu fyrir Landsyfirdómi né Hæstarétti, sem báðir töldu kvöðina í gildi, en á ólíkum forsendum. Komu því fram við málareksturinn þrjú ólík sjónarmið dómstólanna um tilveru afgangskvaðarinnar.

Talið er, að fyrsta heimild fyrir „Geitafellsómagameðlaginu“ sé í Auðunnarmáldaga frá 1318, „(c. Kirkjan á) reka með öllum fríðendum á Sandi, er Guðmundur gaf Eyjólfsson, þá er Ísleifur hélt stað, þá skal hafa Geitafellsland er við tekur og þriggja marka ómaga.“

Í Péturs biskups máldaga frá 1394 segir: „Hjer skal vera 3 marka kristfjórómagi og stendur fyrir Geitafell“.

Sigurðarregistur telur þessar kvaðir á eignum Grenjaðarstaðar: „Á þessu fé eiga að vera prestar tveir, veislumaður kvengildur, einn þriggja marka ómaga, einn annar fátækur maður um föstutíma 7 vikur, annar um jól 13 daga.“

Framangeindur landsyfirrættardómur taldi kvöðina vera við lýði, fyrst sannað væri, að hún hefði löglega til orðið, og skipti ekki máli, þótt hún hefði ekki verið efnd um aldir. Hæstiréttur taldi hins vegar nauðsynlegt, að skyldan hefði verið viðurkennd og efnd á undanförunum öldum, og áleit, að svo hefði verið, og væri hún því við lýði, er dómur gekk.

Stefndi í máli þessu hefur látið viðurkenndan fræðimann rannsaka eftir fornum skjölum uppruna og viðhald „Geitafellsómagakvaðarinnar“, og liggur árangur af starfi hans og umsögn fyrir dómsskjölum máls þessa nr. 21 og 22.

Af skýrslum hans er helst að ráða, að allt sé á huldu um uppruna kvaðarinnar og efndir á meðlagsskyldunni. Óljóst sé, hvort föstu ómagarnir á Grenjaðarstað hafi átt að vera tveir eða bara einn, þ.e. að orðalagið kvengildur ómaga og þriggja marka ómaga, sem sé hið sama, hafi valdið því, að Sigurðarregistur hafi gert úr tvo ómaga í stað eins.

Hann ályktar um framkvæmdina: „Það virðist svo, að það fé, sem fylgir Grenjaðarstað og ætlað var til framfærslu, hafi horfið til sérstakrar framfærslu kennimanna og stúdenta.“

Prestarnir hafa í yfirlitum um tekjur og gjöld embættis síns talið ómagaframfærsluskyldu til gjalda, en hvergi eru sönnur fyrir því, að hún hafi raunverulega verið inn af hendi. Og af bréfi séra Magnúsar Jónssonar frá tímum málaferlanna virðist augljóst, að hún hafi ekki verið inn af hendi til hreppsins um ómunatíð, áður en faðir hans var krafinn um fullnustu hennar, er hann tók við embætti. En vafalaust hafa prestarnir jafnan talið sér skylt að veita gestum og gangandi fyrirgreiðslu og líklega oft haft á staðnum fólk, sem þeir hafa getað reiknað með sem ómaga að þeirrar tíðar hætti.

Hreppstjórnir kröfðu séra Jón Jónsson um allt það fátækraframfæri, sem Sigurðarregistur frá 1569 getur um, að hvíli á Grenjaðarstað, en svo virðist, að við sættina hafi þeir slegið af og „Geitafellsómagameðlagið“ eitt hafi orðið eftir sem kvöð á eignum staðarins. Prestur virðist hafa gengist nauðugur undir þessa kvöð, og þegar

sonur hans, séra Magnús, greindur, reyndur og rosinn maður, tekur við embættinu eftir föður sinn, þverneitar hann að undirgangast kvöðina án dóms. Undirstríkar það afstöðu þeirra feðga í máli þessu. Séra Magnús tapapi málinu endanlega fyrir Hæstarétti. Varð að sjálfsögðu að sitja við svo búið á þeim tíma.

Síðan hæstaréttardómurinn gekk, liða 80 ár, uns Dómsmálaráðuneytið ákvað að hætta að greiða „Geitafellsómagameðlagið“.

Hefð vinnst ekki á afgangsskyldum, og nægir því ekki til réttlætningar kvaðarinnar að vísa til þess, að hún hafi verið inn af hendi um langt árabíl.

Það virðist fullkomlega eðlilegt og rétt að leita á ný álits dómstóla um það, hvort kvöðin sé enn við lýði, þrátt fyrir breytingar þjóðfélagshátta liðinna 80 ára.

Sækjandi hefur í greinargerð á dómsskjali nr. 15 bent á það, að lagður hafi verið fram höfuðstóll, er gaf tekjur til að standa straum af kvöðinni.

Má vera að í upphafi hafi svo verið. En er aldir liðu, virðist sá höfuðstóll stundum hafa borið lítinn eða engan ávöxt, t.d. þegar jörðin Geitafell var í eyði, svo sem stundum virðist hafa verið fyrir á öldum, og 1958 er ósamræmið orðið það mikið, að „Geitafellsómagameðlagið“ var um það bil tvítugfalt afgang Geitafellslands, miðað við erfðaábúð.

Verður dómurinn að telja, að á hverjum tíma verði að vera skynsamlegt hlutfall milli tekna af eign og afgangsskvaða. Komi því vart til mála, að afgangsskvaði geti að jafnaði verið hærri en arður af eigninni, sem hún hvílir á, hvað þá tvítugfaldur arðurinn.

Höfuðstóll sá, sem hér er lagður fram, er fasteign. Ætlast er til, að arður af henni standi um aldur og ævi undir kvöðinni. Rís þá spurning um það, hvort nútíma þjóðfélag geti viðurkennt, að menn, sem dóu fyrir mörg hundruð árum, hafi raunverulega enn ráðstöfunarétt á arði fasteignar, sem þeir töldust eiga í jarðvist sinni. Væri svo, væri hægt að binda um aldur og ævi arð þeirra fasteigna, sem komandi kynslóðir eiga að hafa uppeldi sitt af.

Lítur dómurinn svo á, að ekki sé skylt að fara í þessu efni lengur að fyrirmælum, sem orðin eru mörg hundruð ára gömul.

Áður fyrr var talið skylt að virða slík fyrirmæli um aldur og ævi, en réttarþróun nútímans hefur gengið í þá átt að losa síðari kynslóðir við slík fyrirmæli liðinna kynslóða, sbr. sem dæmi síðustu málsgrein 50. gr. erfðalaga nr. 8 frá 14. mars 1962, svohljóðandi: “Kvöð á arfi fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingja.” Sbr. enn fremur ákvæði 2. mgr. Sömu gr. um heimild ráðherra til að fella niður kvöð af arfi, ef sannað er, að ástæður, sem lágu til grundvallar kvöðinni, eru ekki framfar fyrir hendi.

Sálugjafir áttu síst að leggja byrðar á kirkjur, þær áttu að efla staðinn að auði og velmegun, þótt þær ættu stundum jafnframt að þjóna öðrum tilgangi, svo sem hér virðist hafa verið.

Á þeim tíma, sem kvöðin var á lögð, var ekki af þjóðfélagsins hálfu séð jafnvel fyrir afkomu snauðra og vesælla sem nú er gert. Framfærslan hvíldi að mestu á ættingjum, og það jafnvel fjarskyldum, og hefur vafalaust oft farið í handaskolum. Stofnandi hér umræddrar kvaðar ætlaði að tryggja einum bágstöddum á hverjum tíma skjól og framfæri í faðmi kirkjunnar. Hann hefur vafalaust ekki verið að hugsa um að léttu framfærsluþunganum af hinum velmegandi.

Nú á tímum, þegar þjóðfélagið hefur með löggjöf tryggt afkomu lítlmagans með opinberri framfærslu á föstum tekjustofnum, virðist ástæðulaust að halda lengur í úrelt fyrirkomulag fyrri alda, enda virðist meðlagið ekki lengur bæta úr sárri neyð hinna snauðu, heldur léttu byrði þeirra, sem góða afkomu hafa, útsvarsgreiðendanna. Kvaðir sem þessi virðast yfirleitt löngu niður fallnar í þjóðfélaginu, en þessi hefur af hreinni tilviljun verið endurvakin, svo sem að framan greinir.

Eftir að fátækraframfærslan færðist aðallega á hreppana, var eðlilegt að þeir tækju við þeim aukatekjum, sem til féllu í framfærsluskyni, en eftir að stór hluti

fátækraframfærslunnar hefur flust yfir á ríkið og Tryggingastofnun ríkisins, verður að telja viðhorf þessara mála það mikið breytt, að full ástæða sé til, að hér um rædd kvöð falli niður. Vegna breyttra þjóðfélagshátta er hún orðin úrelt.

Því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í máli þessu.”

Hæstiréttur komst hins vegar, samhljóða og ágreiningslaust, að þeirri niðurstöðu, að kröfur hreppanna skyldur teknar til greina og var þannig endanlega staðfest, að hin ævafora kristfjárvöð væri enn við lýði. Í dómi Hæstaréttar segir, orðrétt:

„Með hæstaréttardómi 25. janúar 1878, sem staðfesti að niðurstöðu til landsyfirréttardóm frá 1. júní 1874, var sóknarprestinum í Grenjaðarstaðarprestakalli dæmt skylt að greiða til fátækra sjóðs Helgastaðahrepps fyrir fardagaárin 1867-1874 árlega 144 álnir á landsvísu eða í peningum eftir hvers árs verðlagsskrár meðalverði allra meðalverða. Er niðurstaða dómanna á því reist, að samkvæmt fornum máldögum Grenjaðarstaðarkirkju hvíli á henni árleg afgangsskylda, 144 álnir á landsvísu, til fátækra sjóðs Helgastaðahrepps. Meðal annars er vísað til máldagabókar Péturs biskups 1394, sbr. erindisbréf handa biskupum 1. júlí 1746, en í máldagabók þessari segir um kirkju á Grenjaðarstað: „Hér skal og vera þriggja marka kristfjár ómagi og stendur fyrir Geitafell.“ Í máli því, sem hér er til meðferðar, ber að leggja hæstaréttardóminn frá 1878 til grundvallar um það, að þá hafi framangreind afgangsskylda til handa Helgastaðahreppi hvílt á Grenjaðarstaðarprestakalli.

Helgastaðahreppi var með stjórnarráðstöfun 28. desember 1893 skipt í tvö sveitarfélög, Reykdælahrepp og Aðaldælahrepp. Skyldi eignum og skuldum Helgastaðahrepps skipt milli hinna nýju hreppa þannig, að í hluta Reykdælahrepps komi 8/15, en í hluta Aðaldælahrepps 7/15.

Með lögum um laun sóknarpresta nr. 46/1907 var komið á nýrri skipan um eignir og tekjur lénskirkna. Samkvæmt 8. gr. laganna og með þeim undantekningum, sem þar getur var hreppstjórum falið að innheimta eftirgjöld kirkjujarða, og samkvæmt 24. gr. laganna skyldu eftirgjöldin renna í Prestlaunasjóð. Að því er Grenjaðarstaðarprestakall varðar, kom þessi skipan til framkvæmda árið 1911, þegar þar urðu prestaskipti, sbr. 26. gr. laganna. Þá var og með 15. gr. laga um sölu kirkjujarða nr. 50/1907 ákveðið, að andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skyldi renna í Kirkjujarðasjóð, og þangað skyldi einnig leggja peningaeign prestakalla.

Fram til 1911 var sóknarprestur að Grenjaðarstað í fyrirsvari um að fullnægja umræddri afgangsskyldu til hreppanna, en þá fluttist fyrirsvarið til Stjórnarráðsins vegna sjóða þeirra, sem tekjur af kirkjujörðum og andvirði seldra jarða rann til samkvæmt framangreindum lögum frá 1907. Kirkjujarðasjóður seldi Geitafell árið 1916, og féll andvirði jarðarinnar til hans. Ekki var áskilið af hálfu Kirkjujarðasjóðs með samþykki fyrirvarsmanna Reykdælahrepps og Aðaldælahrepps, að kaupandi að Geitafelli tækist afgangsskylduna á hendur, og fór því engin lögmæt skuldskeyting fram, þegar sú jörð varð seld. Leiðir þetta til þess, að skyldan hvílir áfram á stefnda.

Samkvæmt því, sem að frama er rakið, verður stefnda dæmt að greiða Reykdælahreppi kr. 3330.82 og Aðaldælahreppi kr. 2914.46. Þá ber stefnda og að greiða 7% ársvesti af greindum fjárhæðum frá 1. júní 1960 til greiðsludags.“

Eigi er ástæða til langrar umfjöllunar um þennan Hæstaréttardóm (og héraðsdóminn) á þessum vettvangi, en þessa eins getið: Þau viðhorf, sem fram koma á hvoru dómsstigi um sig, eru mjög ólík. Í héraði er byggt á því, að ævafora kvöð af þessu tagi, sem á var lögð í guðspakkarskyni einhvern tíma á miðöldum við þjóðfélagshætti, sem voru um flest gjörólíkir því, sem við nú þekkjum, – m.a. varðandi fátækraframfæri, – ætti ekki lengur rétt á sér, – fengi ekki lengur staðist, – við breyttar

aðstæður. Afstaða Hæstaréttar um gagnstæða niðurstöðu er hins vegar afdráttarlaus: hin forna kvöð stendur enn þótt talið væri, að hún hefði færst yfir á Kirkjujarðasjóð, og voru hin fyrrgreindu rök um brostnar forsendur eigi tekin til greina. Er ekki vafi á því, að þessi tiltölulega nýlegi dómur hefur einnig fordæmisgildi á víðara sviði en því, sem beinlínis varðar þetta einstaka tilvik, og þá ekki einungis varðandi kristfjár- og fátækra kvaðir (eða aðrar sambærilegar kvaðir fornar) heldur jafnframt um jarðeignir og ítök kirkna, sem gefna voru þeim til styrktar fyrr á tíð, - gjarna í sáluhjálparskyni eða svipuðu augnamiði. Um þær eignir mætti vissulega hreyfa því, að þær hefðu verið gefnar (eða kirkjurnar eignast þær með öðrum hætti) við allt aðrar aðstæður en nú ríkja um hag kirkna og kristnihalds, en fyrrgreindur dómur gefur nær örugga vísbendingu um, að eigi verði talið, fyrir endanlegum dómi, að hinar breyttu aðstæður, einar saman, nægi til að haggja eignarréttinum yfir þeim, sbr. einnig ummæli í þessa átt í XI. Kafla þessarar álitsgerðar.

3. *Niðurstaða*

Kristfjárjarðir og fátækrajarðir hafa um margt sérstöðu. Eignarréttarstöðu þeirra er eigi á einn veg háttað (sem og forræði þeirra) og þarfnast það atriði nákvæmrar athugunar og úrlausnar hverju sinni. Sumar jarðirnar eru tvímælalaust sjálfseignarstofnanir, aðrar í eigu sveitar- eða sýslufélaga. Með sumar hefur verið farið sem ríkisjarðir, enda þótt þær séu það eigi með réttu. Eiginlegar kristfjár- eða fátækrajarðir teljast ekki til kirkjujarða, en kristfjáarkvaðir eða fátækra kvaðir gátu, og geta enn, hvílt á sumum kirkju- og ríkisjörðum.

Tengsl kirkjunnar við þessar jarðir, sem áður voru mikil, hafa nú um langt skeið verið lítil, nema í einstaka tilfellum. Hefur yfirstjórn kirkjunnar eigi borið fram kröfur um aukin áhrif um þessar eignir. Flestar kristfjár- og fátækrajarðir munu nú og undanfarið hafa þjónað illa því hlutverki að liðsinna bágstöddu fólki, svo um munar, og er þar m.a. umráðamönnum þeirra um að kenna, þótt ytri aðstæður hafi einnig valdið nokkru um. Kirkjueignanefnd telur fulla ástæðu til, að komið verði á, með lagaboði, virkri og samræmdri yfirstjórn þessara jarða, sérstakri stjórnarnefnd, sem fylgist m.a. með því, að þeir, sem fara með hina venjulegu umsjón jarðanna, sinni þeirri skyldu að láta jarðirnar bera arð til handa þeim, sem jörðunum var ætlað að styrkja, - eða í sambærilegu augnamiði ef hinum upphaflega tilgangi verður alls eigi framfylgt lengur (t.d. vegna eyðingar byggðar eða þ.u.l.). Í þeirri nefnd ættu að vera fulltrúar þeirra ráðuneyta, sem málið snertir helst, enn einnig fulltrúi þjóðkirkjunnar, þannig að tryggt sé að tengsl þessara góðu gjafa, flestra hverra, við trúarlíf og kristindóm rofni eigi. Nefndin leggur áherslu á það, að viðkomandi yfirvöld ættu alls eigi að hlutast til um eða leyfa breytingar á skipulagsskrám eða gjafaákvæðum þessara jarða, nema mjög brýnar ástæður krefjist þess. Heimildir til sölu jarðanna ætti Alþingi eitt að veita með lagasetningu hverju sinni, eins og verið hefur undanfarin ár, en mikillar varkárni skyldi þó beytt áður en sala sé heimiluð og málið gaumgæft frá öllum hliðum. Í þess háttar lögum, ef sett verða, þurfa m.a. að vera skýr og ótvíræð ákvæði um það að andvirði jarðanna verði aldrei lægra en sem nemur mati dómkvaddra manna og um það hvert það skuli renna, þannig að tryggt sé eftir föngum, að það nýtist í samræmi við tilgang gjafarinnar og þá að sjálfsögðu undir yfirumsjá fyrrgreindrar stjórnarnefndar kristfjár- og fátækrajarða.

XIV. LOKAORÐ

Í fyrri köflum þessarar álitserðar hafa einstökum þáttum viðfangsefnis Kirkjueignanefndar verið gerð allitarleg skil, eftir því sem efni stóðu til og nefndin taldi nauðsynlegt. Við hvern meginkafla hafa að jafnaði verið dregnar fram hinar helstu niðurstöður, sem máli þóttu skipta, og ætti það allt að vera lesandanum auðrakið. Við lok álitserðarinnar sýnist því ekki vera ástæða til að tíunda nákvæmlega þær niðurstöður, sem nefndin komst að um hvaðeina, en óhjákvæmilegt er þó að áréttu nokkur atriði, sem snerta kjarna málsins.

Einn nefndarmanna, dr. Sigurbjörn Einarsson, samdi á biskupsárum sínum hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi, er hann nefndi “Ljós yfir land” og kom út í bókarformi árið 1960. Í riti þessu koma m.a. fram athugasemdir hans um fjármál og eignamál íslensku kirkjunnar og um samskipti ríkis og kirkju á fjármálasviði. Þykir ástæða til að birta hér ummæli hans um þetta efni, sem aðrir nefndarmenn geta tekið undir í megindráttum. Þar segir m.a. um hina sögulegu þróun og eignastöðu kirkjunnar: (1)

Það var ein af hugsjónum siðbótarinnar, að leikmenn skyldu kvaddir til stórum meiri og ábyrgari aðildar að málum kirkjunnar en verið hafði. Sú nýskipan kirkjumála, sem siðbótin leiddi af sér, varð sín með hverju móti í verulegum atriðum í hinum ýmsu löndum. Til þess lágu aðstæður og atvik. Lúther var óragur við að fela lögmaetum þjóðhöfðingjum yfirstjórn hinna ytri mála kirkjunnar. En forsenda hans fyrir því var sú, að þjóðhöfðingjarnir væru kristnir, væru kirkjunnar menn. Hann var þeirrar skoðunar, að hver meðlimur kirkjunnar bæri sína ábyrgð, ætti sína hlutdeild í almennum prestsdómi. Sú ábyrgð var að sama skapi meiri sem mannaforráð voru meiri. Húsbóndi var í ábyrgð með andlegan hag hjúa sinna, hann átti prestslegum skyldum að gegna við þau. Þjóðhöfðinginn hafði á líkan hátt skyldur við þegna sína, bar sína miklu ábyrgð á sálarheill þeirra. Því var það á engan hátt óeðlilegt frá sjónarmiði Lúthers, að þjóðarhöfðingi hefði á hendi yfirstjórn ytri málefna kirkjunnar, það var rökrétt afleiðing af stöðu hans sem landsföður og kirkjunnar manns.

Veraldlegir höfðingjar notfærðu sér byltinguna til ábata fyrir sjálfa sig, eins og kunnugt er, hrifsuðu undir sig kirkjueignir og kirkjulegar gersemar og höfðu að litlu eða engu kröfur siðbótarmanna um að verja klaustra- og kirknafé til styrktar fátækum, til líknarmála og lýðfræðslu. Þetta atferli kom sérstaklega hart niður á löndum, sem lutu erlendu valdi. Þarf ekki að rekja þá sögu hér né þá þróun mála, sem síðar hefur orðið hér á landi.

En þrátt fyrir gerræði konungsvalds og konungsgæðinga hélt íslenska kirkjan miklu fjárhagslegu sjálfstæði um langan aldur. Þjóðin hafði lagt henni tekjustofna, aðallega fasteignir, sem hún var sæmilega haldin af, miðað við almenna hagi í landinu. Hver sóknarkirkja var sjálfseignarstofnun... Flestar kirkjur landsins stóðu á eigin fótum, kostuðu sjálfar þjónustuna, presturinn þá brauð sitt af eignum kirkju sinnar, naut þess nokkurra framlaga sóknarmanna. Á móti kom það frá hans hálfu, auk þjónustunnar, að hann var umboðs- og ábyrgðarmaður kirkjueignanna, varð að sjá um viðhald og endurbyggingu kirkjunnar.

Efnahagslegt sjálfstæði kirkjunnar beið stóran hnekki, þegar biskupsstólarnir voru lagðir niður og eignir stólanna seldar. Andvirðið rann í konungssjóð. Síðan vindur málum eindregið til þeirrar áttar, að ríkið tæki undir sig eignir kirkjunnar. Þau lög, sem sett voru á fyrsta tugi þessarar aldar, launalög og lög um sóknargjöld, miðuðu að því að koma búskap kirkjunnar á nýjan grundvöll. Ríkissjóður tók að sér að ábyrgjast lifeyri presta, - með því skilyrði, að prestsembættum væri fækkað stórlega. Raunar átti sérstakur prestslaunasjóður að standa undir þessum útgjöldum og

átti hann að hafa tekjur af kirkjueignum og lágum skatti. Prestar tóku einnig áfram nokkurn hluta launa sinna í hlunnindum af kirkjueign, prestssetrunum, en annan beinan afrakstur af eignum sínum hafði kirkjan engan. Kirkjuhúsin hverfa í umsjá safnaðanna, eignalaus, en lögákveðin, lág kirkjugjöld áttu ein að standa undir öllum þörfum þeirra, öðrum en prestþjónustunni....

Hér var illa séð fyrir kosti safnaðanna, svo sem rækilega er komið á daginn, og miðað við þann hlut, sem þjóðin hafði ætlað kirkjunni og veitt henni með hinu eldra fyrirkomulagi, sótti mjög í lakara horf um fjárhagsstöðu hennar.

Það, sem gerist, er þetta: Kirkjan verður efnalega ómyndug, vegna þess að ríkið tekur að sér öll umráð yfir eignum hennar. Ríkið tók í staðinn að sér að greiða prestum laun. Prestslaunasjóður átti að vísu að annast þær tekjur, eins og áður segir. En sú ráðstöfun varð að engu vegna verðbreytinga. Og að frátöldum launum prestanna tók ríkið ekki á sig neinar skyldur. Það tóm m.ö.o. á sig aðeins nokkuð af þeirri ábyrgð á efnalegri afkomu kirkjunnar, sem sá hluti þjóðareigna, sem kirkjunni hafði verið lagður, en hvarf undir ríkið, stóð fyrir. Annað var lagt á herðar safnaðanna, án þess að þeim væri séð fyrir viðhlítandi tekjustofnum.

Nærtæk og glögg dæmi sýna ljóslega, hversu mjög kirkjan hefur samið af sér í þessu. Garðakirkja á Akranesi átti mestan hluta þess lands, sem Akraneskaupstaður stendur á. Hvers virði er það land nú? Garðakirkja á Álftanesi átti lönd, sem nú eru hin verðmætustu á landinu – og verður ekki endurbyggð nema með samskotum, fórnum áhugamanna. Dæmin eru mörg fleiri slík.”

Ljóst er, að jarðeignir kirknanna, sem þó stóðu af sér hryðjur siðaskiptatíma og harðæri ýmis konar fyrr á tíð, hafa týnt mjög tölunni síðan á ofanverðri 19. öld, fyrst og fremst verið seldar eða ráðstafað á annan sambærilegan hátt. Um ráðstöfun andvirðis þeirra á hinum ýmsu tímum kunna að vera skiptar skoðanir, en mikilvægt er þó að hafa hugfast, hvað sem öðru líður, að fjölmargar jarðeignir og ítök eru enn í eigu kirkna landsins og er þar tvímælalaust um mikið verðmæti að ræða ef á heildina er litið og réttilega er metið.

Miklu varðar, að umráð og ráðstöfun á jarðeignum þessum verði með þeim hætti á komandi árum, að sæmilegt sé og viðunandi fyrir alla þá, sem þar fara með völd eða hafa hagsmuni af eignunum.

Virðist nefndinni, að fyllsta ástæða sé til þess að forsvarsmenn ríkisvalds og kirkju, sem og ýmsir aðrir, er málið snertir, setjist senn á rökstóla og reyni að komast að samkomulagi um heppilegri skipan þessara mála en nú hefur verið um sinn. Hlýtur sú niðurstaða, hvað sem öðru líður, að miðast við það, að eignum þessum sé fullur sómi sýndur, hvort sem seldar verða eða hagnýttar á annan hátt kirkjunni til góða. Er vissulega mikilsvert, að öll sú umræða, sem óhjákvæmileg er í því sambandi, verði málefnaleg og friðsamleg og á vel að vera unnt að sneiða hjá hörðum deilum, ef vel er á málum haldið, enda þótt vitað sé að eignamál og fjármál kirkjunnar séu mörgum tilfinningamál. Sýnist rétt og eðlilegt, að yfirstjórn þjóðkirkjunnar komi hreyfingu á þetta mál innan tíðar og reyni að koma á góðri og hagkvæmri skipan, sem byggist á víðtæku samkomulagi, -eins konar allsherjarsáttmála milli ríkis og kirkju á þessu sviði. Þann áttmála þarf síðan að innsigla með vandaðri löggjöf um eignamál kirkjunnar.

Kirkjueignanefnd telur það eigi vera í verkahring sínum að bera á borð fullmótaðar hugmyndir eða tillögur um framtíðarskipan kirkjueignanna í landinu á komandi árum. Hún vill þó að endingu nefna nokkur atriði, sem hún telur að þar komi til álita:

1.

Sá möguleiki er fyrir hendi, að kirkjueignirnar (almennar kirkjujarðir og prestssetursjarðir) verði enn, sem verið hefur, í umsjá núverandi ráðuneyta (þ.e. Landbúnaðarráðuneytis og Dóms- og kirkjumálaráðuneytis), en að betur verði tryggt en nú er, að eignirnar beri eðlilegan arð til hagsbóta fyrir kirkjuna, - hvort heldur sem er þjóðkirkjuna sem stofnun eða hinar einstöku kirkjur sem stofnanir innan þjóðkirkjunnar. Er þá óhjákvæmilegt, að kirkjan sé höfð meira í ráðum um stjórn og ráðstöfun eignanna en nú er gert og er það vissulega nú þegar skylda yfirstjórnar kirkjunnar að sækja á um sjálfsagðan rétt sinn í því efni. Sýnist þá eðlilegt og sjálfsagt, að komið verði á samstarfsnefnd, a.m.k. ráðgefandi, er fjalli til frambúðar um yfirstjórn kirkjueignanna, og eigi þar sæti fulltrúar fyrrnefndra ráðuneyta og fulltrúi tilnefndur af Kirkjuráði. Þessi tilhögun væri til bóta en þyrfti eigi að hafa í för með sér stórvægilega breytingu á gamalgróinni skipan á umsjón eignanna.

2.

Þótt miðað sé við þá leið, sem fyrr var nefnd, er mikilvægt að sérstakrar varkárni sé gætt við fyrirhugaða sölu kirkjueigna (hvort heldur sem er eftir almennri heimild eða sérstakri) og hagsmuna kirkjunnar gætt þar í hvívetna. Væri þá sjálfsagt að leita áður umsagnar fyrrgreindrar samstarfsnefndar, í hverju tilviki um sig, svo og biskupsembættisins, og lögfesta þyrfti fyrirmæli um, að kaupverð verði aldrei lægra en sem nemi verði því er dómkvaddir matsmenn telja rétt vera hverju sinni. Þurfa þá jafnframt að vera ákvæði um, að þeirri niðurstöðu geti aðilar, og einnig biskup sérstaklega skotið undir yfirmat, ef því er að skipta. Þessu fylgir að sjálfsögðu rík skylda viðkomandi yfirvalda, sem veita móttöku söluandvirði jarðanna, um að standa fullkomin skil á því við Kristnisjóð eða þann annan kirkjulegan aðila, sem lögum samkvæmt ætti að hagnast á viðkomandi sölu. Hefði þá samstarfsnefndin eftirlit með því að þessa væri gætt.

3.

Vera má, að það ráð þyki vænlegt, að vandlega athuguðu máli, að hafist verði handa um samræmdan undirbúning og aðgerðir um sölu allra eða sem flestra kirkjueigna á sama tíma eða á stuttu tímabili. Kæmi þá að sjálfsögðu vel til álita að ríkinu yrði, með lögum, gert að innleysa allar kirkjujarðir (og kirknaítök) gegn matsverði, og kirkjan fengi þannig til umráða og ráðstöfunar (umfram fjárlagagreiðslur) umtalsvert fé, – eða þá hinar einstöku kirkjur, er jarðirnar eiga. Kæmi þá m.a. til greina, að andvirðið yrði ákveðið sem eins konar „fast afgang“ um langan tíma eða jafnvel ævarandi. Þegar til lengri tíma er litið þyrfti þetta ekki að vera þungur baggi á ríkinu, því að það gæti síðan leitast við að selja jarðirnar aftur, við fyrsta tækifæri, ábúendum eða á fjálsfum markaði.

4.

Þá kemur að lokum sá kostur til greina, að ríkisvaldið afsali sér, eftir lagafyrirmælum í þá átt, öllum umráða- og ráðstöfunarrétti yfir kirkjujörðunum (a.m.k. öðrum en prestssetursjörðunum) gegn því að kirkjan taki þessi umráð og daglega stjórn eignamálanna í sínar hendur og á sína ábyrgð. Væri þá kirkjunni vitanlega skylt að leitast við að gera rekstur jarðanna sem aðsamastan og verður þá jafnframt að tryggja, að kirkjan hafi aðstöðu til þess (hæfa starfskrafta o.þ.u.l.). Við undirbúning þessarar skipanar sýnist aftur mega velja milli tveggja kosta: Annars vegar væru umráðin að öllu leyti og formlega (án tillits til „grunneignarréttarins“) í höndum yfirstjórnar kirkjunnar, en að öðrum kosti yrðu forráðin og reksturinn í höndum eigendanna

sjálfra, þ.e. í höndum viðkomandi kirkna eða öllu heldur forráðamanna þeirra. Mætti reyndar, þótt síðari kosturinn yrði valinn, láta yfirumsjána vera í höndum yfirstjóra kirkjunnar og þá helst á ábyrgð fjármálastjóra kirkjunnar, ef þess háttar stöðu verður komið á (eða fjármálastjóra beggja biskupsdæmanna, ef sú verður niðurstaðan síðar) og myndi þá fjármálastjórinn veita þeim, sem hinn daglega rekstur eignanna annast frá kirknanna hálfu, allar nauðsynlegar leiðbeiningar til að rekstur þeirra verði sem arðvænlegastur.

Tilvitnanir

II. Kafi

- (1) Sbr. til hliðsjónar, Hrd. 1982, bls. 1334, þar sem fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, var ekki talinn eiga aðild að máli, er varðaði landamerki Skálholts, eignarjarðar þjóðkirkjunnar, heldur biskup Íslands (vegna Kirkjuráðs) fyrir hönd þjóðkirkjunnar.
- (2) Varðandi framangreindar skilgreiningar hefur m.a. verið höfð hliðsjón af greinargerð Björns K. Þórólfssonar í inngangi að riti hans um biskupsskjalasafn (skrár Þjóðskjalasafns III., Rvík 1956, bls. 67-68 og víðar).

III. Kafi

- (1) Eignarhald á afréttum og almenningum – sögulegt yfirlit. Rit Sagnfræðistofnunar 4, Rvík 1981, bls. 53-54.
- (2) Saga Íslands II., 74-81.
- (3) Dipl. Isl. II., bls. 323-324.
- (4) Tilv. rit., bls. 54.
- (5) Lovs. f. Isl. I., bls. 2
- (6) Norges gamle love V., bls. 28, sbr. og Jónsbók, Kvg, 30.
- (7) Sbr. Kristinrétt Árna, 11. kap.
- (8) Saga 1972, 134-178, á bls. 162
- (9) Menn og menntir I., bls. 72-73.
- (10) Grg. I-a, 15.

IV. Kafi

- (1) Reg. paa alle Landene 6, 598 b-9, eftirrit í JS. 369, 4to.
- (2) Sbr. m.a. Lovs. f. Isl. I., 74.
- (3) Lovs. f. Isl. I., 74.
- (4) Lovs. f. Isl. I., 57.
- (5) Birt í Dipl. Isl. X. Hin fyllsta þýðing hennar er þar á bls. 167 og áfr.
- (6) Dipl. Isl. X., 574-575.
- (7) Lovs. f. Isl. I., 135-136.
- (8) Lovs. f. Isl., 75.
- (9) Lovs. f. Isl., 74.
- (10) Lovs. f. Isl. I., 71-73. Sjá einnig, til nokkurrar hliðsjónar, hinn svonefnda „hálfkirkna-dóm“, sem dæmdur var á Alþingi 1598 af dómsmönnum, sem únefndir voru af biskupum og lögmönnum, sbr. Alþb. III. bls. 143-146.

V. Kafi

- (1) Birt með hans leyfi úr óprentaðri álitsgerð hans (Pro memoria) til Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 23. 9. 1982.
- (2) Menn og menntir III., bls. 38.
- (3) Sjá nánar um dóm þennan ritgerð eftir Björn K. Þórólfsson í Nordælu (Rvík 1956), bls. 40-54.
- (4) Lovs. f. Isl. I., 110-111.
- (5) Lovs. f. Isl. I., 352-354.
- (6) Lovs. f. Isl. III., 436-437. Sbr. einnig um þetta Lovs. f. Isl. VII., 573-574.
- (7) Lovs. f. Isl. XII., 441.
- (8) Lovs. f. Isl. I., 220-221.
- (9) Lovs. f. Isl. I., 654-655.
- (10) Lovs. f. Isl. IV., 631-632.
- (11) Lovs. f. Isl. V., 649-651.
- (12) Lovs. f. Isl. VI., 193-194.
- (13) II. 261-268 og 701-712.
- (14) Lovs. f. Isl. II., 648-668.
- (15) Lovs. f. Isl. III., 4-5.
- (16) Lovs. f. Isl. II., 693-694.
- (17) Stjtið 1883, B, bls. 56-57.

- (18) Stjtið 1874, B, bls. 47-48.
- (19) Um þetta efni í heild má m.a. vísa til yfirlitsgreinargerðar Magnúsar Jónssonar í riti hans „Alþingi og kirkjumálin“ (Rvík 1952), bls.12 og áfr.
- (20) Tilv. rit., bls. 58-67.
- (21) Álitsskjal „brauða- og kirknamálanefndarinnar,“ þ.e. millipinganefndarinnar, sem fyrr var getið er birt í heild sinni í nefndu riti á bls. 4-102. Sjá einnig grein eftir Þórarin Böövarsson “Fáein orð um presta- og kirknamálið ...“ í II. Argangi sama rits (1879), bls. 15-25.
- (22) Kirkjutíðindi 1878, bls. 82-83.

Frh. V. Kaffi, annar hluti

- (1) Sbr. Lovs. f. Isl. XiV., 272, 286.
- (2) Í þessu sambandi má sérstaklega benda á eftirtaldar jarðagjafir: 1602 (Lovs. I., 143); 1654 (Lovs. I., 249); 1668 (Lovs. I., 317); 1720 (Lovs. I., 787); 1731 (Lovs. II., 124); 1731 (Lovs., II., 125); 1736 (Lovs. II., 255); 1743 (Lovs. II., 482); 1748 (Lovs. II., 716, 731); 1749 (Lovs. III., 19); 1752 (Lovs. III., 133, 136); 1754 (Lovs. III., 188, 186); 1784 (Lovs. XI., 237, 247)
- (3) Lovs. f. Island VI., 342.
- (4) Stjtið 1902, , 133).
- (5) Sbr. t.d. 1664 (Lovs. I., 294); 1748 (Lovs. II., 731, og varðandi sömu jarðir Lovs. III., 143, 395); 1756 (Lovs. III., 234); 1770 (Lovs. III., 638); 1787 (Lovs. V., 490); 1818 (Lovs. VII., 723); 1867 (Tíðindi um stjórnarmálefni II., 415).
- (6) Leiguliða á Hvanná, eign Hofteigsbrauðs í N-Múl., var t.d. synjað um að fá þá jörð til eignar í skiptum fyrir Stóra-Bakka í sömu sýslu og tiltekna milligjöf, sbr. Tíðindi um stjórnarmálefni II., 637.
- (7) Hér verða eigi nefnd einstök dæmi um makaskipti á kirkjueignum og bændaegnum, rúmsins vegna, en var um fjölmargar jarðeignir að ræða.
- (8) Hér verða eigi nefnd einstök dæmi um kirkjujarðasölur á þessu tímabili, rúmsins vegna, en upplýsingar um þetta, sem og um makaskiptin, eiga að koma fram í kirkjujarðaskrá Ólafs Ásgeirssonar, sem síðar verður lögð fram í tengslum við þessa álitserð.
- (9) Lovs. f. Island V., 288.
- (10)Konungsbréf þetta hefur nú verið numið úr gildi með l. 90/1984, 14.gr.
- (11)Eignarhald, bls. 58-59.
- (12)Sbr. t.d. 1786 (Lovs. V., 296); 1797 (Lovs. VI., 285); 1812 (Lovs. VII., 438).

Frh. V. Kaffi, þriðji hluti

- (1) Eignarhald, bls. 56-58.
- (2) Sbr. einkum Lovs. f. Isl. II., 315; XII., 88, og XV., 138.
- (3) Tíðindi frá nefndafundum... árin 1839 og 1841. (Khöfn 1842), bls. 67-68.
- (4) Sbr. t.d. 1803 (Lovs. VI., 625); 1805 (Lovs. VI., 731); 1808 (Lovs. VII., 218); 1815 (Lovs. VII., 545); 1816 (Lovs. VII., 627); 1849 (Lovs. XIV., 333); 1853 (Lovs. XV., 516); 1892 (Stjtið 1891, B, 68); 1894 (Stjtið 1894, B, 4).
- (5) Sbr. einkum Stjtið. 1886; B, 68, og Stjtið. 1895, B, 239.

Frh. V. Kaffi, fjórði hluti

- (1) Birt í Lovs. f. Island V., bls. 144-175, sbr. og 175-181.
- (2) Lovs. f. Island VI., 547-562. Um sölu Hólastólsjarða í Skagafirði sjá ritgerð eftir Gísla Magnússon í Skagfirðingabók 1970.
- (1) Lovs. f. Isl. XI., 296.
- (2) Saga Íslendinga VII. (Rvík 1950), bls. 148-149, og 162-164.
- (6) Tilv. rit, bls.165.

VI. Kaffi

- (1) Alþingi og kirkjumálin, bls. 72-73.

VI. kaffi – annar hluti

- (1) Tilv. rit, bls. 81-82.

VI. kafli – þriðji hluti

- (1) Tilv. rit, bls. 77-79.

VI. kafli – fjórði hluti

- (1) Tilv. rit., bls. 82.
- (2) Alþt. 1907, A, 277.

VII. Kafli

- (1) Stjtið 1908, B, 331
- (2) Stjtið. 1908, B, 347
- (3) Stjtið. 1909, B, 73
- (4) Stjtið. 1909, B, 75-76
- (1) Stjtið. 1908, B, 309
- (2) Alþt. 1911-A, 492
- (3) Eignarhald, bls. 61-62
- (4) Alþt. 1915, A, 329,330 og 334
- (5) Um það frumvarp urðu hins vegar miklar og athyglisverðar umræður, sbr. Alþt. 1917, C., bls. 10 og áfram.
- (6) Alþingi og atvinnumálin (Rvík 1948), bls. 36-37
- (7) Tilv. rit, bls. 47-50
- (8) Alþt. 1961, A, 913

IX. kafli

- (1) Lovs. f. Isl. I., bls. 654.
- (1) Alþt. 1967, A, bls.1283.
- (2) Alþt. 1967, B, bls.1224.
- (1) Með “prestakalli” er, í þessu sambandi, átt við viðkomandi prestsembætti.

X. kafli

- (1) Tilv. rit, bls. 222.
- (2) Robberstad: “Kyrkja, staten og det benificerte godset”, Lutersk kirketidene 1949 (nr.84), bls. 490-499, bls. 495.
- (3) Taranger svaraði síðan Hertzberg í Rt. 1902, bls. 161-240, með grein, er hann nefndi “Kirkegodsets retsforhold”, og kallaði það á svar Hertzbergs “Atter om Præstebordsgodsets Retsstilling. En Replik” í Rt. 1905, 721-743.
- (4) Sjá um kenningar þessar m.a. Robberstad, Rettsoga I (1970), bls. 83-83a, sbr. nánar Schalling, tilv. rit bls. 14 og áfr, Í dóminum í Rt. 1970, bls. 942, sem getið er í lok þessa kafla, endurspeglast þessar tvær gagnstæðu kenningar í röksemdafærslu máls aðilja, en úr þeim grundvallaratriðum var tæpast skoríð fyrir hæstarétti.
- (5) Sbr. m.a. grein hans “Kyrkja og prestegardane” í Vaart land, 13. og 14. júlí 1949.
- (6) Rettsoga I., bls. 83a.

XI. kafli

- (1) Sbr. m.a. þau ummæli próf. Magnúsar Más Lárussonar, að hver kirkja sé „sjálfseignarstofnun eða öllu heldur institutum“ (Pro memoria, bls. 1).
- (2) Sbr. ummæli Einars Arnþórssonar í Íslenskum kirkjurétti (Rvík 1912), bls. 178: “Þegar kirkja er afhent söfnuði til forræðis, þá er athugandi, hvort það skipti máli um eignarrétt að kirkju. Ef kirkja er lénskirkja er málið ekki vafasamt. Prestur var áður forráðamaður hennar.... en sóknarnefndin tekur við umboði þessu úr höndum presti. Söfnuður verður ekki fremur eigandi kirkju en prestur var það áður....”

- (1) Alþtíð. 1905, A, 291.
- (2) Íslenskur kirkjuréttur, bls. 178.

- (1) Í því sambandi skal, til samanburðar, bent á meðferð og undirbúning frumvarps til laga um sölu kirkjuítaka, sem nánar verður lýst í XII. Kafla, en í frumvarpinu var upphaflega gert ráð fyrir því að andvirði seldra ítaka frá kirkju skyldi renna “til kirkna og þess

prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt milli þeirra.” Við nánari athugun kom í ljós, að óvíst væri hvort að þess háttar skipan fengi staðist, og var þá frumvarpinu breytt í það horf, sem nú er í l. 13/1956, að andvirði selds kirkjuítaks skuli renna “til þeirrar kirkju, sem ítakið á.” Hlýtur þetta að gefa til kynna þá ætlun löggjafans, að kirkjurnar séu sjálfseignarstofnanir, sem eigi eða geti átt stjórnarskrávarin fasteignaréttindi, í þessu tilfalli ítök, -en hið sama virðist þá eiga við um jarðeignirnar.

- (2) Til samanburðar og hliðsjónar má minna á það, að tekjur Kristnisjóðs eru fyrst og fremst þau prestslaun, sem greidd eru í sjóðinn af þeim prestaköllum, sem lögð voru niður með lögnum, svo og sá helmingur prestslauna, sem í sjóðinn renna frá þeim köllum, sem eru óskipuð á hverjum tíma. Segja mátti, að hér hefði verið gengið á hlut þeirra prestakalla, sem um er að ræða, allmiklu meir en þegar lög þá og áður kváðu á um andvirði seldra jarðeigna eða tekjur af þeim. En þessu atriði út af fyrir sig var ekki mótmælt né nein krafa gerð um ráðstöfunarvald viðkomandi sókna yfir umræddum tekjum. Allir hafa skilið, að því aðeins var unnt að fá því framgengt, að þessar tekjur gengju ekki bótalaut til ríkissjóðs, að þær væru látnar renna til almennra kirkjulegra þarfa. Hins vegar hefur stjórn Kristnisjóðs jafnan veitt kirkjum í hlutaðeigandi prestaköllum nokkurn starfs- og rekstrarstyrk, sem hefur komið sér vel fyrir þær.

- (3) Á Alþingi 1883 var deilt um efni framkomins frumvarps um sölu á kirkjujörð. 4. konungskjörinn þingmaður, Magnús Stephensen, síðar landshöfðingi, sagði þá m.a. (Alþt. 1883, A, 130): „Það er mjög vafasamt, hvort sala á kirkjujörðum er löggjafarmál. H. flm. vildi taka „jarðareignir landsins“ í 23. grein stjórnarskrárinnar (sem samsvarar 40. gr. núgildandi stjórnarskrár, innskot nefndarinnar) í sem víðastri merkingu; sé það tekið í víðustu merkingu þýðir það allar jarðir á landinu. Hann sagði og að kirkjueignirnar væru eign landsins, þar sem kirkjan og landið hefðu einn og hinn sama sjóð, ljs. En kirkjujarðirnar eru ekki eign kirkjunnar yfir höfuð, heldur eign einstakra kirkna og þess vegna ekki framar eign ljs. heldur en hver önnur einstaks manns eign, og þannig heyrir eigi löggjafarvaldinu fremur til að gjöra út um sölu á kirkjujörð heldur en á jörð sem er einhvers einstaks manns eign.“

Bergur Thorberg, landshöfðingi tók í sama streng (Tilv. rit, sama stað): „Ég er á sama máli og h. 4. kgk. þm. Í „jarðareignir landsins“ í 23. gr. stjórnarskrárinnar getur ekki orðið lagður sá skilningur, að kirkjujarðirnar heyri þar undir; þar er átt einungis við þær jarðir sem eru eign landsjóðsins. Þess vegna er þetta frv. ekkert löggjafarmál, og þess vegna mundi slíkt frv., þó það yrði samþykkt af þinginu, aldrei ná staðfestingu konungs. Það er annars undarlegt, að ef einhverjum leikur hugur á að eignast jörð, sem er eign einhverrar kirkju eða einhverrar stofnunar, þá skuli alþingi samþykkja lög um að selja megi þessa eign. Kirkjujarðirnar eru eigi fremur eign ljs. en eignir einhverrar opinberrar stofnunar, og alþingi hefur jafnvel ekki meira að gjöra með sölu þeirra en með sölu á jarðeignum einstakra manna, eins og h. 4. kgk. þm. (M.St.) tók fram.“

(1) Sbr. einkum ummæli Einars Arnórssonar í Íslenskum kirkjurétti, bls. 176-177: „Bóndi er eigandi kirkju sinnar og jarða hennar og fasteignaréttinda. En sú kvöð hvílir á landi, þar sem kirkja hefur einu sinni verið byggð, að þar verður hún að standa, þangað til lög gera þar á breytingu eða kirkjustjórnin samkvæmt l. nr. 45, 16.nóv. 1907 4. gr. Kirkjueigandi hefir sjóð hennar, gripi og áhöld í vörzlum sínum, tekur arð af eignum hennar, byggir jarðir, sem hún kann að eiga o.s.frv. En með því að hann er skyldur til að halda kirkju og öllum munum hennar í sæmilegur standi, þá er landið, sem kirkjan stendur á, ekki einungis sá hluti þess, sem kirkjunni hefir verið ánafnaður (kirkjuhlutinn), heldur líka hinn hluti þess (kaupahlutinn), að veði til tryggingar því, að bóndi fullnægi skyldum sínum. Ef kirkju fylgja aðrar eignir, þá er bóndi og eigandi þeirra, en sama veðbandið hvílir líka á þeim. Hann má því ekki láta sérstaklega af hendi fasteignir kirkju eða sínar, sem eftir framanskráðu standa að veði fyrir fullnægju áðurnefndra skyldna hans, né heldur fasteignaréttindi, sem kirkjujörðum eða heimalandi kirkjustaðar tilheyra. Hinsvegar er honum heimilt að selja þessar eignir og réttindi allt saman í einu lagi, og tekur hinn nýi eigandi þá við réttindum þeim og skyldum, sem eignunum eru samfara. Bæði seljanda og kaupanda er þó skylt að skýra bæði biskupi og stjórnarráðinu frá

eigandaskiftunum innan mánaðar eftir að þau urðu, kgsbr. 5. marz 1751. Eiganda er og skylt að halda jörðinni eða jörðunum við og gæta þess að réttindi gangi ekki undan þeim. Ef kirkja, er land hennar hefir skift um eiganda, á fé inni hjá fyrri eiganda sínum, getur hinn síðari orðið neyddur að svara því, því að kvöðin, að standa straum af kirkjunni, hvílir á landinu, en ekki einungis á eigendum þess, þó að þeir ábyrgist einnig sjálfsagt persónulega fylling þeirra skyldna, sem á falla, meðan þeir eru eigendur.“

XII. kafli

- (1) Sjá m.a. nokkurt yfirlit um þetta, miðað við hina elstu máldaga í cederschiöld, “Studier öfver islanska kyrkomaldagar fran fristadstiden”, Aarbøger fro nordisk oldkyndighed og historie 1887, bls. 1-72, einkum á bls. 44-46.
- (2) Dipl. Isl. XII., 333-335.
- (1) Sem eitt af mjög fáum dæmum má nefna stjórnarbréf í þá átt frá 25. október 1873, sbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III (Khöfn 1875), bls. 680.
- (2) Sem dæmi um þetta má nefna Stjtíð. 1886, B, bls. 101, og 1887, B, bls. 74. Sjá og Lovs. f. Isl. VIII., bls. 487 (árið 1823).

- (1) Tilv. ritg., bls. 74-75.

- (1) Í bréfi til biskups, dags. 10. janúar 1984, segir síra Geir Waage í Reykholti: “Laxveiði (Reykholtskirkju) í Grímsá er 5/8 hlutar veiði í Laxfossi. Á Hvanneyrarkirkja veiði í þessum sama fossi og nær átakalaust sínum hluta. Sóknarnefnd og sóknarprestar í Reykholti hafa hinsvegar um árabíl reynt að leita réttar kirkjunnar, að sínum hluta, undir Kirkjumálaráðuneytið, sem lengst á hefur þumbast við að svara þessu erindi...”

- (1) Alþt. 1940, A, bls. 140.
- (2) Alþt. 1954, A, bls. 366.

- (1) Alþt. 1955, A, bls. 560.
- (2) Alþt. 1955, B, bls. 1035-1036.
- (3) Alþt. 1955, bls. 1039-1042.
- (4) Alþt. 1955, B, bls. 1042.

- (1) Alþt. 1952, A, bls. 614.
- (2) Norges gamle Love V (Kria 1895), bls. 23.
- (3) Sbr. Björn K. Þórólfsson, Biskupsskjalasafn (fræðil. Inng.), bls. 62.
- (4) Sbr. Alþt. 1952, A, bls. 616.
- (5) Í sveitarstjórnarlögum nr. 12/1927 var tekið fram berum orðum, í 14. gr., að hreppsnefnd skyldi hafa umsjón yfir öllum fasteignum, sem hreppurinn “á eða hefir not af (t.d. Kristfjárjörðum) og á hún að sjá um, að þetta sé haft í góðu lagi.” Samsvarandi ákvæði er ekki í núgildandi sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961.
- (6) Lovs. f. Isl. I., bls. 249-251.
- (7) Lovs. f. Isl. VII., bls. 450, sbr. bls. 387.
- (8) Stjtíð. 1909, B, bls. 74.
- (9) Alþt. 1952, B, bls. 1272.
- (10) Alþt. 1953, C, bls. 167-168.
- (11) Alþt. 1949, A, bls. 664-665.
- (12) Frumvarpið og greinargerðin eru í Alþt. 1953, A, bls. 402-404.
- (13) Álit og breytingatillögur nefndarinnar eru birtar í Alþt. 1953, A, bls. 447-449.
- (14) Ummæla Einars Olgeirssonar er þó áður getið, sbr. nmg. 10 hér að framan.

Lokaorð

- (1) Tilv. rit, bls. 165-169.